Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók bæjarstjórnar 1877-1886 I

Aðfnr. 4617 A


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

# Gjörðabók bæjarstjórnar

1877 - 1886

I.

.077.5:025.26 - .075.1

Aðfnr. 4017 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4617 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

GJÖRÐABÓK

B Æ J A R S T J Ó R N A R I N N A R

Í

R E Y K J A V Í K

Frá 4. október 1877 til

10. maí 1886.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem inniheldur 568 - fimm hundruð sextíu og átta - blaðsíður, gegnumdregnar og innsiglaðar með innsigli landshöfðingja, löggildist til að vera

G J Ö R Ð A B Ó K

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík 4. október 1877.

Hilmar Finsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 4. dag októbermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér:

1. Formaður lagði þá fram áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins fyrir árið 1878, og var hún samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872 tekin síðan til fyrri umræðu.

2. Lögregluþjónarnir biðja í bréfi, dags. 2. þ.m., um 200 kr. viðbót árlega úr bæjarsjóði við laun sín. Ákveðið var að leggja bréf þetta með áætluninni, og gæti hver fulltrúi tekið sér breytingaratkvæði um það.

3. Jón Björnsson í Ánanaustum, spyr, hvort hann fái eigi barn í skólann fyrir sama kaup, og upphaflega var. Ákveðið var að veita honum eigi afslátt.

4. Pétur Gíslason spyr um hið sama fyrir 2 eða 3 börn, og var því neitað.

5. Guðmundur Gíslason biður enn um linun í kennslukaupi fyrir eitt barn, og var honum veitt 5 króna linun.

6. Séra Hallgrímur biður í bréfi, dags. 4. þ.m., um kauplausa kennslu handa Pétri, syni Þórðar Stefánssonar, og Halldóri, syni söðlasmiðs Halldórs Jónatanssonar, og var það samþykkt.

7. Formaður skýrði frá, að Páll Eyjólfsson væri fús á, að samþykkja, að túnblettur sá, sem hann hefur, Neðraholtsbletturinn, ~~verði~~ yrði boðinn upp í haust, og var ákveðið að bjóða blettinn upp til erfðafestu. Ákveðið var og, að bjóða upp Austurvöll nú í haust til 4 ára.

8. Formaður bar þá upp, hvort gjöra skyldi við skólavörðuna, og var það samþykkt.

9. Árni Thorsteinson bar upp, hvort eigi væri ástæða til, að rita landshöfðingja, og biðja hann að sjá um, að stúlkur þær, sem nytu tilsagnar í ~~kennara~~ kvennaskólanum héðan úr bænum, nytu jafnréttis við stúlkur utan af landi, þar sem fé væri veitt til ~~þess~~ hans úr landssjóði, og landshöfðinginn hefði lýst því yfir, að hann mundi semja reglugjörð fyrir skólann, og var það samþykkt.

Fundi slitið.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. A. Thorsteinson. H. Kr. Friðriksson. Einar Þórðarson. ~~Ólafur~~ G. Þórðarson. J. Ólafsson
Jóhannes Ólsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, hinn 16. október á hádegi, var á bæjarþingsstofunni haldinn kjörfundur af undirskrifaðri kjörstjórn, til þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann til 1 árs í niðurjöfnunarnefnd í stað Magnúsar Þorkelssonar á Grímsstöðum, sem farinn er úr lögsagnarumdæminu. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með auglýsingu, dags. 9. þ.m., og trumbuslætti í dag 1/2 stund á undan fundinum. Auglýsingin er svohljóðandi: Kjörskráin hefur legið til sýnis á bæjarþingsstofunni yfir 14 daga. Umkvörtun um hana hefur engin komið. Kosningin fór síðan fram á þessa leið:

| Tölul. | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu | |
|---|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason húseigandi. | | |
| 2. | Árni Björnsson, Melshúsum. | | |
| 3. | - Björnsson, lögregluþjónn. | | |
| 4. | - Gíslason, fyrrv. - | | |
| 5. | - Helgason, Grjóta. | | |
| 6. | Bergur Þorleifsson, söðlasmiður. | | |
| 7. | - Thorberg, amtmaður: | Séra Hallgrímur Sveinsson | Lí |
| 8. | Benedikt Ásgrímsson, gullsm. | | |
| 9. | - Gröndal, adjúnkt. | | |
| 10. | Bergsveinn Þorkelsson, tómth.m. | | |
| 11. | Bernhöft D. bakari - | | |
| 12. | Bjarni Bjarnason, fát. stjóri. | | |
| 13. | - Björnsson, Þingholti. | | |
| 14. | - Dagsson, tómthúsmaður. | | |
| 15. | - Eiríksson, Grímsbæ. | | |
| 16. | - Halldórsson, tómth.m. | | |
| 17. | - Jónsson, skósmiður. | | |
| 18. | - Oddsson, Garðhúsum. | | |
| 19. | - Símonarson tómthúsmaður. | | |
| 20. | Biering E. assistent: | Séra Hallgr. Sveinsson | LP. Lí |
| 21. | Björn Árnason, gullsmiður. | | |
| 22. | - Guðlaugsson, Bakka. | | |
| 23. | - Guðmundsson, múrari. | | |
| 24. | - Hjalested, járnsmiður. | | |
| 25. | - Jónsson, ritstjóri. | | |
| 26. | ~~Björg~~ Brynjólfur Oddsson, ~~tómthúsm.~~ bókbindari. | | |
| 27. | Daníel Símonarson, söðlari. | | |
| 28. | Egill Egilsson, borgari: | Séra Hallgrímur Sveinsson | Lí |
| 29. | - Gunnlaugsson, Arabæ. | | |
| 30. | - Jónsson, bókbindari. | | |
| 31. | Einar Arason, Tóptum. | | |
| 32. | - Eyjólfsson, tómthúsm. | | |
| 33. | - Guðmundsson, Hlíðarhúsum. | | |
| 34. | - Ingimundsson, Skálholtskoti: | Alexíus Árnason | |
| 35. | - Jafetsson, verzlunarstjóri: | sami | |
| 36. | - Jónsson, snikkari: | sami | |
| 37. | - Sigvaldason, Háholti. | | |
| 38. | - Þórðarson, prentari: | Séra Hallgr. Sveinsson | Síra |
| 39. | - Þorsteinsson, Arnarholti. | | |
| 40. | Eiríkur Ásmundsson, Grjóta. | | |
| 41. | - Sveinsson, Þingholti. | | |
| 42. | Erlendur Hannesson, Mel. | | |
| 43. | Eyjólfur Oddsson, gullsmiður. | | |
| 44. | - Þorkelsson, gullsmiður. | | |
| 45. | Eyþór Felixson, verzlunarm. | | |
| 46. | Eyvindur Jónsson, Hala. | | |
| 47. | Finsen, Hilmar, landshöfðingi. | | |
| 48. | - O. R. póstmeistari: | séra Hallgr. Sveinsson | LO. Síra |
| 49. | Friðrik Kristjánsson, Görðunum. | | |
| 50. | - Guðmundsson, bókbindari. | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. ~~Tala~~ | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu |
|---|---|---|
| 51. | Geir Zoëga, glerskeri, Dbrm. | |
| 52. | Gísli Björnsson Bakka. | |
| 53. | - Guðmundsson, Hákotsbæ. | |
| 54. | - Jónsson, Nýlendu. | |
| 55. | - Magnússon, adjúnkt. | |
| 56. | - Stefánsson, Miðbýli. - | |
| 57. | - Tómasson, Hlíðarhúsastíg. | |
| 58. | - Þorsteinsson, Steinakoti. | |
| 59. | Grímur Guðnason, Ánanaustum. | |
| 60. | Guðmundur Erlendsson, Hlíðarhúsum. | |
| 61. | - Gíslason, tómthúsmaður. | |
| 62. | - Guðmundsson, skóari. | |
| 63. | - - Veghúsum. | |
| 64. | - - Sauðagerði. | |
| 65. | - Ingimundsson, ~~snikkari~~ Vaktari. | |
| 66. | - Jóhannesson, járnsmiður: | séra Hallgrímur Sveinss. |
| 67. | - Jónsson, ~~Bakka~~ Brekku. | |
| 68. | - - snikkari. | |
| 69. | - - Hlíðarhúsum. | |
| 70. | - Pálsson, prókúrator. | |
| 71. | - Þórðarson, bæjarfulltrúi. | |
| 72. | Gunnl. Halldórsson, tómthúsmaður. - | |
| 73. | Hafliði Guðmundsson, assistent | séra Hallgr. Sveinsson |
| ~~Ath. 74.~~ | ~~- Gestsson, Bráðræði - 'ritvilla)~~ | |
| 74. | Halldór Kr. Friðriksson yfirk., bæjarfulltr. | |
| 75. | - Gestsson, Bráðræði. | |
| 76. | - Guðmundsson, adjúnkt. | |
| 77. | - Sigurðsson, Litlu-Grund. | |
| 78. | Hallgrímur Sveinsson, dómkirkjuprestur. | |
| 79. | Hannes Árnason, dócent. | |
| 80. | - Hansson, Steinsholti. | |
| 81. | Hans Jónsson, Hlíðarhúsum. | |
| 82. | Helgi Helgason, kennari. - | |
| 83. | - Helgason, snikkari. | |
| 84. | - Hálfdánarson, dócent. | |
| 85. | - Jónsson, snikkari. - | |
| 86. | - Nikulásson, Götuhúsum. | |
| 87. | Hermann Símonarson, Brekku. | |
| 88. | Hinrik Árnason, tómthúsmaður. | |
| 89. | Hjaltalín, J. dr. med., landlæknir. | |
| 90. | Ingimundur Sigurðsson, Bakka. | |
| 91. | Ívar Jónatansson, Litla-Seli. | |
| 92. | Jakob Sveinsson, snikkari. | |
| 93. | Jakobsen, J. skóari. | |
| 94. | Jens Jóhannesson, ~~þukkari~~ Vaktari. | séra Hallgr. Sveinss. |
| 95. | - Ólafsson, tómthúsmaður. | |
| 96. | Jensen, E. bakari. | |
| 97. | Jóhann Árnason, skóari. | |
| 98. | Jóhannes Jónsson, ~~þukkari~~ snikkari: | Alexíus Árnason |
| 99. | - Ólsen, bæjarfulltrúi: | séra Hallgr. Sveinss. |
| 100. | Zoëga, J. ~~Nýjabæ~~ Nýjabær. | |
| 101. | Jóhannesson M. Faktor. | |
| 102. | Jónas Helgason, smiður. | |
| 103. | - Jónsson, Miðholti. | |
| 104. | - Jónsson, Hlíðarhúsum. | |
| 105. | Jónassen, J. læknir. | |
| 106. | - Th. konferensráð. | |
| 107. | Johnsen, H. St. kaupmaður: | séra Hallgr. Sveinss. |
| 108. | - Símon - : | sami |
| 109. | - Steingr. kennari: | sami |
| 110. | Jón Árnason, Inspektor. | |

-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tölul. ~~Tala~~ | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu | |
|---|---|---|---|
| 111. | Jón Ásmundsson, snikkari. | | |
| 112. | - - verzlunarm. | | |
| 113. | - Björnsson, Ánanaustum. | | |
| 114. | - Borgfirðingur, lögreglubj. | | |
| 115. | - Guðmundsson, Hlíðarhúsum. | | |
| 116. | - Guðnason, Seli. | | |
| 117. | - Guðmundsson, Hala. | | |
| 118. | - Halldórsson, pjátrari. | | |
| 119. | - - Sjávargötu. | | |
| 120. | - O.N. Jónsson, faktor. | | |
| 121. | - Jónsson, járnsmiður. | | |
| 122. | - Jónsson, skipasmiður. | | |
| 123. | - - Steinum. | | |
| 124. | - - ritari. | | |
| 125. | - Oddsson, hafnsögumaður. | | |
| 126. | - Oddsson, Mýrarholti. | | |
| 127. | - Ólafsson, Finnbogabæ. | | |
| 128. | - - Hlíðarhúsum. | | |
| 129. | - - Holti. | | |
| 130. | - Pálsson, faktor. | | |
| 131. | - - Félagsgarði. | | |
| 132. | - Pétursson, yfirdómari. | | |
| 133. | - Sigurðsson, tómthúsmaður. | | |
| 134. | - Steffensen, verzlunarstj. | | |
| 135. | - Þorbjörnsson, silfursmiður. | | |
| 136. | - Þórðarson, Hákoti. | | |
| 137. | - - Ánanaustum. | | |
| 138. | - - Hlíðarhúsum. | | |
| 139. | - Þorkelsson, rektor. | | |
| 140. | - - Görðunum. | | |
| 141. | - Þórarinsson, Sauðagerði. | | |
| 142. | Knudsen, L. bókhaldari. | | |
| 143. | Kristinn Ólafsson, ~~steinsmiður~~. | Steinum | |
| 144. | Kristján Gíslason, Görðunum. | | |
| 145. | - Guðmundsson Þingh. | | |
| 146. | Lambertsen, G. kaupmaður: | Alexíus Árnason | |
| 147. | Lárus Sveinbjörnsson, bæjarfógeti: | Hallgr. Sveinsson | síra |
| 148. | Lúðvig Alexíusson Smiðjuholti. | | |
| 149. | Lárus Þórðarson, Grjóta. | | |
| 150. | Magnús Arason, Þingholti. | | |
| 151. | - Árnason, Hlíðarhúsum. | | |
| 152. | - - snikkari. | | |
| 153. | - Bergsteinsson, trésmiður. | | |
| 154. | - Einarsson, Melkoti. | | |
| 155. | - Guðmundsson, Bakka. | | |
| 156. | - - hringjari. | | |
| 157. | - Jónsson, Bráðræði. | | |
| 158. | - Magnússon frá Reykjakoti. | | |
| 159. | - Ólafsson, snikkari. | | |
| 160. | - Stefánsson, Steinakoti. | | |
| 161. | - Stephensen, assessor, bæjarf: | se Hallg. Sveinss. | síra |
| 162. | - Torfason, assistent: | | |
| 163. | - Vigfússon, Miðseli: | | |
| 164. | - Þórðarson, Hlíðarhúsum. | | |
| 165. | Markús Bjarnason, skipstjóri. | | |
| 166. | Matthías Jochumson, ritstjóri. | | |
| 167. | - Markússon, ~~þukkari~~. | | snikkari |
| 168. | Melsted, P., prókúrator. | | |
| 169. | - , S., lektor, theol. | | 6 |
| 170. | Möller, Chr., gestgjafi. | | 0 |
| 171. | - , C.P., kaupmaður. | | |
| 172. | Niels Eyjólfsson, Klöpp. | | |
| 173. | Nikulás Jafetsson, gestgjafi: | séra Hallg. Sveinss. | í |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tala | Nöfn kjósenda | Nöfn hinna kosnu |
|---|---|---|
| 174. | Nikulás Sigvaldason, Þingholti. | ~~Sr. Hallgr. Sveinss.~~ Hall |
| 175. | Ólafur Guðlaugsson, Þingholti : | séra Hallgr. Sveinsson |
| 176. | - Guðmundsson, Stórasel. | |
| 177. | - Ólafsson, bæjarfulltrúi. | |
| 178. | - - , Lækjarkoti. | |
| 179. | - Steingrímsson, Seli : | Alexíus Árnason |
| 180. | Páll Eyjólfsson, gullsmiður: | sami |
| 181. | - Jóhannesson, amtsskrifari. | |
| 182. | Pétur Gíslason, Ánanaustum. | |
| 183. | - Pétursson, biskup. | |
| 184. | - - , bókhaldari. | |
| 185. | Robb, H., kaupmaður : | séra Hallgr. Sveinsson |
| 186. | Runólfur Guðbrandsson, Sauðag. | |
| 187. | - Jónsson, Arabæ. | |
| 188. | Siemsen, E., konsúll. | |
| 189. | Sigfús Eymundsson, ljósmyndari. | |
| 190. | Sigurður Eiríksson, Hlíðarhúsum. | |
| 191. | - Hansson, múrari - . | |
| 192. | - Jónsson, umsjónarm. : | Alexíus Árnason |
| 193. | - - , Loftsbæ. | |
| 194. | - - , Skuggahverfi. | |
| 195. | - - , járnsmiður. | |
| 196. | - Sigurðsson, Litl.h. | |
| 197. | - Sigurðsson, Steinsholti. | |
| 198. | - Símonarson, skipstjóri. | |
| 199. | - Vigfússon, gullsmiður. | |
| 200. | - Þórðarson, Hlíðarhúsum. | |
| 201. | Stefán ~~Bjarnason,~~ Björnsson, Ofanleiti. | |
| 202. | - Helgason, Melkoti. | |
| 203. | - Stefánsson, Miðbýli. | |
| 204. | Sveinn Bjarnason, Sauðagerði. | |
| 205. | - Ingimundarson, Seli. | |
| 206. | - Jónsson, snikkari. | |
| 207. | - Níelsson, prófastur, R. | |
| 208. | Teitur Finnbogason, dýralæknir, dbr.: | séra Hallg. Sveinsson |
| 209. ~~210.~~ | Torfi Jónsson, Hákonarbæ. | |
| 210. ~~211.~~ | - Magnússon, verzlunarmaður. | |
| 211. ~~212.~~ | - Þorgrímsson, prentari. | |
| 212. ~~213.~~ | Thorsteinsson, Á. Landfógeti: | séra Hallg. Sveinsson |
| 213. ~~214.~~ | - , Stgr., adjúnkt. | |
| 214. ~~215.~~ | Valdi Valdason, Skólabæ. | |
| 215. ~~216.~~ | Valgarður Breiðfjörð, snikkari. | |
| 216. ~~217.~~ | Vigfús Guðnason, Kristjánshúsi. | |
| 217. ~~218.~~ | Waage, E., bókhaldari. | |
| 218. ~~219.~~ | Zimsen, Chr., faktor: | séra Hallg. Sveinsson |
| 219. ~~220.~~ | Þórður Árnason, sótari. | |
| 220. ~~221.~~ | - Guðmundsson, Grímsst. | |
| 221. ~~222.~~ | - Torfason, Vigfúsarkoti. | |
| 222. ~~223.~~ | Þorfinnur Jónatansson, kaupm. ~~Laugum~~. | |
| 223. ~~224.~~ | Þorkell Gíslason, snikkari. | |
| 224. ~~225.~~ | - Þórðarson, Grjóta. | |
| 225. ~~226.~~ | Þorlákur Johnson, verzlunarm. | |
| 226. ~~227.~~ | Þorsteinn Jónsson, Stöðlakoti: | séra Hallgr. Sveinsson. |
| 227. ~~228.~~ | Þorsteinn Sveinsson, járnsm. | |
| 228. ~~229.~~ | - Tómasson, járnsm. | |
| 229. ~~230.~~ | - Guðmundsson, múrari. | |
| 230. ~~231.~~ | - Þorsteinsson, Dúkskoti. | |
| 231. ~~232.~~ | Þorvaldur Hengsson, Loftsbæ. | |
| 232. ~~233.~~ | Þorvarður Erlendsson, Hlíðarh. | |
| 233. ~~234.~~ | Georg Thordahl, assistent : | séra Hallgr. Sveinss. |

Voru svo atkvæði talin saman, og hafði séra Hallgrímur Sveinsson hlotið 2[illegible] atkvæði, en Alexíus Árnason 8 atkvæði; og lýsti



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kjörstjórnin því yfir, að Hallgrímur dómkirkjuprestur Sveinsson væri rétt kjörinn niðurjöfnunarnefndarmaður til eins árs í stað Magnúsar Þorkelssonar á Grímsstöðum.

Fundi slitið.

Lárus Sveinbjörnsson. Halldór Kr. Friðriksson.
Magnús Stephensen.

LE.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877,(x fimmtudaginn 18. dag októbermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Var áætlunin fyrir árið 1878, um tekjur og útgjöld bæjarins, tekin til 2. umræðu. Ekkert breytingaratkvæði hafði verið borið upp. Var síðan áætlunin borin undir atkvæði, og hver einstakur liður hennar og hún í heild sinni samþykkt í einu hljóði með 8 atkvæðum.

2. Þá skýrði formaður frá, að samkvæmt ályktun bæjarstjórnarinnar hefði Efriholtsblettur verið boðinn upp til erfðafestu, og hefðu verið boðnar í hann 29 álnir af herra G. Lambertsen, ~~en Austurvöllur~~ en fyrir Austurvöll, sem ~~hafði~~ verið boðinn upp til 4 ára, hefði verið boðnar 45 kr. árlega með því skilyrði, að leigjandi héldi göngunum hreinum fyrir öllum arfa og grasi. Hæstbjóðandi var póstmeistari Ó. Finsen. Voru boð þessi samþykkt, en því skyldi lýst yfir við Ó. Finsen, að bæjarstjórnin mundi ganga ríkt eftir, að uppboðsskilmálunum væri fullnægt.

3. Í bréfi 15. þ.m. kvartar kaupmaður H.C.Robb yfir því, að fátækranefndin vilji eigi greiða sér nema 20 kr. af verði bæjar Jóns Ingimundarsonar, 80 kr., en vildi taka hitt upp í ógoldin bæjargjöld hans. Formanninum var falið á hendur að greiða úr þessu máli.

4. Jón Borgfjörð og Guðmundur Erlendsson kvarta í bréfi 16. þ.m. yfir því, að vatn renni ofan af hallanum hjá Hlíðarhúsum ofan í garða sína, og skemmi hús þeirra, og óska, að renna verði gjörð meðfram veginum að norðanverðu. Veganefndinni var falið á hendur að segja álit um mál þetta.

5. Ingibjörg Sigurðardóttir, ekkja Jóns heitins Arasonar, biður í bréfi 18. þ.m. um, að sér verði eftirgefið, að minnsta kosti helmingur af aukaútsvari því, sem lagt var á mann hennar fyrir árið 1877, og var henni veitt eftirgjöf á tveim þriðjungum gjaldsins.

6. Þá las formaður upp bréf frá ingenieur Rothe, dags. 20. f.m., þar sem Rothe sendir áætlun um kostnað við hafnargjörð hér í Reykjavík, ásamt uppdráttum yfir hafnargjörðina, og heimtar Rothe fyrir þetta verk sitt 3290 kr. Eftir nokkrar umræður varð sú niðurstaðan, að bæjarstjórnin neitaði alveg um þessa borgun, en bæjarfógetinn skyldi senda honum uppdrættina aftur, en segja honum jafnframt, að bæjarstjórnin mundi greiða honum hæfilegt gjald fyrir áætlunina, nokkur hundruð krónur.

7. Helgi snikkari Jónsson og Helgi snikkari Helgason höfðu skýrt frá, að þeir vildu láta til lóð undir hinn fyrirhugaða veg fram með húsum þeirra, hinn fyrri með því skilyrði, að hann fengi 25 aura fyrir hverja feralin og grindur fyrir kálgarð sinn fram með veginum, en vildi láta lóðina endurgjaldslaust, en áskildi sér gripheldar grindur fyrir kálgarð sinum meðfram veginum. Ákveðið var, að vegurinn skyldi vera 6 til 8 álnir, og var veganefndinni falið að semja við Helga snikkara Jónsson um endurgjald fyrir lóðina, þó svo, að endurgjaldið færi eigi upp úr 25 aur. fyrir feralin, og sömuleiðis grindurnar fram með veginum, og mætti borgunin eigi fara fram úr 1. kr. fyrir hverja alin.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. A. Thorsteinsson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. G. Þórðarson. Ól. Ólafsson. Jóh. Ólsen.

(x = í gjörðabókinni 1858!



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á Æ T L U N

U M

tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1878

| | Tekjur | Kr. a. | Kr. a. | Kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| A. | Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | |
| | 1. Væntanlegar eftirstöðvar um nýjár 1878 . . . . . . . . . . | " " | 800 " | " " |
| | 2. Tekjur af eignum kaupstaðarins | | | |
| | a. Leiga af húsum og lóðarpörtum eftir samningi, áætlað gjald eftir verðlagsskrár meðalverði 1250 1/2 al. á 59 a. . . . . | 738 18 | | |
| | í peningum . . . . . . . . . | 133 | 871 08 | |
| | nefnilega: | | | |
| | Skálholts-og Stöðlakotstún: | | | |
| | 1. Norðurvöllur . . . . . . . . 45 1/2 | | | |
| | 2. Miðvöllur og Suðurvöllur 85 | | | |
| | 3. Útnorðurvöllur . . . . . . . 74 | | | |
| | 4. Útsuðurvöllur . . . . . . . . 50 | | | |
| | Vesturtún bæjarins: | | | |
| | 5. Ullarstofutún . . . . . . 101 | | | |
| | 6. Biskupsstofutún . . . . . 71 | | | |
| | 7. Melshúsatún . . . . . . . 104 | | | |
| | 8. Melkotstún . . . . . . . 110 | | | |
| | Hlíðarhús með Ánanaustum: | | | |
| | 9. Bletturinn N. 1 . . . 60 | | | |
| | 10. - " 2 . . .108 | | | |
| | 11. - " 3 . . .119 | | | |
| | 12. - " 4. . . . 43 | | | |
| | 13. - " 5 og 6 (4 ára leigum. frá fard. 1876) 30 | | | |
| | 14. Ánanaust . . . . . . " | 16 | | |
| | Ýms tún og blettir: | | | |
| | 15. Sefið í Tjarnarenda . . . 25 | | | |
| | 16. Móhúsatún . . . . . . . . 54 | | | |
| | 17. Viðauki við Móhúsatún 30 | | | |
| | 18. Thomsens tún . . . . . . 60 | | | |
| | 19. Grænuborgarblettur . . . . 10 | | | |
| | 20. Viðaukablettur við Brennu 1 | | | |
| | 21. - við Grund 4 | | | |
| | 22. Efraholtsblettur . . . . . 18 | | | |
| | 23. Neðraholtsblettur, áætlað 20 | | | |
| | 24. Viðaukablettur við Sauðagerði 14 | | | |
| | 25. Túnblettur á Melunum | 10 | | |
| | 26. Stekkjarkotstún . . . . | 8 | | |
| | 27. Gamli kirkjugarðurinn | 33 | | |
| | 28. Kálgarður hjá prentsmiðjunni | 6 | | |
| | 29. Austurvöllur . . . . . . . | 60 | | |
| | 30. Viðaukablettur við Garðana . . . . 10 | | | |
| | 21. Viðaukablettur við Nýjabæ 4 | | | |
| | Væntanlegt meðalverð á alin, áætlað 59 a. | | | |
| | Flyt 1250 1/2 | 133 | 1671 08 | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Flutt kr. 1250 1/2 133 1671 o8

Athugasemdir:

Nr.14, Ánanaust, er aðeins upp á árs leigumála og gjaldið áætlað 16 krónur

Nr.27, Gamli kirkjugarðurinn, leigður fyrir 34 kr. árlega til fardaga 1883; afnumin spilda undir götu haustið 1876; rýrnun í eftirgjaldi við það 1 kr.

Nr.28, Kálgarðurinn hjá prentsmiðjunni, var leigður 1877 fyrir 6 kr. og er hér áætluð sama leiga.

nr.29, Austurvöllur. Hér er gjört ráð fyrir, að völlurinn verði seldur á leigu eins og að undanförnu og leigan áætluð 60 kr.

Bæjarsjóðurinn á í vændum afgjald af túnum af þeim og lóðarblettum, er nú skal greina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Efraholtsblettur, útmældur 18. febr. 1858, Eystrifélagsgarður, eftirgjaldslaust í 80 ár frá 9/6 ´48. | | | |
| b. Tollur af mó eftir samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur, áætlaður . . . . . | 200 | | |
| c. Leiga eftir Litlu-Bergstaði, ~~Leigður~~ upp á 5 ár frá 14. maí 1875 fyrir um árið . . . . . . | 40 - | | |
| d. Tekjur af vatnsbólum kaupstaðarins . . . | 50 | | |
| e. Óvissar tekjur (leiga af aktólum) m.m. . . . | - - | 1961 o8 | |

B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Vextir af arðberandi skuldabréfum . . . . . | | 36 | |
| 2. Tíund til fátækra: | | | |
| a. Fasteignatíund . . . . . . . . . . . . . . | .40 | | |
| b. Lausafjártíund . . . . . . . . . . . . | . 190 | 230 | |
| 3. ~~Skuldir~~ til fátækra og gjafir . . . . . . . . . . | | 30 | |
| 4. Hundaskattur . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 30 | |
| 5. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga | | 50 - | |
| 6. Önnur óviss gjöld, þar í lán, sem ~~koma~~ að greiðast aftur . . . . . . . . . . . . . | | 500 - | 876 - |

C. Sérstakar tekjur barnaskólans:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Væntanleg leiga af húsum skólans . . . . . . | 200 - | |
| 2. Væntanlegir skólapeningar . . . . . . . . . . | 750 - | 950 - |

D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna tekjustofna:

1. Tekjur af timbur- og múrhúsum samkvæmt reglugjörð 27. nóv. 1846, 1/3 af útgjöldunum undir 1 og 2 í þarfir kaupstaðarins sjálfs kr.7520.o3 a.
Þar frá dragist væntanlegar eftirstöðvar 800 -
Verða eftir 6720.o3
hvar af 1/3 er 2240.ol

Eftir lóðargjaldslistanum fyrir 1877 voru í kaupstaðnum af byggðri lóð - - 45.930 feral.
Viðbót frá 1. okt. 1876 til 1. okt. 1877 818 "
Samtals 46748 feral.

Á hverja feralin af byggðri kaupstaðarlóð falla 4.8 aurar.

2. Tollur af óbyggðri kaupstaðarlóð:
Eftir lóðargjaldslistanum fyrir 1877 voru eftir ~~af~~ af óbyggðum lóðum kaupstaðarins 139595 feralnir
Rýrnun á óbyggðri lóð 818
138777 feral.
Héraf greiðist 0.8 aurar af hverri feral. 1110.22

3. Tollur af tómthúsum samkv. opnu bréfi 26. sept. 1868 . . .1897 al.á 59 a. 1119.23 4469.46

4. Gjald eftir efnum og ástæðum, er ber að jafna niður með 5 - 10% ~~rýrnun~~ eftir ~~15.~~ 13. gr. samþykktarinnar . . . . . . . . . . . . 8405.49 12874.95

Tekjur samtals . . 16662.03



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Gjöld | Kr. au. | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| I. Til hins opinbera: | | | |
| 1. Tíund til prests af eignum kaupstaðarins | | 3.33 | |
| 2. Búnaðarskólagjald | | 2.67 | 6.00 |
| II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | |
| a. Laun embættismanna og eftirlaun: | | | |
| 1. Laun bæjargjaldkera kr. 200.oo | | | |
| 2. Styrkur til Árna Gíslasonar fyrr ~~verandi~~ lögregluþ. 100.oo | 300.oo | | |
| b. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss, hiti o.fl. | 160.oo | | |
| c. Til fangavarðar . . . . . . . . . . | 88.34 | | |
| d. Sendiferðir í þarfir kaupstaðarins | 50.oo | | |
| e. Umsjón með landeign kaupstaðarins | 150.oo | 748.34 | |
| 2. Til lögreglu: | | | |
| a. Laun og eftirlaun: | | | |
| 1. Laun hins fasta næturvarðar Kr. 440.oo | | | |
| 2. Til yfirhafnar " 20.oo | | | |
| 3. - aukanæturvörzlu " 260.oo | 720.oo | | |
| b. Kostnaður við sakamál og gjafsóknarmál . . . . . . | 100.oo | | |
| c. Ønnur útgjöld . . . . . . . . . . . . | 10.oo | 830.oo | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana, guðsþjónustu og fleira: | | | |
| a. Styrkur til sjúklinga . . . . . . . . | 100.oo | | |
| b. Laun yfirsetukvenna . . . . . . . . . | 200.oo | | |
| c. Til forsöngvara í dómkirkjunni . . | 29.66 | | |
| d. Ønnur útgjöld, þar ámeðal gæzla á sigurverki . . . . . . . . . . . . . | 48.oo | 377.66 | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum m.m. | | 1000.oo | |
| 5. - þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna . . . | | 400.oo | |
| 6. - vatnsbólanna . . . . . . . . . . . | | 300.oo | |
| 7. Slökkvitól bæjarins og slökkvilið | | 200.oo | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins . . . . . . . | | 500.oo | |
| 9. Árgjald af Hlíðarhúsum . . . . . . . . | | | |
| a. Til prestsins á Helgafelli | 170.oo | | |
| b. Til ekkjufrúar E. Thorstensen . . . | 130.oo | 300.oo | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | |
| a. Lán af Thorchilliisjóði samkvæmt stiftamtsbréfi 3/5 '69 og 3/12'65, eins árs renta til 11/6'78 af 400kr. | 16.oo | | |
| b. Lán til aðgjörðar á barnaskólanum samkvæmt ráðherrabréfi 31/5'63, upprunalega 3200 kr., er vaxtast og afborgast með 6% - 16. afborgun - . . . . . . | 192.oo | | |
| c. Lán til Hlíðarhúsavegsins samkv. ráðherrabr. 12/6'68 að upphæð 800 kr., er afborgast á sama hátt frá 1/1'69 - 10. afborgun - . . . . . . . . | 48.oo | | |
| d. Lán til þjóðvegar, er samkv. landshöfðingjabréfi 29/5'73, ~~að upphæð 1000 kr. Af láninu borgast enn aðeins vextir 4%~~ afborgast og ávaxtast frá 1/1'74 með 6%, að upphæð 800 kr. - 4. afborgun | 48.oo | | |
| e. Lán til þjóðvegar, samkv. landshöfðingjabréfi 29/5'73, að upphæð 1000 kr. Af láninu borgast enn aðeins vextir, 4% . . . . . . . . . . . . . . . . | 64.oo | | |
| Flyt kr. | | | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. au. | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| Flutt = | | | |
| f. Lán út af þinghússbyggingu 5000 kr. og hluttekning í kostnaði við fangahús 3271 kr. 10 aurar. Samt. kr. 8271.10, er samkvæmt landshöfðingjabréfi 16/5´73 afborgast á 15 árum með jöfnum afborgunum 1/15 á ári og ávaxtast með 4% | | | |
| 5. afborgun kr. 551.41 | | | |
| Vextir af kr. 6065.46 242.62 | 794.03 | | |
| g. Lán til aðgjörðar á Austurvelli og Austurstræti samkvæmt landshöfðingjabréfi 10/10´74 að upphæð 10.000 kr. Lán þetta ávaxtast og afborgast með 6% | | | |
| 3. afborgun . . . . . . . . . . . . . . . . | 600.00 | | |
| h. Lán handa skólavörðunni samkv. ráðherrabréfi 3/9´71, að upphæð 400 kr. vextir af því 4% . . . . . . . . . . . | 16.00 | | |
| i. Lán tekið úr Hafnarsjóði 25/12´76 til ljóskera; Rentur af því 4% . . . . . | 80.00 | 1858.03 | |
| 11. Til áhalda, aðgjörðar og útvegunar á þeim . . . . . . . . . . . . . . . . | | 50.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld . . . . . . . . | | 250.00 | |
| 13. Væntanlegar eftirstöðvar við árslok | | ~~700.00~~ | 7514.03 |
| III. Útgjöld fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Til aðstoðar og framfæris þurfamönnum: | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga . . . . . . . | 4380.00 | | |
| b. Til þurfamanna . . . . . . . . . . | 1452.00 | | |
| c. Til vitstola - - - . . . . . . | 400.00 | | |
| d. - greftrunar sveitarómaga . . . | 100.00 | | |
| e. - lögflutnings á sveitarómögum | 20.00 | | |
| f. Önnur útgjöld(þar í fátækralyf) | 100.00 | 6452.00 | |
| 2. Önnur útgjöld . . . . . . . . . . . . | | 40.00 | 6492.00 |
| IV. Til barnaskólans: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun hins fasta kennara . . . . . . . . | 1000.00 | | |
| b. Aukaþóknun til sama fyrir 1878 . . . | 200.00 | | |
| c. Til aukakennslu . . . . . . . . . . . . | 800.00 | 2000.00 | |
| 2. Hús skólans o.fl. | | | |
| a. Viðhald á húsinu . . . . . . . . . . . | 200.00 | | |
| b. Áhöld . . . . . . . . . . . . . . . . . | 50.00 | | |
| c. Brunabætur og húsaskattur . . . . . . | 100.00 | | |
| d. Eldiviður og ljós . . . . . . . . . . | 220.00 | 570.00 | |
| 3. Óviss útgjöld, svo sem til ritfanga, þvotta á skólahúsinu o.fl. . . . . . . | | 80.00 | 2650.00 |
| Útgjöld samtals | | | 16662.03 |

15 samfleytt

5 Rentur

áhöld Brunabætur o.fl.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 1. dag nóvembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Var lögð fram beiðni tveggja manna um eftirgjöf eða lækkun á kennslueyri. 1.) Torfa prentara um, að kennslueyrir tveggja barna hans yrði aðeins 20 kr., og var því neitað. 2.) Bjarna skóara, sem beiddist ókeypis kennslu fyrir 1 barn, og var því sömuleiðis neitað.

2. Jón Árnason leitaði í bréfi 26. september samþykkis bæjarstjórnarinnar til, að búa til kálgarð í túni sínu sunnan frá Stöðlakotsgarðinum, [, og var það samþykkt með þeirri viðbót, að garðurinn] fylgdi túninu, sem partur þess.

3. Þá var lögð fram beiðni nokkurra túneigenda, dags. 8. þ.m., um að gjöra veg suður að Skálholtskoti og þar suður úr, til að greiða flutninga að og af túninu. En bæjarstjórnin taldi hvorki næga ástæðu til að veita fé til þessarar vegagjörðar, enda hafði hún ekkert fé til þess. Aftur á móti var þeim leyft að gjöra við veginn á sinn kostnað, þó svo, að aðrir væru eigi á eftir útilokaðir frá að nota hann.

4. Jón Jónsson prentari beiddist í bréfi 31. f.m. 2 kr. borgunar fyrir að mála á spjald á húsi S. Melsteds orðið "Lækjartorg", sem hann hefði gjört eftir beiðni S. Melsteds. Bæjarstjórnin neitaði þessari beiðni.

5. Í bréfi 29. dag októbermánaðar þ.á. beiddust ýmsir Skuggahverfisbúar, að vegur yrði gjörður frá Vegamótum og niður að Klapparvör, og lofuðu þeir sínu dagsverki hver. Bæjarstjórnin vildi eigi ákveða neitt um málið að sinni, en veganefndinni var falið að segja álit sitt um málið, og hvar vegurinn skyldi helzt leggja.

6. Var lögð fram uppástunga brunamálanefndarinnar um ýmsa fyrirliða við slökkviliðið, og voru þær uppástungur samþykktar, að því undanskyldu, að henni þótti ísjárvert að hafa skipstjóra fyrir ~~slökkvistjóra~~ flokksstjóra, með því að þeir væru svo oft fjærverandi, og ákvað að skora á brunamálanefndina, að stinga upp á öðrum í stað þeirra tveggja, er hún hafði stungið upp á, Jóns Gunnlaugssonar og Jóhanns Jóhannessonar.

7. Þá skýrði veganefndin frá, út af beiðni Guðmundar Erlendssonar og Jóns Borgfjörðs, um rennu meðfram lóð þeirra, að þeim ýmissa orsaka vegna eigi gæti ráðið til ~~þeirrar~~ þessarar rennslisgjörðar, og fyrr en um það gæti verið að ræða, þá yrði að flytja burtu móhlaða þá, sem stæðu fyrir vestan Hlíðarhús, og beiðendur að gjöra garð meðfram kálgörðum sínum að sunnanverðu, og féllst bæjarstjórnin á skoðun vega~~mála~~nefndarinnar.

Fundi slitið.

Í forföllum bæjarfógetans, eftir beiðni hans.
Magnús Stephensen. H. Kr. Friðriksson. J.Steffensen.
Á.Thorstenson. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 15. dag nóvembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér, og gegndi Magnús Stephensen formannsstörfum í veikindaforföllum bæjarfógetans.

1. Þess var getið í fyrsta lagi, að Skuggahverfsingar hefðu boðizt til að gjöra veg þann, sem þeir hefðu beðið um niður um Skuggahverfi niður að Klapparvör, sem væri 160 faðmar, gegn 500 kr. borgun úr bæjarsjóði, og gegn því, að þeir fengju 100 kr. fyrir nýjár, en hinar 400 þá síðar, á næsta ári, en beiddust að mega byrja á vegagjörð þessari nú þegar; lóðin, sem undir veginn gengi, skyldi vera bæjarsjóðnum kostnaðarlaus. Eftir nokkrar umræður var boð þetta samþykkt, og var veganefndinni falið, að ákveða ~~stefnuþa á veginum~~ vegarstefnuna og gjöra samning við þá, sem boðizt hafa til að gjöra veginn.

2. Guðbrandur Guðbrandsson beiddi um breyting á stígnum að brunninum í garði hans, og var veganefndinni falið það mál til íhugunar til næsta fundar.

3. Egill Egilsson hafði í bréfi 12. þ.m. beiðzt þess, að leiðrétt ~~verði~~ yrði lóðargjald sitt í fyrra, og ~~að~~ það gjald yrði eigi tekið lögtaki, er hvíldi á þeirri lóð, sem hann þá þegar hefði verið búinn að afhenda, sbr. fund 18. janúar 1877; en formanninum var falið á hendur að gjöra það, sem nauðsyn bæri til í þessu efni.

Öðrum málefnum, sem fyrir skyldu koma, var frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Í forföllum bæjarfógeta.
Magnús Stephensen. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson.
Jóh. Ólsen. G.Þórðarson. Ól.Ólafsson. Bergur Thorberg.
Á Thorsteinsson



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, mánudaginn 13. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Formaðurinn skýrði frá, að landshöfðinginn hefði skýrt sér frá, að Rothe, sem gjöra skyldi áætlun um hafnargjörð hér í Reykjavík, hefði falið sér á hendur, að semja við bæjarstjórnina um endurgjald fyrir verk sitt, sbr. fund 18. dag októberm. þ.á., og samþykkti hann það, sem landshöfðinginn gjörði í þessu máli. Eftir nokkrar umræður, var sú uppástunga samþykkt, að greiða Rothe 500 kr. úr hafnarsjóði með samþykki hafnarnefndar, fyrir verk sitt, með því móti að bæjarstjórnin fengi alla uppdrættina og skjölin, sem sína eign.

2. Þá gat forseti þess, að mál það, sem höfðað hafði verið gegn bæjarstjórninni út úr lóðargjaldi á Selslóð, væri nú komið fyrir yfirréttinn, og bar það undir bæjarstjórnina, hvort hún vildi ekki kjósa einhvern mann til að flytja málið fyrir yfirrétti, og var það samþykkt, að fá málfærzlumann Guðmund Pálsson til þess, gegn 20 kr. borgun.

3. Því næst var ákveðið eftir uppástungu bæjarfógetans, að fresta hinum reglulega fundi til þriðjudags í næstu viku, hinn 11. þ.m.

Fundi slitið.

L.E. Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson. J.Steffensen. Jóh.Ólsen. Bergur Thorberg. Á.Thorsteinson. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, þriðjudaginn 11. dag desembermánuðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Formaðurinn bar þá fyrst undir bæjarstjórnina aðfinningar endurskoðunarmannanna við reikninga bæjarsjóðsins, og las þær upp ásamt svörum gjaldkerans.

Við 1.gr. var úrskurðað að fela formanninum, að leggja svo fyrir, að Ólafur Guðlaugsson gefi hinar vantandi skýrslur fyrir árslok.

2.gr. b) B2a. Úrskurðað til athugunar framvegis
c. B2b. Úrskurðað til athugunar eftirleiðis.
3.gr. d. B3. Lagfærist að svo miklu leyti sem auðið er.
4.gr. B4. Er að mestu leyti nú lagfært, og það sem eftir er ógreitt, mun verða greitt fyrir nýjár, að svo miklu leyti sem auðið er. Athugasemdin fellur því burtu.
5.gr. B5. Fellur burt sem leiðrétt.
6.- Úrskurðað, að láta standa við svo búið að þessu sinni, en hafa gætur á því framvegis.
7.gr. III, 1a. Bæjargjaldkera ber að taka til inntektar í bæjarsjóð, í reikning 1877, þær 9 kr., sem hér ræðir um.
8.gr. III. 1b. Specificeraðan reikning ber að útvega, og leggja við reikninginn.
9.gr. III, 1,b.Fellur burtu, með því meðlagið var aukið.
10.gr.III,2. Fellur burtu, með því lánið var veitt af bæjarstjórninni.
11.gr. Með því að nauðsyn bar til sökum ástæðnanna að brúka meira fé en áætlað var, þar sem þessar greinir eru því nær allar eftir ágizkun í áætluninni, verða þessar athugasemdir endurskoðunarmanna einungis til skýringar. Þar sem stendur í niðurlagi athugasemdanna við þessa grein, þegar hún er borin saman við 12. grein, að bæjarsjóður hafi við árslok verið í peningaþroti um 3689 kr. 69 aurar, þá er þessu varið á annan veg, með því að hann þvert á móti átti á annað þúsund krónur.
12.gr. Samkvæmt því, sem tekið er fram um 11.gr., fellur þessi athugasemd burtu.
13.gr. fellur burtu, með því meðlagið var greitt eftir samningi.
14.gr. Er einungis ritvilla fyrir III.1,bl.
15.gr. Dannebrogsmanni G.Zöega greiðist 2 aurar úr bæjarsjóði, 75 aurar nemist úr eftir eftir ~~stöðunni~~.
16.gr. Leiðrétt, og fellur því burtu.
17.gr. Verður tekið til greina eftir föngum.
18.gr. Til athugunar við endurskoðun næsta reiknings.
19.gr. Til umhugsunar.

2. Í bréfi 31. október 1877 leyfir landshöfðingi bæjarsjóði að taka 2000 kr. lán til að kaupa lauðarviðbót við barnaskólann.

3. Valgarður Breiðfjörð, biður í bréfi 11. dag des., að bæjarstjórnin nemi úr gildi skildaga byggingarnefndarinnar, að grafa ískjallara fyrir neðan og vestan hús Guðmundar Erlendssonar. En sökum skýringa formannsins var málinu vísað frá að svo stöddu.

4. Sveinn Bjarnason endurnýjar bón sína um endurgjald fyrir stíg ~~hans~~ að Sauðagerði. En öllu endurgjaldi var synjað.

5. Ýmsar bænir voru komnar um niðursett kaup fyrir kennslu í barnaskólanum, en því máli var frestað.

6. Kristján Gíslason biður um frestun á greiðslu bæjargjalds þetta árið, en það gat eigi orðið veitt.

7. Runólfur Runólfsson biður í bréfi ~~27~~. nóvember leyfis að byggja bæ á lóð þeirri, sem Ólafi Ólafssyni hafi verið útvísað, en málinu var vísað til byggingarnefndarinnar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Sigurður Þórðarson biður í bréfi 13. dag nóvembermánaðar þ.á. um eftirgjöf á gjaldi eftir óbyggða lóð sína. Var samþykkt að fella gjaldið burtu, svo framarlega, sem gjaldið eigi hafi verið beinlínis áskilið við útmælinguna, bæði þetta ár og framvegis.

9. Loks var samþykkt uppástunga eldsvoðanefndarinnar, að í stað Emils Halls, sem farinn er burtu úr bænum, skyldi kosinn slökkviliðsstjóri gullsmiður Páll Þorkelsson, og í stað Sigurðar Vigfússonar gullsmiðs, bókhaldari Böðvar Ólafsson.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson.
J. Steffensen. Jóh. Ólsen. G.Þórðarson. Ól.Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1877, fimmtudaginn 20. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Torfi prentari Þorgrímsson endurnýjar í bréfi sínu 13. dag nóvembermánaðar bæn sína um linun á barnaskólagjaldi fyrir 2 börn sín þetta skólaár. Sú varð niðurstaðan, að honum var veitt þriðjungs linun á gjaldinu frá nýjári, en hann skyldi gjalda fullt gjald fyrir hinn liðna tíma.

2. Bjarni skóari Jónsson endurnýjar í bréfi 28. nóv. bæn sína um kauplausa kennslu í barnaskólanum handa syni sínum, Sigurði Valdimar, og var það veitt frá nýjári.

3. Teitur Teitsson biður í bréfi 11. þ.m. um kauplausa kennslu handa dóttur sinni Vigdísi, 12 ára, og var það sömuleiðis veitt frá nýjári.

4. Séra Hallgrímur biður í bréfi 11. þ.m. að bæjarstjórnin veiti Otta Egilssyni á Seli kauplausa kennslu í barnaskólanum; em með því faðirinn hefur þegið af sveit, bæði í fyrra og nú, var það talið sjálfsagt.

5. Páll Eyjólfsson mótmælir í bréfi 12. f.m. leigusölu á túnblettinum við hús hans; en með því það mál var þegar afgjört, varð ekkert tillit til þess haft.

6. Jakob Steingrímsson biður í bréfi 5. þ.m. um frest á gjaldi sínu til bæjar~~gjöld~~ fyrir þetta árið, með því að hann mætti eigi missa net þau, sem tekin hefðu verið lögtaki hjá sér upp í gjaldið. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að veita honum frestinn, þó svo, að hann hvorki selji eða veðsetji netin öðrum, en nota má hann þau til fiskveiða, ef hann þarf.

7. Þá voru lagðar fram ýmsar virðingagjörðir á húsum og bæjum:

a) Skúr með hálfþaki hjá Guðbrandi Guðbrandssyni metinn á 160 kr.
b) ~~skúr~~ í Grjótagötu Eiríks Ásmundssonar virtur upp að nýju með viðbót 501 -
c) Hús í Grjótagötu tilheyrandi Eiríki Ásmundssyni fyrverandi, C. B. í Aðalstræti 240 -
d. Hlutaveltuhúsin öll endurmetin 7704 -
e) Hús við 123 í Hafnarstræti P.C. Knútzons eign . . . . . . . . . . . 600 -
f. Geymsluhús við Kalkofninn 450 -
g. Syðstibær (bær Gunnlaugs Halldórssonar 372 -

og voru virðingar þessar samþykktar.

8. Í bréfi 19. þ.m. endurnýjar Valgarður Breiðfjörð bæn sína um stæði undir ískjallara (sbr. síðasta fund), með því að bygginganefndin hefði synjað sér um útmælingu á þeim stað, sem hann hefði um beðið. Á. Thorsteinson stakk upp á að vísa málinu til bygginganefndarinnar, og var það samþykkt, en öðru leyti, að svæðið væri útvísað.

9. Geir Zöega kvartaði í bréfi 18. þ.m. um lóðargjald sitt af óbyggðri lóð fyrir utan bæjarlóðina (tómthúslóðargjald). Niðurstaðan varð sú, að svara því, að G. Zöega yrði að gjöra nákvæmari grein fyrir, hvaða lóðir það væru, sem hann ætli, að hann eigi að vera laus við gjald af, en fyrr get~~ur~~ bæjarstjórnin ekkert við málið gjört.

10. Landfógeti Á. Thorsteinson stakk upp á að gjöra þegar ráðstafanir til, að lóðargjaldið yrði krafið þegar næsta ár eftir hinni nýju löggjöf 22. október f.á. Eftir nokkrar umræður var sú uppástunga, að leita álits landshöfðingja um, hvernig skilja eigi þetta atriði, ~~Felld~~ með 5 atkvæðum gegn 4.

Fundi slitið.

H.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson.
Magnús Stephensen. Bergur Thorberg. J.Steffensen. G.Þórðarson.
Jóh.Olsen. Ól.Ólafsson. Á.Thorsteinsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 17. dag janúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Guðmundur Magnússon biður í bréfi 2. þ.m. um styrk til kennslukaups fyrir eitt barn, og var það samþykkt, að hann fengi kauplausa kennslu, það sem eftir væri af skólaárinu.

2. Jón verzlunarstjóri Steffensen kvartar í bréfi 3. þ.m. um, að fátækrastjórnin hefði samið við hlutaveltuna um þau matvæli, sem hún þyrfti til fátæklinga í vetur, með töluvert þrengri kostum en hann hefði boðizt til að láta úti. Á.Thorsteinson gjörði þá uppástungu að vísa málinu til fátækranefndarinnar með þeim ummælum, að bjóða þessar tillögur til fátækranefndarinnar framvegis, sem flestum kaupmönnum, helzt opinberlega, og var það samþykkt.

3. Í bréfi 13. þ.m., biður Krüger apótekari um reim af kirkjugarðinum gamla, næsta húsum hans. Eftir nokkrar umræður var afráðið að fresta málinu, til þess að bæjarstjórnin gæti kynnt sér það.

4. Yfirsetukonurnar beiddu í bréfi 16. dag þ.m. um, að bæjarstjórnin vildi veita þeim það fé, sem þær hafa misst við hin nýju yfirsetukonulög, þ.e.106 kr. 66 báðar. Eftir nokkrar umræður var samþykkt, að þær yfirsetukonur, sem nú eru, skyldu framvegis fá sömu laun, sem þær höfðu 1874, þó þannig, að þær féllu frá þeim kröfum, sem þær samkvæmt lögunum hafa til 3 kr. borgunar úr bæjarsjóði fyrir hverja fátæka konu, sem þær sátja yfir þar.

5. Þá voru lagðar fram þessar virðingar á húsum:
   a) Hús Sveins snikkara Sveinssonar metið á 3100 kr.
   b) Húseign bakara Jenssens . . . . . . 3900 -
og voru þessar virðingar samþykktar.

6. Þá var lagður fram reikningur frá Magnúsi Jónssyni í Bráðræði, fyrir lengingu á jarðbor, 9 kr., en þeim reikningi var frávísað, sem bæjarstjórninni óviðkomandi.

7. Því næst var ákveðið, að skorað skyldi á veganefndina, að sjá um, að allir brunnar væru hreinsaðir og öll vatnsból bæjarins.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson. J.Steffensen. Bergur Þorberg. Á.Thorsteinsen. G.Þórðarson. Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson. S



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, laugardaginn 19. dag janúarmánaðar, átti bæjarstjórnin með sér fund aukafund.

Skýrði þá formaður frá láti bæjargjaldkerans, kaupmanns Ó. Möllers, er dó í nótt, og bar undir nefndina hver ~~þeirra~~ að skyldi fara. Formanninum var falið á hendur og fjárhagsnefndinni, að reyna að útvega gjaldkera núna fyrst um sinn, og voru tilnefndir N.Zimsen, Jón Pálsson og Símon Johnsen. sér

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Magnús Stephensen.
Á. Thorsteinson. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson. Jóh.Ólsen. J. Steffensen.
Einar Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 7. dag febrúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Jón prentari Jónsson endurnýjar í bréfi 5. þ.m. beiðnina um framhald vegarins í efri Þingholtunum, en málinu var frestað.

2. Í bréfi, dags. 29. janúar þ.á., kvartar presturinn yfir því, að sér hafi eigi verið greidd tíund af fasteign bæjarins hin síðustu 5 árin, og sendir reikning upp á 23 kr. 17 aur, og voru honum ávísaðir þessir peningar, þó með þeirri athugasemd, að hann framvegis verði að taka þetta gjald árlega, því að annars verði það eigi greitt.

3. Formaður gat þess, að kaupmaður Símon Johnsen hefði tekið að sér að verða gjaldkeri bæjarins, og var það samþykkt, og skyldi honum gefast erindisbréf.

4. Lagði formaður fram reikning frá verzlunarstjóra J. Steffensen fyrir olíu til ljóskeranna upp á 490 kr.18 aura, en með því olían væri eigi enn öll brúkuð, bar formaður það undir bæjarstjórnina, hvort ávísa skyldi öllum reikningnum, og var það samþykkt.

5. Þá kom fyrir umkvörtun frá Eiríki Ásmundssyni yfir bæjargjaldi sínu, og var sú kæra rædd, sem vandi er til, fyrir lokuðum dyrum. Niðurjöfnunarnefndin hafði lækkað gjald hans úr 17 kr. niður í 15 kr. Eftir nokkrar umræður var gjald hans lækkað niður í 10 kr. með 7 atkvæðum gegn 2.

6. Í bréfi 21. f.m. skýrði niðurjöfnunarnefndin frá, að hún hefði gleymt að leggja upphaflega gjald á Björn Jónsson prentarasvein, en hefði síðan lagt á hann 7 kr., og á hinn bóginn numið burtu gjald Guðríðar Daníelsdóttur, 4 kr.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsson.
J.Steffensen. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 21. febrúar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

Í bréfi 18. þ.m. óskaði Ó.Finsen, að bæjarstjórnin vildi láta bera möl ofan í gangana á Austurvelli, og sömuleiðis, hvort eigi væri ráðlegt, að mjókka gangana umhverfis völlinn innan grindanna. Eftir nokkrar umræður ákveðið, að fresta málinu til næsta fundar.

2. Í bréfi 20. þ.m. biður Árni Björnsson um lausn frá lögregluþjónustunni sökum veikinda, en að bæjarstjórnin veiti honum nokkur eftirlaun. Var ákveðið, að hann skyldi fá 1/10 hluta af þeim launum, sem hann hefði haft föst úr bæjarsjóði. Því næst var ákveðið að taka einhvern til reynslu, að minnsta kosti um 2 mánuði, en fyrst um sinn skyldi Þorsteinn vaktari gegna þessum störfum, ef hann væri fáanlegur til þess.

Fundi slitið.

L.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Magnús Stephensen. A. Thorsteinson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. J.Steffensen. G. Þórðarson. Ól.Ólafsson. Jóh.Olsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 21. dag marzmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Í bréfi, dagsett 5. þ.m., kvartar Valgarður Breiðfjörð yfir útmælingu byggingarnefndarinnar undir ískjallara, 21. dag febrúar á Hlíðarhúsalóðinni, og biður um stærra svæði, en útmælt hafði verið. Eftir ýmsar ~~niður~~ umræður, varð sú niðurstaðan, ~~var~~ útmæling byggingarnefndarinnar, en að svo stöddu gæti hann eigi fengið meiri lóð, en útmæld hafði verið, en það gæti þá fyrst komið til ~~máls~~ álita, hvort hann gæti fengið meiri lóð, en hann ætlaði að fara að byggja meiri hús, en hann nú ætlast til.

2. Í bréfi ~~í bréfi~~ 6. þ.m. skýra yfirsetukonurnar hér í bænum, að þær geti eigi afsalað sér rétti sínum til borgunar fyrir yfirsetu hjá fátækum konum hér í bænum, með ýmsu öðru, sem þær tilfæra, og auk þess hin sömu laun, sem þær nú hafa. Eftir ýmsar umræður var sú uppástunga, að þær fengju hið sama, sem bæjarstjórnin hafði heitið, og borgun fyrir utansveitar konur, en eigi fyrir innsveitis konur, og sömuleiðis sú, að bæjarstjórnin gengi alveg fram hjá þeirri spurningu, hvort þær fengju nokkra borgun fyrir yfirsetu fátækra kvenna, og stendur því hin eldri ákvörðun bæjarstjórnarinnar.

3. Formaður skýrði frá, að út úr því, að honum hefði verið falið í ~~hendur~~, að semja við N. Zimsen um lóðina fyrir sunnan barnaskólann, sem er eign P.C.Knudtzons verzlunar, og skýrði hann frá í bréfi 9.þ.m., að hann hafi fengið leyfi eigendanna til að selja lóðina gegn 2000 kr. og með ýmsum nánari skilyrðum, sem í bréfinu eru tilgreind, og var samþykkt, að samninginn mætti fullgjöra.

4. Forstöðunefnd hins svonefnda Thorvaldsensfélags biður um, að hún megi hafa í borgarastofunni skólakennslu handa stúlkubörnum 3 stundir daglega á rúmhelgum dögum, í mánuðunum apríl - júní, og var það leyft af bæjarstjórninni að hennar leyti, þó með þeim fyrirvara, að nefndin yrði að koma sér saman við formann bæjarstjórnarinnar um afnot herbergisins og umsjónarmann hegningarhússins bæði viðvíkjandi þvotti og hreinsun og ýmislegt fleira.

5. Í bréfi, dags. 6. þ.m. bendir landshöfðinginn á ýmislegt, er miður fari í reikningum bæjarstjórnarinnar árið 1876.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg.
Á.Thorsteinson. G.Þórðarson. Magnús Stephensen. Ól.Ólafsson.

x Í frumriti hefur „felld" síðar verið breytt með bleki í „samþykkt".



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 2. dag maímánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Tekið til umræðu bréf Ó.Finsen 18.febr. þ.á. um ganginn á Austurvelli, sbr. fund 21. febrúar. H.Kr.Friðriksson gjörði þá uppástungu, að borin væri möl ofan í ganga eftir því, sem veganefndin segði fyrir um, og bæjarstjórnin borgaði helminginn af kostnaðinum, en leigjandi hinn helminginn, og skilaði svo göngunum í sama standi, sem þeir eru eftir aðgjörðina. Eftir nokkrar umræður var uppástunga þessi samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Beiðni lyfsala Krügers um viðbót við lóð sína af kirkjugarðinum var talin fallin burtu, úr því hann hafði eigi endurnýjað hana, en fógetinn skyldi þó svara því, að bæjarstjórnin gæti eigi veitt honum bænina, eins og hún lægi fyrir.

3. Þá var tekin til umræðu bæn Jóns prentara um framlengingu efra Þingholtsvegarins, og var veganefndinni falið á hendur að skoða þennan veg og segja álit sitt á næsta fundi.

4. Í bréfi 23. f.m. beiddist Jón Erlendsson á Grímsstöðum, að vegur yrði gjörður frá kirkjugarðinum og niður að Grímsstöðum. Eftir nokkrar umræður var málinu sleppt að þessu sinni.

5. Jón Þórarinsson biður 4. febrúar þ.á., að hann megi fá hinn forna traðargarð í viðbót við lóð sína, og var samþykkt, að veganefndin skyldi ~~samþykkja málið~~ rannsaka málið.

6. Í bréfi 6. f.m. endurnýjar Guðbr. Guðbrandsson beiðni sína um breytingu á stígnum að brunni hans, og var veganefndinni falið enn að nýju á hendur að íhuga málið til næsta fundar.

7. Í sambandi við þetta mál, bauðst formaðurinn til að láta bæjarstjórnina fá brunninn, sem er við hús hans, ef hún vill gjöra hann að reglulegum brunni með pósti í, og var veganefndinni falið á hendur að íhuga það mál og til næsta fundar.

8. Þá var tekin fyrir skipun lögregluþjóns hér í bænum, og hafði ekkert bónarbréf um það komið nema frá hinum setta lögregluþjóni, Þorsteini Jónssyni. Magnús Stephensen gjörði þá uppástungu að fresta þessari veitingu til næsta nýárs, en að sá, sem nú væri, héldi áfram starfi sínu þangað til, og var sú uppástunga samþykkt.

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. H.Kr.Friðriksson. Magnús Stephensen. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. J.Steffensen. Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 16. dag maímánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Formaður lagði fram og las upp lýsingu á jörðinni Rauðará, sem er eign landssjóðsins. Í lýsingu þessari var eigi tekið neitt fram um Fúlutjörn, og áleit bæjarstjórnin, að réttara væri að geta þessa afbýlis, og að þar væri nokkurt tún, þótt eigi væri það í góðri rækt. Landfógeti stakk upp á, að jafnframt og lýsing þessi væri send, skyldi þess getið, að bæjarstjórnin mundi eigi eins ófús á að kaupa jörð þessa gegn árlegu eftirgjaldi, og var það samþykkt. Að öðru leyti hafði bæjarstjórnin ekkert að athuga við lýsingu þessa.

2. Þá skýrði formaður veganefndarinnar frá, að eftir því sem nefndinni hafði verið falið á síðasta fundi, hefði hún skoðað lóð þá, sem Jón Þórarinsson í Sauðagerði hafði beðið um í bréfi 4. febr. þ.á. í viðbót við lóð hans, og hefði nefndin [ekkert] x) séð því til fyrirstöðu, að hann fengi lóð þessa, þó með því skilyrði, að hann léti hana af hendi endurgjaldslaust ef nefndinni þætti nauðsyn til bera að leggja þar veg, og samþykkti bæjarstjórnin, að Jón fengi lóðina með þessu skilyrði.

3. Viðvíkjandi Brunnhúsabrunni lagði veganefndin það til, að vegurinn niður að brunninum yrði fluttur, eins og Guðbrandur hafði stungið upp á, og grindur settar meðfram veginum beggja vegna á bæjarins kostnað, og var tillaga þessi samþykkt.

4. Viðvíkjandi framlengingu vegarins í Þingholtunum, sem Jón prentari hefur oft beðið um, gat formaður þess, að ráðlegt væri, að lengja veginn um 12 faðma, og semja við Árna Gíslason um lóðina, sem undir veginn gengi, en málinu var frestað.

5. Þá skýrði formaður veganefndarinnar frá, að nauðsynlegt væri að lengja rennuna upp frá brunni yfirdómara L. Sveinbjörnssonar, og gjöra við rennuna þar niður frá niður að húsum frúar I. Melsteds. Brunninn vildi nefndin ráða til, að taka hann, með því, að eins væri lögð steinbrú að brunninum. En frú Melsted vildi leyfa að grafa brunn í norðausturhorni kálgarðs hennar, gegn 50 aura endurgjaldi fyrir hverja ferhyrningsalin og grindurnar væru fluttar hum hann kostnaðarlaust. Rennugjörðin upp frá brunni Sveinbjörnssonar var samþykkt. En viðvíkjandi brunni í garði I. Melsteds, frúar, var því máli frestað.

6. Assessor M. Stephensen gat þess, að maður nokkur hefði beiðzt kaups á fortepianói barnaskólans fyrir sama verð og það hefði verið keypt, 200 kr., og var það samþykkt.

7. Guðmundur Þórðarson spurði, hvort bæjarstjórnin hefði fengið lóð þá til umráða, sem hún hefði afráðið að kaupa af Knutzon, og ef svo væri, vildi hann leigja kálgarðinn. Formanninum var falið á hendur, að afgjöra það mál, og kunngjöra svo, að garðurinn yrði leigður, og semja svo við beiðendur um leiguna.

8. Halldór Friðriksson skoraði á bæjarstjórnina að sjá um, að Jón skipasmiður haldi lóð sinni umgirtri að sunnanverðu meðfram túni sínu, og lofaði formaðurinn að styðja að því.

Fundi slitið.

L. Sveinbjörnsson. Einar Þórðarson. H.Kr.Friðriksson.
Magnús Stephensen. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Ól.Ólafsson.
Á. Thorsteinson.

x) Orðinu „ekkert" bætt hér inn, þar eð augljóst virðist af framhaldinu, að það hafi fallið niður úr frumriti af vangá.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1878, hinn 6. júní kl. 5 e.m., kom hinn setti bæjarfógeti, Jón Jensson, með bæjarfulltrúunum Árna Thorsteinsson, Guðmundi Þórðarsyni og Jóhannesi Ólsen saman á bæjarþingstofunni til þess að halda hér reglulegan fund samkvæmt löggjöfinni, en með því að enginn annar af inum kosnu bæjarfulltrúum mætti, varð ekkert mál tekið fyrir og fundinum slitið kl. 5 1/2 e.m.

Jón Jónsson, Á.Thorsteinsson. G.Þórðarson. Jóh. Ólsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 20. júní, átti bæjarstjórnin fund á venjulegum stað og tíma.

1. Var vtðtekið að neita beiðni Kristjáns í Gerðunum í bréfi frá 18. f.m. um móupptekt í Fossvogi.

2. Bréfi Guðbrandar 31. f.m. um Brunnhúsabrunninn var vísað til veganefndarinnar og afhent henni.

3. Út af beiðni frú Friðrikku Guðmundsdóttur um endurgjald fyrir lóðarnám urðu alllangar umræður, og var þar eftir ákveðið að fresta málinu til frekari rannsóknar af veganefndinni, og var nefndinni afhent beiðnin.

4. Út af beiðni Guðmundar vaktara um skipun aukanæturvarðar fól bæjarstjórnin hinum setta bæjarfógeta að skipa aukanæturvörð eins og ~~það hefir~~ verið.

5. Út af beiðni Jóns Borgfirðings, um viðbót við laun sín urðu nokkrar umræður. ~~Inn~~ setti bæjarfógeti bætti við beiðnina í þessu bréfi þeirri uppástungu, ~~fum~~ að báðum lögregluþjónum yrði veitt einhver þóknun. Síðan var ályktað, að bæjarstjórnin að sinni neiti að taka beiðnina eða uppástungu ins setta oddvita til greina.

6. Út af bréfi frá lögregluþjónunum var ályktað, að ekki þyrfti að útvega stiga til að flytja á ölvaða menn. Hvað auglýsinga ~~skápum~~ snertir var látið í ljósi það álit, að lögreglusjóður ætti hann.

7. Ályktun um beiðni Helga Helgasonar um lóðarspildu var frestað.

8. Uppkast til afsalsbréfs fyrir viðaukalóð við barnaskólann var lagt fram og samþykkt.

9. Var leyft sóknarprest~~um~~ að ~~kalla~~ kirkjumálafund á bæjarþingsstofunni.

10. Var frestað að gera ályktun um að endurbæta skóla~~svæðin~~.

11. Oddvitinn las upp ályktanir heilbrygðisnefndarinnar á síðasta fundi um rennur bæjarins o.fl. Var álitið nauðsynlegt að veita veganefndinni nokkra aukafjárveitingu til að þrífa rennur og götur. Þá var ályktað að fresta til næstu áætlunar ráðstöfun~~inni~~ um fjöruna ~~FG~~ gryfju undir sorp og annan óþverra.

12. Þá bar inn setti oddviti fram uppástungu um, að lóðir bæjarins, sérstaklega tómthúslóðirnar, yrðu mældar upp samkvæmt 2. grein laga 19. október f.á., og var fjárhagsnefndinni falið á hendur að semja við hæfa menn um að mæla upp þær lóðir í umdæmi kaupstaðarins, sem enn ekki hafa verið mældar.

Fundi slitið.

Jón Jónsson, settur. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinson. Einar Þórðarson. J.Steffensen. Magnús Stephensen. Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 22. júní kl. 7 e.m., átti fjárhagsnefnd bæjarstjórnarinnar fund með sér til þess að semja um uppmælingu á lóðum þeim í kaupstaðnum er áður hafa ekki verið mældar.

Skólakennari Benedikt Gröndal og trésmiður Jakob Sveinsson voru mættir, og sögðust báðir fúsir á að taka starf það, er hér ~~um ræðir~~ er um að ræða að sér fyrir 200 kr., og var þá með atkvæðafjölda Benedikt Gröndal kosinn til þess að leysa það af hendi fyrir nefnd kaup. Skuldbatt skólakennarinn sig til að ljúka þessu starfi fyrir miðjan septembermánuð þ.á. og þá afhenda nefndinni skriflega skýrslu um flatarmál hverrar lóðar og þar að auki kort, er sem ~~eiga~~ sjá mætti af lögun hverrar lóðar og takmörk hennar.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen. J.Steffensen.
Ben. ~~Thordal~~ Gröndal.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1878, hinn 4 júlí kl. 5 e.m., átti bæjarstjórnin fund með sér á venjulegum stað.

1. Bæjarfógetinn lagði fram til álita reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins á apríl hálfmisserinu.

2.og 3. Um 2 virðingargjörðir undir brunamálaábyrgð urðu nokkrar umræður, en engin ályktun var gerð, af því að aðeins 4 bæjarfulltrúar voru mættir.

Fundi slitið.

Jón Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 18. júlí, var á venjulegum stað og tíma settur bæjarstjórnarfundur.

Virðing á hluta af húsinu "Glasgow".

1. Eftir nokkrar umræður lagði prentari Einar Þórðarson það til, að virðingarverð parts af húsinu Glasgow, er metinn hefir verið á 8000 kr., yrði fært niður í 6000 kr. Eftir uppástungu yfirkennara Halldórs Friðrikssonar var þareftir neitað að samþykkja hina fyrirliggjandi virðing, með því að allt húsið væri ekki virt, og var álitið, að eldri virðingargjörðir á öllu húsinu yrði að vera í krafti, þangað til það í heild sinni hefði verið virt af nýju.

2. Ný virðing á húsi séra Matthíasar Jochumssonar á 5100 krónur var samþykkt.

3. Var samþykkt virðing á bæ Guðjóns Jónssonar, 350 kr.

4. Samkvæmt beiðni Guðbrands Guðbrandssonar, var honum ~~leyft að stækka lóð sína út í Tjörnina gegn því að greiða lóðartoll af þessum viðauka við lóð sína eftir nánari útmælingu byggingarnefndarinnar.~~

5. J. Johnsen fyrir hönd Holmes og Bowmans var ályktað að svara á þá leið, að með því lóð sú, sem hann hefir beðið sér útmælda í viðbót við áðurfengið svæði til laxverzlunar, sé selt öðrum á leigu, verði hann að snúa sér að leigjanda lóðarinnar með beiðni sína og um afnot lóðarinnar fyrir hinn tiltekna leigutíma.

6. Yfirkennari Halldór Friðriksson fer þess á leit að fá leigt loft í geymsluhúsi því, sem bæjarstjórnin er nýbúin að kaupa af kaupmanni P.C.Knudtzon. Var þareftir samkvæmt uppástungu landfógeta Árna Thorsteinssonar ákveðið að kjósa nefnd til þess að íhuga, hvernig áminntu húsi yrði ráðstafað á sem hag~~kvæmastan~~ hátt.

~~Var~~ þá kos~~inn~~ Jón Stefánsson faktor,
Einar Þórðarson prentari,
Magnús Stephensen assessor, hver með
3 atkvæðum.

7. Var ákveðið að bjóða skyldi upp til erfðafestu með venjulegum skilmálum lóðarspildu ~~þeirri~~, er liggur milli Thomsens túns og Móhúsa túns, og að uppboð skyldi fara fram á ágúst - september mánaðamótum.

Fundi slitið.

Jón Jónsson, settur. Magnús Stephensen. Einar Þórðarson.
H.Kr. Friðriksson. Jóh.Olsen. Á.Thorsteinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, 1. ágúst kl. 5 e.m., setti oddviti bæjarstjórnarinnar bæjarstjórnarfund á venjulegum stað og stund, eftir að fundurinn hafði verið boðaður með dagskrá á venjulegan hátt.

Af bæjarfulltrúum var aðeins mættur Ólafur söðlasmiður Ólafsson. Eftir 5 mínútur mætti Einar prentari Þórðarson. Þar eftir mætti Jón Steffensen, þá Árni Thorsteinsson. Þegar enginn mætti af hinum bæjarfulltrúunum, var ekki fundarfært.

Ekkert fyrir tekið.

Jón Jónsson, settur.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, 15. ágúst kl. 5. e.m., setti bæjarfógetinn bæjarstjórnarfund á venjulegum stað.

Með því að enginn annar var mættur en Ólafur söðlari Ólafsson, var ekkert fyrir tekið..

Fundi slitið.

Jón Jónsson, settur. Ól.Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, 22. ágúst, setti bæjarfógetinn aukafund á venjulegum stað kl. 5 e.m.

Hefir verið beðið um þenna fund af 6 bæjarfulltrúum í bréfi til bæjarfógetans 17. þ.m., og hafði bæjarfógetinn, eftir að hafa í gær fengið frumvarp til fiskveiða reglugerðar, er gat um í bréfinu, boðað ~~var til~~ fund~~þrins~~ með munnlegu boði eins lögregluþjóns til allra þeirra fulltrúa, sem hér eru í bænum, og með bréflegri dagskrá frá í gær, festri upp á venjulegum stað.

Kl. 5 1/2 voru aðeins mættir Á. Thorsteinsson, Einar Þórðarson, Jón Steffensen og Magnús Stephensen, og gat því ekkert fram farið.

Jón Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, 5. september, setti bæjarfógetinn á venjulegum stað og stund, reglulegan fund.

1. Eftir nokkrar umræður um hluttekningu bæjarins í brúargjörð yfir Ølvusá og Þjórsá voru bornar upp þessar tillögur:

1) að bæjarstjórnin lýsi yfir því, að hún sé fyrirtækinu hlynnt. Samþykkt í einu hljóði.

2). að svo komnu yrði engin ákvörðun gerð um tillag Rvíkur til ______ Samþykkt með 5 atkvæðum.

3). að bæjarstjórnin líklega eftir ástæðum á sínum tíma muni leggja fé til þessa fyrirtækis. Tillagan tekin aftur.

3). að bæjarstjórnin gefi út áskorun um frjáls samskot til fyrirtækisins. Tillagan tekin aftur.

2. Beiðni frá faktor Jóni Steffensen um steinlagða rennu með húsum Fischers kaupmanns var vísað til veganefndarinnar til þess að fá álit um kostnaðinn við þetta fyrirtæki.

3. Virðing á húsi Páls málaflutningsmanns Melsteds, er hann hefur látið byggja nú í sumar á Austurvelli, 9000 kr. auk geymsluhúss 102 kr., alls 9102 kr., var samþykkt með 5 atkvæðum gegn 1.

4. Ákveðið var að leita álits veganefndarinnar um beiðni frá Magnúsi Guðmundssyni um útvísun á 2 lóðarstykkjum, og var formanni veganefndar afhent beiðnin þessi, sem er dags. 1.f.m.

5. Var samþykkt að greiða yfirsetukonunum hverri kr. 26 67a. sem þóknun fyrir ~~sumarið~~ til 30. júní.

6. Beiðni frá Jósepi Blöndal um rúm fyrir mó í húsi því, sem keypt hefur verið af verzlun Knudtzons. Nefnd sú, sem kosin var 18. júlí þ.á., mælti með þessari beiðni, um leið og hún gat þess, að yfirkennari Halldór Friðriksson hefði fengið að láta hey í húsið, og að hið sama hefði átt sér stað um yfirdómara Jón Pétursson, allt í ~~var~~ um samþykki bæjarstjórnarinnar. Málinu vísað til veganefndarinnar til þess að semja um leigu fyrir húsið frá öllum hlutaðeigendum.

7. Frumvarp til samþykkta um fiskveiðar á opnum skipum. Amtmaður Bergur Thorberg fór af fundinum vegna embættisanna og gat þess, að hann vegna embættisstöðu sinnar gæti ekki tekið þátt í umræðum þessa máls. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að fela formanninum á hendur að rita oddvita sýslunefndarinnar í Kjósar- og Gullbringusýslu, að bæjarstjórnin geymi sér rétt sinn út af undirbúningi þeim, sem sýslunefndin hefir haft í þessu máli.

Þareftir voru kosnir 3 menn til þess að vera til taks, ef sýslunefndin skyldi vilja taka málið til nýrrar, löglegrar meðferðar, og urðu þessir fyrir kosningu: Landfógeti Árni Thorsteinson með 5 atkvæðum, Halldór Friðriksson með 3 atkvæðum, Einar Þórðarson með 3 atkvæðum.

8. Uppástunga frá hinum setta oddvita um þóknun handa lögregluþjónum bæjarins. Oddvitinn mælti mikillega fram með því, að lögregluþjónunum, bæði með tilliti til þess, að þeir báðir hefðu staðið vel í stöðu sinni og af fremsta megni gegnt skyldum sínum, og af tilliti til þess, að laun þeirra eru mjög rýr, yrði nú veitt einhver þóknun.

Var þareftir ákveðið að fela fjárhagsnefndinni á hendur að koma fram með tillögur sínar um þetta mál, um leið og hún leggur fram frumvarp til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

9. Þareftir voru kosnir í kjörstjórn til kosninga á mönnum í niðurjöfnunarnefnd:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús Stephensen með 5 atkvæðum
Árni Thorsteinson með 4 -

Árni Thorsteinson fór af fundi, áður en bókin var staðfest.

Jón Jónsson,
settur.
Magnús Stephensen.
Einar Þórðarson/
J. Steffensen.
Jóh. Ólsen.
G. Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 19. september, átti bæjarstjórnin fund með sér. Í formannsstað mætti á fundinum prókúrator Guðm. Pálsson, sem eftir löggildingu amtsins gegnir bæjarfógeta embættinu í fjarveru hins setta bæjarfógeta. Var þá tekið fyrir:

1. Var samþykkt virðing til brunabóta á húsi Eyþórs Filifsonar, nr. 6 í Austurstræti, og er virðingarverðið á aðalhúsinu að upphæð 5.600 kr. auk bakhússins, sem virt er 422 kr.

2. Var samkvæmt lögum 14. des. f.á. kosnir 2 menn í skattanefnd, og urðu fyrir kosningu:

Landfógeti Thorsteinsson með 5 atkvæðum
Amtmaður Thorberg með 4 -

3. Síðan var samkvæmt lögum 14. desember f.á. kosinn varanefndarmaður í skattanefndina, og var faktor Jón Steffensen kosinn með 4 atkvæðum.

4. Þá var stungið upp á 3 mönnum í yfirskattanefnd, og fengu þessir flest atkvæði:

Assessor Stephensen 5 atkvæði
Yfirkennari H.Kr.Friðriksson 5 atkvæði
Assessor L. Sveinbjörnsson 4 -

5. Þá var stungið upp á varanefndarmanni til yfirskattanefndar, og eftir að við fyrstu kosningartilraun enginn hafði fengið nógu mörg atkvæði, var samþykkt með atkvæðafjölda án þess nokkur mælti á móti að kjósa bundnum kosningum milli þeirra B.H.Sveinssonar og dbrm. G. Zöega, ER FENGIÐ, höfðu jöfn atkvæði áður. Var síðan G. Zöega kosinn með 5 atkvæðum.

6. Var tekin fyrir beiðni Friðrikku Guðmundsdóttur í bréfi 18. þ.m. um endurgjald fyrir lóðarnám til vegagjörðar í Skuggahverfi. Eftir nokkrar umræður var samþykkt að úthluta skyldi Friðrikku bletti álíka stóram og þeim, er frá henni hafði verið tekinn, og skyldi henni þar að auki veittur 20 kr. styrkur úr bæjarsjóði til að koma hinum úthlutaða bletti í betri rækt. Það var og tekið fram, að bæjarstjórnin eigi væri bundin við tilboð þetta, ef það eigi yrði þegið. Þess utan lofaði formaður veganefndarinnar eftir tilmælum bæjarstjórnarinnar að aðstoð til að Friðrika gæti sem fyrst fengið styrkinn frá Skuggahverfingum.

7. Skýrði formaður veganefndarinnar veganefndarinnar frá leigumála, sem hún hefði samið um á hinu nýkeypta húsi í garði N. Zimsen, og var leigumáli þessi samþykktur.

8. Var samþykkt sú tillaga veganefndarinnar, að Magnús hringjari Guðmundsson mætti fá lóðarspildu til túnræktunar eingöngu meðfram félagsgarðstúninu að austanverðu, 150 ál. á lengd og 90 ál. á breidd, endurgjaldslaust í 25 ár, en gjalda lögákveðið lóðargjald eftir bænum sinn og kálgarð, sem nú er. Skyldi byggingarnefndin mæla út lóðina, er fekkur endurgjaldslaust til bæjarins að 25 árum liðnum. Einnig skyldi lóðin umgirt innan 2 ára.

9. Skýrði formaður nefndarinnar frá, að rennan hjá Fischershúsi fengist endurbætt gegn 1 E endurgjaldi fyrir faðminn. Var samþykkt með 6 atkvæðum móti 1, að fela veganefndinni á hendur að láta aðgjörðar á rennunni fram fara, þannig að borgun eigi yrði greidd hlutaðeigendum fyrr en eftir næsta nýtt ár. Landfógeti Thorsteinsson bað það bókað, að hann ekki væri þessari ráðstöfun samþykkur.

Fundi slitið.

Í fjærveru hins setta bæjarfógeta eftir löggilding amtsins

Guðm. Pálsson.

H.Kr.Friðriksson. J.Steffensen. Einar Þórðarson. Á.Thorsteinson.
Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 30. september kl. 5 e.m., setti hinn setti bæjarfógeti, Jón Jónsson, aukafund bæjarstjórnarinnar á venjulegum stað og klukkustund, og hefir verið boðað til þessa fundar með boði, sem borið hefir verið milli bæjarfulltrúanna og síðan fest upp á götuhorni. Var það nú lagt fram:

1. Oddviti skýrði frá, að hann hefði í dag á aukaþingi kvatt húsasmiðina Jakob Sveinsson og Helga Helgason til þess að framkvæma virðingargjörðir þær á húsum kaupstaðarins, er ekki áður hafa verið virt til brunabóta, sem fyrirskipaðar eru í lögum um húsaskatt 14. desember f.á.

2. Oddviti lagði fram bréf amtsins frá 19. júlí þ.á. með fylgiskjölum um tekjuskatt og bréf landshöfðingja frá í dag, og eru tillögur bæjarstjórnarinnar á fundi 19. þ.m. um kosningu í yfirskattanefnd samþykktar með hinu síðarnefnda bréfi.

3. Oddviti skýrði frá uppboði til erfðafestu, sem fram hafði farið í dag á lóðarspildu milli Thomsenstúns og Móhúsatúns, og varð Einar verzlunarstjóri Jafetsson hæstbjóðandi með 32 álnum.

4. Oddviti gat þess, að hann hefði ekki enn fengið skýrslu þá og kort, er Benedikt Gröndal, samkvæmt því sem bókað er að framan 22. júní, hefði lofað að afhenda fyrir miðjan septembermánuð.

Með því að kl. 5 1/2 var enginn annar mættur auk oddvitans en Einar prentari Þórðarson, var fundi slitið.

Jón Jónsson, settur. Einar Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, , fimmtudaginn 3. dag októbermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Lagði formaðurinn fram virðingu á húsum:
a) Nikulásar Jafetssonar, er virt var eftir hina nýju viðbót . . . . . . . . . . . . . 6.200 kr.
b) Bær Matthíasar Markússonar snikkara var virtur með öllum fylgjandi húsum . . . . 820 kr.
c) Hús póstmeistara Ó.Finsens, er var virt með hinni nýju viðbót . . . . . . . . . . 7.566 kr.
og voru virðingar þessar samþykktar.

2. Í bréfi 19. september þ.á. mælir séra Hallgrímur Sveinsson fram með því, að Guðmundur, sonur Guðrúnar Arnoddsdóttur, fái ókeypis kennslu í barnaskólanum næsta vetur, en því var neitað. En aftur var samþykkt að veita þessum dreng eftirgjöf á helmingi kennslueyrisins. - Jónu Rannveigu, dóttur Einars í Sundi, var veitt ókeypis kennsla í barnaskólanum næsta vetur.

3. Björn Stefánsson á Vorhúsum biður um viðauka við lóð sína í bréfi 18. f.m., og málinu vísað til byggingarnefndarinnar.

4. Síðan voru kosnir 2 menn til virðingamanna á húsum til brunabótanna, og ~~var kosinn~~ Helgi snikkari Helgason og Björn múrari Guðmundsson.

5. Því næst var borið undir samþykki bæjarstjórnarinnar boð Einars Jafetssonar í lóðarspilduna milli Thomsens túns og og Móhúsatúns, og hafði hann boðið 32 álnir í árlegt gjald eftir spilduna á uppboði 30. f.m. Eftir alllangar umræður var ákveðið að neita um samþykkið, eins og boðið lá fyrir. Þá var stungið upp á, að boðið skyldi samþykkt með því skilyrði, að leigjandi hefði ~~inn~~girt lóðina innan 1 árs með löggarði, og var það samþykkt. Stefnan var úr suðaustur horni á garði Alexíusar í norðvesturhorn Móhúsatúnsins.

6. Þá var samþykktur reikningur lögregluþjónanna fyrir þjónustu þeirra við uppboð á áðurnefndri lóðarspildu.

7. Þá las formaður upp bréf frá lækni Jónasi Jónassen, dags. 1. október þ.á., þar sem hann stingur upp á, að héraðslækninum verði veitt vald til að ávísa lyf sveitarómögum, þegar þeir þyrftu þeirra við. Bæjarstjórnin áleit, að hún hefði eigi heimild til að veita þetta vald héraðslækninum, en áleit réttast að gjöra fátækranefndinni kunnugt um þetta bréf.

8. Því næst las formaður upp bréf frá Jóni prentara, dags. 1. þ.m., þar sem hann biður um uppbót fyrir málun á grindunum umhverfis Austurvöll, þar sem þetta verk ~~hefði~~ kostað sig 76 kr. 95 aura., og hann geti því eigi staðizt við að gjöra það fyrir 50 kr., sem um samið hafði verið. Þessari bón um fulla borgun var neitað, þeirri uppástungu hans, að hann fengi x) 67 kr. 95 aura. Einar prentari Þórðarson stakk upp á, að hann fengi 64 kr., og var það samþykkt.

9. Jens vaktari Jóhannesson bað um 20 kr. úr bæjarsjóði sem dýrtíðarviðbót eins og áður, og var það veitt.

10. Torfi prentari Þorgrímsson biður um í bréfi 1. þ.m., að honum verði veitt 8 kr. eftirgjöf í kennslueyri í barnaskólanum fyrir son sinn, Þorgrím, og var því neitað.

11. Í bréfi 3. þ.m. biður Friðrika um ávísun upp á 20 kr. úr bæjarsjóði fyrir lóð undir Skuggahverfisgötuna, sbr. fund 19. f.m., og fellur jafnframt frá frekari kröfum til endurgjalds.

x) Svo í frumriti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Í bréfi 2. þ.m. kvartar inspector Jón Árnason um troðning yfir tún sitt, en málinu var frestað, unz fógetinn gæti gefið upplýsingar um skilmálana.

13. Jón Pálsson í Félagsgarðinum biður í bréfi 22. ág. um svar bæjarstjórnarinnar viðvíkjandi slægjum í Vatnsmýri, og var málinu vísað til bæjarfógetans.

14. Guðbrandur Guðbrandsson biður í bréfi 14. ág. þ.á. um, að hann megi hafa viðaukann út í Tjörnina eftirgjaldslaust í 10 ár, en annars haldi hann sér til hinnar fyrri útmælingar. Bæjarstjórnin neitaði um þessa eftirgjöf.

Upplesið.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. J.Steffensen. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. Ól.Ólafsson. Á.Thorsteinson. G.Þórðarson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, hinn 12. október, var á bæjarþingsstofunni haldinn kjörfundur af undirskrifaðri kjörstjórn, til þess samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872 að kjósa 4 menn í niðurjöfnunarnefnd í staðinn fyrir: Jónas Helgason, Hallgrím Sveinsson, Einar Jónsson og Jón ~~Þór~~ Þórðarson.

Kjörfundur þessi hefir verið auglýstur með auglýsingu, dags. 2. þ.m., og bumbuslætti í dag 1/2 stundu á undan fundinum.

Auglýsingin er svohljóðandi: - - - Kjörskráin hefir legið til sýnis á bæjarþingstofunni yfir 14 daga. Umkvörtun um hana hefir engin komið. Kosningin fór síðan fram á þessa leið:

- - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - - -

(Hér í eftirritinu er kjörskránni sleppt og vísast til frumritsins bls. 52 - 70. **Af 241 kjósanda, sem skráðir eru á kjörskrá í fundargjörðabókinni, kusu 24.**)

Eftir að allir kjósendurnir voru kallaðir fram, og þar eftir var beðið hálfa stundu, voru atkvæðin talin saman, og höfðu þessir menn fengið flest atkvæði:

| | | |
|---|---|---|
| Dómkirkjuprestur Hallgrímur Sveinsson | 21 | atkvæði |
| f. lögregluþjónn Árni Gíslason | 18 | - |
| Héraðslæknir Jónas Jónassen | 15 | - |
| Ólafur Ólafsson í Lækjarkoti | 10 | - |

Var því svo yfirlýst, að menn þessir voru löglega kosnir af hinum almenna kjörflokki í niðurjöfnunarnefnd kaupstaðarins í 6 ár.

Kjörfundinum slitið.

E.Th.Jónassen. Á.Thorsteinson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 7. dag nóvembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Formaður las upp bréf frá Önnu Eiríksdóttur, dags. 11. f.m., þar sem hún biður um lóðarauka af túni Jóns Árnasonar. Var þessi beiðni veitt, svo framarlega sem hún útvegaði skriflegt samþykki Jóns Árnasonar og sendi byggingarnefndinni, er síðan útmældi lóðina.

2. Pétur Gíslason biður í bréfi 10. f.m. um eftirgjöf á helmingi kennslueyris í barnaskólanum fyrir son sinn, Gísla, og voru honum eftirgefnar 8 krónur.

3. Sömuleiðis var syni Bjarna skóara Jónssonar, Sigurði Valdimar, veitt kauplaus kennsla í barnaskólanum þetta skólaár.

4. Í bréfi 7. f.m. biður Guðrún Halldórsson, ekkja Egils bókbindara Jónssonar, um eftirgjöf á aukaútsvari sínu, 16 kr., þetta árið, og voru henni eftirgefnar 14 kr., svo að hún greiddi aðeins 2 kr. í aukaútsvar.

5. Formaður skýrði frá, hver gjöld brunamálanefndin ætlaði, að þyrfti til slökkvi~~mála~~nna næsta ár, og voru það 200 kr. þar af 150 kr. til ~~12 handexstinstenerer~~. Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til fjárhagsnefndarinnar.

6. Í bréfi, dags. 1. þ.m., biður bæjargjaldkeri um lausn frá bæjargjaldkerastörfum við næsta nýjár, nema hann fái 200 kr. viðbót við laun sín. Var afráðið að auglýsa, að þessi sýslun væri laus, og gefa mönnum þannig kost á að sækja um sýslu þessa.

7. Í bréfi, dags. 9. f.m., afsalar Einar Jafetsson kaupunum á lóðarspildunni milli Móhúsatúns og túns þeirra Símonar Johnsen ~~xxx~~ Zimsen, þar sem skilyrðið um girðingu túnsins innan eins árs hefði eigi staðið í hinum upphaflegu skilmálum. Var ákveðið að bjóða spilduna upp aftur og setja þetta skilyrði í skilmálana.

8. Formaður skýrði frá þeim skilmálum, sem tún Jóns Árnasonar hefði verið selt með 1873 viðvíkjandi gangstígum yfir það. Var samþykkt, að bæjarstjórnin skyldi skoða túnið og ákveða síðan, hverjir gangstígar skyldu vera yfir túnið, og skyldi það gjöra næsta dag kl 1.

9. Einar prentari Þórðarson las upp bréf, dags. 5. þ.m., frá ýmsum bæjarbúum, þar sem þeir kvarta yfir Hlíðarhúsastígnum, hversu blautur hann sé, og beiðast viðgjörðar á veginum. Því næst skýrði hann frá, að veganefndin hefði eigi séð sér fært að gjöra við veginn vegna ~~fjár~~ féleysis, þar sem eigi væru eftir óborgaðar nema 12 kr., og þó væri talsvert eftir óborgað fyrir Skuggahverfisveginn. Eftir nokkrar umræður var málinu vísað til fjárhagsnefndarinnar.

10. Guðmundur Þórðarson skoraði á bæjarstjórnina að fá útgjört um landamerki Reykjavíkur á aðra hlið ~~ina og~~ Lambastaða og Eiðs á hina. Ákveðið var að gjöra áreið á landamærin.

11. Formaður skýrði frá, hverjir hefðu verið kosnir í niðurjöfnunarnefnd 12. f.m.

Fundi slitið.

Eth.Jónasson. H.Kr. Friðriksson. Ól.Ólafsson.
Einar Þórðarson. Magnús Stephensen. Á.Thorsteinsson.
Bergur Thorberg. J.Steffensen. G.Þórðarson. Jóh. Ólsen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Ár 1878, fimmtudaginn 21. dag nóvembermánaðar,** átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Lagði formaður fram reikninga yfir tekjur og útgjöld bæjarins 1877, með útásetningum endurskoðunarmannanna og svörum gjaldkerans. Á. Thorsteinsen gjörði þá uppástungu, að yfirskoðunarmönnum yrði gefinn kostur á að gjöra athugasemdir við svör þessi, gjaldkerans, og þeim, sem næst stæðu, af bæjarstjórninni, svo sem fjárhagsnefndinni, og að endurskoðunarmennirnir gjörðu uppástungur til ályktana bæjarstjórnarinnar. Eftir ýmsar umræður var samþykkt að senda endurskoðunarmönnunum svör gjaldkera til athugasemda, og sömuleiðis, að þeir gerðu uppástungu um, hversu hánum ýmsu atriðum í útásetningunum skyldi ráða til lykta. Því næst var samþykkt, að þegar málið væri búið af hendi endurskoðunarmannanna, þá skyldi gefa bæjarfulltrúunum kost á að kynna sér málið, áður en það kæmi til umræðu á fundi.

2. Því næst voru kosnir 2 menn til að undirbúa bæjarfulltrúakosningu eftir næsta nýjár. Fékk M. Stephensen 6 atkvæði, en amtmaður Thorberg og H.Kr.Friðriksson fengu 4 atkvæði hvor. Var þá varpað hlutkesti um þá tvo, og hlaut H.Kr.Friðriksson kosningu.

3. Þá las formaður upp bréf frá ýmsum mönnum í Þingholtunum, dags. 19. þ.m., um lengingu efri Þingholtsstrætisvegarins suður að bæ Hinriks Árnasonar. Samþykkt var að fresta málinu, þangað til áætlunin kæmi til umræðu.

4. Guðbrandur Guðbrandsson biður í bréfi 19. d. þ.m., að bæjarstjórnin gæti þess, að 168 ferálnir eigi að dragast frá brunnhúsalóðinni, sem hafi verið tekið til Kirkjugarðsvegarins. Mál þetta var talið að heyra undir þá, sem byggju til lóðargjaldalistann.

5. Í bréfi 18. þ.m. biðja ýmsir bæjarbúar um viðgjörð á Kirkjugarðsveginum, en ályktað var, að þessi vegur skyldi sæta sömu kjörum og Hlíðarhúsavegurinn.

6. Magnús Guðmundsson hringjari skýrir frá, að sín tilætlun hafi verið með útmælingu á lóð kringum bæ sinn, að bær sinn, sem á lóðinni stæði, væri endurgjaldslaus líka. Bæjarstjórnin hélt sér til ályktana sinna á fundi 19. sept. þ.á., en vísaði málinu að öðru leyti til byggingarnefndarinnar.

7. Því næst ákvað formaður aukafund næsta laugardag, 23. þ.m. kl. 5 e.m., til að ræða áætlunina.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. E.Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsen. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, laugardaginn 23. dag nóvembermánaðar, átti bæjarstjórnin með sér aukafund til að ræða áætlun um tekjur og útgjöld bæjarins árið 1879, og var áætlunin rædd samkvæmt fyrirmælum tilskipunar 20. dag aprílmánaðar 1872.

2. Bar formaður upp eftirstandandi skuldir, sem eigi væri auðið að ná í, fyrst frá 1876, og var ýmsum sleppt, sem eigi þótti auðið að ná - því næst fyrir 1877, og var þar sömuleiðis ýmsum skuldum sleppt.

3. Samþykkt virðingargjörð á húsi prókúrators P. Melsteds. 14.102 kr.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson.
Magnús Stephensen. Einar Þórðarson. Á.Thorsteinson.
Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 5. dag desembermánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Var þá rædd til síðari umræðu áætlun um tekjur og útgjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1879, ásamt breytingaruppástungum þeim, sem fram við hana voru komnar. Að umræðunni lokinni var gengið til atkvæða um hvert einstakt atriði áætlunarinnar, og féllu atkvæði þannig:

A. Tekjur:

1. M.Stephensen stakk upp á, að 800 kr. breyttust í 1000 kr., og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

2. a. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.
   b. sömuleiðis.
   c. Sömuleiðis.
   c. 2. sömuleiðis.
   d. sömuleiðis.
   e. sömuleiðis.

B. 1. - 6. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.
C. 1. -2. sömuleiðis.
D. 1.-3. sömuleiðis, með áskildri breytingu á upphæðinni, ef breytingaratkvæðin verða samþykkt, sum eða öll.

Gjöld:

I. 1.-2. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
II. 1. a. ~~A,B,4~~ sömuleiðis.
   1. b.-c. - sömuleiðis.
   1. d. Breytingaruppástunga fjárhagsnefndarinnar, ~~að~~ að þessi liður falli burtu, samþykkt í einu hljóði.
   e. samþykkt án atkvæðagreiðslu.

2a. ~~A-S~~ samþykkt án atkbæðagreiðslu.

~~2a. delta~~ samþykkt með öllum atkvæðum. Viðaukauppástunga fjárhagsnefndarinnar, að á eftir ~~delta~~ komi nýr liður ~~epsilon~~, að 100 kr. verði veittar til einkennisbúninga lögregluþjónanna í eitt skipti fyrir öll. Samþykkt með 7 atkvæðum.

2. b. samþykkt án atkvæðagreiðslu.
3. a-d, samþykkt án atkvæðagreiðslu.
4. Breytingaruppástunga H.Kr. Friðrikssonar, að 1000 kr. breytist í 1200 kr., samþykkt með 7 atkvæðum.
5. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.
6. Breytingaruppástunga H.Kr.Friðrikssonar, að ~~750~~ breytist í 450 kr., samþykkt með 6 atkvæðum.
7. Samþykkt án atkvæðagreiðslu.
8. Sömuleiðis.
9. a-b, sömuleiðis.
10. a-k, samþykkt án atkvæðagreiðslu.
11. sömuleiðis.
12. sömuleiðis.
13. sömuleiðis.

III. 1. a-f, sömuleiðis.
   2. sömuleiðis.
IV. 1. a-c, sömuleiðis.
   2. a-d, sömuleiðis.
   3. sömuleiðis.

Að síðustu var áætlunin með áorðnum breytingum samþykkt í einu hljóði.

2. Því næst gat forseti þess, að bæjarstjórnin hefði í sumar falið fjárhagsnefndinni á hendur, að gjöra uppástungu um, hvort veita ætti lögregluþjónunum nokkra launabót þetta árið, og hefði hún stungið upp á 70 kr. fyrir þá báða, og var sú uppástunga samþykkt.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Magnús Stephensen. Á.Thorsteinson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. J.Steffensen. Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878, fimmtudaginn 19. dag desembermánaðar átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Bar formaður upp beiðni snikkkara Jakobs Sveinssonar í bréfi 11. þ.m. að mega taka sand fyrir Hlíðarhúsalandi frá Krínusteini inn að Grófinni, en því var neitað. En sú uppástunga, að hann mætti taka sand á Ánanaustaleiru var samþykkt, þó með því skilyrði, að það væri að skaðlausu.

2. Í bréfi, dagsettu 15. þ.m., biður Árni Gíslason, að eigi verði fullt lóðargjald lagt á túnblett hans við Grímsbæ, heldur verði það lagt á eftir samningi, en þessu máli var frestað að sinni.

3. Björn Þórðarson múrari biður í bréfi 17. þ.m. um nýja brunabótaskrá fyrir húsinu nr. 1 í Ingólfsbrekku, með því að hann sé orðinn eigandi að því. Formanninum var falið málið til úrgreiðslu.

4. Þá skýrði formaður frá, að til sín væri komin beiðni um að sér verði falin á hendur bæjargjaldkerastörfin frá 5 mönnum: 1. Einari prentara Þórðarsyni, 2. Þorfinni kaupmanni Jónathanssyni, 3. Sigurði Magnússyni á Bráðræði; 4. Ólafi stúd. Rósenkranz. 5. Páli Jóhannssyni amtskrifara. Þetta mál var rætt fyrir lokuðum dyrum eftir ályktun. Eftir nokkrar umræður var gengið til kosninga á gjaldkera meðal þeirra 5 manna, en þess ber að geta, að Einar prentari Þórðarson var álitið að eigi gæti orðið kosinn, þar sem hann væri fulltrúi. Sigurður Magnússon var kosinn gjaldkeri með 8 atkvæðum. Þorfinnur Jónathansson fékk 1 atkvæði. Ákveðið var að gefa Sigurði erindisbréf, og skyldi hann setja veð að upphæð 3000 kr. annaðhvort í fasteign eða skuldabréfum.

5. Því næst voru gefin út 2 skuldabréf fyrir láni úr hafnarsjóði, hvort upp á 2000 kr.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson.
J.Steffensen. Jóh.Ólsen. G.Þórðarson. Ól.Ólafsson.
Bergur Thorberg. Á.Thorsteinson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1878, mánudaginn 30. dag desembermánaðar, átti kjörstjórnin fund með sér.

1. Lagði þá formaður fram bréf frá forstöðumanni barnaskólans H.E.Helgesen og skólakennara Halldóri Guðmundssyni, dagsett 28. dag desembermánaðar, þar sem þeir mótmæla kosningarrétti og kjörgengi þeirra manna, allra, sem eiga ógreidd bæjargjöld sín fyrir þetta ár eða hin undanfarandi. Lagði kjörstjórnin á svolátandi

Úrskurð:

Samkvæmt tilskipun um bæjarstjórn í Reykjavík, dags. 20. dag aprílmánaðar 1872, 5. grein, eiga allir þeir kaupstaðarbúar, sem kosningarrétt hafa til Alþingis, rétt á að kjósa meiri hluta bæjarfulltrúanna, ef þeir hafa verið búsettir í kaupstaðnum næsta ár frá nýjári til nýjárs á undan kosningunni og greitt í beinlínis bæjargjöld í minnsta lagi 8 krónur. Samkvæmt þessum fyrirmælum laganna getur kjörstjórnin eigi tekið umkvörtunina í heild sinni til greina, en verður að álykta, að þeir kaupstaðarbúar, sem eigi hafa greitt að minnsta kosti 8 kr. þetta árið, geti eigi neytt réttar til kosninga og kjörgengis. Samkvæmt þessu ber að fella úr kjörskránni þá, sem nú skal greina:

1. Einar Eyjólfsson á Þingholtum.
2. Guðmundur Guðmundsson skósmiður.
3. Jón Ólafsson á Suðurholti.
4. Jón Ólafsson í Finnbogabæ.
5. Magnús Bergsteinsson á Helgastöðum.
6. Sigurður Eiríksson á Mýrarholti.
7. Stefán Egilsson í Vaktarabæ.
8. H. Siemsen verzlunarmaður.

Ennfremur voru nokkrir aðrir teknir út af kjörskrá, sem stóðu í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, hinn 2. janúar, kl. 12 á hádegi, var ~~á þinghúsi~~ Reykjavíkurkaupstaðar af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 5 menn í bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, sem og 2 menn til að endurskoða bæjarreikningana, og skulu menn þessir kosnir af hinum almenna ~~fundi~~ til 6 ára. Kosningafundur þessi hefur verið boðaður með auglýsingum, dags. 12. f.m., Hefir 1 þeirra verið birt í blaðinu "Þjóðólfi" XXXI,1., ~~sem~~ 2 hefir verið slegið upp í bænum, svo og með bumbuslætti í dag, áður kosning fer fram. Kjörskrá yfir kjósendur og kjörgenga til kosninga þessara hefir legið til sýnis um lögskipaðan tíma á bæjarþingstofunni og hafa engar athugasemdir ~~komið~~ verið gjörðar við hana nema þær, sem afgjörðar eru með úrskurði kjörstjórnarinnar frá 30. f.m., sbr. næstu ~~síðu hér að framan~~. - Var þvínæst gengið til kosningar og fór hún fram þannig:

(Hér í afritinu er nöfnum kjósendanna sleppt, og einnig nöfnum hinna kjörnu, sem hver einstakur kaus. Á kjörskrá eru skráðir 222, og af þeim kusu 177 eða naumlega 80%. - Að öðru leyti vísast til frumbókarinnar bls. 80-96).

Eftir að allir kjósendur, þeir er á kjörskránni stóðu, voru kallaðir fram, og eftir það rúmar ~~2~~ stundir, og öllum gefinn kostur á að kjósa, sem á þeim tíma komu, lýsti kjörstjór~~nin~~ því yfir, að atkvæði mundu verða saman talin síðar í dag, og auglýst á morgun, hverjir kosnir væru, sleit hann fundinum.. Síðan kom kjörstjórnin saman aftur að hálfri annari stundu liðinni, og taldi saman atkvæði; Reyndist þá, að flest atkvæði höfðu fengið:

| | |
|---|---|
| Guðmundur Þórarson á Hól | 156 |
| E. Egilsson borgari | 103 |
| Jón ritari ~~Þórðarson~~ | 96 |
| Jón tómthúsm. Þórðarson, Hákoti | 81 |
| Pétur tómthúsm. Gíslason í ~~Arnar~~naustum | 81 |

og lýsti kjörstjórnin því yfir, að þessir 5 menn væru réttilega kosnir af meiri hluta kjósanda til hinna næstu 6 ára.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til endurskoðunarmanna voru kosnir:

Páll Jóhannesson amtmannsskrifari með 121 atkvæði.

Jón O. V. Jónsson verzlunarstjóri - 71 -

Kjörfundinum slitið.

E.Th.Jónasson. Magnús Stephensen. H.Kr.Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, föstudaginn 3. dag janúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sér.

1. Í bréfi, dagsettu 5. dag desembermánaðar 1878, biður Jón Borgfirðingur um kauplausa kennslu handa einu barni sínu, eða að minnsta kosti að helmingi fyrir þann tíma, sem eftir er af skólatímanum, og var honum veitt helmings eftirgjöf.

2. Magnús Pálsson biður um kauplausa kennslu í barnaskólanum handa öðru og var það veitt fyrir það, sem eftir er skólaársins.

3. Í bréfi 31. desember biður Helga Þorláksdóttir um ókeypis kennslu handa Þóru, dóttur sinni , það sem eftir er skólaársins, og var það veitt.

4. Bar formaður bæjarstjórnarinnar upp, að Þorsteinn Jónsson pólitíþjónn hefði einnig sótt um pólitíþjónustuna, en hann væri aðeins settur til bráðabirgða, og mælti fram með honum til starfa þessa, sem vel hæfum, eftir því hann sem þekkti hann, síðan hann kom hingað, og var það í einu hljóði samþykkt, að hann skyldi skipaður pólitíþjónn hér í bænum. Í sambandi við þetta bar hann upp það, hvort bæjarstjórnin eigi vildi samþykkja, að þeir fengju laun sín fyrirfram fyrir hvern mánuð 1. dag mánaðarins, og var það samþykkt.

5. ~~Þar~~ næst skýrði formaður frá, hverjir kosnir hefðu verið deginum áður sem bæjarfulltrúar til næstu 6 ára, í stað þeirra 5, sem búnir voru að útenda hinn lögákveðna tíma, sem bæjarfulltrúar, og sömuleiðis hverjir hefðu verið kosnir endurskoðunarmenn í stað þeirra, sem hingað til hafa verið.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson. J.Steffensen. Jóh.Ólsen. Ól.Ólafsson. Bergur Thorberg. Á.Thorsteinson. Magnús Stephensen. G. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, föstudaginn þ. 16. janúar, átti bæjarstjórnin fund með sér, og voru allir mættir.

1. Var gengið til kosninga í fjárhagsnefnd, og voru kosnir:
Assessor M. Stephensen með 8 atkv.
Amtmaður B.Thorberg - 7 -

2. Var kosið til fátækranefndar, og hlutu kosningu:
Guðm. Þórðarson með 8 atkv.
Jón Þórðarson - 8 -
Jón Jónsson ritari—6 -

3. Var kosið í skólanefnd, og hlutu kosningu:
A. Thorsteinson með 9 atkv.
M.Stephensen - 6 -

4. Var kosið í hafnarnefnd, hlutu kosningu:
A. Thorsteinson með 8 atkv.
Egilson - 5 -

5. Var kosið í byggingarnefnd, og hlutu kosningu:
A.Thorsteinson með 7 atkv.
Egilsson - 5 -

6. Var kosið til veganefndar, og hlutu kosningu:
E. Þórðarson með 7 atkv.
Egilsson - 7 -
M.Stephensen - 5 -

7. Var kosið í eldsvoðanefnd, og hlutu kosningu:
E. Þórðarson með 7 atkv.
A. Thorsteinson 6 -
Egilsson - 6 -

8. Í bréfi frá kaupmönnunum f. Jónathanson og N. Zimsen, biðja þeir um að fá ræsi frá húsum sínum, bréfið ~~var~~ dagsett 8. þ.m. - Málefninu var vísað ~~frá~~ til veganefndarinnar fyrst um sinn.

9. Bréf frá Kristínu Grímsdóttur, dags. 9. jan. þ.á., bón um ~~um~~ að fá ókeypis skólagöngu fyrir son sinn, Árna, og var það veitt.

10. Bréf frá Jóh. Zöega 13. janúar, í hverju hann biður um eftirgjöf á gjaldi af óbyggðri lóð. Var það falið formanni að grennslazt eftir því.

11. Stakk Jón Jónsson upp á, að kosin verði nefnd til að íhuga lóðargjaldið eða ~~íhugsa~~ um það. Var þá borið undir atkvæði, hvort málinu ekki ætti að fresta til næsta reglulegs fundar, eftir að skýrsla sé samin um hið gamla lóðargjald, etc: samin af bæjarfógeta, og var það samþykkt, og þarnæst var borið undir atkvæði, hvort nefnd ætti að kjósa, eftir að málið hefði verið rætt í bæjarstjórninni, og var það fellt. -

12. Stakk Jón Jónsson upp á, að nefnd væri kosin til þess að íhuga ástand barnaskólans og afleiðingar af hækkun skólagjaldsins. Var það borið undir atkvæði og fellt með 5 atkv. gegn 5. - Fulltrúi Jón Jónsson mótmælti þessari atkvæðagreiðslu, þareð formaðurinn hefði tekið þátt í henni. -

13. Bar formaðurinn upp, hvort bæjarstjórnin áliti, að hann sé skyldur að semja og framleggja án borgunar umtalaða skýrslu, og var gengið til atkvæða um það, og ~~féllu atkvæðin með 9 móti 1.~~ fellt með 9 móti 1 atkvæði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltrúi Jón Jónsson bað ~~það~~ bókað og getið, að bæjarfógeti hefði, áður ~~um~~ kosning~~ar~~ í nefndirnar fór fram, látið í ljósi þá ~~athugun~~ sína, eftirleiðis að greiða atkvæði í málum bæjarstjórnarinnar þó slíkt hefði aldrei ~~áður~~ átt sér stað áður. - Bæjarfulltrúi mótmælti þessari fyrirætlan bæjarfógetans, bæði af þeirri ástæðu, sem sjálfur bæjarfógetinn hefði tekið fram, að siðvenja væri móti því, og vegna þess að engin lögheimild væri fyrir því. - Formaðurinn bað bókað, að hann mótmælti þessu ~~tiltæki~~ fulltrúans, og vísar hann honum til úrskurðar landshöfðingjans um þetta atriði.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Magnús Stephensen. A.Thorsteinson. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Jón Jónsson. Þ.O.Gíslason. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÁÆTLUN

um

# TEKJUR OG GJÖLD REYKJAVÍKURKAUPSTAÐAR ÁRIÐ ~~1878~~ 1879.

| Tekjur | Kr. au. | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| **A. Sérstakar tekjur kaupstaðarins:** | | | |
| 1. Væntanlegar eftirstöðvar um nýjár 1879 . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | - - | 1000.oo | - - |
| 2. Tekjur af eignum kaupstaðarins: | | | |
| a. leiga af túnum og lóðarpörtum eftir samningi, áætluð ~~áætluð~~ gjöld eftir verðlagsskrár meðalverði 1259½ al. á 59 au. . . . | 743 11 | | |
| í peningum . . . . . . . . . . . . | 126 oo | 869 11 | |
| nefnilega: | | | |
| Skálholtskots- og Stöðlakotstún: | | | |
| 1. Norðurvöllur . . . . . . . 45 1/2 | | | |
| 2. Miðvöllur og Suðurvöllur 85 | | | |
| 3. Útnorðurvöllur . . . . . 74 | | | |
| 4. Útsuðurvöllur . . . . . . 50 | | | |
| Vesturtún bæjarins: | | | |
| 5. Ullarstofutún . . . . . . .101 | | | |
| 6. Biskupsstofutún . . . . . 71 | | | |
| 7. Melshúsatún . . . . . . . .104 | | | |
| 8. Melkotstún . . . . . . . . .110 | | | |
| Hlíðarhús með Ánanaustum: | | | |
| 9. Bletturinn nr. 1 . . . . 60 | | | |
| 10. - - 2 . . . . 108 | | | |
| 11. - - 3 . . . . 119 | | | |
| 12. - - 4 . . . . 43 | | | |
| 13. - - 5 og 6 (4 ára leigum. frá fardögum 1876 30 | | | |
| 14. Ánanaust . . . . . . . . | 16.oo | | |
| 15. Sefið í Tjarnarenda . . . ~~(Ýms tún og Blettir)~~ . . . 25 | | | |
| 16. Móhúsatún . . . . . . . . 54 | | | |
| 17. Viðauki við Móhúsatún . 30 | | | |
| 18. Thomsenstún . . . . . . . 60 | | | |
| 19. Grænuborgarblettur . . . 10 | | | |
| 20 Viðaukablettur við Brennu 1 | | | |
| 21. - - Grund 4 | | | |
| 22. Litlaholtsblettur . . . 18 | | | |
| 23. Neðraholtsblettur . . . 29 | | | |
| 24. Viðaukablettur við Sauðagerði . . . . . . . . . . . . 14 | | | |
| 25. Túnblettur á Melunum . . | 10 | | |
| 26. Stekkjarkotstún . . . . . . | 8.oo | | |
| 27. Gamli kirkjugarðurinn . . | 33.oo | | |
| 28. Kálgarður hjá prentsmiðjunni | 6.oo | | |
| 29. Austurvöllur (4 ára leigumáli frá fardögum 1878) . . . | 45.oo | | |
| 30. Viðaukablettur við Garðana 10 | | | |
| 31. - - Nýjabæ 4 | | | |
| 1259 1/2 | | | |
| 32. Kálgarður hjá Barnaskólanum . . . . . . . . . . . . | 8.oo | | |
| Flyt kr. | | 1869.11 | |

Ýmis tún og blettir



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tekjur: | kr. au. | kr. au. | kr. au. |
|---|---|---|---|
| Flutt | | 1869.11 | |
| Væntanlegt meðalverð á alin áætlað 0.59- | | | |
| Nr. 14, Ánanaust, er aðeins upp á árs ~~leigumála~~ og gjaldið áætlað 16 kr. /leigumála | | | |
| - 27, Gamli kirkjugarðurinn, leigður fyrir ~~16 kr.~~ /34 kr. árlega til fardaga 1883, afnumin spilda undir götu haustið 1876, rírnun á eftirgjaldi við það 1 kr. | | | |
| - 28, Kálgarðurinn hjá prentsmiðjunni, var leigður 1878 fyrir 6 kr., og hér áætluð sama leiga. Bæjarsjóðurinn á í vændum afgjald af ~~lóðum~~ /lóð þeim og lóðarblettum, er /skal greina: /sínum /nú | | | |
| a. Efraholtsblettur, útmældur 18. febrúar /1858 | | | |
| b. Félagsgarður, eftirgjaldslaus í 80 ár frá 9/6 1848. | | | |
| ~~a~~ c. Tollur af mó eftir samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur, áætlaður | | 200.00 | |
| ~~b~~ d. Leiga eftir Litlu-Bergstaði, leigðir upp á 5 ár frá 14. maí 1875 fyrir um árið . . . . . . . . . . . | | 40.00 | |
| ~~c~~ e. Leiga eftir hið keypta geymsluhús við barnaskólann . . . . . áætlað | | 30.00 | |
| ~~d~~ f. Tekjur af vatnsbólum kaupstaðarins | | 60.00 | |
| ~~e~~ g. Óvissar tekjur . . . . . . . . . . | | 10.00 | ~~2200.11~~ /2209.11 |
| B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Vextir af arðberandi skuldabréfum | | 36.- | |
| 2. Tíund til fátækra: | | | |
| a. Fasteignartíund . . . . . . . | 40 - | | |
| b. Lausafjártíund . . . . . . . . | 210 - | 250.00 | |
| 3. Sektir til fátækra og gjafir . . . | | 30.00 | |
| 4. Hundaskattur . . . . . . . . . . . | | 30.00 | |
| 5. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga . . . . . . . . . . . . . | | 50.00 | |
| 6. Aðrar óvissar tekjur, þar í lán, sem kann að greiðast aftur . . . . | | 750.00 | ~~1146.00~~ /1146.00 |
| C. Sérstakar tekjur barnaskólans: | | | |
| 1. Væntanleg leiga af húsum skólans | | 200.00 | |
| 2. Væntanlegir skólapeningar . . . . . | | 800.00 | 1000.00 |
| D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna tekjustofna: | | | |
| 1. Lóðargjald samkvæmt lögum 19. október 1877 í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins | | | |
| a. af byggðri lóð - 87.000 ferálnir á 3 aura . . . . . . . . . . | 2610.00 | | |
| b. af óbyggðri lóð í landareign kaupstaðarins . . . . . . . | 950.00 | 3560.00 | |
| 2. Gjald eftir efnum og ~~ástæðum~~ /ástandi, er ber að jafna niður með 5-10% meiru eftir 13. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 23. sept. 1872, staðfest 9. okt. s.á. af landshöfðingjanum . . . . . . . . | | 10680.72 | 14240.72 |
| Tekjur samt. kr. | | | 18595.83 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G J Ö L D:

| | Kr. au. | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| Til hins opinbera: | | | |
| 1. Tíund til prests af eignum kaupstaðarins . . . . . . . . . . . . . . . | | 3.33 | |
| 2. Búnaðarskólagjald . . . . . . . . . | | 2.67 | 6.00 |
| Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | |
| a. Laun embættismanna og eftirlaun: | | | |
| α. Laun bæjargjaldkera Kr. 200.00 | | | |
| β. Styrkur til Árna Gíslasonar fyrv. lögregluþ. 100.00 | | | |
| γ. Eftirlaun Árna Björnssonar . . . . . . . . - 37.20 | 337.20 | | |
| b. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss, hiti o.fl.. | 160.00 | | |
| c. Til fangavarðar . . . . . . . . . . | 88.34 | | |
| d. Umsjón með landeign kaupstaðarins | 150.00 | 735.54 | |
| 2. Til lögreglu: | | | |
| a. Laun og eftirlaun: | | | |
| α. Laun hins fasta næturvarðar kr. 440.00 | | | |
| β. Til yfirhafnar . . - 20.00 | | | |
| γ. Til auka næturvörzlu 260.00 | | | |
| δ. Laun 2 lögregluþjóna, eldri 540, yngri 500 = 1040.00 | | | |
| ε. Fyrir einkennisbúning handa lögregluþjónum einu sinni fyrir allt 100.00 | 1860.00 | | |
| b. Önnur útgjöld . . . . . . . . . | 10.00 | 1870.00 | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana, guðsþjónustu o. fl. : | | | |
| a. Styrkur til sjúklinga . . . . . . | 100.00 | | |
| b. Laun yfirsetukvenna . . . . . . . . | 306.66 | | |
| c. Til forsöngvara í dómkirkjunni . . | 29.66 | | |
| d. Önnur útgjöld, þar á meðal gæzla á sigurverki . . . . . . . . . . . | 48.00 | 484.32 | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum m.m. | | 1200.00 | |
| 5. - þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna . . . . . . . . . | | 400.00 | |
| 6. - vatnsbólanna . . . . . . . . . . | | 450.00 | |
| 7. Slökkvitól bæjarins og slökkvilið | | 200.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins . . . . . | .. .. | 500.00 | |
| 9. Árgjald af Hlíðarhúsum: | | | |
| a. Til prestsins á Helgafelli . . . . | 170.00 | | |
| b. - ekkjufrúar E.Thorstensen . . . | 130.00 | 300.00 | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: . . . | | | |
| a. Lán af Thorkilliisjóði samkv. 3/5 69, og 3/10 65 eins árs renta til 11/6 1879 af 400 kr. . . . . . . . . . . | 16.00 | | |
| b. Lán til aðgjörðar á barnaskólanum samkvæmt ráðherrabréfi 31/5'62, upprunalega 3200 kr. er vaxtað og afborgað með 6%, 17 afborgun . . . . | 128.00 | | |
| c. Lán til Hlíðarhúsavegarins samkv. ráðherrabréfi 12/6'68 að upphæð 800 kr., er afborgað á sama hátt frá 1/1 '69, 11. afborgun . . . . . . . . . | 48.00 | | |
| d. Lán til þjóðvegar, er samkv. landshöfðingjabréfi 29/5'73 afborgað og ávaxtað frá 1/1'74 með 6% að upphæð 800 kr., 5. afborgun . . . . . . . | 48.00 | | |

Flyt kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G J O L D

| | Kr. au. | Kr. au. | Kr. au. |
|---|---|---|---|
| | | | Flutt |
| e. Lán til þjóðvegar samkv. landshöfðingjabréfi 29/5'73 að upphæð 1600 kr., af láninu borgást enn aðeins vextir, 4% . . . . . . . . . | 64.00 | | |
| f. Lán út af þinghúsbyggingu, 5000 kr., og hluttekningu í kostnaði við fangahús kr. 3271.10, samtals kr. 8271.10, er samkvæmt landshöfðingjabréfi 16/5 afborgast á 15 árum, samfleytt með 1/15 á ári og ávaxtast með 4% | | | |
| 6. afborgun kr. 551.41 551.41 | | | |
| Vextir af - 5514.05 220.56 | 771.97 | | |
| g. Lán til aðgjörðar á Austurvelli og Austurstræti, samkvæmt landshöfðingjabréfi 10/10'74 að upphæð 10.000 kr., lán þetta ávaxtast og afborgast með 6%. 4.afborgun. . | 600.00 | | |
| h. Lán handa Skólavörðunni samkv. ráðherrabréfi 3/5'71, að upphæð 400 kr., vextir af því 4% . . . | 16.00 | | |
| i. Lán, tekið úr Hafnarsjóði 25/12'76, til ljóskera 2000 kr., vextir 4% | 80.00 | | |
| k. Lán, tekið úr Hafnarsjóði, til lóðarauka og húsakaupa handa barnaskólanum 2000 kr., rentur af því 4% | 80.00 | 1851.97 | |
| 11. Til áhalda, aðgjörðar og útvegunar á þeim . . . . . . . . . . . . . . | | 50.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld . . . . . . . | | 250.00 | |
| 13. Væntanlegar eftirstöðvar við árslok 1879 . . . . . . . . . . . . . | | 800.00 | 9091.83 |
| I. Útgjöld fátækrasjóðsins: | | | |
| 1. Til aðstoðar og framfæris þurfamönnum: | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga . . . . . . . | 4900.00 | | |
| b. Til þurfamanna . . . . . . . . . . | 1400.00 | | |
| c. - vitstola . . . . . . . . . . | 288.00 | | |
| d. Greftrunarkostnaður ómaga . . . | 100.00 | | |
| e. Lögflutningur á sveitarómögum | 20.00 | | |
| f. Önnur útgjöld (þar í fátækralyf) | 100.00 | 6808.00 | |
| 2. Önnur útgjöld . . . . . . . . . . . | | 40.00 | 6848.00 |
| J. Til barnaskólans: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun hins fasta kennara . . . . | 1000.00 | | |
| b. Aukaþóknun til sama 1879 . | 200.00 | | |
| c. Til aukakennslu . . . . . . . . . | 800.00 | 2000.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld, brunabætur o.f. | | | |
| a. Viðhald á húsinu . . . . . . . . | 200.00 | | |
| b. Áhöld . . . . . . . . . . . . . . | 50.00 | | |
| c. Brunabætur, húsaskattur . . . . | 100.00 | | |
| d. Eldiviður og ljós . . . . . . . | 220.00 | 570.00 | |
| 3. Óviss útgjöld, svo sem til riffanga, þvotta á skólahúsinu o.fl. . . . | | 80.00 | 2650.00 |
| Gjöld samtals krónur | | | 18595.83 |

x) ⍺ = alfa
 β = beta, o.s.frv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, þann 6. febrúar, átti bæjarstjórnin fund með sér, og voru allir mættir. Kom þá eftir dagskrá til umræðu:

1. Bréf frá hr. P.Jóhannesson um að fárasegja sér endurskoðun reikninga bæjarins, dags. 14. janúar þ.á., og ~~vera~~ losaður við það, með því að ~~ganga svo~~ til atkv., og voru það 5 gegn 2 atkvæðum.

2. Var þá gengið til kosningar á nýrri kjörstjórn til að láta kjósa nýjan endurskoðunarmann, og urðu það: Assessor M.Stephensen með 7 atkv. og landfógeti A. Thorsteinsen með 6 atkv.

3. Var rætt um beiðni Einars á Sandi um að fá ókeypis kennslu í barnaskólanum, og var það samþykkt án atkvæðagreiðslu.

4. Bréf frá landshöfðingja, dags. 27. janúar þ.á., með 1 fylgi~~skýrslu~~ um að leyfa Jakobi Sveinssyni að taka sand í fjörunni. Var gengið til atkvæða, og var beiðninni synjað með 8 atkv. gegn 2. -

5. Bón frá Þórði Jónssyni Ánanaustum, um að taka sand hér í fjörunni, og var því neitað með öllum atkvæðum. -

6. Var rætt bréf frá 6 bæjarfulltrum, um atkvæði bæjarfógeta í bæjarstjórninni, dags. 4. febr. þ.á. Bar oddviti þá upp svolátandi breytingaratkvæði:
„að málefni þetta verði lagt undir úrskurð landshöfðingja." - Var fellt við atkvæðagreiðslu.
Var þá borin upp uppástunga hinna 6 bæjarfulltrúa, og var samþykkt með 6 atkv.
Bæjarfógetinn lýsti því yfir, að hann, með því hann áliti, að bæjarfulltrúarnir ~~eigi~~ gætu skorið úr þessu máli, samkv. 12. gr. í tilskipun 20. apríl 1872, felldi þessa ályktun bæjarfulltrúanna úr gildi að sinni og skyti því undir úrskurð landshöfðingja, samkvæmt fyrirmælum téðrar lagagreinar.

7. Lagt fram til staðfestingar virðingargjörðir á nokkrum húsum. Stakk Egilsson upp á, að slíkum málum væri jafnan frestað til næsta fundar, eftir að þau væru uppborin. Var það samþykkt með 6 atkvæðum.

8. Var gengið til kosningar á einum úr bæjarstjórninni til að vera í stjórn fiskimannasjóðsins, og var Pétur Gíslason kosinn með 5 atkv.

9. Bréf um vegagjörð í Þingholtunum, 3. febr. þ.á., frá Jóni prentara. Var afráðið að skrifa beiðandanum, að ekki gæti orðið af því í ár, en vegur sá, sem nú væri þar, ef þörf gjörðist. -

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Á. Thorsteinson. Magnús Stephensen.
Bergur Thorberg. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Jónsson.
P. O. Gíslason. Jón Þórðarson. G. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, þriðjudaginn þann 11. febr., var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni eftir áskorun 5 fulltrúa 7. febr. Var þá haldið áfram að ræða málefni þau, sem ekki gátu orðið útrædd á síðasta nefndarfundi/ reglulega fundi, en nám tekið að ræða:

1. Bréf frá fulltrúa E. Þórðarsyni um að fá Skálholtskotsveginn endurbættan, og gjörði þá uppástungu, að varið yrði til þess allt að 30 kr. Var það samþykkt.

2. Bréf frá Sigurði Jónssyni í Móakoti, hvar í hann biður um samþykki bæjarstjórnarinnar að fá að hafa sinn ræktaða ~~vera óbyggða lóð eða~~ túnblett fyrir 2 kr. leigu á ári í 20 ár. Var málinu frestað til síðar. -

3. Uppástunga Jóns bæjarfulltrúa Johnsen um, hvort kjósa skuli nefnd manna til að íhuga lóðargjalds-málið. Var málinu frestað til næsta reglulegs fundar.

4. Uppástunga bæjarfulltrúa E. Þórðarsonar, um að afnema mótollinn. Var uppástungan tekin aftur af uppástungumanni að sinni.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Jón Jónsson. Bergur Thorberg.
Einar Þórðarson. Egilsson. P.O.Gíslason. Á.Thorsteinson.
Magnús Stephensen. G. Þórðarson.

X) Í frumriti eru þessi orð innan sviga: (sína óbyggðu lóð eða) blett



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, hinn 12. febrúar, var haldið framhaldsþing á bæjarþingstofunni af bæjarfógeta E. Th. Jónassen, til þess að telja fram til gjalds til spítalanna af sjávarafla.

Framtalið fór þannig fram:

1. Unbehagen kaupm. taldi fram 11.280 af sölt. þorski.
2. Joh. Olsen 1000 stór af saltfiski.
3. Níels á Klöpp 900 af saltfiski.
4. Ivar Jónathansson 400 stór af saltfiski, 800 harðfiskur.
5. Jón Ólafsson, 2300 af saltfiski, 1200 harðfiskur.
6. Jóh. Zöega, 1600 af do.
7. Ásbjörn Sæmundsen á Veghúsum 300 saltfiskur, 400 harðfiskur.
8. Eigendur þiljuskipsins "Ingólfs":
   23 tunnur af lýsi,
   3.400 af söltuðum þorski.
9. Eigendur þilskipsins "Esju":
   11.000 af söltuðum þorski.

Fleiri töldu eigi fram, og var svo þinginu slitið.

E.Th.Jónassen.

Vottar:
Jón Borgfirðingur.
Þ. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13/2'79 taldi Bjarni Oddsson í Garðhúsum fram til spítalagjalds 2100 af söltuðum fiski.

E.Th.Jónasson.

13/2 1879 taldi Guðmundur Gíslason í Ánanaustum fram til spítalagjalds sjávarafla þannig: 1400 af saltfiski og 7 skippund af hertum fiski.

E.Th.Jónasson.

Sama dag taldi Ólafur Steingrímsson á Seli fram 2200 af söltuðum fiski til spítalagjalds fyrir árið 1878.

E.Th.Jónasson.

S.d. taldi fram til sama Sigurður Jónsson 700 af söltuðum fiski.

E.Th.Jónasson.

S.d. taldi fram Magnús Einarsson Melkoti 1000 af söltuðum þorski, en 1600 harðfisk.

E.Th.Jónasson.

14/2 1879 töldu þessir fram afla sinn 1878 af sjó til spítalagjalds:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón Guðmundsson Hlíðarhúsum | 900 | af | söltuðum fiski. |
| | 200 | - | hertum fiski. |
| S.d. | | | |
| Sigurður Þórðarson Hlíðarhúsum | 800 | af | söltum fiski. |
| Ólafur Guðlaugsson | 500 | af | söltum fiski. |
| | 300 | - | hertum fiski. |
| Guðmundur Erlendsson Hlíðarh. | 1000 | - | söltum fiski |
| | 200 | - | hertum fiski |
| Jón Guðmundsson á Bakkabæ . . . | 800 | af | söltum fiski |
| | 200 | - | hertum - |

E.Th.Jónasson.

17/2 1879 telur bæjarfulltrúi Pétur Gíslason fram 1600 af söltuðum fiski (smá).

E.Th.Jónasson.

20/2 1879
Jón Björnsson á Ánanaustum telur fram afla árið 1878 til spítalagjalds 1600 saltaður fiskur.

E.Th.Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, þ. 20. febr., var bæjarstjórnarfundur haldinn, og lestur á framlögð, og kom þá fyrst til umræðu:

1. Uppástunga Jóns Johnsen bæjarfulltrúa um að setja nefnd í lóðartollsmálið. Var það fellt.

2. Bréf frá Sigurði í Móakoti, Árna Gíslasonar og Bjarna Oddssonar um að fá samning um lóðargjald það, sem þeir eiga að borga til bæjarins. Hvað viðvíkur spursmáli Sigurðar, þá áleit bæjarstjórnin, að máli því yrði að fresta, og láta byggingarnefndina mæla upp túnblett hans, og þar á eftir ákvarða lóðargjald hann skuli greiða.
Hvað viðvikur bréfi frá Bjarna í Garðhúsum, þá var málefni því, sem þar um ræðir, einnig vísað til byggingarnefndarinnar, sem átti að skoða og uppmæla lóð Bjarna. -
Beiðni Árna Gíslasonar var einnig vísað til byggingarnefndarinnar á sama hátt.

3. Komu til umræðu virðingar á húsum þessum:
Húsið á Hlíðarhúsalóð, tilheyrandi Hans Jónssyni, virt á kr. 451.oo
Hús Einars Japetssonar síðari viðbót við það, - 650.oo
Hús G. Zöega í Lækjargötu, sem hefur fengið etage ofan á sig . . . . . . . . . . . virt á - 6500.oo.
Þessar virðingar voru allar samþykktar.

4. Bón frá snikkara Birni Guðmundssyni, um að fá ræsin ofan með garði þeim, sem hann hefur hlaðið norðanverðu við hús sitt, og var því vísað til veganefndarinnar og henni gefið leyfi til að láta gjöra þessa rennu, ef henni svo sýnist.-

5. Bón frá fangaverði Sigurði Jónssyni um að fá viðbót við laun sín fyrir hirðingu á þinghúsi bæjarins. Viðvikjandi þessari bón kom fram uppástunga frá bæjarfulltrúa amtm. Bergi Thorberg, að Sigurði yrði veitt 12 kr. viðbót við umgetin laun, og var það samþykkt.

6. Um lán til handa bænum til bráðabirgðar, var afráðið með atkvæðum, að allt að 1000 krónur yrðu teknar til láns í sparisjóði, sem ætti að borgast sem fyrst, að peningar kæmu inn.

7. Hvort samþykkja ætti boð Sigurðar Jónssonar um erfðafestu fyrir blettinum milli Thomsens húss og Lambertsens, fyrir 5 álnir, og var því neitað.
Þá kom uppástunga frá landfógetanum, um að bletturinn skyldi boðinn Sigurði eða öðrum fyrir 16 ál. árlega leigu, og Einar Þórðarson bæjarfulltrúi 20 ál., og var hin síðari uppástunga samþykkt.

8. Var rætt um gamlar skuldir, sem bærinn á útistandandi, og var þá viðtekið að strika út eftirfylgjandi skuldir:
Hjá Magn. Pálssyni fyrir árin frá 1874-77. 2.54, 8.oo, 4.28
- séra E. Briem 1874 . . . . . . . . . . . 9 kr.
- Bergi Pálssyni 1874-75 . . . . . . 4.02 plús 2.97
- Sig. Sigurðsson Hábæ 1874 . . . . . . . 0.61
- Eið Guðmundssyni 1875-76 . . . . . . . 5 kr. plú 8 kr.
- Einari Einarsson skóara 1875 . . . . 7 kr.
- Einari Zöega 1875-76 . . . . . . . . . .10.89 24.19
- Friðriki Kristjánsson . . . . . . . . . .
- Gisla Þorsteinssyni Steinakoti 1875-6 7 kr. 71 kr. 12.85
- Guðrúnu Bjarnadóttur Loftsbæ 1875-76 3 kr. plús 3 kr.
- - Guðmundsdóttur Hábæ 1875-76 4 - - 4 -
- Helgu Jónsdóttur Kirkjugarðsstræti 1875 3 kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frh.

| | |
|---|---|
| Jóhann á Barði 1875 . | 10 kr. |
| – Jón Ásmundsson timburmaður 1875 | 10 kr. |
| – ekkja Jóns Jónssonar Bergstöðum 1875 | 2.46 |
| – Jórunn Jónsdóttir Sauðagerði 1875 | 4.57 |
| – Kristín Jónsdóttir 1875 | 4.00 |
| – Þorkelsdóttir 1875 | 4.00 |
| – frú Katrín Einarsdóttir 1875 | 6.57 |
| – Sigurði Friðrikssyni 1875 | 2.27 |
| – Snorri Tómasson 1875 | 4.43 |
| – Torfi Magnússon 1875 | 9.00 |
| – Guðm. snikkari Jónsson 1875 | 7.00 |
| – Árni Helgason Grjóta 1876 | 10.00 |
| – Benedikt Jóhannesson assistent 1876 | 11.00 |
| – Bjarni Jónsson skóari 1876 | 5.00 |
| – Björn póstur Guðmundsson 1876 | 6.27 |
| – Egill Guðnason Seli 1876 | 10.00 |
| – Elfíra Sveinsdóttir 1876 | 4.00 |
| – Eylífur Magnússon 1876 | 4.00 |
| – Einar læknir Guðjohnson 1876 | 5.00 |
| – Guðlaug ekkja á Steinakoti 1876 | 6.46 |
| – Guðm. Árnason lausamaður 1876 | 16.31 |
| – Guðm. Guðmundsson bókbindari 1876 | 8.00 |
| – Guðm. Guðmundsson Stuðlakoti 1876 | 20.00 |
| – Guðm. Guðmundsson Veghúsum 1876 | 10.00 |
| – – – Sauðagerði 1876 | 2.00 |
| – – Jónsson Grafningur 1876 | 8.00 |
| – – Ólafsson Hlíðarhúsum 1876 | 15.39 |
| – Guðni Jónsson 1876 | 2.00 |
| – Guðrún Högnadóttir Hlíðarh. 1876 | 2.00 |
| – Halldóri Gestssyni 1876, | 8.00 |
| – Hannes bakari 1876 | 10.00 |
| – Helgi Jónsson assistent 1876 | 5.00 |
| – Ingibjörg Sigurðardóttir 1876 | 2.00 |
| – Jónsdóttir 1876 | 2.00 |
| – Ingimundur prentari 1876 | 6.00 |
| – Jacob Jónsson Steinsholti 1876 | 8.00 |
| – Jens Þórðarson Mölshúsum 1876 | 5.00 |
| – Jóhanna Geirsbæ 1876 | 3.77 |
| – Jónas Jóhannsson söðlari 1876 | 6.00 |
| – Jón Ásmundsson Gróubæ 1876 | 8.00 |
| – Jón Gíslason snikkari 1876 | 2.00 |
| – Jón Jónssyni Kasthúsum 1876 | 6.08 |
| – Jón garðfræðingur 1876 | 5.00 |
| – Jón Sigurðsson 1876 | 18.00 |
| – Jón Þorkelsson Görðum 1876 | 8.00 |
| – Kristbjörg Guðlaugsdóttir 1876 | 4.00 |
| – Kristín Jónsdóttir 1876 | 4.00 |
| – Þorkelsdóttir 1876 | 2.00 |
| – Madsen bakari 1876 | 14.00 |
| – Magnús Einarsson Kasthúsum 1876 | 2.50 |
| – María Einarsdóttir 1876 | 2.50 |
| – Níelsen assistent 1876 | 5.50 |
| – Oddur Oddsson Landakoti 1876 | 11.31 |
| – Kornekran Z 1876 | 4.00 |
| – Pétur Guðmundsson 1876 Landakoti | 10.00 |
| – Sigríður Waage 1876 | 4.00 |
| – Sigurður Friðriksson 1876 | 15.69 |
| – Sigurður Jónsson járnsmiður 1876 | 5.39 |
| – Sigurður Sigurðsson Steinsholti | 12.00 |
| – Snorri Jónsson/ 1876 | 5.27 |
| – Snorri Tómasson 1876 | 15.39 |
| – Stephán Valdemarsson 1876 | 6.00 |
| – Sverrir Runólfsson 1876 | 35.64 |
| – Valgerður Hjaltested 1876 | 16.32 |
| – Þórði Jóssyni skipasmið 1876 | 28.73 |
| – Guðrún Gunnlaugsdóttir Seli 1876 | 4.85 |
| – Guðrún Þorkelsdóttir 1876 | 3.77 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

| | |
|---|---|
| Hjá Guðrúnu Gunnlaugsdóttur 1876 | 4.85 |
| Hjá Ingjaldur Ingjaldsson Hábæ 1876 | 4.31 |
| — búi Jóns Guðmundssonar '76 | 1.62 |
| — frú Katrín Einarsdóttir '76 | 6.46 |
| — Sigurður Magnússon Hala '76 | 3.23 |
| — Gísla Tómasson '76 | 5.54 |
| — Jóni Jónsson einhverstaðar '76 | 5.39 |
| — Jóni Þorsteinsson Sauðagerði '76 | 3.23 |
| — Ólafur Ólafsson einhverstaðar '76 | 6.46 |
| — Nielsínu Haraldsdóttir '76 | 0.54 |
| — Bjarna Matthíasson '76 | 0.90 |
| — Þilskipum útvegsm. G.Zöega 1876 | 100.00 |
| — Guðrúnu Sigurðardóttir 1876 | 2.00 |
| — Hafliða Guðmundsson 1876 | 4.00 |
| — Ágústi Ólafsson assistent 1877 | 6.50 |
| — Bergur Pálsson 1877 | 4.00 |
| — Benedikt prentara 1877 | 8.00 |
| — Bjarna Björnsson Þingholtum 1877 | 4.00 |
| — Eiður Guðmundsson 1877 | 6.00 |
| — Elísa Sveinsdóttir '77 | 4.00 |
| — Finnboga Guðmundsson snikkara '77 | 6.00 |
| — Friðriki Einarsson Mel '77 | 6.00 |
| — Friðriki Kristjánsson Seli '77 | 6.00 |
| — - Pálsson '77 | 6.00 |
| — Gestur Gunnarsson snikkara '77 | 18.00 |
| — Gísla Tómasson Hlíðarhúsum '77 | 5.70 |
| — Gísla Þorsteinsson '77 | 7.13 |
| — Guðbr. Finnbogasyni 1877 | 24.00 |
| — Árnason 1877 | 12.28 |
| — Guðm. skóari | 5.00 |
| — - Veghúsum 1877 | 6.00 |
| — - Guðmundssyni Sauðagerði 1877 | 3.00 |
| — - Jónssyni Hlíðarhúsum '77 | 6.00 |
| — - Magnússon Seli '77 | 4.56 |
| — Guðna kúasmala '77 | 2.00 |
| — Guðni Ólafsson Grund '77 | 5.00 |
| — Guðrúnu Bjarnadóttir '77 | 3.00 |
| — - Guðmundsdóttir '77 | 4.00 |
| — - Sigmundsdóttir '77 | 3.00 |
| — Halldóri Gíslason Bráðræði '77 | 7.00 |
| — Hallgrímur Guðmundsson Sauðagerði '77 | 4.00 |
| — Helga Nikulásson Göthúsum '77 | 4.00 |
| — Helga snikkara Guðmundsson '77 | 8.00 |
| — Ingibjörgu Sigurðardóttir '77 | 2.00 |
| — - Einarsdóttir Hlíðarhúsum '77 | 2.00 |
| — Ingimundur prentara '77 | 6.00 |
| — Jens Þórðarson Halldórsbæ '77 | 4.00 |
| — Jóhanni Árnason skóara '77 | 10.00 |
| — Jónasi Jónsson Hlíðarhúsum '77 | 10.00 |
| — Jónasi Pálsson Pálshúsum '77 | 3.00 |
| — Jóni Árnason Stuðlakoti '77 | 6.66 |
| — Jóni Björnsson Sauðagerði '77 | 13.99 |
| — Jóni garðfræðingur '77 | 5.00 |
| — Jóni Ólafsson Hlíðarhúsum '77 | 7.13 |
| — Jóni Sigurðsson Rauðará '77 | 8.00 |
| — - - einhverstaðar '77 | 6.00 |
| — Kristínu Júlíusson '77 | 4.00 |
| — Séra Snorri Halldórsson '77 | 8.00 |
| — Sörensen snikkari '77 | 5.00 |
| — Magnúsi Pálsson '77 | 4.28 |
| — - Þorkelsson Grímst. '77 | 16.77 |
| — Nikulási Runólfsson '77 | 12.00 |
| — Oddi í Landakoti '77 | 11.56 |
| — Ólafur Jónsson assistent '77 | 8.00 |
| — Pétur Guðmundsson Sauðakoti '77 | 8.00 |
| — Sigríður Waage 1877 | x) |

x) Vantar upphæð í frumriti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður Jensson candidat | '77 | 4.00 |
| Sigurður Jónsson járnsmiður | '77 | 5.70 |
| Sig. Sigurðsson Steinsholti | '77 | 10.00 |
| Sig. Jónsson fangavörður | '77. | 3.64 |
| Símon Alexíusson | '77. | 7.00 |
| Skapti Jónsson Skaptabæ | '77. | 5.00 |
| Sverrir Runólfsson | '77. | 15.42 |
| Valgerður Halldórsdóttir | '77. | 3.00 |
| Þórður Stephánsson | '77. | 4.00 |
| Þorsteinn Sveinsson smiður | '77. | 10.00 |
| " Þorsteinsson | '77. | 6.00 |
| Eyjólfur Pálsson | '77.. | 5.70 |
| Guðm. Ólafsson | '77. | 5.70 |
| Guðríður Gunnlögsdóttir | '77. | 5.13 |
| Ingjaldur Ingjaldsson | '77. | 4.56 |
| Ekkja Jóns Jónssonar Bergst. | '77. | 5.13 |
| Jón Jónsson | 1877. | 5.70 |
| Jón Þorkelsson Sauðagerði | '77. | 3.42 |
| Sigurður Friðriksson | '77. | 10.26 |
| - Guðmundsson bæjarv. | '77. | 6.84 |
| bú Sigurðar Magnússonar Hala | '77. | 3.42 |
| Bergsteinn Jónsson söðlari | '77. | 5.00 |
| Bjarni Jónsson Lýðsbæ | '77. | 2.00 |
| - - Akranesi | '77. | 3.00 |
| Guðm. Þorvarðsson | '77. | 4.00 |
| Guðrún Sigurðardóttir Geirsbæ | '77 | 1.00 |
| Guðrún hjá Grími Guðnasyni | '77. | 1.00 |
| ekkja Jóns Bernhardssonar | '77. | 1.00 |
| Magnús Tómasson Bakka | '77. | 3.00 |
| Nielsen assistent | '77. | 5.00 |
| Oddbjörg hjá Benedikt prentara | '77. | 1.00 |
| Sæmundur Steindórsson | '77. | 3.00 |
| Sigríði - - | 1877 | 2.00 |
| Sæunn í Hallsbæ | '77. | 1.00 |
| Þorst. assistent hjá Siemsen | '77. | 5.00 |
| Vilbergu Kasthúsum | '77. | 1.00. |

Svo var fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Á.Thorsteinson. Bergur Thorberg. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. G.Þórðarson Magnús Stephensen. Jón Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, dag 26. febrúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn ~~tjórn~~ Reykjavíkur samkvæmt fundarboði frá fyrra degi, og var þá tekið til umræðu ~~um~~ að úrskurða nokkrar kvartanir, sem sendar hafa verið til niðurjöfnunarnefndarinnar og bæjarstjórnarinnar útaf útsvörum.

1. Um kvörtun bæjarfulltrúa Jóns Jónssonar, að 18 embættismönnum ~~væri~~ oflágt gjört útsvar, en ~~n~~ kæran var svo úr garði gjörð, að bæjarstjórnin ekki gat tekið hana til greina. X)

2. Um kvörtun Jóns Þórðarsonar í Ánanaustum, þá gat bæjarstjórnin ekki tekið hana til greina, þar eð upplýsingar vantaði.

3. Kvörtun Jóns Þórðarsonar í Hlíðarhúsum, og var það samþykkt af bæjarstjórninni, að útsvar hans í ár enn skyldi lækka um 5 kr. auk þess sem niðurjöfnunarnefndin áður hafði lækkað það, svo það í allt væri lækkað um 10 kr.

4. Kvörtun Jóns Ólafssonar í Hlíðarhúsum, gat bæjarstjórnin ~~heldur~~ ekki sinnt, og úrskurðaði hún, að útsvar hans skyldi standa óbreytt.

5. Var lesið upp bréf ~~frá~~ niðurjöfnunarnefndarinnar, dags. 13. febrúar þ.á., um, að æskilegt væri að gott eftirlit væri haft með utansveitarmönnum, að þeir ekki ílengdust hér, ef vandræði kynnu af þeim að standa.

6. Bréf frá hr. amtmanni B.Thorberg 26. febr. þ.á. hvar í hann mælist til, að bæjarstjórnin vildi leyfa, að forngripasafnið mætti geyma á ~~(þingsal)~~ borgarasal bæjarins, meðan á aðgjörð kirkjunnar stæði, og þá undir hvaða kjörum. Var það samþykkt í einu hljóði, og að það væri gjört kauplaust.

Var svo ekki fleira tekið til umræðu og

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Á.Thorsteinson. Jón Jónsson.
Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. Magnús Stephensen.
Egilsson.

X) Í frumriti heldur málsgr. áfram innan sviga: (þá var, (henni frá vísað) hún ekki tekin til greina) —



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, hinn 1. marz kl.12 á hádegi, var í Þinghúsi Reykjavíkur kaupstaðar af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann til 6 ára til að endurskoða reikninga bæjarins, í stað amtskrifara Páls Jóhannessonar, sem á almennum kjörfundi 2. janúar þ.á. hafði verið kosinn til þessa starfa, en sem samkvæmt úrslitum á bæjarstjórnarfundi 6. f.m. ~~hafði verið kosinn til þessa starfa, en sem samkvæmt úrslitum á bæjarstjórnarfundi 6. f.m.~~ var veitt lausn frá þessu starfi. Kjörfundur þessi hefur verið fyrirfram birtur með auglýsingu, dags. 11. f.m., og bumbuslætti 1/2 stundu, áður en fundurinn hófst. Kjörskráin hefir legið um lögskipaðan tíma til sýnis á þingstofunni, og hafa engar athugasemdir verið gjörðar við hana.

Var þá gengið til kosningar, og fór hún þannig fram:

| Nr. | Nöfn kjósenda: | Kosinn endurskoðandi: |
|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason Skólav.stíg. | |
| 2. | Árni ~~Bkarna~~son Melshúsum. | |
| 3. | Árni Björnsson Vegamótabrú: | assessor L.E.Sveinbjörnsson. |
| 4. | Árni Gíslason Skólavörðustíg: | assessor L.E. Sveinbjörnsson. |
| 5. | Ásbjörn Sæmundsson Veghúsum. | |
| 6. | Bergur Thorberg amtmaður: | assessor L.E. Sveinbjörnsson |
| 7. | Bergur Þorleifsson söðlasm. | |
| 8. | Benedikt Ásgrímsson gullsm. | |
| 9. | Benedikt Gröndal skólakennari. | |
| 10. | Bergsveinn Þorkelsson Ofanleiti. | |
| 11. | ~~Benedikt~~ D. bakari. | |
| 12. | Bjarni Bjarnason Lækjargötu. | |
| 13. | Bjarni Halldórsson Kasthúsum. | |
| 14. | Bjarni Jónsson skósmiður. | |
| 15. | Bjarni Oddsson Garðhúsum. | |
| 16. | Bjarni Sigurðsson assistent. | |
| 17. | ~~Sigmundsson~~ Þingholtum. | |
| 18. | Biering P. assistent. | |
| 19. | Björn Árnason gullsmiður. | |
| 20. | Björn Björnsson Lptlavelli. | |
| 21. | Björn Guðlaugsson Ánanaustum. | |
| 22. | Björn Guðmundsson múrari. | |
| 23. | Björn Hjaltested járnsmiður. | |
| 24/ | Björn Jónsson ritstjóri. | |
| 25. | Brynjólfur Oddsson bókbindari. | |
| 26. | Böðvar Ólafsson assistent. | |
| 27. | Egill Egilsson Glasgow: | ass. L.E. Sveinbjörnsson. |
| 28. | Egill Gunnlaugsson Arabæ. | |
| 29. | Einar Arason Tóptum. | |
| 31. | Einar Guðmundsson Hlíðarhúsum. | |
| ~~31.~~ | ~~Einar Guðmundsson Heinstöðum~~ | |
| 32. | - Ingimundarson Skálholtskoti. | |
| 33. | - Jafetsson faktor. | |
| 34. | - Jónsson snikkari. | |
| 35. | - Jónsson Grund. | |
| 36. | - Sigvaldason Háholti. | |
| 37. | - Þórðarson prentari. | |
| 38. | - Þorsteinsson Arnarholti. | |
| 39. | Eiríkur Ásmundsson Grjóta. | |
| 40. | Erlendur Hannesson Mel. | |
| 41. | Erlendur Magnússon gullsmiður. | |
| 42. | Eyjólfur Oddsson gullsmiður. | |
| 43. | Eyjólfur Þorkelsson gullsmiður. | |
| 44. | Eyþór Felixson verzlunarmaður. | |
| 45. | Eyvindur Jónsson Hala. | |
| 46. | ~~Hilmar~~ Finsen landshöfðingi. | |
| 47. | ~~Ólafur~~ Finsen póstmeistari. | |
| 48. | Friðrik Guðmundsson bókb. | |
| 49. | Friðfinnur Árnason skósmiður. | |
| 140. | Geir Zöega dannebrogsmaður. | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

51. Gísli Björnsson Bakka.
52. - Jónsson Nýlendu.
53. - Stefánsson Miðbýli.
54. - Tómasson Hlíðarhúsum.
55. Guðbrandur Guðbrandsson.
56. Guðmundur Bjarnason Vegamót.
57. Guðmundur Erlendsson Hlíðarhús.
58. - Gíslason Ánanaust.
59. - Ingimundsson vaktari.
60. - Jóhannesson smiður.
61. - Jónsson Litlaseli.
62. - - Pálshúsum.
63. - Sigurðsson Ofanleiti.
64. - Þórðarson Hóli.
65. Guðni Guðmundsson skó~~smiður~~. l. smi.
66. Grímur Guðnason Ánanaustum.
67. Gunnar Hafliðason Nikulásarkoti.
68. Hafliði Guðmundsson assistent.
69. Halldór Friðriksson yfirkennari.
70. Halldór Guðmundsson skólakennari. Sýslum. Kr. Jónsson.
71. Halldór Jónsson Melnum.
72. Halldór Sigurðsson Litlugrund.
73. Hansen O. M. hattari.
74. Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur.
75. Hannes Árnason ~~docent~~. l. docent
76. Hannes ~~Hannesson~~ Steins~~koti~~. l. Hansson l. -holti
77. Hans Jónsson Hlíðarhús.
78. Helgi E. Helgesen yfirkennari. l E.
79. - Helgason snikkari.
80. - Hálfdánarson docent. Kr. sýslum. Jónsson.
81. Hermann Einarsson Brekku.
82. ~~Árnason Hinriksted~~ Hinrik Árnason Hinriksbæ.
83. Hjaltalín, J. landlæknir.
84. Ingimundur Sigurðsson Bakka.
85. ~~Jón~~ Jónathansson Seli. l. Ívar
86. Jakob Steingrímsson Seli.
87. Jakob Sveinsson snikkari.
88. Jakobsen J. skósmiður.
89. Jens Jóhannesson vaktari.
90. Jens Ólafsson Þingholtum.
91. Jensen, Emil bakari.
92. Jóhann Jóhannsson skipstjóri.
93. Jóhannes Jónsson snikkari.
94. Jóhannes Olsen Hjallhúsi.
95. Jóhannes Vigfússon prentari.
96. Jóhannes Zöega Nýjabæ.
97. Johannesen, M. faktor.
98. Jónas Helgason smiður.
99. Jónas Hall assistent.
100. Jónas Jónsson Kasthúsum.
101. Jónassen, J. læknir.
102. Jónassen, R. etasráð. l. Th.
103. Johnsen, H. A. kaupmaður. l. Sd.
104. Johnsen, Símon -
105. Johnsen, Stgr. cand. theol.
106. Jón Árnason inspector.
107. Jón Björnsson Ánanaustum.
108. Jón Erlendsson Grímsstöðum.
109. - Guðmundsson Hlíðarhúsum.
110. - - ~~Bakkoti~~. l. Bakkabæ
111. - Guðnason kaupmaður.
112. - Gunnlaugsson skipstjóri.
113. - Halldórsson pjátrari.
114. - O.V. Jónsson faktor: assesor L.E.Sveinbjörnsson.
115. - Jónsson Skipholti.
116. - Jónsson skipasmiður.
117. - Jónsson landritari.
118. - Oddsson ~~lóðs~~. l. Lóðs
119. - Ólafsson Hlíðarhúsum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

120. Jón Pálsson faktor
121. - Pálsson Félagsgarði
122. - Pétursson jústitiarius
123. - Steffensen faktor
124. - Þórðarson Hákoti
125. - Þórðarson Hlíðarhús.
126. - Þórðarson Ánanaustum
127. - Þorkelsson rektor
128. - Þórarinsson Sauðagerði
129. Jósep Jónsson Hlíðarhúsastíg
130. Knudsen, L. bókhaldari
131. Jón Oddsson Mýrarholti
132. Kristinn Ólafsson Steinum
133. Kristján Gíslason Görðum
134. Kristján Jónsson cand. juris. sýslum.
135. Kristjan Jónsson Vegamótum
136. Krüger N.S. lyfsali
137. Lambertsen, G. agent.
138. Lange, Chr. faktor
139. Lárus E. Sveinbjörnsson assessor
140. Lúðvig Alexíusson Vegamótabrú
141. Magnús Andrésson cand. theol.
142. - Arason Þingholtum
143. - Árnason Hlíðarhúsum
144. - Árnason snikkari
145. - Einarsson Melkoti
146. - Guðmundsson hringjari
147. - Guðmundsson ~~assistent~~. Ó Ánanaustum
148. - Jónsson kaupmaður
149. - Magnússon Ofanleiti
150. - Stephensen yfirdómari assessor L.E.Sveinbjörns.
151. - Torfason assistent
152. - Vigfússon Miðseli
153. - Þórðarson Litlabergi
154. Markús Bjarnason skipstjóri
155. Matthías Jochumson ritstjóri
156. - Markússon snikkari
157. Melsted, P. prokúrator
158. - , S. lektor
159. Möller, Chr. gestgjafi
160. Niels Eyjólfsson Klöpp
161. Nikulás Jafetsson gestgjafi
162. Ólafur Ámundason assistent
163. Ólafur Guðlaugsson Hlíðarhúsum
164. - Guðmundsson Stóraseli
165. - Ólafsson söðlasmiður
166. - Ólafsson Lækjarkoti
167. - Rósinkranz. skrifari
168. - Steingrímsson Seli
169. - Sveinson gullsmiður
170. Páll Eyjólfsson veitingamaður
171. - Jóhannesson skrifari ~~assisor~~ L.E.Sveinbjörnsson. assessor
172. - Þorkelsson gullsmiður
173. Pétur Gíslason Ánanaustum
174. - Pétursson ~~bókh~~ haldari bók-
175. - Pétursson biskup
176. Runólfur Jónsson Arabæ
177. Siemsen, G. Consul
178. - , H. bókhaldari
179. Sigfús Eymundsson photograph.
180. Sigmundur Guðmundsson prentari
181. Sigurður Jónsson fangavörður assessor L.E.Sveinbjörnss.
182. - Jónsson Móakoti
183. - Jónsson járnsmiður
184. - Magnússon verzlunarmaður
185. - Sigurðsson Litlaholti
186. - Símonarson skipstjóri
187. - Vigfússon gullsmiður
188. - Þórðarson Steinhús.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

189. Stefán Helgason Melkoti
190. - Jóhannesson Kasthús.
191. - Stefánsson Miðbýli
192. Sveinn Bjarnason Sauðagerði
193. - Guðmundsson Sveinsbæ
194. - Ingimundarson Seli
195. - Níelsson prófastur
196. - Sveinsson snikkari
197. Teitur Finnbogason dýralæknir
198. Tómas Hallgrímsson barnakennari
199. Thordahl G. Faktor
200. Torfi ~~Hákonarbæ,~~ Jónsson Hákonarbæ.
201. - Þorgrímsson prentari
202. Thorsteinson, Á. landfógeti: sýslum. Kr. Jónsson.
203. - ;Steingrímur skólakennari.
204. Waage, E. bókhaldari.
205. Valgarður Ólafsson trésmiður.
206. Vigfús Guðnason ~~Hákoti~~. Hlíbæ
207. Zakarías Árnason Bergi.
208. Zimsen, N. faktor
209. Þórður Árnason skorsteinsfágari
210. - Guðmundsson Grímsstöðum.
211. - Guðmundsson assistent
212. - Torfason Vigfúsarkoti
213. Þorfinnur Jónathansson kaupmaður
214. Þorkell Gíslason snikkari.
215. Þorl. O. Johnson bóhaldari
216. Þorsteinn Guðmundsson Háholti
217. - Guðmundsson assistent
218. - Jónsson lögregluþjónn: assisor L.E. Sveinbjörnss.
219. - Tómasson járnsmiður
220. Þorvaldur Klængsson Loftsbæ.

Allir kjósendur, er á kjörskránni eru tilfærðir, voru kallaðir fram, og var þar, eftir beðið hálfa stund til að taka við atkvæðum þeirra, er síðar komu. Voru því næst atkvæðin talin saman, og hafði assessor L.E.SVeinbjörnsson fengið flest atkvæði - 9 - að tölu.

Var því þarnæst lýst yfir, að herra assessor L. Sveinbjörnsson væri löglega kosinn endurskoðunarmaður bæjarsjóðsreikninganna í 6 ár frá 1. janúar 1879 að telja.

Kjör~~fundi~~ slitið kl. 1 e.m. þinginu

E. Th. Jónasson. Magnús Stephensen. Á. Thorsteinson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, föstudaginn þann 6. marz, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá samkvæmt dagskrá byrjað að ræða:

1. Um athugasemdir endurskoðunarmanna við bæjarsjóðsreikninginn 1877.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.gr. | sambykkt | tillaga | fjárhagsnefndarinnar. |
| 2.- | do. | - | do. |
| 3. - | do. | - | do. |
| 4. - | do | - | do. |
| 5. - | do. | - | do. |
| 6. - | do. | - | do. |
| 7. - | do. | - | do. |
| ~~7. -~~ | ~~do.~~ | ~~-~~ | ~~do.~~ |
| 8. - | do. | - | do. |
| 9. - | do. | - | do. |
| 10. - | do. | - | do. |
| 11. - | do. | - | do. |
| 12. - | do. | - | do. |
| 13. - | do. | - | do. |
| 14. - | do. | - | do. |
| 15. - | do. | - | do. |
| 16. - | do. | - | do. |
| 17. - | do. | - | do. |
| 18. - | do. | - | do. |
| 19. - | do. | - | do. |
| 20. - | do. | - | do. |
| 21. - | do. | - | do. |
| 22. - | do | - | endurskoðunarmanna. |
| 23. - | do. | - | fjárhagsnefndarinnar eftir seinni upplýs. |

Eftir uppástungu nokkurra bæjarfulltrúa var frestað að úrskurða það, sem eftir var af athugasemdunum, til næsta fundar, og vóru ~~færð~~ atkvæði fyrir því. -

2. Kom til umræðu umkvörtun fátækrafulltrúanna gegn Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa, dags. 4. þ.m., var gengið til atkvæða um, hvort fátækra~~fulltrúar~~stjórar, Bjarni og Ólafur, ættu að víkja, og stóð enginn upp fyrir því. Því næst gengið til atkvæða um, hvort bæjarfulltrúarnir, Guðmundur og Jón Þórðarson, ættu að víkja úr fátækranefndinni, og stóð enginn upp fyrir því. Því næst var gengið til atkvæða um, hvort Jón Jónsson bæjarfulltrúi ætti ekki að ganga úr fátækrastjórninni, og var það viðtekið með 6 atkvæðum. Þess skal getið að bæjarfulltrúi, landfógeti A.Thorsteinson gaf ~~mót~~atkvæði í þessu máli, og bæjarfulltrúi Jón Jónsson bað bókað, að hann ~~það~~ mótmælti þessari ályktun bæjarstjórnarinnar sem ólöglega. - Var síðan kosinn í hans stað P.O.Gíslason með 6 atkvæðum.

3. Kom uppástunga frá P.O.Gíslasyni um lóðargjaldið. Vóru allmiklar umræður um það, og var síðan gengið til atkvæða um þá uppástungu Egilsson: um að mál þetta væri fellt, og var það fellt. Síðan var borin upp uppástunga bæjar~~fulltrúa~~ Einars Þórðarsonar um, að máli þessu væri frestað til næsta fundar, og var það viðtekið.

4. Bréf frá Sigurði Jónssyni um byggingarleyfi á stakkstæðunum, og var gengið til atkvæða um það, og var því synjað.

5. Var borið upp fyrir bæjarstjórninni, hvort hún hefði nokkuð á móti, að kaupmaður S. Johnsen væri útnefndur sveitarhöfðingi í bjargliðinu í stað Egilssons, og yrði Hallberg sem undirforingi í sama liði, og var það sambykkt.

6. Var sambykkt virðingargjörð á bæ Eiríks Símonarsonar, nr. 94 í Grjótaþorpi, samkvæmt framlagðri virðingargjörð fyrir 200 kr.

7. Bréf frá lyfsala Krüger, hvar í hann segir upp leigu á gamla kirkjugarðinum, en biður um lítinn blett af honum aftur. Var því frestað.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Bréf frá Eiríki Ásmundssyni um frest til að borga barnaskólagjald, og var það veitt til 30. júní þ.á. Bréfið er ritað 19. febrúar 1879.

9. Bréf frá Torfa Magnússyni um að fá eftirgefna húsaleigu, sem er yfir 200 krónur, bréfið daterað 20. febrúar 1879. - Var ákvarðað, að Torfi skyldi gefa út skuldabréf fyrir skuldinni, og skuldbinda sig til að borga þetta fyrir ágústmánaðarlok, honum gefinn frestur þangað til.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson.
Á.Thorsteinson. Egilsson. P.O.Gíslason. G.Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. marz taldi Jón Þórðarson bæjarfulltrúi fram afla sinn úr sjó 1878 til spítalagjalds, 27 ~~skipund~~ söltuð. [skippund

S.d. taldi fram fyrir sama ár bæjarfulltrúi Guðmundur Þórðarson 800 hundr. af söltuðum fiski.

E.Th. Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, laugardaginn þann 29. marz, var, samkvæmt áður útgefnu fundarboði, haldinn aukafundur í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst samkvæmt dagskrá tekið fyrir að úrskurða bæjarsjóðsreikninga 1877, sem ekki gat orðið lokið á síðasta fundi.

Var þá fyrst byrjað að úrskurða 24. grein endurskoðunarmannanna.

24. grein frú E. Thorsteinson borgist fyrir 1877. 0/77 aurar.
25. - samþykkt.
26. - samþykkt.
27. - samþykkt.
28. - samþykkt.
29. - samþykkt
30. - samþykkt - þannig að það verði athugað við endurskoðun 1879.
31. - til athugunar hjá gjaldkera.
32. - samþykkt tillaga endurskoðunarmanna.
33. - (samþykkist), þareð fylgiskjölin bera með sér, fyrir hverju útgjöldin hafa greidd verið, fellur athugasemdin burtu í þetta sinn, en að öðru leyti er það til athugunar og eftirbreytni fyrir gjaldkera.
34. - samþykkt.
35. - samþykkt.
36. - Samþykkt.
37. - uppástunga endurskoðunarmannanna við þenna póst samþykkist.

2. Kom til umræðu uppástunga frá bæjarfulltrúa G.Þórðarsyni og önnur frá Jóni Jónssyni um breytingu á lóðarskattsmálinu, og var því frestað til annars fundar í apríl.

3. Bréf 6 bæjarfulltrúa um atkvæðisrétt bæjarfógeta til ráðgjafa Íslands. Var það samþykkt, að formaður afgreiddi bréf þetta til ráðgjafans, en bæjarfulltrúarnir amtmaður B. Thorberg, assessor M. Stephensen og Einar Þórðarson greiddu atkvæði móti því.

4. Bréf frá assessor L. Sveinbjörnsson, um að fá lausn frá endurskoðunarstörfum. Var það samþykkt. Var þá kjörin hin sama kjörstjórn, sem fyrr, til að láta endurkjósa endurskoðunarmann í stað assessors hr. L. Sveinbjörnssonar.

5. Birti bæjarfógeti bæjarstjórninni áreiðargjörð milli Reykjavíkur og (Lambastaða) Seltjarnarneshrepps. - Var síðan rætt um áreiðargjörð þessa, og gjörði bæjarfulltrúi Á.Thorsteinson þá uppástungu, að afstöðumálverk verði gjört yfir landamerki þessi, sem síðan fylgdi málinu, og var hún samþykkt í einu hljóði. Var síðan borin upp uppástunga bæjarfulltrúa Jóns Jónssonar, um að hlaða vörður á landamerki þessi, og var það fellt.

6. Bréf frá lyfsala Krüger um að fá part af gamla kirkjugarðinum. Var málinu frestað, til að gefa beiðandanum tíð til að gjöra greinilegri beiðni sína í téðu bréfi.-

7. Bréf bæjarfulltrúa Jóns Jónssonar, kvörtun yfir aðgjörðum oddvita. Uppástunga bréfritarans í téðu bréfi var felld. -

8. Bréf frá sama, um að fá lausn frá að sitja í fátækrastjórninni fyrst um sinn. Var þá borin upp sú uppástunga: þareð mál þetta er útkljáð, tekur bæjarstjórnin fyrir næsta mál á dagskránni; og var það viðtekið.-

9. Bréf frá Jarðþrúði Pétursdóttur, frá Páli Magnússyni og Kristjáni Gíslasyni, sitt frá hverju þessara, um samning á lóðargjaldi. Var því vísað til byggingarnefndarinnar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Uppástunga Egilsons um, að garður sá, sem að norðanverðu er við Bakarastíginn, sé sem fyrst uppbyggður. Var það falið veganefndinni að gjöra hið nauðsynlega í þessu efni, til undirbúnings. -

11. Uppástunga sama, um að ~~þeim~~ þeir, sem grunna eiga að strætum bæjarins, séu skyldaðir til að fyrirbyggja, að ~~ekkert~~ nokkuð renni útá strætin af for eða bleytu, og gjöri þeir það ekki, (þá) sé það gjört á þeirra kostnað. Var því vísað til aðgjörðar formanns bæjarstjórnarinnar.

Fundi slitið.

E,Th.Jónassen. Egilsson. A.Thorsteinsson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. Magnús Stephensen. Jón Þórðarson.
Það skal at~~kv~~huga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, föstudaginn hinn 17. april, var reglulegur bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þá fyrst tekið fyrir:

1. Klögun frá bæjarfulltrúa Jóni Jónssyni yfir bæjarfógetanum (um) uppástungu til bæjarstjórnar ályktunar, dags. 2. april þ.á.-

Var þá borin upp uppástunga Einars Þórðarsonar um, að þessi klögun ekki yrði rædd, heldur vísað frá, og var það samþykkt með 5 atkvæðum. - Bæjarfulltrúi Jón Jónsson bað athugað og bókað, að bæjarfógetinn hefði, þegar umræður um þetta mál byrjuðu, lýst yfir því, að það væri ósatt, að hann við lok síðasta fundar hefði tvisvar sinnum þrifið gjörðabókina af bæjarfulltrúanum.

Var þá borið upp, þegar svona langt var komið, hvort Jóni Jónssyni bæri halda áfram að láta bóka slíkt, sem hann þegar var byrjaður á, og var það fellt með 5 atkvæðum.

2. Lóðargjaldsmálið: Komu fram 3 uppástungur, ein frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa, ein frá Pétri bæjarfulltrúa Gíslasyni, og ein frá Einari bæjarfulltrúa Þórðarsyni. Voru þessar uppástungur ræddar, og kom þá bæjarfulltrúi A.Thorsteinson með þá uppástungu, að í málið væri sett nefnd. - Eftir ýtarlegar umræður tók A. Thorsteinson eftir beiðni Jons Jónssonar, aftur uppástungu sína, enn þá bar Jón Jónsson upp þá uppástungu, að málinu væri frestað til næsta fundar, og var eitt atkvæði fyrir því, og bað hann þá borið upp, hvort ekki skyldi setja nefnd í malið, og var það fellt með 5 atkvæðum. Var þá borin upp uppástunga Jóns Jónssonar ritara, og var hún felld með 6 móti 2. - Var þá borin upp uppástunga Péturs Gíslasonar, og var hún felld með 6 gegn 2. - Var þá borin upp uppástunga Einars Þórðarsonar, og var hún samþykkt með 6 atkv., og var oddvita falið að gjöra uppástungu til stjórnarinnar um viðauka við lóðargjaldslögin í þá átt, sem uppástungan fer, og leggja það fyrir bæjarstjórnina, áður það væri sent.

3. Beiðni Krügers lyfsala um part af kirkjugarðinum. Var það veitt þannig: að hann noti blettinn eingöngu til tráplöntunar ( a r)x) Venn hafi hann ekki haft hann til þessara afnota, þá fellur hann aftur til bæjarins, það sem hann gjörir, gjörir hann á eigin kostnað, og borgar af honum lóðargjald eins og af óbyggðri lóð. - Byggingarnefndin á að mæla þetta pláss út.

4. Beiðni frá Magnúsi Guðmundssyni um part úr Móhúsa mýrinni. - Var málinu frestað þangað til veganefndin hefði sagt meiningu sína um þetta.-

5. Fyrirspurn Egilsons, hvort byggingarnefndin ekki ætti að hafa eftirlit með byggingu kirkjunnar, þar eð yfirsmiður hennar mundi hafa gengið fram yfir ákvarðanir Hallas: 29. maí 1839, og var því máli vísað til formanns byggingarnefndarinnar, og var það eftir uppástungu Jóns Jónssonar bæjarfulltrúa, sem jafnframt tók það fram, að það kæmi ekki bæjarstjórninni við, heldur eingöngu byggingarnefndinni, án þess bæjarstjórnin hefði nokkra ábyrgð á því.-

6. Skýrði formaður veganefndarinnar frá, að hann hefði talað við landshöfðingja um garðinn með Bakarastígnum, og hafi hann tekið vel undir það, og sagzt mundi gjöra við garð þenna í sumar.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson.
A.Thorsteinsson. Egilsson. Magnús Stephensen. Bergur Thorberg.
P.O.Gíslason.

x) Tvö orð innan sviga ólæsileg í frumriti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, hinn 21. apríl kl. 12 á hádegi, var í Þinghúsi Reykjavíkurkaupstaðar af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt tilsk. 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann til 6 ára til að endurskoða reikninga bæjarins í stað assessors L.E.Sveinbjörnssonar, sem á almennum kjörfundi 1. marz þ.á. hafði verið kosinn til þessa starfa, en sem samkvæmt ályktun á bæjarstjórnarfundi 29. s.m. var veitt lausn frá því starfi. Kjörfundur þessi hefur verið fyrirfram birtur með auglýsingum á venjulegan hátt og bumbuslætti 1/2 stundu, áður en kjörfundurinn var haldinn. Kjörskráin hefir legið til sýnis um lögskipaðan tíma á þingstofunni án þess nokkrar athugasemdir hafi verið við hana gjörðar. 18. 1a 1a 1a s

Var þá gengið til kosninga, og fór hún þannig fram: 1s1

-----------------------------------------------------------------------------------------------------------

Hér er kjörskránni sleppt, og vísað til gjörðabókarinnar bls. 131. -. 1s

Á kjörskránni voru 220, en aðeins 10 kusu.

-----------------------------------------------------------------

Allir kjósendur, er á kjörskránni eru tilfærðir, voru kallaðir fram, og var þar á eftir beðið hálfa stund, til að taka við atkvæðum þeirra, er síðar kæmu. Voru þarnæst atkvæði talin saman, og hafði Magnús Andrésson biskupsskrifari fengið flest atkvæði, 6 að tölu. -

Var því þarnæst lýst yfir, að Magnús Andrésson biskupsskrifari væri löglega kosinn endurskoðunarmaður bæjarsjóðsreikninganna í ~~(til)~~ 6 ár~~(a)~~, frá 1. janúar 1879 að telja.

Kjörþinginu slitið kl. 1 e.m.

E.Th.Jónasson. Magnús Stephensen. Á.Thorsteinson. 1e



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, fimmtudaginn þann 1. maí, var bæjarfundur haldinn, og var þá fyrir tekið að ræða:

1. Bréf frá E. Waage um að bæta veg milli húss síns í Lækjarkoti, og var því vísað til veganefndarinnar.

2. Um lóðargjald nokkurra bæjarbúa, er vilja semja við bæjarstjórnina um óbyggða lóð þeirra. Var því frestað, þar til fleiri gætu komið með, sem menn vissu, að ætluðu að semja um hið sama.

3. Var lesið upp frumvarp til viðauka við lóðargjaldslög 19. okt. 1877, styðst við uppástungu Einars Þórðarsonar um lóðargjaldsbreytingu, eins og það á að fara til ráðgjafans; og var það samþykkt.

4. Beiðni fjárhagsnefndarinnar um samþykki bæjarstjórnarinnar til að nokkrar útborganir fari fram úr því, sem á áætluninni stendur 1878. Var samþykkt með 7 atkvæðum gegn 1. Gjörði Jón Jónsson uppástungu um, að fógeti legði fram nákvæmar skýrslur um ýmisleg atriði þessu viðvíkjandi, en hún var felld.-

5. Um borgun til aukanæturvörzlu frá Bjarna Björnssyni um 6 kr. 43 a. og frá Bjarna Símonarsyni fyrir 10 kr. Var það samþykkt, að þetta væri þeim veitt og útborgað.

6. Bréf frá inspector J.Árnasyni um veg yfir tún hans, eða að grafinn verði brunnur fyrir Þingholtamenn, (sem þeir[x)] geti brúkað. Var þá útaf þessu gengið til atkvæða um, hvort ekki væri tiltækilegt, til þess að ráða bót á þessu efni, að veganefndinni væri gefin heimild bæjarstjórnarinnar til að láta grafa brunn fyrir suðaustan og ofan tún J. Árnasonar handa Þinghyltingum,[xx)] og var það viðtekið í einu hljóði. -

x) Ekki í frumriti
xx) Óhljóðsorpl í frumriti

7. Bréf frá búendum við Vegamótabrú um aðgjörð á veginum þar, og var því máli vísað til veganefndarinnar.

8. Bréf frá M. Andréssyni um að fá lausn frá Revisionsstörfum. Var það samþykkt, að hann fengi lausn, með 5 atkvæðum. Var þá gengið til kosningar á nýrri kjörstjórn til að velja nýjan endurskoðunarmann, og voru kosnir M.Stephensen og Á. Thorsteinson.

9. Bréf frá Jóni Jónssyni, klögun um bæjarfógetann. Hafði enginn móti því, að þetta bréf væri tekið til greina, þó að ekki hefði það staðið á dagskrá, og var þá gengið til atkvæða um uppástunga um það, hvort þetta bréf skyldi lesið upp, og stóð enginn upp fyrir því, og var bréfið þannig afgreitt.

10. Bréf frá dr. Jónassen um vatnspósta í Hlíðarhúsabænum og Skálholtskotslind. Uppástunga kom um það að vísa málinu til veganefndarinnar og að hún útvegaði skýrslu um, hvað mikið slíkir póstar mundu kosta. Var það viðtekið af bæjarstjórninni. - Uppástunga Jóns Jónssonar bæjarfulltrúa um, að það yrði meðfram skorað á veganefndina að gjöra í tíma ráðstöfun til þess, að ekki verði næsta vetur önnur eins vandræði með vatnsleysu eins og síðasta vetur, og koma fram í tíma með tillögur um þá aukafjárveitingu, sem í þessu tilliti kynni að vera nauðsynleg, framyfir þá, sem spurning er um í þessu máli. Var þá gengið til atkvæða um þessa uppástungu, og var hún felld í einu hljóði.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Bergur Þorberg. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. L.E. Sveinbjörnsson. Th. Hall. Halld. Kr. Friðriksson. O. Gíslason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, ~~föstu~~ fimmtudaginn þann 19. maímánaðar, var reglulegur bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þá tekið til umræðu:

Bréf frá alþingismanni Reykvíkinga H.Kr.Friðrikssyni um aðgjörð þá á dómkirkjunni, sem nú fer fram.

Var svo mál þetta rætt allmikið, og var svo gengið til atkvæða um það, hvort nefnd ætti að kjósa til þess , sem bréfið um getur, og var því neitað með 5 atkvæðum gegn 4. x)

Fundi slitið.

L.E.Sveinbjörnsson. Egilsson. Á. Thorsteinson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. Magnús Stephensen. G.Þórðarson.

x) Níu fulltrúar greiða atkvæði, en aðeins átta undirrita fundargerðina.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, fimmtudaginn þann 5. júní, átti bæjarstjórnin fund með sér, og var þá tekið fyrir að ræða um:

1. Að ~~ákveða~~ lóðargjald nokkurra manna, sem óskað hafa eftirgjafar á lóðargjaldi sínu, en óska samnings þaraðlútandi við bæjarstjórnina. Bæjarstjórnin fellst á uppástungu byggingarnefndarinnar:

Að beiðendunum gefist kostur á að sleppa við lóðargjald eftir hinum nýju lögum af túnblettum þeirra, með þeim skilmálum: að þeir taki bletti þessa á erfðafestu með vanalegum skilmálum og greiði eftir þá árlegt gjald, sem reiknast eftir meðalverði. Gjaldið ákvarðast þannig, að það verði um helmingur lóðargjalds af óbyggðri lóð, reiknaður út eftir meðalalin á 58 aura. Brot úr alin fellur burtu. - Með þeim skil~~málum~~, að beiðendurnir taki blettinn á erfðafestu, veitist þannig þessi lausn til eftirfylgjandi manna:

Sigurði Jónssyni Móakoti,
Páli Magnús~~son~~ í Holti,
Árna Gíslasyni Grímsbæ,
Bjarna Oddssyni Garðhúsum,
Jarðþrúði Pétursdóttur á Steinstöðum.

~~2.~~ Af kálgörðum og annari óbyggðri lóð gjaldi þeir eftir lóðargjaldslögunum.

2. Umkvörtun frá Þórði Guðmundssyni í Hlíðarhúsum, um að byggingarnefndin hafi neitað sér um byggingarstæði fyrir neðan Dúkskot, norðanvert við Hlíðarhúsastíginn. Kom þá fram sú uppástunga frá assessor M. Stephensen, að málefni þessu yrði vísað til byggingarnefndarinnar aftur, með þeim ummælum, að það atvik, að lóðar~~tolann~~ hafi verið lagður á ~~húsin~~ í ár, ekki geti verið því til fyrirstöðu, að ~~tún~~ séu útmæld öðrum manni til byggingar. Var svo greitt atkvæði um þetta atriði, og var það samþykkt af 5 gegn 2 atkvæðum, en það voru landfógeti Thorsteinson og Egilsson.

3. Um túnspilduna milli Móhúsa- og Thomsens túns, skýrði formaðurinn frá, að fangavörður Sigurður Jónsson ekki vildi bjóða nema 12 ál. í blett þenna~~nn~~, en læknir J.Jónassen byði 20 ál.- Var samþykkt í einu hljóði, að dr. J.Jónassen fengi blett þenna fyrir 20 álna árlegt gjald, sem erfðafestu, með sömu skilmálum, sem tiltekin vóru við undirboðs uppboðið í haust á bletti þessum. -

4. Um spildu þá í Vatnsmýrinni, er Magnús Guðmundsson í Holtakoti óskar að fá eftirgjaldslaust í 25 ár. Var samþykkt, að honum veittist þetta, og byggingarnefndinni falið á hendur að mæla ~~þarna~~ spildu út í hendur hans, og gefa bæjarstjórninni síðan til kynna, hversu stórt þetta stykki ~~þetta df~~ yrði.

Var svo fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Á.Thorsteinsson. Magnús Stephensen.
Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. G.Þórðarson. Egilsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, hinn 14. júní kl. 12. á hádegi, var á Þinghúsi Reykjavíkurkaupstaðar af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til Þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann til 6 ára til að endurskoða reikninga bæjarins í stað biskupsskrifara Magnúsar Andréssonar, sem á almennum kjörfundi 28. apríl síðastl. hafði verið kosinn til Þessa starfa, en sem samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á fundi 1. maí Þ.á. var veitt lausn frá Því starfi. Kjörfundur Þessi hefir verið fyrirfram birtur með auglýsingum á venjulegan hátt og bumbuslætti 1/2 stundu, áður en kjörfundurinn byrjaði. Kjörskráin hefir legið til sýnis um lögskipaðan tíma á Þinghúsinu, án Þess nokkrar athugasemdir hafi verið við hana gjörðar.

Kosningin fór Þannig fram :

| Nr. | Kjósendur | Endurskoðandi: |
|---|---|---|
| 1. | Egilsson bæjarfulltrúi | consúll N. Zimsen. |
| 2. | Einar Þórðarson bæjarfulltrúi | Sama. |
| 3. | Jón Pálsson faktor | sama. |
| 4. | Sigurður Jónsson fangavörður | sama. |
| 5. | Þorsteinn póliti Jónsson | sama. |
| 6. | Árni Thorsteinson landfógeti | Jón faktor Pálsson. |

Allir kjósendur, sem á kjörskránni eru tilfærðir, voru kallaðir fram, og var Þar á eftir beðið hálfa stund til að taka við atkvæðum Þeim, er síðar kæmu. Voru Þarnæst atkvæði talin saman, og hafði faktor konsúll Zimsen fengið flest atkvæði, 5 að tölu.

Var Þvínæst lýst yfir, að konsúll N. Zimsen væri löglega kosinn endurskoðandi bæjarsjóðsreikninganna í 6 ár, frá 1. janúar 1879 að telja.

Kjörfundinum slitið kl. 1 e.m.

E.Th.Jónasson. Á. Thorsteinson. Einar Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, fimmtudaginn 19. júní, var reglulegur bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þá tekið til umræðu:

1. Reikningur frá Egilsson bæjarfulltrúa fyrir sprengipúður etc: Var því vísað til fjárhagsnefndarinnar til útborgunar, ef hún ekki fyndi ástæðu til að vefengja reikninginn.

2. Bréf frá snikkara H. Helgasyni um að fá leyfi til að taka sand í fjörunni hér, móti því að borga fá aura fyrir tunnuna, og fylla aftur það skarð, sem sandtakan gjörði, með skarni, möl eða öðru. Var því neitað með atkvæðafjölda (1 á móti 8).

3. Lagði formaður fram kort yfir landareignina milli Lambastaða og Reykjavíkur. - Kom þá fram uppástunga frá herra landfógeta Á. Thorsteinson, að formanninum væri falið að láta þá menn, sem voru við áreiðina í vetur við nýárið staðfesta, að þetta kort væri rétt eftir áreiðargjörðinni í vetur er leið; og var það samþykkt í einu hljóði. Stakk hinn sami upp á því, að ~~önnur~~ landamerkin væru glöggvuð upp og gjörð skýrari, einkum hin milli Skildinganess og Reykjavíkur, og var það samþykkt. - Stakk bæjarfulltrúi G. Þórðarson upp á því, að gjört væri út um landamerki milli Sels og Reykjavíkur, sem nú væri orðið mikið spursmál um, hvar væru. Var máli því frestað til næsta fundar. -

4. Tilkynnti formaður, að lögregluþjónn Borgfjörð hefði sagt af sér, og að hann ætlaði að taka annan til bráðabirgða. Kom fram uppástunga frá bæjarfulltrúa Jóni Jónssyni: að bæjarstjórnin skoraði á formanninn að veita Borgfjörð enn hæfilegan frest, svo sem 4 daga, til þess að búa sig undir það, að byrja aftur embættisstöðu sína í hinum nýja einkennisbúningi. Uppástungan var samþykkt með 5 móti 3. - x)

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Á. Thorsteinson. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O. Gíslason. G. Þórðarson. Jón Þórðarson.

x) Átta greiða atkvæði, en sjö undirrita fundargerðina; Jón Jónsson bæjarfulltrúi kemur fram með uppástunguna



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, þ. 3. júlí, var reglulegur bæjarfundur haldinn, og var þá framlagt kort yfir brú, sem Slimon í Leith hafði sent bæjarstjórninni, með fyrirspurn um, hvort hún ekki væri þægileg fyrir Reykjavík. - Var svo tekið til umræðu um það, hvort kaup á slíkri brú væri tilráðandi, eður ekki. - Brúin er úr járni, 570 feta löng etc., og á að kosta í Granton 2000 pund sterl. fyrir utan flutning hingað, og ~~undirbúning. -~~ niðursetning. Vóru allir hinir viðstöddu bæjarfulltrúar á því, að ekki væri tilráðlegt enn sem komið væri, að ráðast í þessi kaup, nema bæjarfulltrúi Jón Jónsson, sem veitti hafnarnefndinni ákúrur fyrir, að hún ekki nægilega hefði íhugað þetta mál. En hún hafði látið í einu hljóði það álit í ljósi, eftir að hafa ráðfært sig við yfirmann póstskipsins "Díönu", að ~~muni~~ menn ekki að svo stöddu gætu ráðizt í að kaupa umrædda brú, eins og hún nú lá fyrir, eftir þeim af henni framlagða uppdrætti.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Á.Thorsteinson. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 var haldið framtalsþing á bæjarþingsstofunni fyrir Reykjavíkurbæ að undangenginni auglýsingu um það.

Framtal fór þannig fram:

1. Landshöfðingi telur fram 3 kýr og 3 hesta, 1 kvígu ókelfda.
2. Assessor Sveinbjörnsson telur fram 2 hesta, 1 kýr. kú. le ldl. r
3. Bjarni Bjarnason: 1 kýr, 3 hesta, 6 ær, 2 gemlinga, 2 tryppi, veturg. og 2 vetr. tvæggja vetra. 1 kú
4. Egilsson E.: 1 kýr, 2 hesta, 1/2 þilskip. 1 kú
5. Símon Þorfason: 3 hesta, 2 hryssur, 1 kýr, 1 sexæring, 1/4 þilskip. Johnsen 1 kú
6. Magnús Jónsson - : 3 kýr, 1 bát.
7. Guðm. Ingimundsson : 1 hest, 2 tryppi (1 vetr og 2 vetr). veturg. og tvævett
8. Joh. Ólsen: 1 kýr, 2 hesta, 1 hryssu, 1 skip, 3 tryppi tvævetur. kú, hest
9. Jóh. Zöega : 1 skip (6 mf.), 1 bát, 1 kú, 2 hesta, 4 tryppi (2 og 3 vetra), 3 ær. 4 ær.
10. Jón Jónathansson: 2 kýr, 1 skip (6 mf.), 1 hryssu ót. (4 v.) Ívar
11. Sigurður Jónsson fangavörður: 1 kýr, 1 ær. 1 kú
12. Bæjarfógeti E.Th.Jónassen: 2 hesta, 1 kýr, 1/kýr. le 1 kú
13. Árni Gíslason: 1 kýr, 1 hryssu (ótamin), 2 tryppi (veturg.). 1 kú 1 ldl.
14. Jón Erlingsson á Grímsstöðum: 1 kýr, 3 tamin, 2 tryppi 2 v.- 1 kú
15. Konsúll M. Smith: 2 kýr. 2 ær, 2 skip (6 mf. og 4 mf.) 1 m.f.
16. Faktor Jón Jónsson: 1 meri (reiðhross), 1 do. (stóðmeri), 2 tryppi 2vetur, 1 foli 6 vetra. 1 -ra
17. Sveinn Bjarnason: 2 kýr, 3 hryssur, 2 tryppi (2 v. og 1 v.), 1 6 m.f., 1 bátur, 6 ær, 4 geldar (2 ær og 2 geml.) 4
18. Geir Zöega: 3 kýr, 11 hesta, 6 merar, 8 hross ótamin (frá 1-3 vetra), 1 skip (8 m.f.), 1 6m/f., 2 þilskip. ldl. r 1 6 m.f.
19. Einar Jónsson snikkari: 1 kýr, 1 ótemju 3v. með tr., 1 þilskip, 1 6 manna far. 1 kú
20. Bernhöft: 2 kýr, 3 hesta, 2 merar ótamdar, 1 tryppi veturgamalt. ldl. r
21. Ingibjörg Skálholtskoti: 3 hesta. ldl. r

Var svo þessu framtalsþingi sagt slitið.

E.Th.Jónassen. le

x) Svo í frumriti, að nafnorðið vantar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, fimmtudaginn þ. 31. júlí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur eftir undangengnu fundarboði, og var þar framlagt bréf frá þingmanni Reykjavíkur, um brúargjörð á Ölvusá og Þjórsá, sem þingið vill láta Reykjavík taka þátt í kostnaði við byggingu þeirra. -

Var svo þetta málefni tekið til umræðu, og varð sú niðurstaða, að bæjarstjórnin í einu hljóði gaf atkvæði máli því, að Reykjavíkurbær taki nokkurn þátt í kostnaði til umræddrar brúargjörðar yfir nefndar ár, og fól bæjarstjórnin formanni á hendur, að svara þingmanni Reykjavíkur á þá leið.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. Á.Thorsteinson. Magnús Stephensen. Jón Þórðarson. P. O. Gíslason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, dag 18. september, var fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá tekið fyrir að ræða um:

1. Bréf frá Lúðvig Alexíussyni, um að fá lóðarauka, sumpart til byggingar. Var málefninu vísað til byggingarnefndarinnar, með þeim ummælum bæjarstjórnarinnar, að hann ekki fái lengra suður á við en lóð hans nú nær, en austurávið veitist honum hið umbeðna.

2. Bréf frá fangaverði Sigurði Jónssyni, dags. 7. þ.m., um að fá Neðraholtsblettinn að erfðafestu. Einar bæjarstjóri Þórðarson og Egilsson óskuðu, að bletturinn yrði boðinn upp aftur, en sú uppástunga féll með atkvæðafjölda, en aftur á móti var það afgjört, að Sigurður mætti ganga inní boð Lambertsens með 29 ál. árlegu gjaldi. -

3. Bréf frá Bjarna Oddssyni um að fá blett til ræktunar, fyrir neðan sáðgarð hans, niður að lóð Gísla á Bakka. Var samþykkt, að bæjarstjórnin kæmi á staðinn, áður hún gerði út um þetta efni, og var því frestað að svara bréfi þessu að sinni.

4. Bréf frá Einari Snikkara Jónssyni um að fá eftirgjöf á nokkru af síðari hluta útsvars ekkju ~~Guðinga Jóhannssonar~~ Guðm. Jóhannssonar sál. smiðs. Var bæjarstjórnin samhuga um, að henni yrði eftirgefinn helmingurinn af því hálfa aukaútsvari, sem enn ~~sé~~ er óborgað þetta ár. -

5. Bréf frá Guðrúnu Arnoddsdóttur um að fá frían skóla fyrir son sinn Guðmund næsta vetur. Bæjarstjórnin tekur sér tíma til að kynna sér málavöxtu, og frestar því málinu að sinni.

6. Bréf frá Margréti Pálsdóttur um að fá frían skóla fyrir son sinn Magnús. Var það álitið, að hún hefði ~~nálit~~ rétt á því.

7. Bréf frá alþingismanni Eyfirðinga um það, hvort Reykjavíkurbær ekki vilji ganga í innbyrðis ábyrgðarfélag við Akureyri, til að tryggja hús sín fyrir eldsvoða. Bæjarstjórnin áleit, að hún ekki gæti gengið að því að ganga í slíkt félag við einn bæ landsins, og því gæti þetta ekki orðið tekið til greina, nema máske ~~fleiri~~ ef fleiri eða flestir kaupstaðir á landinu vildu ganga í ~~samax~~ sama félag, en til þess þyrfti lagaboð og fleira. -

8. Var gengið til kosningar á 2 mönnum í kjörstjórn til kosningar á niðurjöfnunarnefnd ístað Einars sál. Jafetssonar, og voru þeir kosnir A.Thorsteinson með 8 atkv. og B.Thorberg með 5 atkv.

9. ~~Voru~~ Kom fyrirspurn ~~ir~~ eða áskorun frá Seltirningum, að Reykjavíkurbær legði mann til í fjárleitir til fyrirstandandi rétta. Þareð fjáreigendur í Reykjavík jafnan koma kindum sínum fyrir hjá vissum bændum í Mosfellssveit og öðrum sveitum, þá sýnist bæjarstjórninni engin ástæða til að verða við þessari áskorun.

10. Kom uppástunga frá bæjarfógeta, hvort ekki ætti að bjóða upp blett þann við Hlíðarhús, sem Einar sál. Jafetsson hafði, með sömu skilmálum sem Einar hafði hann og upp á 5 ár, og var sú uppástunga samþykkt. -

Fleira kom ekki til umræðu,

og var svo fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Jón Þórðarson. Egilsson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. A.Thorsteinson. P.O.Gíslason. Magnús Stephensen. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, dag 27. september, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá framlagt uppkast til áætlunar um tekjur og gjöld Reykjavíkurkaupstaðar árið 1880, og voru öll atriði þess rædd og samþykkt að öllu leiti nema II.3. c. Við það áskildi Egilson sér breytingaratkvæði; viðvíkjandi hinum nýja gjaldalið V. til kvennaskólans 100 kr. Þá gerði bæjarfulltrúi landfógeti Á.Thorsteinson þá viðauka~~breytingar~~uppástungu, að það skilyrði yrði sett við þetta, að "að minnsta kosti 5 stúlkur úr Reykjavík noti kennslu í skólanum" og aðhylltist bæjarstjórnin það.-

Þá lagði formaður fram bréf frá Guðnýju Lýðsdóttur, hvari hún biður um fría kennslu fyrir son sinn Ólaf Pálsson, og fylgdu með umsókn þessari skrifleg meðmæli frá dómkirkjuprestinum; þareð faðir ~~drengsins~~ [barnsins] stendur í óborgaðri skuld til sveitarsjóðs, þá verður að álíta, að foreldrar þessir hafi heimtingu á að fá fría kennslu fyrir þetta barn.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. Á.Thorsteinsson. Magnús Stephensen. G. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, laugardaginn þ. 4. okt., var aukafundur í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst tekið fyrir að ræða um:

1. Bréf frá bakara Bernhöft, um þóknun fyrir veg þann, sem hann hefur lagt inni Vatnsmýrina, enn sem hann nú er hættur að brúka. Gat bæjarstjórnin ekki fundið ástæðu til að kaupa veg þenna, því mjög fáir munu brúka hann, og var því neitað í einu hljóði.

2. Bréf frá Guðlaugu Jónsdóttur Austurholti, biður um eftirgjöf á síðari hluta bæjargjalds síns, þar hún hafi misst forstöðu heimilisins nú á þessu ári. Var henni eftirgefinn síðari hluti af aukaútsvari hennar þetta ár. -

3. Bréf frá Jóni Jóhannessyni vaktara, biður um afslátt af barnaskólapeningum fyrir son sinn Kristján á 13. ári, og veitti bæjarstjórnin í einu hljóði helmings afslátt í kostnaði þessum.

4. Bréf frá Jakob Steingrímssyni í Litla-Seli, biður um styrk til að gjalda til spítalans fyrir sjúklinginn Guðrúnu Guðmundsdóttur, sem legið hefur á spítalanum í 49 daga, og veitir bæjarstjórnin honum 16 kr. úr bæjarsjóði, sem styrk í þessu skyni.

5. Bréf frá Justitiaríus J. Péturssyni, hvari hann biður um styrk handa vinnukonu hans, Guðfinnu Pálsdóttur, sem nú þegar hefur legið á spítalanum síðan á jólum síðastliðnum, til að borga legukostnað hennar þar. Var þessu máli frestað, til að fá upplýsingar um efnahag nefndrar stúlku o.s.frv.

6. Bréf frá brunamálastjóra ~~G.Zimsen~~, hvari hann biður um, að útnefndir verði 2 virðingarmenn, til að virða hús til brunabóta, og voru þeir sömu, sem fyrr vóru kosnir, n.l: Björn múrari Guðmundsson og Helgi snikkari Helgason, og var formanni falið að tilkynna brunamálastjóranum kosningu þessa.-

7. Var lagt fyrir bæjarstjórnina virðing á eftirfylgjandi húsum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús Kolbeins smiðs á Hliðarhúsastíg, virt á | 1500 | kr. |
| 2. | Hús P.Bjerrings, Vegamótastíg . . . . - | - 2500 | - |
| 3. | Hús W. ~~Luthers~~, nf. útbygging austanverðt við Bryggjuhúsið - | - 1100 | - |
| 4. | Hús Kr. Þorgrímssonar á Kirkjubrúnni (í smíðum) - | - 6000 | - |
| 5. | Bær í Skálholtskoti tilheyr. Guðm.Ingimundssyni vaktara - | - 250 | - |
| 6. | Bær Sigurðar Friðrikssonar á Vegamótastíg | - 400 | - |
| 7. | Hús Þorsteins Tómassonar, Lækjargötu, albúið . . . - | - 1500 | - |

og voru virðingar þessar allar samþykktar.

8. Bréf frá slökkviliðsstjóra G.Zöega, um að fá lausn frá þeim starfa, enn málefni þessu var frestað til næsta fundar.

9. Bréf frá hr. P.Melsted, hvarmeð hann biður um, að bæjarstjórnin búi til rennu, sem skolavatn og önnur óhreinindi geti runnið burtu frá húsi hans. Bæjarstjórnin áleit ekki óðarlegt fyrir hann fremur en aðra, að hafa gryfju fyrir þetta afrennsli, og neitaði bóninni. -

10. Bréf frá Kvennaskólanefnd Reykjavíkur, hvari hún biður bæjarstjórnina fyrir sitt leyti að veita téðum kvennaskóla fjárstyrk á þessu ári, svo að skilyrðum ~~hans~~ getur orðið fullnægt, sem Alþingi hefir sett fyrir fjárveitingu sinni. - Þetta málefni var þegar áður rætt á aukafundi þann 27. sept., og ~~nú~~ hér til svars uppá þetta bréf, skýrskota til þess, sem þar var við tekið, sem og til áætlunar um tekjur og gjöld Reykjavíkur fyrir næstkomandi ár.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Var síðan rætt um áætlunina, tekjur og gjöld Reykjavíkurbæjar fyrir næsta ár, og með því engin breytingaratkvæði höfðu komið fram frá því á síðasta fundi, og uppástungumaður þess eina breytingaratkvæðis, sem þá kom fram, tók það aftur, þá urðu ekki meiri umræður um hana, og var hún síðan borin undir atkvæði, og samþykkt í einu hljóði.

12. Kom til atkvæða, hvort Bjarni Oddsson í Garðhúsum ætti að fá þann umbeðna viðauka á lóð, samkv. bréfi hans frá 2. sept. þ.á., og var því neitað í einu hljóði.

13. Kom til umræðu, hvort bæjarfulltrúi Pétur Gíslason ætti að fá túnblett þann í Ánanaustum, til erfðafestu, sem hann hingað til hefur haft gegn 16 króna gjaldi, enn bæjarstjórnin áleitt réttara að láta bjóða blett þenna upp á amtinu, áður enn þetta gæti orðið, og var ákveðið að halda uppboð á bletti þessum hið fyrsta ske mætti.

Var svo fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. P.O.Gíslason. G. Þórðarson.
Bergur Thorberg. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, dag 16. október, var bæjarfundur haldinn í bæjarráði Reykjavíkur, og var þá fyrirtekið:

1. Bréf frá brunamajór G. Zöega, sem kom fyrir á síðasta bæjarfundi, með hverju hann biður um lausn frá því starfi sínu. Var svo málið rætt ýtarlega og síðan gengið til atkvæða, og samþykkt með atkv., viðtekið að hann fengi lausn frá umtöluðu embætti frá næstkomandi nýári, og var síðan gengið til að kjósa nýjan slökkviliðsstjóra, og féll valið á faktor Jón Pálsson frá sama tíma, með 7 atkvæðum gegn 2.

2. Bréf frá jústitiaríus J. Pétursson um styrk til vinnukonu hans til að borga legukostnað á spítalanum, og var því máli enn frestað.

3. Bréf frá pastor H. Sveinssyni um blettina við Hlíðarhúsastíg, sem hann á uppboði hafði boðið 10 ál. eftirgjald í 5 ár, en nú biður hann um, að tíminn megi lengjast í 20-30 ár, og býður 15 ál. árgjald etc. Bréfið er dagsett 16. okt þ.á. Var gengið til atkvæða um það, hvort boði séra H. Sveinssonar, 10 ál. í 5 ár, ætti að samþykkja, og var það fellt með 7 atkv. gegn 2. Var síðan gengið til atkvæða um, hvort tilboð séra Sveinssonar í nefndu bréfi skuli tekið til greina, og féll það með öllum atkvæðum nema einu. Var síðan hreyft því spursmáli, hvort ekki væri rétt hentast að fresta því máli, hvort og hvernig þessi blettur yrði boðinn upp, og var með 8 atkvæðum gegn 1 afráðið, að þetta skyldi bíða, þangað til eftir næsta nýár.

4. Kom til umræðu styrkur fyrir barn Guðrúnar Arnljótsdóttur til skólagöngu í vetur, og var það samþykkt með 8 atkv. gegn 1.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. P.O,Gíslason. Á. Thorsteinson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, h. 17. okt. kl. 12 á hádegi, var á þinghúsi bæjarins af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til þess, samkv. tilsk. 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann til 6 ára til þess að vera í niðurjöfnunarnefndinni í stað Einars sál. Jafetssonar. Kjörfundur þessi hefir verið auglýstur með auglýsingu, dags. 25. f.m., og bumbuslætti á götum bæjarins í dag 1/2 tíma á undan fundinum. Auglýsingin er svohljóðandi: - - Kjörskráin hefir legið til sýnis á bæjarþingstofunni hinn lögboðna tíma. Umkvörtun um hana hefir engin komið. Kosningin fór síðan fram á þessa leið:

| Nr. | Nöfn kjósenda: | Nöfn hinna kosnu: |
|---|---|---|
| | Bergur Thorberg amtmaður | Konsúll Símon Johnsen. |
| | Hallgr. Sveinsson dómkirkjup. | Sama. |
| | Jón Þórðarson Hlíðarhúsum | Geir Zöega. |
| | Jónassen, Th. bæjarfógeti | Símon Johnsen. |
| | Árni Thorsteinsson landfógeti | Geir Zöega. |
| | Egill Egilsson | Símon Johnsen. |
| | Magnús Jónsson kaupmaður | Jón Þórðarson Hlíðarhúsum. |
| | Bjarni Bjarnason | Símon Johnsen. |
| | Jónas læknir Jonassen | Sama. |
| | Magnús assessor Stephensen | sama. |

Allir kjósendur, er á kjörskránni eru tilfærðir, voru kallaðir fram, og var þar á eftir beðið hálfa stund, til að taka við atkvæðum þeirra, er síðar kæmu. Voru þarnæst atkvæði talin saman, og hafði konsúll Símon Johnsen fengið flest atkvæði, 7 að tölu.

Var því þarnæst lýst yfir, að herra konsúll Símon Johnsen væri löglega kosinn niðurjöfnunarmaður í stað verzlunarstjóra Einars sál. Jafetssonar til 6 ára.

Kjörþinginu slitið kl. 1 e.m.

E.Th.Jónassen. Bergur Thorberg. Á.Thorsteinson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# ÁÆTLUN UM TEKJUR OG GJOLD REYKJAVIKUR KAUPSTAÐAR ÁRIÐ 1880

| Tekjur | kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 1. Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | |
| 1. Væntanlegar eftirstöðvar um nýjár 1880 . . . . . . . . . . . | | 800.oo | |
| 2. Tekjur af eignum kaupstaðarins: | | | |
| a. Leiga af túnum og lóðarpörtum eftir samningi, áætluð gjöld eftir verðlagsskrá meðalverð 1324 1/2 al. á 57au. | 754.97 | | |
| í peningum . . . . . . . . . | 126.oo | 880.97 | |
| Nefnilega: | | | |
| Skálholtskots- og Stöðlakotstún: ál. | | | |
| 1. Norðurvöllur . . . . . . . . 45 1/2 | | | |
| 2. Miðvöllur og Suðurvöllur 85 | | | |
| 3. Útnorðurvöllur . . . . . . 74 | | | |
| 4. Útsuðurvöllur . . . . . . . . 50 | | | |
| Vesturtún bæjarins: | | | |
| 5. Ullarstofutún . . . . . . 101 | | | |
| 6. Biskupsstofutún . . . . . . . 71 | | | |
| 7. Melshúsatún . . . . . . 104 | | | |
| 8. Melkotstún . . . . . . . . 110 | | | |
| Hlíðarhús með Ánanaustum: | | | |
| 9. Bletturinn nr. 1 . . . . . . . 60 | | | |
| 10. -"- - 2 . . . . . . 108 | | | |
| 11. -"- - 3 . . . . . . . 119 | | | |
| 12. -"- - 4 . . . . . . . 43 | | | |
| 13. -"- 5 og 6. . . 20 | | | |
| 14. Ánanaust . . . . . . . . . . | 16.oo | | |
| Ýms tún og blettir: | | | |
| 15. Sefið í Tjarnarendanum 25 | | | |
| 16. Móhúsatún . . . . . . . . . 54 | | | |
| 17. Viðauki við Móhúsatún . . . 30 | | | |
| 18. Thomsenstún . . . . . . . . . 60 | | | |
| 19. Grænuborgarblettur . . . . 10 | | | |
| 20. Viðaukablettur við Brennu 1 | | | |
| 21. -"- - Grund 4 | | | |
| 22. Litlaholtsblettur . . . . . 18 | | | |
| 23. Neðraholtsblettur . . . . . 29 | | | |
| 24. Viðaukablettur við Sauðagerði 14 | | | |
| 26. Stekkjarkotstún . . . . . . | 8.oo | | |
| 25. Túnblettur á Melunum . . . | 10.oo | | |
| 27. Gamli kirkjugarðurinn (til fardaga 1883) . . . . . . . | 33.oo | | |
| 28. Kálgarður hjá prentsmiðjunni | 6.oo | | |
| 29. Austurvöllur (4 ára leigumáli frá fardögum 1878) | 45.oo | | |
| 30. Viðaukablettur við Garðana 10 | | | |
| 31. -"- - Nýjabæ 4 | | | |
| 32. Kálgarður hjá Barnaskólanum | 8.oo | | |
| 33. Móakotsblettur . . . . . . . 16 | | | |
| 34. Grímsbæjarblettur . . . . 17 | | | |
| 35. Pálsbæjarblettur . . . . . . 12 | | | |
| 36. Garðhúsablettur . . . . . . . 5 | | | |
| 37. Steinstaðablettur . . . . 5 | | | |
| 38. Móablettur (milli Thomsenstúns og Móhúsatúns) . . . 20 | | | |
| Væntanlegt meðalverð á al. áætlað 57 aurar. | | | |
| Nr. 14, Ánanaust, er aðeins uppá árs leigumála og gjaldið áætlað 16 kr. | | | |
| - 28, Kálgarðurinn hjá prentsmiðjunni, var leigður 1879 fyrir 6 kr. og er hér áætl. sama leiga | | | |
| Flyt kr. | | 1680.00 | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flutt kr. | | 1680.97 | |
| 33-37 og 38. Samkv. samningi milli bæjarstjórnar og hlutaðeiganda eru lóðarblettir seldir til erfðafestu fyrir hið tilgreinda gjald. | | | -enda / Hér eru þessir |
| Bæjarsjóðurinn á í vændum afgjald af túnum þeim og lóðarblettum, er nú skal greina: | | | sjóðurinn |
| a, Efraholtsblettur, útmældur 18. feb. 1858. | | | |
| b. Félagsgarður, eftirgjaldslaus í 80 ár frá 9/6 1848. Tollur af mó eftir samþykktum afnot jarðarinnar Reykjavík, áætlaður . . . . | | 200.00 | -ur |
| c. Leiga eftir Litlu-Bergsstaði, leigðir upp á 5 ár frá 14. maí 1875, fyrir um árið . . . . . . | | 40.00 | |
| d. Leiga eftir hið keypta geymsluhús við barnaskólann, áætlað . . . . | | 30.00 | |
| e. Tekjur af vatnsbólum kaupstaðarins | | 60.00 | |
| f. Óvissar tekjur . . . . . . . . . | | 10.00 | 2020.97 |
| **B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins:** | | | |
| 1. Vextir af arðberandi skuldabréfum | | 36.00 | |
| 2. Tíund til fátækra: | | | |
| a. fasteignartíund . . . . . . . . . | 40.00 | | |
| b. lausafjártíund . . . . . . . . . | 210.00 | 250.00 | |
| 3. Sektir til fátækra og gjafir . . . . | . | 30.00 | |
| 4. Hundaskattur . . . . . . . . . . . | . | 20.00 | |
| 5. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga . . . . . . . . . . . . . . . . | . | 50.00 | |
| 6. Aðrar óvissar tekjur, þar í lán, sem kunna að greiðast aftur . . . . . . . . | . | 700.00 | 1086.00 |
| **C. Sérstakar tekjur Barnaskólans:** | | | |
| 1. Væntanleg leiga af húsum skólans | . | 200.00 | |
| 2. Væntanlegir skólapeningar . . . . . . | . | 800.00 | 1000.00 |
| **D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna tekjustofna:** | | | |
| 1. Lóðargjald samkvæmt lögum 19/10 '77 og í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins: | | | |
| a, af byggðri lóð . . . . . . . . . . | 2300.00 | | |
| b. af óbyggðri lóð í landareign kaupstaðarins . . . . . . . . . . . . . | 900.00 | 3200.00 | |
| 2. Gjöld eftir efnum og ástandi, er ber að jafna niður með 5-10% meira eftir 13. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 23. september 1872, staðfest 9. október s.á. af landshöfðingjanum . . . . . . . . . . . . | | 10557.80 | 13757.80 |
| Tekjur samtals kr. | | | 17864.77 |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G J Ö L D

| | Kr. arar | kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| I. Til hins opinbera: | | | |
| 1. Tíund til prests af eignum kaupstaðarins . . . . . . . . . . . | | 3.33 | |
| 2. Búnaðarskólagjald . . . . . . . . | | 2.67 | 6.00 |
| II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins: | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | |
| a. Laun embættismanna og eftirlaun | | | |
| α. Laun bæjargjaldkera kr. 200.00 | | | |
| β. Styrkur til Árna Gíslasonar . . . . - 100.00 | | | |
| γ. Eftirlaun Árna Björnssonar . . . . . . . . - 37.20 | 337.20 | | |
| b. Skrifstofuhald, ritföng, hreinsun þinghúss, hiti o.fl. . . . . . . . | 125.00 | | |
| c. Til fangavarðar . . . . . . . . . | 88.34 | | |
| d. Umsjón með landeign kaupstaðarins | 150.00 | 700.54 | |
| 2. Til logreglu: | | | |
| a. Laun og eftirlaun: | | | |
| α. Laun hins fasta næturvarðar kr. 440.00 | | | |
| β. Til yfirhafnar . . . . - 20.00 | | | |
| γ. Til aukanæturvörzlu - 260.00 | | | |
| δ. Laun tveggja logregluþjóna eldri 540.00 yngri 500.00 ~~2040.00~~ | 1760.00 | | |
| b. Önnur útgjöld . . . . . . . . . . | 10 | 1770.00 | |
| 3. Til heilbrigðisráðstafana, guðsþjónustu o.fl. | | | |
| a. Styrkur til sjúklinga . . . . . | 50.00 | | |
| b. Laun yfirsetukvenna . . . . . . . | 306.66 | | |
| c. Til forsöngvara í dómkirkjunni | 29.66 | | |
| d. ~~Óviss~~ útgjöld, þar á meðal gæzla á sigurverki . . . . . . . . . . . | 48.00 | 434.32 | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum m.m. . . . . . . . . . . . . . . | | 1000.00 | |
| 5. Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna . . . . . . . | | 400.00 | |
| 6. Til vatnsbólanna . . . . . . . . . | | 450.00 | |
| 7. Slökkvitól bæjarins og slökkvilið . . . . . | | 200.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins . . . | | 500.00 | |
| 9. Árgjald af Hlíðarhúsum: | | | |
| a. Til prestsins á Helgafelli . . | 170.00 | | |
| b. Til ekkjufrúar E. Thorstensen . . | 130.00 | 300.00 | |
| 10. Vextir og afborganir á lánum: | | | |
| a. Lán af Thorkillii-sjóði samkv. br. 3/5 '69 og 3/12 '65 eins árs renta til 11/6 1880 4% af 400 kr. . . | 16.00 | | |
| b. Lán til aðgjörðar á barnask. samkv. bréfi 31/5 1862, upphafl. 3200 kr., er ávaxtast og afborgast með 6% á ári - 18. afborgun | 192.00 | | |
| c. Lán til Hlíðarhúsavegarins samkv. lhbréfi 12/6 '68 að upphæð 800 kr., er afborgast og ávaxtast með 6% frá 1/1 '69 - 12. afborgun . . . . | 48.00 | | |
| d. Lán til þjóðvegar, er samkv. landshöfðingjabr. 29/5 '73 afborgast og ávaxtast frá 1/1 '74 með 6% að upphæð 800 kr. - 6. afborgun | 48.00 | | |
| e. Lán til þjóðv. samkv. lhbréfi 29/5 '75 að upphæð 1600 kr. Af láninu borgast enn aðeins vextir 4% . . . . . . . . . . . . . . . | 64.00 | | |
| Flyt kr. | | | |

α = alfa, β = beta o.s.frv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| Flutt kr. | | | |
| f. Lán til þinghúsbyggingar 5000 kr. og hluttekning í kostnaði við fangahús 3271.10, samt. 8271.10 kr., er samkv. lhbr. 16/5 afborgast á 15 árum samfleytt með 1/15 á ári og ávaxtast með 4%. 7. afborgun . . kr. 551.41, vextir af kr. 4962.64 - 198.50 | 749.91 | | |
| g. Lán til aðgjörða á Austurstræti samkv. landsh.br. 10/10 '74 að upphæð 10000 kr. Lán þetta ávaxtast og afborgast með 6% 5.afb. | 600.00 | | |
| h. Lán handa Skólavörðunni samkv. ráðherrabr. 3/5 '71 að upphæð 400 kr. Rentur af því 4% . . . . . . . . . | 16.00 | | |
| i. Lán tekið í hafnarsjóði 25/11 '76 til ljóskera 2000 kr. Rentur af því 4% . . . . . . . . . . . . . . . . . | 80.00 | | |
| k. Lán tekið úr hafnarsjóði til lóðarauka og húskaupa handa barnaskólanum 2000 kr. Rentur af því 4% . . . | 180.00 | 1893.91 | |
| 11. Til áhalda, aðgjörðar og útvegunar á þeim . . . . . . . . . . . . . . . | | 30.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld . . . . . | | 150.00 | |
| 13. Væntanlegar eftirstöðvar við árslok 1880 . . . . . . . . . . . | | 800.00 | 8628.77 |
| **III. Útgjöld fátækrasjóðsins:** | | | |
| 1. Til aðstoðar og framfæris þurfamanna: | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga . . . . . . | 4600.00 | | |
| b. Til þurfamanna . . . . . . . . . . | 1000.00 | | |
| c. - vitstola . . . . . . . . . . | 600.00 | | |
| d. Greftrunarkostnaður ómaga . . . . | 100.00 | | |
| e. Lögflutningur sveitarómaga . . . | 40.00 | | |
| f. Önnur útgjöld, þar í fátækralyf | 100.00 | 6440.00 | |
| 2. Önnur útgjöld . . . . . . . . . . . | | 40.00 | 6480.00 |
| **IV. Til barnaskólans:** | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun hins fasta kennara . . . . . | 1000.00 | | |
| b. Aukaþóknun til sama fyrir 1880 | 200.00 | | |
| c. Til aukakennslu . . . . . . . . . . | 800.00 | 2000.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld, brunabætur o.fl. | | | |
| a. Viðhald á húsinu . . . . . . . . | 200.00 | | |
| b. áhöld . . . . . . . . . . . . . . . | 50.00 | | |
| c. Brunabætur og húsaskattur . . . . | 100.00 | | |
| d. Eldiviður og ljós . . . . . . . . | 220.00 | 570.00 | |
| 3. Útgjöld, svo sem til ritfanga, þvotta á skólahúsinu o.fl. . . | | 80.00 | 2650.00 |
| **V. Til kvennaskólans í Reykjavík,** með því skilyrði að stúlkur úr Reykjavík fái ókeypis kennslu í skólanum, og að minnsta kosti 5 stúlkur noti kennsluna . . . . . . . . . . . . . . | | | 100.00 |
| Gjöld samtals kr. | | | 17864.72 |

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 4. október þ.á.

E.Th.Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, h. 25. október, setti bæjarfógeti, E. Th. Jónasson, framtalsþing fyrir Reykjavíkurbæ á vanalegum stað, og fór framtal manna þannig fram til tíundar:

1. L.E.Sveinbjörnsson telur fram 2 hesta og 1 kú.

2. Landshöfðingi (taldi fram í gær): eins og var í fardögum utan 1 hesti minna.

3. Egilsson: framtal ein og í vor.

4. N. Zöega: 1 kýr, 2 hestar og 1 hryssa.

5. Sveinn Bjarnason í Sauðagerði: sama framtal og í vor.

6. Guðm. Þórðarson bæjarfullt: 1 1/2 skip, bátur, sem sjó gengur, 2 v. hestur, 2 tryppi, 2 ær, 2 geml.

7. Þórður Guðmundsson: 1 1/2 skip, 2 tryppi.

8. Jón Þórðarson: 2 kýr, 3 hross (23, 19 og 6 vetra), 5 tryppi (1 4 vetra (meri), 2 3v. (folar), 1 2v. tr., 1 veturgamalt tryppi).

9. Ólafur Guðlaugsson: 1 skip, 1 bát, 1 hestur og 1 tryppi 3 v.

10. Jón Guðmundsson í Hlíðarhúsum: 1 bátur, 1 skip, 2 ær.

11. Þórður Torfason: 1 skip, 1 bát (sem gengur sjó), 2 hestar (18 og 19v.), 4 tryppi, 1 meri 6v., 2 vetur meri, veturgl. meri og 1 foli 5 vetra.

12. Sigurður Jónsson fangavörður: 1 kú.

13. Zöega: Hið sama og í fardögum og ótamin 7 tryppi (öll undir 4 vetra).

Með því eigi komu fleiri á þingið, þá var þinginu sagt slitið.

E. Th. Jónasson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, ~~föstu~~daginn þann 6. nóvember, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst rætt um:

1. Bréf frá J. Borgfirðingi um eftirgjöf á hálfu kennslukaupi fyrir barn hans í barnaskólanum. Var það veitt með öllum atkvæðum móti tveimur.

2. Bréf frá bóksala Kr. O. Þorgrímssyni, hvar í hann biður um lánaðan coulissen og búninga til sjónleikja í vetur. Var málefni þessu vísað til nefndar þeirr, sem sett hefir verið í ~~þessum~~ mál~~inu~~.

3. Voru bornar undir bæjarstjórnina nokkrar virðingargjörðir til brunabóta á húsum:

Gjörði bæjarfulltrúi Thorsteinsson þá uppástungu, að jafnframt og bæjarstjórnin ætti að segja álit sitt um virðingar húsa til brunabóta, væri lagt fram vottorð slökkviliðsstjóra um það, að byggingarnar væri ~~byggðar~~ eftir ákvörðunum brunabótalaganna. Samþykkt. Þá kom fyrst virðingargjörð á:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Bæ Hermanns Guðmundssonar á Selsbúð, virt á | 273 | kr. | Samþykkt. |
| 2. | Hús bakara Jensens við Göthúsastíg - | 4600 | - | ditto. |
| 3. | Geymsluhús við hegningarhúsið, . . . - | 900 | - | - |
| 4. | Bærinn Austurholt með öllum húsum alls- | 425 | - | - |
| 5. | Hús Jóns Guðmundssonar á Hlíðarhúsastíg - | 1500 | - | - |
| 6. | Hús Þórðar Guðmundssonar á Lækjargötu - | 2000 | - | - |
| 7. | Hús ~~Hús~~ adjúnkt ~~Arn.~~ Thorsteinssonar - | 3600 | - | - |

4. Kom fram uppástunga um, að luktin við grófina við Liverpool megi loga alla nóttina, og var það samþykkt.

Formaðurinn bað bókað, að hann skoraði á bæjarfulltrúa Jón Jónsson, þegar hann við fundarlok gekk af fundinum, að skrifa undir, en hann neitaði því, að hann gjörði það í kvöld.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. Á. Thorsteinsson. G. Þórðarson. Magnús Stephensen. Jón Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, fimmtudaginn þann 20. nóv., var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst tekið til að kjósa 2 menn í kjörstjórn, þareð eftir nýárið ber að kjósa í bæjarstjórn í stað assessors M. Stephensen, og urðu þeir bæjarfulltrúi A. Thorsteinsson og amtmaður B. Thorberg kosnir í þá nefnd.

2. Var tilkynnt um uppboð á Ánanaustatúninu til erfðafestu, hvar Pétur Gíslason varð hæstbjóðandi með 20 ál. árlegu eftirgjaldi. Var boð þetta samþykkt af bæjarstjórninni.

3. Fyrirspurn ~~um, herra~~ G. Lambertsen eigi framvegis að hafa Móhúsatún og Tjarnarendann, þar eð hann ekki enn hefur goldið eftir þessa bletti nú í síðustu 3 ár. Var ákveðið með atkvæðafjölda, að blettir þessir yrðu teknir frá Lambertsen, og reynt á þeim nýtt uppboð. -

4. Fyrirspurn, hvort ekki væri ástæða til að gefa eftir helming af aukaútsvari Einars sál. Jafetssonar fyrir 1879. Var það borið upp til atkvæða, enn var samþykkt án atkvæðagreiðslu.

5. Bréf frá Sigurði Sigurðssyni á Austurholti, hvarmeð hann biður sér útmælda meiri lóð á Hlíðarhúsastíg, ~~sem~~ hann fékk þann 11. þ.m. oghefur það til ástæðu, að 2 ætti að búa í húsi því, sem þar á að byggja. Var fyrst leitað atkvæða um þá uppástungu að vísa þessu máli til byggingarnefndarinnar álita, og var það viðtekið..

6. Bréf frá herra G. Zöega um að panta eina sprautu í viðbót. Var samþykkt að fresta máli þessu ~~til næsta dags~~, og ræða það aftur á aukafundi.

7. Bréf frá Sigurði Jónssyni fangaverði um að eftirláta sér moldir úr Bergstaðabænum, þegar hann verði rifinn, og leigja sér kálgarðinn við bæinn. Var Samþykkt að fresta máli þessu til þess síðar.

8. Bréf frá dr. J. Jónassen o.fl. um, að bæjarstjórnin ætti nú að nota ofaníburð þann, sem nú fæst hjá hr. J. Árnasyni, til að bera hann ofaní Skálholtskotsveginn, sem þurfi þess mjög við.
Var stungið upp á að vísa þessu máli til veganefndarinnar, með þeirri heimild fyrir hana, að hún gæti látið keyra uppfyllingu þessa í Skálholtskotsveginn, án tillits til þess, hvort nægir peningar séu til þess fyrir þetta ár eður ekki, og var það samþykkt.

9. Uppástunga frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa um það, hvort ekki mætti auglýsa dagskrá til funda á hentugum stöðum í bænum. Var því máli frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg. G. Jónsson.

Við 3. mál, einsog það er bókað hér að framan, vill undirskrifaður bæjarfulltrúi geta þess, að það var tekið skýrt fram undir umræðunum, að sú umrædda fasteign Guðmundar Lambertsens skyldi því aðeins tekin frá honum án laga og dóms, að skýlaus lagaheimild væri fyrir því.
Við 6. mál skal það athugað, að ekkert var viðtekið um að ræða ~~það~~ á aukafundi, þar á móti var með atkvæðafjölda, felld uppástunga um, að málið yrði tekið fyrir á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

Jón Jónsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, ~~föstu~~daginn þann 27. nóv., var aukafundur haldinn fimmtu
í Bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar tekið fyrir málefni það, b
sem undir 6. töluliö á næst undan gangandi fundi var frestað,
viðvíkjandi því, hvort ekki væri þörf á að ~~kaupa~~ nýja sprautu H panta
og nokkrar fötur. Var viðtekið í einu hljóði, að bæjarfógetanum
væri á hendur falið að annast um ~~sprautu kaupin~~ handa bænum, spröitu keypta
sem kostaði allt að 1000 krónum, og að hann útvegaði bænum
lán til að borga hana með. Sprautu þessari skyldi fylgja öi
vagn og ~~Hérumbil~~ 25 pör af járnfötum. hér um bil

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Magnús Stephensen. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. G. Þórðarson. J E



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, ~~föstudaginn~~ þann 4. des., var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá samkvæmt dagskrá frá í gær fyrir tekið: fimmtudaginn

1. Áskorun til formanns bæjarstjórnarinnar, að láta ganga til atkvæða um, hvort bæjarfulltrúi Jón Jónsson lengur geti átt sæti í bæjarstjórninni. Áskorun þessi var frá 4 bæjarfulltrúum skrifleg, og var einnig framlagt bréf frá 20 bæjarbúum ~~um sama efni~~. Var málefni þetta rætt um hríð, og síðan gengið til atkvæða samkvæmt áskoruninni, og var það viðtekið með 5 atkvæðum gegn 2, að bæjarfulltrúi Jón Jónsson skyldi, samkv. 10 gr. tilskip. 20. apríl 1872, víkja úr bæjarstjórninni. Bæjarfulltrúi Á. Thorsteinsson greiddi atkvæði á móti, og formaður greiddi ekki atkvæði. - Jón Þórðarson bæjarfulltrúi var ekki viðstaddur. sama efnis

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. P.O. ~~Þórðarson~~ Einar Þórðarson. G.Þórðarson. Bergur Thorberg. Árni Thorsteinsson. Magnús Stephensen. H Gíslason



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, mánudaginn þann 15. des., var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og bar formaður þar upp þá uppástungu, hvort bæjarstjórninni ekki sýndist, að kosin væri 3 manna nefnd til að gefa skýrslu þá, sem landshöfðingi æskir ~~leftir~~ að fá í bréfi hans, dags. 5. þ.m., út af því að ritara Jóni Jónssyni var vikið úr bæjarstjórninni. Var uppástunga formannsins viðtekin, og voru þessir kosnir:

Assessor M. Stephensen,

Amtmaður B. Thorberg,

Bæjarfógeti E.Th.Jónassen.

Síðan bar bæjarfulltrúi Á. Thorsteinsson upp þá ósk til bæjarstjórnarinnar, hvort hún ekki vildi leyfa fornleifafélaginu að halda hér um bil 3 eða 4 fundi til fyrirlestra í bæjarþingsalnum nú í vetur, þar sá staður væri því hinn hentugasti, meðan forngripasafnið væri geymt í sama húsi. Var bæjarstjórnin á því, að ekkert gæti verið því til fyrirstöðu, og gaf leyfið til þessa.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. G. Þórðarson. P.Ó.Gíslason. Bergur Thorberg. Árni Thorsteinsson. Magnús Stephensen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879, dag 18. des., var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst tekið fyrir að ræða um:

1. Bréf frá Agli Gunnlögssyni í Arabæ, ~~biður~~ beiðni um fría kennslu fyrir dóttur sína, Önnu Magneu, í barnaskólanum frá nýári 1880, og var það veitt.

2. Beiðni frá Pétri Gíslasyni bæjarfulltrúa um fría kennslu í barnaskólanum fyrir Ólaf Kristjánsson frá Görðum, og var það veitt.

3. Beiðni frá Kristínu Grímsdóttur um sama, fyrir son hennar, Árna Eyþórsson, og var það einnig veitt.

4. Beiðni um staðfesting á virðingu til brunabóta á húsi Ólafs Þórðarsonar á Selslóð, sem nú er ~~virðt~~ virt á 1100 kr., og var virðingargjörðin samþykkt.

5. Var lesið upp bréf það, sem nefnd sú hafði samið, sem á síðasta fundi var kosin til að gefa landshöfðingja skýrslu þá, sem hann æskir eftir í bréfi til bæjarfógeta, dags. 5. þ.m., út af því að Jóni ritara Jóns~~son~~syni var vikið úr bæjarstjórninni. Var bréfið samþykkt af öllum ~~nefndar~~fundarmönnum og þegar undirskrifað. - Formaður sagðist mundi láta taka afskrift af bréfinu og senda Jóni ritara Jónssyni, eftir tilmælum landshöfðingjans. Þetta síðasta mál var rætt fyrir luktum dyrum..

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Magnús Stephensen. Á.Thorsteinsson. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. P.O.Gíslason. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, mánudaginn hinn 5. dag janúarmánaðar kl. 12 á hádegi, var á þinghúsi Reykjavíkurkaupstaðar af undirskrifaðri kjörnefnd haldinn kjörfundur til þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann í bæjarstjórn Reykjavíkur til tveggja ára af hærra gjaldenda flokki í stað assessors Magnúsar Stephensen. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með auglýsingum, dags. 18. desember f. á., sem festar hafa verið upp hér í bænum 18. og 29. f.m. Trumba var og slegin 1 stundu, áður kjörfundur þessi hófst, til þess að gjöra mönnum aðvart um hann. Kjörskráin hefir legið til sýnis um lögskipaðan tíma á bæjarþingstofunni, og hafa engar athugasemdir komið fram við hana.

Kosningin fór þannig fram:

| Nr. | Kjósendur | Kosinn bæjarfulltrúi: |
|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason Skólavörðustíg. | |
| 2. | Árni Gíslason -"- . | |
| 3. | Bergur Thorberg amtmaður: | Halldór Friðriksson. |
| 4. | Benedikt Ásgrímsson gullsm. | |
| 5. | Benedikt Gröndal kennari: | Halldór Friðriksson. |
| 6. | Bernhöft D. bakari: | Geir Zöega. |
| 7. | Bjarni Bjarnason Lækjargötu: | Halldór Friðriksson. |
| 8. | Bjarni Oddsson Garðhúsum: | Geir Zöega. |
| 9. | Björn Guðmundsson múrari: | Geir Zöega. |
| 10. | - Hjaltested járnsmiður: | Halldór Friðriksson. |
| 11. | Egill Egilsson bæjarfulltrúi: | Halldór Friðriksson. |
| 12. | Einar Jónsson snikkari. | |
| 13. | - Sigvaldason Háholti. | |
| 14. | - Þórðarson prentari: | Halldór Friðriksson. |
| 15. | - Þorsteinsson Arnarholti: | Geir Zöega. |
| 16. | Eiríkur Ásmundsson Grjóta: | Halldór Friðriksson. |
| 17. | Erlendur Hannesson Mel. | |
| 18. | Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður. | |
| 19. | Finsen, H. landshöfðingi. | |
| 20. | - , O. póstmeistari: | Halldór Friðriksson. |
| 21. | Geir Zöega dannebrogsmaður: | Halldór Friðriksson. |
| 22. | Gísli Björnsson Bakka: | G. Zöega. |
| 23. | Guðmundur Erlendsson Hlíðarhúsum: | Halldór Friðriksson. |
| 24. | Guðmundur Ingimundsson vaktari. | |
| 25. | - Þórðarson bæjarfulltrúi. | |
| 26. | Halberg, J. gestgjafi: | Halldór Friðriksson. |
| 27. | Halldór Kr. Friðriksson yfirkenn.: | L.E.Sveinbjörnsson. |
| 28. | - Guðmundsson skólakennari: | Halldór Friðriksson. |
| 29. | Hansen, O. M. hattari. | |
| 30. | Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur. | |
| 31. | Hans Jónsson Grímsbæ. | |
| 32. | Helgi Hálfdánarson docent. | |
| 33. | - E. Helgesen yfirkennari. | |
| 34. | - Helgason snikkari. | |
| 35. | Hjaltalín, J. landlæknir. | |
| 36. | Ingimundur Sigurðsson Bakka. | |
| 37. | Ívar Jónathansson Seli. | Geir Zöega. |
| 38. | Jakob Sveinsson snikkari. | |
| 39. | Jacobsen skósmiður. | |
| 40. | Jensen bakari. | |
| 41. | Jóhannes Jónsson snikkari. | |
| 42. | - Olsen Hjallhúsi. | Halldór Friðriksson. |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr. | Kjósendur: | Kosinn bæjarfulltrúi: |
|---|---|---|
| 43. | Jóhannes Zöega Nýjabæ. | |
| 44. | Johannsen, M. faktor. | |
| 45. | Jónas Helgason organisti. | |
| 46. | Jónassen, J. læknir: | Halldór Friðriksson. |
| 47. | - , E. Th. bæjarfógeti: | Halldór Friðriksson. |
| 48. | - , Th. etazráð. | |
| 49. | Johnsen, H. H. kaupmaður. | |
| 50. | - , Símon do.: | Geir Zöega. |
| 51. | - , Stgr. cand. theol. | |
| 52. | Jón Árnason bókavörður. | |
| 53. | - Guðmundsson Hlíðarhúsum. | |
| 54. | - - Bakkabæ. | |
| 55. | - Guðnason kaupmaður: | Geir Zöega. |
| 56. | - O. V. Jónsson faktor: | Halldór Friðriksson. |
| 57. | - Jónsson ritari: | Geir Zöega. |
| 58. | - Oddsson lóðs. | |
| 59. | - Ólafsson Hlíðarhúsum: | Geir Zöega. |
| 60. | - Pálsson faktor: | Halldór Friðriksson. |
| 61. | - Pétursson justitiarius. | |
| 62. | - Steffensen faktor: | Halldór Friðriksson. |
| 63. | - x Sveinsson kennari. | |
| 64. | - Þórðarson Hákoti. | |
| 65. | - - Hlíðarhúsum: | Geir Zöega. |
| 66. | - Þorkelsson rektor. | |
| 67. | Kristján Jónsson sýslumaður. x | |
| 68. | Krüger, N. S. lyfsali. | |
| 69. | Lambertsen, G. agent. | |
| 70. | Lange, Chr. faktor: | Halldór Friðriksson. |
| 71. | Lárus E. Sveinbjörnsson assessor. | |
| 72. | Löwe klæðasali. | |
| 73. | Magnús Árnason snikkari. | |
| 74. | Magnús Einarsson Melkoti. | |
| 75. | - Magnús Jónsson kaupmaður: | Geir Zöega. |
| 76. | - Stephensen yfirdómari: | Halldór Friðriksson. |
| 77. | - Vigfússon Miðseli: | Geir Zöega. |
| 78. | Markús Bjarnason skipstjóri: | Halldór Friðriksson. |
| 79. | Matthías Jochumsson ritstjóri: | Geir Zöega. |
| 80. | - Markússon Holti. | |
| 81. | Melsted, P. prókúrator: | Halldór Friðriksson. |
| 82. | - , S. lector: | Halldór Friðriksson. |
| 83. | Níels Eyjólfsson Klöpp. | |
| 84. | Nikulás Jafetsson gestgjafi: | Halldór Friðriksson. |
| 85. | Ólafur Guðlaugsson Hlíðarhúsum. | |
| 86. | - Ólafsson söðlasmiður: | Geir Zöega. |
| 87. | - Rósenkranz fimleikakennari: | Halldór Friðriksson. |
| 88. | Páll Þorkelsson gullsmiður. | |
| 89. | Pétur Gíslason Ánanaustum: | Geir Zöega. |
| 90. | - Pétursson biskup. | |
| 91. | Sigfús Eymundsson ljósmyndari. | |
| 92. | Sigurður Jónsson járnsmiður. | |
| 93. | - Sigurðsson Litlaholti. | |
| 94. | Sveinn Bjarnason Sauðagerði: | Geir Zöega. |
| 95. | - Ingimundsson Seli: | Geir Zöega. |
| 96. | Teitur Finnbogason dýralæknir: | Geir Zöega. |
| 97. | Tómas Hallgrímsson dócent. | |
| 98. | Torfi Jónsson Hákonarbæ: | Geir Zöega. |
| 99. | - Þorgrímsson prentari: | Geir Zöega. |
| 100. | Thorsteinsson, A. landfógeti: | Geir Zöega. |
| 101. | - , Steingrímur kennari. | |
| 102. | Unbehagen factor. | |
| 103. | Waage, S. M. bókhaldari: | Halldór Friðriksson. |
| 104. | Valgarður Breiðfjörð snikkari. | |
| 105. | Zimsen, N. consúll: | Halldór Friðriksson. |
| 106. | Þórður Guðmundsson Görðum: | Geir Zöega. |
| 107. | - Torfason Vigfúsarkoti. | |
| 108. | Þorfinnur Jónathansson kaupm. | |
| 109. | Sigurður Jónsson Móakoti. | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir Kjósendur, sem á kjörskránni taldir, voru kallaðir fram, og var þar eftir beðið í hálfa stund, til þess að taka á móti atkvæðum þeirra er síðar kæmu.

Voru þarnæst atkvæði talin saman, og hafði herra yfirkennari Halldór Friðriksson fengið flest atkvæði, 27 að tölu.

Var því þarnæst yfirlýst, að herra yfirkennari Halldór Friðriksson væri löglega kosinn bæjarfulltrúi til tveggja ára frá 1. janúar 1880 að telja.

Kjörfundinum slitið kl. 1. e.m.

E.Th.Jónassen. Bergur Thorberg. Á. Thorsteinssón.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1889, fimmtudaginn þann 15. janúar, var reglulegur fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst:

1. Lesið upp bréf frá landshöfðingja, hvarmeð hann úrskurðar, að Jón ritari Jónsson skuli aftur taka sæti í bæjarstjórn, þannig ályktun sú, sem bæjarstjórnarmeirihlutinn hafi gjört þ. 4. des. f.á., þarmeð sé úr gildi felld.

2. Var síðan kosinn bæjarfulltrúi í fjárhagsnefndina í stað M.Stephensen, og var bæjarfulltrúi H.Kr.Friðriksson kosinn með 5 atkv.

3. Síðan var kosið í stað M. Stephensen í veganefndina, og var H.Kr.Friðriksson kosinn með 6 atkv.

4. Síðan var borið upp, hvort kjósa skyldi í stað M.Stephensen í skólanefndina, enn með því hann hafði gefið kost á að vera kyrr í nefndinni, þá var það úrskorið með atkvæðafjölda, að hann yrði kyrr í nefndinni.

5. Þá kom bréf frá Birni Guðmundssyni múrara, hvarmeð hann biður um leyfi til að aka grjóti á stíg bakara Bernhöfts, sem hann hefur notað til móflutnninga, því nefndur bakari hefur bannað nefndum múrara að nota veg þenna. Bar bæjarfulltrúi Á. Thorsteinsson upp þá uppástungu, að bæjarstjórnin að sínu leyti ekki hefði neitt á móti, að Birni múrara sé veitt leyfi til að nota nefndan stíg, enn að öðru leyti taki bæjarstjórnin mál þetta til ýtarlegrar rannsóknar. Uppástunga þessi var í einu hljóði viðtekin.

6. Voru bornar upp nokkrar virðingar á húsum til brunabóta, til samþykktar:
1. Hús Gísla Björnssonar á Hlíðarhúsalóð nyrzt á kr. 1050.oo
2. Hús Símonar Johnsens í Hafnarstræti, sem hefur verið byggt ofaná önnur etage, nyrzt á . . . . . .á kr. 6500.oo
3. Hús Eiríks Ásmundssonar í Grjótagötu nyrzt á - 330.oo
4. Bær sama . . . . . . . . . Grjótagötu virt á - 1600.oo
5. Bær sama . . . . . . . . . Grjótagötu virt á - 260.oo

Var með 8 atkvæðum álitið, að fresta ætti virðingargjörðinni á húsi Gísla Björnssonar á Hlíðarhúsalóð. Enn hinar aðrar virðingagjörðir, sem hér eru nefndar, voru staðfestar. -

7. Bréf frá Jóni ritara Jónssyni, hvar í hann spyr, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að hann taki til starfa aftur í fátækrastjórninni; var gengið til atkvæða um það, og var það fellt. Jón Jónsson greiddi ekki atkvæði. Pétur Gíslason greiddi atkvæði á móti.

8. Frumvarp frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa um breyting á lóðartollslögum. Óskaði flutningsmaður, að nefnd yrði sett í þetta mál. Var það borið undir atkvæði, og fellt. Var þá frumvarpið borið undir atkvæði, og var það fellt með 7 atkvæðum.

9. Frumvarp til bæjarstjórnarályktunar um niðurjöfnun á bæjargjöldum frá sama. Var frumvarpið þett undir atkvæði, og var það fellt með 7 atkv.

10. Frumvarp til bæjarstjórnarályktunar um fjölgun barna í barnaskólanum frá sama. Var svo gengið til atkvæða um, hvort nefnd ætti að setja í þessu máli. Fellt með 8 atkvæðum. Því næst gengið til atkvæða um, hvort því skyldi vísað til skólanefndarinnar. Fellt með 7 atkv. Var svo uppástungan, eins og hún liggur fyrir, borin upp til atkvæða, og felld með 7 atkv.

11. Frumvarp til bæjarstjórnarályktunar um fækkun lögregluþjóna, frá sama. (Jón Jónsson talar - hringt - hringt aftur - áminntur um að halda sig við efnið aftur enn einu sinni - gjörði hvorugt). Var frumvarpið svobúið borið upp til atkvæða, og var það fellt með 9 atkv.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Frumvarp frá sama um lögreglusamþykkt. Framsögumaður Jón Jónsson talaði fyrst og síðast í máli þessu. Var svo gengið til atkvæða um frumvarp þetta, og var það fellt með 9 atkvæðum.

13. Bréf frá Ingibjörgu Jónsdóttur ~~Hand~~húsum, beiðni um að fá fría kennslu í barnaskólanum fyrir son sinn. Var sú uppástunga borin upp til atkvæða, hvort málinu ætti að fresta, og var það viðtekið með 5 atkv.

14. Bréf frá Elínu Jónsdóttur í Skálabænum, um að fá ókeypis skólagöngu í barnaskólanum. (Jón Jónsson hringdur niður tvisvar og áminntur um að halda ~~sig~~ við efnið). Var það borið undir atkvæði og samþykkt með 5 atkv.

15. Bréf frá bæjarstjóra Jóni Jónssyni um tilboð um Hafnarbryggju frá Slimon , og í annan stað um það, að nefnd manna yrði sett til að íhuga, hvort Reykjavíkurbær geti ekki sjálfur tekið að sér ábyrgðina á þeim hluta af andvirði húsa í bænum, sem ekki eru í brunabótafélagi hinna dönsku kaupstaða.

Var svo fyrst rætt um fyrri hluta bréfsins nf: bryggju Slimons, og borin undir atkvæði, og var efni hans fellt með 8 atkvæðum.

Síðan var rætt um hinn síðari kafla bréfsins, og var það borið upp til atkvæða, og var það fellt með 7 atkvæðum.

Jón Jónsson mótmælti, að bókunin, hvað hringingar og áminningar snerti hér að framan undir 11. lið, væri rétt. Var það borið undir atkvæði, og voru 6 atkvæði fyrir því, að rétt væri bókað.

Var svo borið upp, hvort rétt væri bókað hið sama undir lið 14, þar sem Jón Jónsson mótmælir því, og var það samþykkt með 6 atkvæðum.

Jón Jónsson bað bókað, að hann ekki hefði komið á fundinn, fyrr en málið nr. 5 kom til umræðu.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. Jón Jónsson. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Á. Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, þriðjudaginn 20. janúar, átti bæjarstjórnin með sér aukafund:

1. Þá var fyrst borin upp að nýju virðingargjörð á húsi Gísla Björnssonar á Hlíðarhúsum, sbr. næsta fund á undan, og með því að nægar upplýsingar voru fengnar, var virðingargjörðin samþykkt.

2. Þá var að nýju tekin til umræðu ~~beiðni Bjarnar~~ múrara bæn Björns Guðmundssonar um að mega aka grjóti eftir móvegi bakara Bernhöfts. Var þá lesið upp bréf fógetans 24. marz 1858, þar sem bakaranum var leyft að leggja veginn, og nokkur önnur skjöl þessu máli viðvíkjandi. Eftir nokkrar umræður varð sú niðurstaðan, að Egilsson bar nú uppástungu þá fram, að vegurinn verði alveg tekinn af bakara Bernhöft, og að beiðanda í þetta sinn að nefndum vegi verði gefið skýlaust leyfi bæjarstjórnarinnar til að nota hann til grjótflutninga. En hún var felld með 5 atkvæðum gegn 2.- Guðmundur Þórðarson stakk upp á, til að miðla málum, að bjóða Bernhöft 50-60 kr., til þess að hann afsalaði sér veginum og afhenti hann bæjarstjórninni.
Egilsson stakk upp á, að veganefndinni væri falið á hendur að skoða veginn og skýra frá mannvirkjum á honum og gefa álit sitt um, hvers virði hann væri. Hún var felld með jöfnum atkvæðum. - Því næst var uppástunga Guðm. Þórðarsonar borin upp, og var hún felld með 5 atkv. gegn 3.

3. Því næst skyldi kjósa nefnd til að semja skrá yfir báta, opin skip og þilskip, sem höfð eru til fiskveiða og hákarlaveiða, og skýrslu um spítalagjald á næstkomandi manntalsþingi. En sú nefnd var talin óþörf eftir lögunum.

4. Í bréfi 15. þ.m. spyr landshöfðinginn, með hvaða skilyrðum bæjarstjórnin vilji leyfa að taka sand hjá höfninni, Hlíðarhúsum og Ánanaustum. Eftir nokkrar umræður varð sú niðurstaðan, að samþykkt var að leyfa að taka sand við Ánanaust undir umsjón veganefndarinnar, en neitað að taka sand við Hlíðarhús og við höfnina.

5. Þá var að nýju borin upp bæn Ingibjargar í Hausthúsum um kauplausa kennslu handa barni sínu, en því var neitað.

B. Thorberg og ritari Jón Jónsson voru ~~ekki~~ á fundi. Hvorugir viðstaddir

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. G.Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn 29. janúar, var aukafundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá fyrir tekið að:
ræða um gamlar skuldir, hvort þær ekki skyldi nemast burtu:
Fyrir árið 1879.

| | | |
|---|---|---|
| Bú Bjarna sál. skósmiðs | 2.50 | numið burtu. Jollu |
| Bjarni Sigurðsson Lindarbæ | 3.50 | do. |
| Björn Jónsson prentari | 5.00 | do. |
| Egill Guðnason Seli | 4.37 | do. |
| Eiríkur Kúld smiður | 8.00 | do. fór burt um nýár '79. |
| Elín Sigurðard. Miðgrund | 1.00 | do. |
| Elsa Ingimundardóttir | 1.00 | do. |
| Guðm. ~~Gunnarsson~~ Einarsson Bala | 2.00 | do. |
| - Guðmundss. skósm. | 8.00 | do. |
| Guðni Guðmundss. skósm. | 7.50 | do. flutti burtu. |
| Bú Jóhanns capteins | 12.00 | do. fallít. |
| Jóhannes Vigfúss. prent. | 4.00 | do. fór burtu í sumar |
| Jónas Jónsson Mýri | 5.42 | do. Dalasýslu þurfam. |
| Pétur Pétursson barnak. | 1.89 | do. rangt krafið. |
| Bú Stephans Björnssonar | 3.00 | do. |
| Sveinn próf. Níelsson | 25.77 | do. fluttur burtu. |
| Dánarbú Sigurðar í Hólakoti | 6.81 | do. |
| Björn ritstjóri Jónsson | 0.59 | do. rangl. kraf. |
| Gísli Guðmundsson Gíslabæ | 2.20 | do. ofreiknað lóðargjald. |
| Cand. ~~Geir~~mundur Sveinsson Ásm | 3.00 | do. burt fluttur. |
| Anna Þorsteinsdóttir Bakarastíg | 2.00 | do. |
| Hallfríður Einarsdóttir | 1.00 | do. |
| Adjúnkt Jón Sveinsson | 30.00 | do. burtfluttur. |
| Sve~~inn~~ Sveinsson Miðbýliskoti | 6.17 | do. í vist frá maí '79. |
| Þuríður Austmann | 2.50 | do. ~~maí '79 Dengur~~ ekki langur sjálfrar sín. |
| Halldór Jónsson Bergsstöðum | 3.50 | do. burt fluttur. |
| Madame Lambertsen | 2.00 | do. |

1876:

| | | |
|---|---|---|
| † Guðm. Guðmundsson sál. Stuðlak. | 20.00 | do. |
| † Pétur hattari Pétursson | 5.00 | do. |
| NB Sverrir Runólfsson steinhöggv. | 35.67 | |
| Sigurður Jónsson ~~Grímsbæ~~ H Grjótabæ | 10.61 | do. |
| Egilsson | 49.34 | do. samkv. bæjarstjórnar úrskurði. |

1877.

| | | |
|---|---|---|
| Guðm. Guðmundsson skóari | 5.00 | do. |
| - - Sauðagerði. | 3.00 | do. |
| Jóhannes Pálsson malari | 2.35 | do. |
| Sigurður Sigurðsson ~~prentari~~ portner | 5.89 | afnumið. |
| Guðm. Ólafsson ~~Vidis~~ 4th. | 5.70 | do. (lóðargjald). |
| Gjald af Hábæ | 4.56 | do. |
| Steinakot, lóðargjald | 5.76 | tvíkrafið. |
| Jacob Jónsson Háholti | 14.81 | numið burt. |

1878.

| | | |
|---|---|---|
| Alexíus Árnason, lóðargjald | 9.44 | do. |
| Árni Björnsson lögregluþjónn | 4.77 | do. |
| Bjarni Björnsson Þingholtum | 4.00 | do. |
| Bjarni Jónsson Móhúsum | 4.00 | do. |
| Björn Jónsson ritstjóri | 4.39 | do. |
| Clausen bakarasveinn | 4.00 | do. fór burtu. |
| Friðrik Friðriksson Þingholtum | 4.00 | do. do. |
| Gísli Tómasson Hlíðarhúsum | 5.90 | do. |
| Guðm. Erlindsson - | 8.26 | do. |
| Guðm. Guðmundsson skóari | 8.00 | do. |
| - Halldórsson ~~Skál~~holti Mið- | 2.00 | do. |
| Guðrún Johnsen ~~klæðam.~~ le | 2.00 | do. |
| Guðrún Lambertssen Madame | 2.00 | do. |
| - Sigurðardóttir Landakoti | 2.00 | do. |
| - hjá Grími Guðnasyni | 2.00 | do. |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jóhannes malari | 6.07 | burt numið. | |
| Jónas Jónsson | 8.00 | do. | |
| Jón Ólafsson Hlíðarhúsum | 7.37 | do. | |
| Kristbjörg Guðlaugsdóttir | 1.00 | do. | |
| Kristín Jóhannesdóttir | 3.00 | do. | farin. |
| Linström ~~hattari~~ bakari | 8.00 | do. | |
| Magnús Finnsson | 6.00 | do. | |
| - Step~~hensen~~ Hánsson Steinakoti | 1.18 | do. | borgað. |
| Ólafur Sigurðsson prentari | 5.00 | do. | ~~ólærður~~ dauður. |
| Olsen, P. bakari | 4.00 | do. | |
| H.C.Robb | 8.00 | do. | |
| ~~Stein~~ Runólfur Guðbrandsson | 2.00 | do. | |
| Sigríður Jónsd. Grjóta | 1.00 | do. | |
| Sigurður Hansson múrari | 20.00 | do. | |
| - Jónsson járnsmiður | 5.90 | do. | |
| Sveinn Guðmundsson Borðeyri | 10.00 | do. | burt flutur. |
| Þorgeir snikkari | 3.00 | do. | |
| Guðm. Árnason | 2.36 | do. | |
| - Ólafsson (Vísir) | 5.90 | do.(lóðargjald). | |
| 1875. | | | |
| Sekt frá Einari Jónssyni Hala | 3.00 | do. | |
| - Nielsínu Hansdóttur | 5.00 | do. | |
| | 494.89 | | |

Síðan lagði formaður fram lista yfir óborgaðan kostnað, er leitt hefur af sakamálum og opinberum málum í Reykjavíkurbæ 1877, að upphæð 294.03 kr., sem hann lýsti yfir, að væri sumpart ófáanlegt, sumpart ekki ætti að endurgjaldast, og óskaði því að fá leyfi bæjarstjórnarinnar til, að færa þessa upphæð til útgjalda í bæjarreikningnum sem ófáanlegt. - Sömuleiðis lagði hann fram lista yfir samkynja kostnað fyrir árið 1876, að upphæð 247 kr. með sömu ummælum, og var hvorutveggja samþykkt. -

Svo bar Egilsson upp, hvort ekki væri ástæða til að breyta gjörð bæjarstjórnarinnar á síðasta fundi, þar sem hún ~~hún~~ neitaði barni Ingibjargar í Hausthúsum um fría kennslu í barnaskólanum, og mælti hann með, að barnið fengi inngöngu. Stakk bæjarfulltrúi Thorsteinsson upp á því, að þetta leyfi skyldi fást, ef ~~bæjarkennarinn~~ presturinn væri því meðmæltur, og áliti það ómissandi eftir atvikum. Uppástungan var felld með 4 á móti 2 atkvæðum. Var málefni þetta því álitið fallið í heild sinni. -

Amtmaður Thorberg, J.Jónsson ritari, Pétur Gíslason og Jón ~~Jónsson~~ Þórðarson X) Hákoti voru ekki mættir á fundi þessum. Hafði amtmaður Thorberg tjáð veikindi.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. A.Thorsteinsson. G.Þórðarson.

X) Jónsson í frumriti, en hlýtur að vera misritun.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þ. 19. febrúar, var fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá:

1. Lesið upp bréf frá bakara D.Bernhöft, hvarmeð hann afhendir bænum til allra umráða og eignar stíg þann, sem hann hefur gera látið í Arnarhólsholti, og var formanni falið að skrifa nefndum bakara þakklætisbréf frá bæjarstjórninni fyrir þetta.

2. Bréf frá Sigurði smið Jónssyni, dags. 17. þ.m., hvarmeð hann biður bæjarstjórnina að sjá um, að útmæling sú, sem gjörð var honum til handa á stakkstæðum bæjarins, megi standa. Var sú uppástunga borin upp, að máli þessu væri frestað til næsta reglulegs fundar og 2 menn kosnir í nefnd með oddvita til að rannsaka það á þeim tíma. Var uppástungan samþykkt, og voru þeir kosnir í nefnd þessa með oddvita:

Egilsson með 6 atkvæðum,
H.Kr.Friðriksson með 4 atkv.

3. Tekið fyrir að úrskurða útásetningar endurskoðunarmanna bæjarreikningsins fyrir árið 1878.
Við 3. grein ~~endurskoðunarmannanna, saml~~ úrskurðast: Bæjarsjóði ber að greiða Stephání Jóhannessyni 68 aura.

4. grein: Bæjarsjóði ber að greiða sama 17 aura.

5. grein: Sama ber að greiða Sigurði Jónssyni 18 aura.

6. grein: Veganefndin áminnist um, eftirleiðis að sjá um hey-g auka og kaup á rúðum í leighús bæjarins, en það, sem nú hefur verið gjört því viðvíkjandi, skal við svo búið standa.
7. grein: 1. til athugunar framvegis. -
2. fellur burtu eftir skýrslu formanns veganefndarinnar, að kassinn sé brúkaður til að geyma lampaglös bæjarins. -
8. grein: 1. til 3. fellur burtu eftir síðar fengnar upplýsingar
9. grein: Athugasemdirnar skulu teknar til greina, þannig að ekki sé krafið það, sem sé undir 10 aurum.
10. grein: (til athugunar framvegis.) Fellur burt samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á fundi 1. maí 1879.
11. grein: Útistandandi túnleigur, bæjargjöld og mótolla, ber sem fyrst að innkalla, og það, sem er ófáanlegt, nemist burtu úr eftirstöðvunum, svo að það ekki oftar verði talið með sem eign bæjarins. Uppástunga Jóns bæjarfulltrúa Jónssonar, að við þetta væri bætt, að fógeti sýndi meiri dugnað og gengi harðar að innkröfum bæjargjalda, en hingað til. Var þessi viðbót borin upp og felld með 7 á móti 3, hvaraf 2 ekki greiddu atkvæði, ~~nefndar~~ oddviti og Egilsson.

12. grein: Ógoldin húsaleiga og skólapeningar barnaskólans, ber að innheimta sem fyrst, og framvegis verður að sjá um, að herbergi barnaskólans ekki verði leigð út til annara en þeirra, sem mánaðarlega geta staðið í skilum með húsaleiguna. -

Allir á fundi .

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Einar Þórðarson. Jón Jónsson. H.Kr.Friðriksson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. Egilsson. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1880, dag 4. marzmánaðar, var fundur haldinn í bæjarstjórninni , og var þá fyrir tekið:

1.Nefnd sú, sem sett var til að skoða pappíra bæjarins viðvíkjandi stakkstæðum, sem smiður Sigurður Jónsson hefur fengið útmælingu á, til að byggja stórt steinhús, segir frá áliti sínu um það, hvort hún áliti, að kaupmennirnir Símon Johnsen og Þorfi Jónathansson eigi með það svæði, sem útmælt var, eður ekki. Segist nefndin hafa farið gegnum bækur bæjarins, og leitað að útmælingum fyrir umræddum stakkstæðum, en enga útmælingu fundið a stakkstæðum þessum. Geti hún því ekki álitið annað þessi stakkstæði heyri bænum til, en ekki neinum sérstökum manni, og geti hún því ekki haft neitt á móti útmælingunni til Sigurðar Jónssonar að því leyti. Var þetta álit nefndarinnar borið upp undir atkvæði og samþykkt með 5 atkv. gegn 2 atkv., og voru það þeir landfógeti Á.Thorsteinsson og yfirkennari H.Kr.Friðriksson, af því, sá fyrri áleit málið afgreitt frá bæjarstjórnarinnar hálfu, með gjörð byggingarnefndarinnar, en hinn síðari gat ekki fallizt á útmælinguna af öðrum ástæðum.

2. Vóru lagðir fram reikningar frá snikkara Jakob Sveinssyni fyrir ýmsar aðgjörðir etc. síðan 1878 í þarfir bæjarins. Reikningurinn var að upphæð. Var þá komið undir bæjarstjórninni, hvort henni sýndist ekki, að reikningur þessi væri vísaður með þeirri upphæð, sem viðkomandi nefnir, hann til endurskoðunar, álitu hæfilega, og var það samþykkt.

3. Var gengið til kosningar á kjörstjórn til Alþingis 1881, og féll hún þannig: að landfógeti Á.Thorsteinsson fékk 6 atkvæði,
Assessor M. Stephensen 4 atkvæði.

4. Vóru lagðar nokkrar virðingargjörðir húsa til brunabóta fyrir bæjarstjórnina til staðfestingar:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Nr. 147 á Selslóð á . . . . . . . . . | kr. 900.oo |
| 2. | - 6 á Austurvelli (Kvennaskólinn) | - 15000.oo |
| 3. | - Pakkhúsið við sama hús . . . . . . . . | - 702.oo |
| 4. | Smíðahús Jakobs Sveinssonar suður frá kirkjunni . | - 3000.oo |
| 5. | Geymsluhús eða lenging á húsi A.Gíslasonar, Skólavörðustíg, 6 ál. á lengd . | - 651.oo |
| 6. | Húsið í Ingólfsbrekku (Helga snikkara) . . . | - 3501.oo |
| 7. | Geymslu og smíðahús við sama hús . . . . | - 801.oo |

Lýsti formaður því yfir, að viðvíkjandi húsunum 1-2-4-6, þá hafi nýlega fram farið skoðun af hendi og hafi ekkert verið þar við að athuga. Í hinum öðrum húsum hvorki ofnar né eldstó. Vóru þessar virðingargjörðir síðan samþykktar af bæjarstjórninni. -

Bergur Thorberg, Pétur Gíslason og Jón Þórðarson voru ekki við.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Jonsson. Á.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimtudaginn þann 18. marzmánaðar, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá rætt:

1. ~~Var~~ bréf ~~frá~~ bæjarstjórn~~inni~~, dags. 9. þ.m., áhrærandi gufuskipaferðirnar hér til landsins, er lýtur að því að fá þeim breytt í haganlegri stefnu en nú er ákveðið. Var bréf þetta lesið upp af formanni á undan umræðunum. - Bréfið var undirskrifað af þeim 3 mönnum, sem ~~bæjarstjórnar~~fundur 5. þ.m. hafði kosið til að bera þetta málefni fram fyrir bæjarstjórnina, og voru þær 2 uppástungur gjörðar í bréfi þessu:

1. Að gufuskipaferðunum framvegis, svo fljótt sem því verður komið við, verði hagað þannig, að þær í kringum Ísland verði frá og til Reykjavíkur, og sömuleiðis að skipin gangi frá útlöndum fyrst til Reykjavíkur.

2. Að ráðherrann hlutist til um, að nú þegar á þessu sumri verði gjörðar tvær ferðir um miðsumarsleitið beinlínis frá útlöndum til Reykjavíkur og þaðan aftur til útlanda. -

Er síðan áskorun til bæjarstjórnarinnar frá nefndum borgarafundi, að hún vildi taka að sér mál þetta og bera það beinlínis fram við ráðherrann og hið sameinaða danska gufuskipafélag að báðar þessar ofannefndu tillögur fundarins fái sem fyllst og haganlegast ~~ráðandi~~, og mál þetta svo fljóta afgreiðslu sem unnt er. Eftir nokkrar umræður var í einu hljóði viðtekið í bæjarstjórninni að hún tæki að sér áskorun borgarafundarins og skrifaði ráðherranum í gegnum landshöfðingjann um málefnið og mælti með þeim tveim niðurlagsatriðum, sem nefnt bréf nefndarinnar fer fram á. -

2. Bar formaður síðan upp, hvort bæjarstjórnin ekki vildi leyfa, að þingsalurinn væri málaður, þar eð hann væri orðinn óbrúkandi að því leyti, og fól bæjarstjórnin veganefndinni að semja við hinn danska málara hér í bænum um þetta. -

3. Uppástunga frá H.Kr. Friðrikssyni útaf hreinlæti í Grófinni. Var uppástungan sú, að bæjarstjórnin gefi veganefndinni leyfi til að setja 2 kassa, sinn hvoru megin við Grófina hvar í sjómenn gætu og ættu að kasta öllu slori og þaski, aðrir gætu svo fengið þetta til áburðar. -

Var samþykkt í einu hljóði, að útvega skyldi lokaða kassa á hérumbil tveggja tunnu stærð til að safna í slori á kostnað bæjarins, og skyldu 2 vera í Grófinni, sinn hvoru megin, en einn á austurströndinni, er skyldu tæmast eftir fyrirskipun lögreglustjórans, og var honum að öllu öðru leyti falið á hendur að sjá til að sjómenn eigi láti slor sitt annarstaðar en í þessa kassa, svo framarlega sem þeir sjálfir ætli ekki að hirða það, en þá verði þeir að hafa það í þeim ílátum og á þeim stað, sem lögreglustjórinn tiltaki.

Á þessum fundi voru allir mættir nema B.Thorberg amtm. og bæjarfulltrúi Jón Jónsson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. A.Thorsteinsson.
Jón Þórðarson. G.Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. P.O.Gíslason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn 15. apríl, var (aðal)fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar tekið til umræðu um:

1. Uppástunga frá 1 bæjarmanni (Þ.O.Johnsen) áhrærandi greftrun forseta J. Sigurðssonar, og var hún þannig hljóðandi: Hvort bæjarstjórninni ekki þætti tilhlýðilegt að sjá svo um, að Reykjavíkurbær haldi þeim mönnum skilnaðarveizlu, sem koma langt að, t.d. að norðan og vestan, til þess að vera við jarðarför forseta Jóns Sigurðssonar.
Var hún felld með 4 á móti 2, því fleiri voru ekki á fundi.

2. Var lesið upp bréf frá amtmanninum í Suðuramtinu, dags. 18. f.m., hverju fylgir hæstaréttardómur 10. febr. þ.á. í málinu: Amtmaðurinn í Suðuramtinu vegna jafnaðarsjóðsins gegn bæjarstjórn Reykjavíkur, og ber bæjarstjórninni eftir þeim dómi að borga kr. 289.31 til jafnaðarsjóðs Suðuramtsins og 5% af þeirri upphæð frá 4. nóv. 1875 til þess borgun skeður og 10 kr. til justitskassans.

3. Kvörtun frá Jóni á Hellulandi yfir aukaútsvari sínu, sem er í ár 7 kr. Ber hann við veikindum og óskar að fá 4 kr. eftirgjöf. Var tekið það tillit til hins umbeðna, að bæjarstjórnin ákvarðaði að láta þetta bíða og taka tillit til þess við næstu niðurjöfnun.

4. Var talað um 2 kálgarða og 1 túnblett. Var ákvarðað, að þessa 2 kálgarða, sem Torfi prentari og Alexíus Árnason hafa haft fyrir ofan Thomsens tún, skuli bjóða upp til 5 ára leigu. En túnblettur sá, sem hér ræðir um, er hinn gamli kirkjugarður í bænum, sem nú er orðinn nokkuð minni en hann var. Þótti bæjarstjórninni ekki nógu vel upplýst um skilmála fyrir túnbletti þessum og óskaði það rannsakað betur, áður en hún segði álit sitt um það, hvernig með hann skyldi fara. -

Allir á fundi nema: Guðmundur Þórðarson, Pétur Gíslason, Jón Jónsson og Á. Thorsteinsson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, föstudaginn 14. maí, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, eftir fundarboði og dagskrá, sem sent hafði verið milli allra bæjarfulltrúanna, og var tekið að ræða:

1. Um bréf frá Suðuramtinu, dags. 16. f.m., um ljósmæður í Reykjavík, hvort þær einnig eigi að ~~ganga~~ í Seltjarnarneshreppi (Voru með bréfinu 2 fylgiskjöl). - Bæjarstjórnin samþykkti, að þær, fyrst um sinn, sem settar, mættu gegna í Seltjarnarneshreppi, en að það skyldi í bæjarstjórnarinnar valdi, að kippa þessu leyfi upp, þegar henni sýndist það við þurfa.

2. Var lögð fyrir bæjarstjórnina virðingargjörð á: 1. Húsi Kr. O. Þorgrímssonar, 23. f.m. virt á 9000 kr., en síðar fór fram yfirmat 29. apríl, og var matið þá hækkað um 1000 kr., eður alls 10000 kr. Var mat þetta samþykkt með öllum atkvæðum.

3. Beiðni frá Guðm. Ólafssyni um eftirgjöf á nokkru af bæjargjaldi hans. Beiðni þessari var ekki sinnt að sinni, þar ed hún kom of seint.

4. Um gamla kirkjugarðinn, sem lyfsali Krüger hefur til leigu, og sem hann hefur beðið um að losast við með bréfi 14. marz þ.á.- Samkvæmt þeim skilmálum, sem formaður sýndi á fundinum, áleit bæjarstjórnin, að uppsögn Krügers í áminnstu bréfi ætti að taka til greina, þannig að það gilti til næsta árs, og yrði þá gengið eftir, að skilmálarnir fyrir leigunni yrðu uppfylltir. En ef hr. Krüger endilega vildi nú þegar losast við hann, ber honum að svara ofanálagi samkvæmt skilmálum þeim, sem formaður hans, consul Randrup, hafði undirgengist.

5. Bréf frá hr. P. Melsted um endurgjald fyrir lóð, er hann hafi látið bæinn fá 1878, til götubreikkunar. - Þar eð lóð sú, sem hér um ræðir, ekki var tekin beinlínis til götubreikkunar, heldur var einungis afleiðing af því, hvernig hið nýbyggða hús varð að standa, og þar eð þessi lóð er mjög lítil, og þess utan engin lóðarskattur af henni borgaður, þá gat bæjarstjórnin ekki tekið þessa beiðni til greina. -

6. Skýrði formaður frá, að 6 kr. 50 aura boð hefði verið gjört í nyrðra kálgarð þann fyrir ofan Thomsens tún, og 3.00 kr. í þann syðri, sem þeir Alexíus og Torfi prentari áður hafa haft, og lagði það undir bæjarstjórnina, hvort hún vildi samþykkja þetta boð, og var það samþykkt í einu hljóði.

7. Um tún Lambertsens við Tjarnarendann. Skýrði formaður frá, að Lambertsen hefði boðið að borga 100 kr. nú þegar upp í áfallna leigu af túninu og biðji hann svo um frest á hinu öðru fyrst um sinn. Féllst bæjarstjórnin á, að Lambertsen haldi áminnstum túnum og leigublettum þetta ár, með því móti, að hann nú þegar borgaði 100 kr. og hitt allt ~~sem~~ ávantaði fyrir 31. des. þ.á. samt að hann héldi túngirðingum og leigublettum í góðu standi, en að túnin séu tafarlaust fallin til bæjarins endurgjaldslaust, ef þessir skilmálar ekki verða haldnir.

8. Rætt um vegagjörð í Þingholtunum. Skýrði formaður frá, að veganefndin hefði ráðið af að leggja götu þá, sem liggur frá húsi Vigdísar Waage og suðureftir nokkuð niður í norðurendann, svo hún yrði bein, en til þess hefði þurft að taka nokkra lóð af nokkrum mönnum, og bar formaður undir álit bæjarstjórnarinnar, hvort hún ekki vildi samþykkja, að veganefndin mætti láta leggja þennan veg, og að hlutaðeigandi lóðaeigendur mættu fá endurgjald fyrir lóðarmissi til vegs þessa, eftir mati óvilhallra manna, sem skyldi leggja undir endilegt samþykki bæjarstjórnarinnar. - Var það samþykkt af bæjarstjórninni.

9. Var lesið upp bréf frá landshöfðingjanum, dags. 3. maí þ.á., innihaldandi svar ráðgjafans fyrir Íslandi um það, hvort bæjarfógetinn hafi atkvæðisrétt í bæjarstjórnarmálefnum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Bar bæjarfulltrúi G.Þórðarson það upp, hvort ekki væri rétt að bjóða upp kálgarð þann, sem er við barnaskólann og sem keyptur var af Knudtzon, og önnur uppástunga kom frá landfógeta A.Thorsteinsson viðvíkjandi því sama, að veganefndinni væri í ár falið á hendur að leigja garð þennan.- Hin síðari uppástunga var felld, en hin fyrri var viðtekin, og formaður beðinn að auglýsa þetta uppboð sem fyrst.

11. Að gefnu tilefni felur bæjarstjórnin byggingarnefndinni á hendur að rannsaka, hvernig hinum nýju byggingum Jakobs Sveinssonar til hagi, ~~í sambandi við~~ í samanburði við útmælingar þær, sem hann hefur fengið fyrir lóð og húsastæði, og að byggingarnefndin gefi greinilega skýrslu um það til bæjarstjórnarinnar hið fyrsta. -

Allir á fundi nema Jón Jónsson landritari og Pétur Gíslason.

Fundi slitið.

LS E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. G.Þórðarson. Bergur Thorberg. A.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn 20. maí, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var tekið til umræðu:

1. Bréf frá Suðuramtinu, dags. 13. þ.m., um að leggja fé úr bæjarsjóði til sæluhússins á Kolviðarhóli, og er þar stungið upp á, að tillag þetta yrði 25 kr. á ári hverju. Var uppástunga gjörð að fresta þessu máli, og var hún borin upp til atkvæða og felld með 4 atkv. gegn 3. - Var þá borið upp til atkvæða, hvort þenna styrk ætti að veita í ár, og var það viðtekið með 4 atkvæðum gegn 3 atkv. með því skilyrði, sem í bréfinu segir. -

2. Bréf frá kaupmanni Augúst Thomsen um kaup á ~~bæjóvita~~, spróttu dags. 8. þ.m. Var stungið upp á að fresta málinu til þess að fá útlegging á bréfi þessu, sem var á dönsku upplesið. Var uppástungumaðurinn Jón Jónsson bæjarfulltrúi. Var sú uppástunga felld með 6 atkv. gegn 1.- Var þá stungið upp á, að málið væri sent brunamálanefndinni til álita, og var það samþykkt í einu hljóði.

3. Bréf frá Helgasen yfirkennara um kálgarðinn hjá barnaskólanum. - Var stungið upp á, að Helgasen hefði garð þenna í ár fyrir 8 kr., en að honum yrði sagt upp leigunni í tíma, ef bæjarstjórninni þætti þess við þurfa, og var uppástungan viðtekin í einu hljóði. -

Á fundi voru allir nema landfógeti Á.Thorsteinsson og Einar Þórðarson og Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. P.O.Gíslason. Jón Jónsson.
Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þ. 3. júní, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar tekið fyrir að ræða um:

1. Sagði formaður frá áliti brunanefndarinnar viðvíkjandi kaupum á spraututu handa bænum, og hafði nefndin verið á því, að sprautan skyldi verða keypt, þó hún væri nokkuð dýrari enn ætlað var, og þessutan réði nefndin til, að keyptur væri vatnsvagn með keri og nokkrar vatnsfötur einnig úr segldúk, samt slöngur 2 á 20 feta lengd og 1 á 10 feta lengd. Ætlaðist nefndin til, að þetta mundi verða ca. 1600 kr. kostnaður. Var þetta síðan ýtarlegar rætt og samþykkt af bæjarstjórninni.

2. Lagt fram bréf frá Jóni Oddssyni hafnsögumanni, með hverju hann sækir um að fá laun úr bæjarsjóði. Eftir nokkrar umræður, að bréfinu upplesnu, stakk landfógeti Á.Thorsteinsson upp á því, að málinu væri frestað til næsta fundar, þareð vel þyrfti að undirbúa málið, ef hugsandi væri að reyna að bæta kjör hafnsögumanna, sem einkum yrði með því að hækka hafnsögugjaldið, og var sú uppástunga samþykkt í einu hljóði.

3. Bar bæjarfulltrúi G.Þórðarson upp, að nú væri verið að taka sand í fjöru bæjarins, og það væri útlendur skipherra, sem það gjörði, og lýsti hann mikilli óánægju yfir því. Var talsvert um þetta rætt, og framfærðar ástæður fyrir því, hver tildrög voru til þess, að þessi undantekning var gjörð af formanninum, sem hafði talað um þetta við veganefndina, sem ekki hafði móti því eftir tilfærðum kringumstæðum. -

Á fund voru allir mættir nema: Amtmaður Thorberg, ritari Jón Jónsson, H.Kr.Friðriksson og Pétur Gíslason. -

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. G.Þórðarson. Á.Thorsteinsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þann 17. júní, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá samkvæmt dagskrá tekið að ræða:

1. Var beiðni Jóns Oddssonar hafnsögumanns, um að fá endurbót á launum sínum sem hafnsögumaður. Hafði máli þessu verið frestað síðan á síðasta fundi. Bar bæjarfulltrúi landfógeti A.Thorsteinsson fram þá uppástungu; "að hafnsögupeningar þeir, sem ákveðnir eru í reglugjörð 1. des. 1841, verði hækkaðir um 25 af hundraði af skipum sem fara inn til eða út frá Reykjavíkurhöfn frá 1. janúar 1881. - Að formanni bæjarstjórnarinnar sé falið á hendur að sjá um að þessi ákvörðun bæjarstjórnarinnar nái fullnaðargildi."

Eftir talsverðar umræður, var málinu frestað og einnig því að ganga til atkvæða um ofanskráða uppástungu, og formaðurinn beðinn að útvega skýrslu frá núverandi hafnsögumanni, hve mikil laun eða tekjur hann áliti sig hafa árlega, fyrir 5 síðustu árin. -

2. Tilkynnt bæjarstjórninni útmælingar: Lóðir undir 2 bæi útá Grímsstaðaholti, og var það handa Guðjóni Einarssyni og Jóni Erlindssyni, var þeim þess utan mæld út kálgarðastæði. - Var það borið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar hvort leyfa ætti þessar útmælingar, og var það fellt með 3 atkv. gegn 3 (Egilsson, H.Kr.Friðriksson, Jónassen greiddu atkvæði með).

3. Var lesið upp bréf frá snikkara Jakob Sveinssyni, í hverju hann kvartar yfir að veganefndin hafi sett niður reikning hans fyrir settar rúður í luktir og heimtar að sér verði reikningur sinn að fullu borgaður án afsláttar.

Var samþykkt í einu hljóði, að niðursetning reikningsins skyldi standa.

4. Fór bæjarfulltrúi landfógeti A.Thorsteinsson þess á leit við bæjarstjórnina, eða einkum veganefndina, að ruddur yrði vegurinn að Laugarnesi, að minnsta kosti svo langt sem bæjarlandið næði. Var samþykkt í einu hljóði, að veganefndinni leyfðist að brúka allt að 20 krónum til að laga þann veg. -

5. Bar bæjarfulltrúi G.Þórðarson upp vöntun á brunni til viðauka við Hlíðarhúsabrunninn, sem hann álítur ekki nægilegan fyrir þá, sem í hann sækja, og ætlaði hann að reyna mætti að grafa brunn vestar og neðar í mýrinni, nálægt Hlíðarhúsabrunninum. Urðu margar umræður um brunna bæjarins útaf þessu, en ekki tekin nein endileg ákvörðun um nýjan brunn í Hlíðarhúsamýrinni. -

6. Lagði formaður fram lista yfir hross, sem rekin hafi verið saman úr engjum og heimalandi, og réttað í Kambsrétt. Er þessi listi frá hreppstjóranum í Mosfellssveit, og á fótinn skrifað til bæjarstjórnarinnar, en á fæti lista þessa skrifað, að þessi hross verði geymd og vöktuð 21 dag, og ef réttir eigendur leiða sig að þeim á þessum tíma, þá borgi þeir 25 aura fyrir hvern hest um sólarhringinn, og 1 kr. fyrir ágang, smölun og réttarhald. - Ef enginn vitji þessara hrossa innan umtalaðs tíma, verði hrossin seld við opinbert uppboð.

Gjörðu þeir bæjarfulltrúar A.Thorsteinsson og H.Kr.Friðriksson þá uppástungu:
1) að þessi aðferð Mosfellinga væri mótmælt, og jafnframt skorað á sýslumanninn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að sjá um, að slík aðferð eigi sér framvegis stað.
2) að sýslunefndin í Gullbringusýslu vildi sjá um, að reglugjörð um fjallskil og afréttalönd yrði sem fyrst samin fyrir Kjósar og Gullbringusýslu, eftir samráði við bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þetta samþykkt í einu hljóði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundi voru allir nema: Amtmaður Thorberg, ritari Jón Jónsson, bæjarfulltrúi Jón Þórðarson og Pétur Gíslason.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsson. G.Þórðarson. Einar Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, h. 18. júní, setti og hélt bæjarfógetinn í Reykjavík framtalsþing fyrir Reykjavíkurbæ á bæjarþingstofunni: Á þessu þingi töldu fram:

1. Þórður Guðmundsson á Görðunum: 2 skip og 1 bátur, 2 merar, 1 hest, 8 ær, 1 ~~kýr~~.

2. Sveinn Bjarnason Sauðagerði 2 kýr, 3 hryssur, 2 tryppi (2 og 3 v), skip og bát, 10 kindur (6 ær, 4 gemlinga).

3. Guðm. Þórðarson bæjarfulltrúi: 2 hestar, 3 tryppi (2, 3 og 4 vetra), 3 ær og 2 geml., 1 bátur, 1 1/2 skip.

4. Þórður Guðmundsson assistent: 3 tryppi (1, 2 og 3 v.), 1 1/2 skip.

5. Sigurður Jónsson fangavörður: 1 ~~kýr~~, 1 ~~hest~~.

6. Jón Þórðarson í Hlíðarhúsi: 2 skip, 1 hest (7 vetra), 3 tryppi (2, 3 og 4 vetra), 2 hesta (21 árs og 23 ára).

7. Þórður Torfason í Vigfúsarkoti: 1 skip og 1 bátur ~~(1. eigi.)~~ 2 hestar (um tvítugt), 4 tryppi (7 vetra, 3 vetra, 2 vetra og 6 vetra).

8. Þorsteinn Jónsson lögregluþjónn: 1 ~~kýr (kú)~~

9. Erlindur Hannesson á Melnum: 1 ~~kýr~~, 4 manna far.

10. Jakob Sveinsson snikkari: 1 hestur og 1 kú.

11. L.E.Sveinbjörnsson assessor: 1 kú, 2 hesta.

12. Hilmar Finsen landshöfðingi:

13. Jón Thorsteinsson á Grímsstöðum: 1 kú, 2 kvígur, 2 hestar, 2 hryssur, 4 tryppi (2 vetur og yngri), 1 hund.

14. Jón Jónsson á Grímsstöðum: 3 ær, 1 hryssu, 2 tryppi.

15. Sigurður Þórðarson í Hlíðarhúsum: 1 skip og 1 bát (í n. pt.), 1 hestur, (1 hundur).

16. Jóhannes Ólsen: 1 skip, 1 kú, 1 hryssa, 2 hestar, 3 tryppi (1 vgl., 1 tvævett).

17. Ívar á Seli:

18. Einar Jónsson trésmiður: 1 kú, 2 tryppi (5 vetra og 2 vetra), 1 ~~6~~ mannafar.

19. Geir Zöega: 3 kýr, 12 hestar, 5 hryssur, 4 tryppi (2 og 4 vetra) 4 tryppi yngri, 2 þilskip, 2 skip (1 áttróið og 1 sexróið), 2 hundar.

E. Th. Jónassen bæjarfógeti: 1 kú, 2 hestar.

Th. Jónasson: Justitiaríus: 1 kú.

J. Jónassen læknir: 1 kú, 2 hestar.

A. Thorsteinsson landfógeti: 1 kú, 2 hestar.

M.Stephensen assessor: ~~1 kú~~, 2 hestar.

Jón Pálsson faktor: 1 sexróið skip, 1 hestur.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á framtalsþingi þessu var kosið í tíundanefnd, og voru þessir kosnir:

| | | |
|---|---|---|
| Þórður Guðmundsson á Grímsstöðum | með 8 | atkvæðum. |
| Geir Zöega | 7 | -"- |
| Jón Þórðarson í Hlíðarhúsum | 7 | -"- |
| Alexíus Árnason | 5 | -"- |

Með því ekki töldu fleiri fram, var framtalsþinginu sagt slitið eftir 1 klukkustundar bið á þingstaðnum.

E.Th.Jónassen.

H Eyjólfs 24/6. Framtal Níelsar ~~Snjólfs~~sonar: # 1 hestur, 2 hryssur, 1/2 skip.

E.Th.Jónassen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, þriðjudaginn þann 22. júní, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar þá var fyrirtekið að ræða um:

1. Bréf frá Jóni Erlindssyni á Grímsstöðum, hvarmeð hann biður bæjarstjórnina að breyta ákvörðun sinni á síðasta fundi, hvað það snerti, að hún bannaði honum að byggja á Grímsstaðaholti, og að hún nú leyfi sér það. Svo var einnig upplesið bréf frá Guðjóni Einarssyni sama efnis.
Landfógeti Á.Thorsteinsson krafðist, ~~þess~~ að ~~það~~ væri borið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar, hvort mál þetta skyldi koma til umræðu eður ekki, og var það leyft með 6 atkvæðum gegn 2. - Urðu um þetta miklar umræður, og var það borið undir atkvæði, hvort þessi 2 byggingarleyfi skyldi samþykkja, og var það gjört með 6 atkv. gegn 2. Þá var það borið undir atkvæði, hvort ekki skyldi setja þessum mönnum þau skilyrði, að ef þeir yrðu sannir að broti gegn samþykkt bæjarins, dags. 15. maí 1873, að því er snerti móupptekt og torfristu, þá skyldi ~~þessi~~ óbyggða lóð endurgjaldlaust vera fallin aftur til bæjarins. Samþykkt í einu hljóði.

2. Bréf frá Hallberu Jónsdóttir á Lækjarbotnum, hvarmeð hún tilkynnir bæjarstjórninni, að Guðmundur Magnússon í Elliðakoti hafi gjört talsverðan jarðusla í afréttarlandi bæjarins og Seltjarnarneshrepps. Var gjörð sú uppástunga að kjósa 2 menn, sem ásamt ~~land~~fógeta rannsökuðu þetta mál, og urðu þeir fyrir kosningu Egilsson með 6 atkv. og H.Kr.Friðriksson með 5 atkv.

Allir á fundi nema Jón Jónsson ritari.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. Egilsson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, h. 5. ágúst, mætti bæjarfógetinn á tilteknum tíma á bæjarþingstofunni til þess að halda bæjarstjórnarfund. En af því að aðeins mættu á þessum fundi bæjarfulltrúarnir amtmaður Bergur Thorberg, yfirkennari H.Kr.Friðriksson og landshöfðingjaritari Jón Jónsson, var ekki fundarfært. Hinir aðrir bæjarfulltrúar, er ekki komu , höfðu eigi tjáð forföll.

E.Th.Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, mánudaginn þ. 9. ágúst, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrirtekið að ræða:

1. Var borin upp til samþykktar bæjarstjórnarinnar virðing til brunabótar á húsi lögregluþjóns Þorst. Jónssonar, sem virðt var á 1250 kr., og var sú virðing samþykkt.

2. Sömuleiðis virðing til brunabóta á húsi þeirra bæjarfógeta E.Th.Jónassonar og assessor M.Stephensen, sem er undir byggingu, og var það virðt 12. júlí þ.á. á 12000 krónur, og var virðing sú samþykkt í einu hljóði.

3. Bréf frá nokkrum mönnum í Skuggahverfi, með hverju þeir biðja um, að ráðin sé bót á vatnsbólaleysi í því hverfi, og vísa þeir á fleiri brunnstæði þar, einkum svokallaðan Nýjabæjarbrunn. Var veganefndinni falið á hendur að sjá um, að slíkur brunnur yrði uppbyggður í Skuggahverfi, helzt nú fyrir haustið. -

4. Bréf frá lækni J.Jónassen um brunn í Ánanaustum, að verulega þyrfti að flýta fyrir að setja hann í stand. Veganefndin skýrði frá, að slíkan brunn væri hún að láta búa til, en sökum dýrleika erfiðismanna vildi hún bíða nokkuð með bygging brunnsins að innan, en úr honum væri nú sótt vatn úr öllum áttum, og hefði það aldrei þrotið og væri það allgott, enn veganefndinni var uppálagt að fullgjöra brunn þenna, sem fyrst.

5. Bréf frá bræðrunum Eyjólfi og Páli Þorkellssyni um að fá rennu út í aðalrennuna fyrir hús þeirra, sem áður hefur legið fyrir sunnan húsið. En þar eð bræður þessir jafnframt höfðu munnlega skýrt bæjarfógetanum frá, að þeir í haust ætluðu að búa til gryfju í garði sínum, þá áleit bæjarstjórnin, að ekki þyrfti að breyta rennu þeirri, sem er hjá húsi þeirra, fyrir svo stuttan tíma. -

6. Bréf frá snikkara H.Helgasyni, með hverju hann biður um pláss inn við Helgastaði til túnyrkingar, sem væri 50 faðma á hvern veg. Eftir talsverðar umræður var gengið til atkvæða um, hvort þetta skyldi leyft, og gaf því enginn atkvæði sitt.

7. Gaf bæjarfógetinn skýrslu um málefni það, sem risið er útaf því, að Guðmundur Magnússon á Elliðakoti hefir gjört ýmislegt jarðrask í Lækjarbotnslandi. - Var það álit nefndar þeirrar, sem þetta átti að skoða, að Guðmundur hefði gjört sig sekan í þessu, og áleit formaðurinn, að hin ýtrasta nauðsyn væri til, að gjörð væri áreið á landamerkin milli Elliðaárkots og afréttarlands Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps. Var samþykkt, að senda mann uppeftir til þess að semja á milli ábúandans á Elliðakoti og ábúandans á Lækjarbotni um afnot þessa þrætuparts nú í sumar, og var til þess kosinn bæjarfulltrúi G. Þórðarson, en lengur stendur ekki það samkomulag, enn að málið yrði síðar, þegar bæjarstjórnin hefði kynnt sér öll þar að lútandi skjöl, lagt fyrir Lög og dóm.

8. Bréf frá hafnsögumanni Jóni Oddssyni, með hverju hann skýrir frá, hvað hann hafi haft 5 undanfarin ár fyrir hafnsögu sína, hafði verið skorað á hann að gefa skýrslu þessa, útaf því, sem hann fyrr hafði um launahækkun, svar uppá það beið þessarar skýrslu. - Var þá eftir margar umræður borin upp uppástunga bæjarfulltrúa Á. Thorsteinsson, að lóðstaxtinn yrði hækkaður um 25%, og var hún felld með 5 atkv. 2. - Áleit bæjarstjórnin, að hún ekki gæti fjallað meir um þetta mál að sinni. -

Á fund komu ekki B.Thorberg, H.Kr.Friðriksson og Jón Jónsson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. G.Þórðarson. Á. Thorsteinsson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þ. 19. ágúst, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar fyrst var fyrirtekið að ræða um:

1. ~~Brunabótavirðing til~~ á nokkrum nýbyggðum húsum: Virðing til brunabóta
a. hús Þorvaldar Klengssonar í Ingólfsbrekku, sem er undir byggingu, virt á 1400 kr.
b. hús bókbindara Br. Oddssonar í Ingólfsbrekku, einnig undir byggingu, og er það tvíloftað hús, virt á 2600 kr.
Voru virðingar þessar samþykktar af bæjarstjórninni.

2. Lagt fram bréf frá veganefndinni, dags. 17. þ.m., hvarmeð hún ræður til, að fjölgað verði luktum í bænum, allt að 10 að tölu, og svo einnig útvegaðar 2 járndælur í brunnhús, sem eru undir byggingu, á lóð frú I. Melsted og annars til. Eftir ~~nokkrar~~ miklar umræður var gengið til atkvæða um, hvort útvega ætti 8 til 10 luktir, samkvæmt ofanskrifuðu bréfi, og var það viðtekið með 6 atkv. gegn 1 (Jón Jónsson), en 2 greiddu ekki atkvæði.
Var síðan gengið til atkvæða um það, hvort ekki ætti að útvega járndælur 2 til brunna bæjarins fyrir allt að 160 kr., og var það viðtekið í einu hljóði.

3. Var veganefndinni leyft að gjöra þá breytingu á rennum bæjarins, að flutt væri renna sú, sem er með norðurgafli húss faktor M. Jóhannesson ofan að ~~norður~~ suðurgafli húss snikkara V. Breiðfjörðs, svo að renna sú lægi ofan með nefndum suðurgafli Breiðfjörðshúss og yfrum götuna út í aðalrennuna í Aðalstræti.

Allir á fundi nema Á. Thorsteinsson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. Jón Jónsson. Jón Þórðarson. G.Þórðarson. Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1880, fimmtudaginn þann 16. sept., var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar tekið til umræðu:

1. Bréf frá Ólafi smið Þórðarsyni, með hverju hann biður um fría kennslu fyrir 2 stjúpbörn sín, Rannveigu 13 ára og Þorvarð 12 ára. Gat formaður þess, að ekki þyrfti að tala hér um kennslu fyrir Þorvarð, því hann mundi fá kennslu á annan hátt, og var því rætt um Rannveigu einungis. Var það veitt með 6 atkv. gegn 2.

2. Bréf frá Agli Gunnlögssyni í Arabæ, með hverju hann biður um fría kennslu fyrir dóttur sína, Önnu Magneu, 10 ára að aldri. Var það veitt með 7 atkv. gegn 1.

3. Bréf frá Páli Magnússyni í Pálsbæ, ~~með hverju~~ hann biður um fría kennslu fyrir son sinn Pál. Var það veitt með 5 atkv. gegn 3.

4. Bréf frá J. Borgfjörð, ~~hvermeð~~ hann biður um fría kennslu að hálfu fyrir son sinn Vilhjálm. Var það veitt.

5. Virðing til brunabóta á húsi herra Jóns Árnasonar, sem er steinhús með járnþaki. Virt á 7500 kr., enn það er ekki alveg fullgjört. Var virðing þessi samþykkt með 7 atkv. ~~gegn~~ 1.

6. Virðing á geymsluhúsi úr steini, við Vegamótabrú, með járnþaki, óinnréttað, ætlað fyrir fjós og heyhús, 11 áln. á lengd og 8 1/2 alin á breidd. Var það virt á 1100 kr., og var það samþykkt.

7. Virðingargjörð á húsi snikkara V. Breiðfjörðs, á Aðalstræti, sem hefur verið byggt alveg ofaná, virðt á 7002 kr. ~~fyrir~~ utan geymslu ~~áfasta við~~ hús, áfast við aðalhúsið, úr binding með steini og járnþaki, sem snýr til ~~austurs~~, og er það innréttað sem geymsluhús niðri, en 2 herbergi uppi innréttuð. Virt á ~~1101 krónu (1101 kr)~~. - Var því máli frestað, þangað til útvegað væri vottorð brunamálanefndarinnar um, að brunabótalögunum væri fylgt við bygginguna. -

8. Virðingargjörð á útfærslu við smiðjuhús Sigurðar Jónssonar, ~~hyrzt á~~. Var því frestað, þangað til vottorð brunamálanefndar fengist fyrir, að gætt væri brunamálalaganna við byggingu þessa.

9. Virðing á pakkhúsi fyrir utan Melkot, úr timbri og með járnþaki, virðt á 280 kr. Var það samþykkt.

10. Virðing á geymzlu- og gripahúsi við Austurvöll, tilheyrandi Jakob Sveinssyni, 19 ál. langt og 5 1/2 al. breytt, virt á 450 kr. Var það samþykkt.

11. Virðing á steinhúsi í Ingólfsbrekku með járnþaki, tilheyrandi Birni múrara Guðmundssyni, byggt til geymslu og fyrir gripi, virt á 1050 kr. Svo hefur einnig framfarið virðing á húsum hans öðrum, sem hafa fengið mikla aðgjörð, og sem nú eru virt 2973 kr. - Húseignin öll ~~virt~~ 4023 kr. Eftir nokkrar umræður var virðingin samþykkt. -

12. Bréf frá nokkrum búendum á Selslóð, með hverju þeir biðja um veg, lagðan, af Hlíðarhúsastíg fyrir vestan hús Jóns Guðmundssonar og vestan Hala og svo suður á holtið á leið til Sauðagerðis. Stakk landfógeti A.Thorsteinsson upp á, að málefni þessu væri vísað til veganefndarinnar, og var það samþykkt. -

13. Bar bæjarfulltrúi G.Þórðarson upp það spursmál, hvort ekki væri kominn tími til að fá vissu um vesturtakmörk Reykjavíkur umdæmis. - Var það samhuga ósk bæjarfulltrúanna, að gjörður væri endi á því máli, með því að áreiðarmenn samþykktu afstöðumálverkið, og að síðar yrði ~~settur dómur~~ fenginn dómur sem fyrst fyrir nefndum takmörkum, ef bæjarstjórninni svo sýnist. -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einar Þórðarson og Jón í Hákoti voru ekki á fundi.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. P.O.Gíslason. Á.Thorsteinsson.
Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson. Jón Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, þ. 30. sept., var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar fyrst fyrir tekið samkvæmt dagskrá:

1. Beiðni frá madömu Guðrúnu Halldórsdóttur um lán eða styrk úr bæjarsjóði, til þess að koma dóttur hennar, Elísabeth, sem er vitskert, á spítala fyrir vitskerta menn í Danmörku. Landfógeti Thorsteinsson stakk uppá, að málefni þessu væri vísað til fátækranefndarinnar með meðmælum bæjarstjórnarinnar [og] heimild til þess, sem þurfa þykir. Bæjarfulltrúi Jón Jónsson stakk upp á, að styrkur væri veittur til þessa, þannig að nefnd stúlka fengi veru á þriðja plássi á vitfirringa spítala þeim, sem um er talað. Var svo uppástunga bæjarfulltrúa Thorsteinsons borin undir atkvæði og samþykkt í einu hljóði. Bæjarfulltrúi Jón Jónsson tók það fram, að hann tæki uppástungu sína aftur, með því að fleiri bæjarfulltrúar væru honum samdóma um, að styrkur þessi væri sveitarstyrkur, sem ætti að vera sem minnstur. -

2. Beiðni fleiri bæjarmanna um að fá múrstein keyptan úr gamla pakkhúsinu við barnaskólann. Var það samþykkt, með því að formaðurinn sagði, að 60 kr. mundu fást fyrir hvert þúsund. -

3. Beiðni Sveins Guðmundssonar í Garðhúsum um að fá að byggja bæ í Kaplaskjóli og fá þar part af mýrinni til túnyrkingar. - Var málinu vísað til veganefndarinnar álita.

4. Virðingargjörð til brunabóta á húsi snikkara V. Breiðfjörðs. Þessari virðingargjörð var frestað, þar eð svo margt þótti ábótavant við skorsteina og ofna í þessu húsi, að formaðurinn hafði skrifað Breiðfjörð, að þetta allt yrði að gjörast við, áður en bæjarstjórnin segði álit sitt um virðingargjörð þessa.

5. Bar formaður upp, að hinum 2 nýju götum, sem lægju, önnur að húsum Helga snikkara, og hin, sem liggur fram hjá hinu nýja húsi bæjarfógeta, og svo hinni þriðju, sem liggur suður eftir bak við bakarí Bernhöfts, væri gefin nöfn, og stakk hann uppá, að sú efsta, eður sú, sem liggur að húsi bæjarfógeta, yrði nefnd Ingólfsstræti, sú að Helgahúsum, Þingholtsstræti, og sú bak við bakaríið, Skólastræti. - Stakk bæjarfulltrúi Jón Jónsson uppá, að í staðinn fyrir orðið "stræti" kæmi "röð". Var það fellt. - Var fyrst gengið til atkvæða um nafnið "Skólastræti" og samþykkt, síðan um nafnið "Þingholtsstræti", og var það samþykkt, og að síðustu um nafnið "Ingólfsstræti", og var það samþykkt. -

Allir á fundi nema Pétur Gíslason.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Jón Jónsson. Einar Þórðarson. Egilsson.
Á.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg.
G. Þórðarson. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þ. 7. október, var fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þar rætt:

1. Virðingargjörð til brunabóta á húsi Þórðar Zöega á Hlíðarhúsastíg, sem virt hefur verið á 3000 kr., og á húsi Sakaríasar Árnasonar, sem er steinhús, en ennþá óinnréttað, nema hvað gólf er lagt í það, og er það virt á 1200 kr.. Þar eð enginn mælti móti virðingum þessum, og með því fullnægjandi vottorð frá brunastjóranum fylgdi með virðingum þessum, vóru virðingargjörðir þessar álitnar staðfestar.

2. Bónarbréf frá Sighvati Bjarnasyni um fría kennslu fyrir bróðir hans, Þorbjörn. Var það veitt.

3. Bréf frá Pétri Gíslasyni bæjarfulltrúa, í hverju hann biður um linun í skólagjaldi fyrir dætur sínar, Sigríði og Vigdísi, og var honum veittur helmingur í afslátt.

4. Bréf frá sama bæjarfulltrúa, hvar með hann biður um, að Ólafur Kristjánsson, bróðursonur hans, fái fría kennslu í barnaskólanum, og var það samþykkt.

5. Lagt fram og rætt uppkast fjárhagsnefndarinnar til áætlunar yfir tekjur og gjöld Reykjavíkurbæjar árið 1881. Var uppkastið lesið upp, og á eftir var lesið upp bréf frá ~~bæjar~~ skólanefndinni, í hverju hún mælist til, að nýr barnaskóli verði sem fyrst byggður, - og var tekið til umræðu það efni ásamt áætluninni. -
Kom þá formaður með þá uppástungu, að vísa til skólanefndarinnar að gjöra uppástungu viðvíkjandi fyrirkomulagi á barnaskóla og áætlun um hann. Bæjarfulltrúi Á.Thorsteinsson bar upp þá uppástungu, að nefnd væri kosin úr bæjarstjórninni til að athuga barnaskólamálið og gjöra áætlun um fyrirkomulag skólans og áætlun um kostnaðinn, og að það yrði 3 manna nefnd.
Einar Þórðarson stakk upp á 5 manna nefnd til þessa, sem væru valdir ~~til þessa~~ af bæjarstjórninni. Tók hann uppástunguna aftur. Var þá borin upp uppástunga formannsins, var hún felld. Þá var borin upp uppástunga Á.Thorsteinssonar, og var hún samþykkt.
Var svo gengið til kosninga á 3 mönnum í þessa nefnd, og urðu það þessir: Á.Thorsteinsson með 7 atkvæðum.
B. Thorberg - 5 -
H.Kr.Friðriksson - 4 -
Gjörðu Jón Jónsson og Egilsson þá uppástungu, að ~~frekari skóla~~ umræðum væri frestað til næsta fundarhalds. Var það samþykkt.

4. Bréf frá A. Zimsen, með hverju hann biður um, að kosnir verði 2 menn til að virða hús til brunabóta, og voru ~~þeir~~ kosnir:

Helgi snikkari Helgason og
Björn múrari Guðmundsson.

Allir á fundi nema Jón Þórðarson. x)

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Jón Jónsson. Egilsson. H.Kr.Friðriksson. Einar Þórðarson. Á.Thorsteinsson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg.

x) G. Þórðarson virðist einnig hafa verið fjarverandi a. m. k. undirritar hann ekki fundargerðina.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn 21. dag októbermánuðar, átti bæjarstjórnin fund með sér. Egilsson hafði tilkynnt forföll sín sökum veikinda. Allir aðrir fulltrúar á fundi nema Einar Þórðarson.

1. Formaður las þá fyrst upp álit nefndar þeirrar, sem kosin var á síðasta fundi til að íhuga málið um byggingu á nýju barnaskólahúsi. Eftir langar umræður um málið var gengið til atkvæða um uppástungur nefndarinnar.

Var 1. uppástunga nefndarinnar samþykkt í einu hljóði, sú að útvega uppástungur um fyrirkomulagið á húsinu hjá smiðum hér á landi, sem vildu reyna sig á því, að gjöra slíkar uppástungur og áætlun um kostnaðinn. Jón ritari stakk upp á að veita (aðeins) 100 kr. til slíkrar áætlunar, og var hún felld með öllum atkv. nema ritarans sjálfs, en uppástunga nefndarinnar, að taka 200 kr. upp á áætlunina til slíkra útgjalda, samþykkt með 7 atkvæðum. 3. uppástunga nefndarinnar, að fara þess á leit við landshöfðingjann að bærinn fengi 15000 kr. lán, eða allt að 20000 kr. úr landssjóði gegn 6% árlegri leigu og afdrætti; samþykkt með 7 atkvæðum. 4. Að leita til stjórnarinnar með beiðni um, að hún vildi annast, að landssjóður legði 5000 kr. til húsgjörðarinnar, og 3000 kr. árlega til gagnfræðakennslu. Samþykkt með 7 atkvæðum. 5. Uppástunga ritarans, að hús þetta skyldi byggt úr steini, samþykkt með 7 atkvæðum. 6. ~~Sú~~ Uppástunga ritarans, að kennslustofur í húsinu ~~yrðu~~ 8, hver upp á 80 ferálnir, og eigi lægri en í hinum lærða skóla, og þar að auki mátulegt húsnæði handa yfirkennaranum – urðu fyrir henni 2 atkv.

2. Því næst var haldið áfram 1. umræðu um áætlunina fyrir árið 1881 og henni lokið.

3. Þá las formaður upp bréf, dagsett 3. okt. þ.á., frá kaupmanni M. Johannessen, þar sem hann biður um, að sér verði ávísaðar úr bæjarsjóði 21 kr. 33 aur. af launum lögregluþjónanna, sökum þess að þeir hefðu birt stefnu hinum stefnda Jóni Erlindssyni eigi löglega. Það var samþykkt með 7 atkvæðum að vísa þessu máli frá bæjarstjórninni, sem henni óviðkomandi.

4. Þá var borin undir samþykki bæjarstjórnarinnar virðing á húsi þeirra Th. Jónassens og yfirdómara M. Stephensens, sem nú var fullgjört, og var virt 22000 kr. og var það samþykkt. Því næst var ákveðinn fundur næsta fimmtudag á vanalegum tíma til að ræða áætlunina til annarar umræðu.

5. Guðmundur Þórðarson stakk upp á, að næturverðirnir væru látnir hrópa á nóttunni við hver stundaskipti, og var fellt með 4 atkvæðum gegn 4, að þessi uppástunga mætti koma til endilegrar umræðu á þessum fundi. Uppl.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. A. Thorsteinsson.
P. O. Gíslason. Bergur Thorberg. ~~Einar~~ Jón Þórðarson. G. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Formaður bæjarstjórnarinnar vill geta þess, að bæjarfulltrúi Jón Jónsson landshöfðingjaritari á ~~hér á undan rituðum~~ síðasta bæjarstjórnarfundi var mjög æstur, og þegar formaður fann ástæðu til þess með því að hringja að láta í ljósi, að tal hans ekki ætti við, þá sagði hann, að ekki væri til neins fyrir formanninn að hringja, er hann talaði, því hér væri málfrelsi, og að hann því ekki gengdi því þó formaður hringdi. Einnig viðhafði Jón Jonsson bæjarfulltrúi þau orð um 1 atriði í nefndaráliti 3 bæjarfulltrúa í skólamálinu, að það lýsti "broddborgaraskap". Þá sýndi hann og í lok fundarins, á meðan verið var að undirskrifa gjörðabókina, ósæmilega og með öllu bæjarfulltrúa ósamboðna aðferð við einn bæjarmann, er staddur var sem áheyrandi í salnum.

Loks, er formaður fékk Jóni Jónssyni gjörðabókina til undirskriftar, þá fór hann að lesa í bókinni í stað þess að undirskrifa, enda þótt formaður áður hefði lesið upp allt, sem bókað hafði verið, og á 2 stöðum leiðrétt eða breytt orði eftir beiðni Jóns Jónssonar, enda fann hann að engu ~~áður~~, þegar búið var að lesa upp bókina. Benti formaður þá Jóni Jónssyni á, að fleiri bæjarfulltrúar en hann ættu óundirskrifað og að þeir ekki væru skyldugir til að bíða eftir lestri hans; fékk hann þá bæjarfulltrúa Guðmundi Þórðarsyni bókina til undirskriftar, en tók síðan aftur við henni, en í stað þess þó, eftir áskorun formannsins, að undirskrifa bókina fór hann aftur að lesa í henni; tók formaður þá bókina frá honum, en Jón Jónsson vitnaði þá til þeirra, er í salnum væru, að formaður neitaði sér um að fá að undirskrifa bókina, en formaður sagði það væri ekki rétt, og ~~bókin) stað~~ Jóni bókin til boða til undirskrifta og fékk honum hana, tók Jón við henni, settist með hana við borðið og fór enn á ný að lesa í bókinni án þess að sinna áskorun formannsins um nú að undirskrifa gjörðabókina; tók formaður þá bókina frá Jóni Jónssyni og fór með hana á burt.

E. Th. Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framanskrifað

Ár 1880, 28. okt., var aukafundur settur og haldinn í bæjarstjórninni, og var þá fyrst athugasemd ~~þú á næsta blaði hér að~~ ~~undan~~ upplesin, og spurði formaður því næst þá bæjarfulltrúa, sem höfðu verið á síðasta fundi, hvort ekki rétt hermt, þagði; landfógeti A. Thorsteinsson sagði, að hann fyrir sitt leyti ekki vildi úttala neitt álit um bókun þessa, sem ekki væri lögboðin bókun á fundinum 21. þ.m., heldur eftir hann. Síðan var byrjað að ræða um:

1. Áætlunina, sem nú var ~~komin~~ tekin fyrir til annarar umræðu. (Eftir beiðni Jóns Jónssonar var gengið til atkvæða um greinina C.2.). Eftir að 3 höfðu beðið um, að umræðunum væri hætt, meðan Jón Jónsson talaði, og gengið væri til atkvæða um áætlunina, var gengið til atkvæða um það, og viðtekið með öllum atkvæðum (gegn 1 (Jóns Jónssonar))X) - H.Kr.Friðriksson og Einar Þórðarson báðu um orðið ~~þá eftir~~, og var það viðtekið. - Var svo gengið til atkvæða um hvern einstakan lið af tekjunum undir A. til C., og var það samþykkt.

Síðan var gengið til atkvæða um hvern einstakan lið útgjaldanna, og var það samþykkt allt að ~~2. 5.~~ II. 5., en við gjaldagrein þessa II. 5. um hreinsun og rennur gjörði bæjarfulltrúi G. Þórðarson þá breytingaruppástungu, að liðurinn væri færður upp í 700 kr. Var gengið til atkvæða um það, og fellt. -

Síðan var gengið framvegis til atkvæða allt að gjaldagreininni 10. C., og var hún viðtekin með 7 gegn 3, og það voru A.Thorsteinsson, Jón Jónsson og Egilsson. Þá var allt samþykkt að IV. 2.a., og gjörði Egilsson þá breytingaruppástungu, að þessi póstur væri felldur og sama um næsta póst IV. 2. b., og var gengið til atkvæða um þessa pósta, og þeir viðteknir eins og þeir eru á áætluninni. Síðan allt samþykkt að IV. 4., og gjörði Egilsson það breytingaratkvæði við þann póst, að hann væri færður upp í 500 kr., og var það fellt. Síðan var borin upp viðaukaatkvæði ritara Jóns Jónssonar, að upphæðinni 200 væri skipt í 2 hluti, nefnil. 125 kr. og 75 kr., og var sú uppástunga felld. Var þá borinn upp þessi gjaldaliður eins og hann er á áætluninni, og var hann samþykktur með 8 gegn 2 (Egilsson og Jón Jónsson). Var þá borinn upp gjaldaliðurinn V. 5. og hafði A. Thorsteinsson gjört þá breytingaruppástungu: Styrkur þessi veitist ~~nú~~ 20 kr. fyrir hverja stúlku héðan úr bænum, sem nýtur kennslu í skólanum í öllum fræðigreinum, og með því skilyrði, að skólinn ekki taki kennslukaup af henni. - Jón Jónsson stakk upp á, að 140 væri breytt í 200, og var það fyrst borið upp, og var það fellt. Þá var gengið til atkvæða um uppástungu A.Thorsteinssonar, og var hún felld. Þá var borin upp ~~sam~~ uppástunga A.Thorsteinson, Egilsson og E. Þórðarsonar, að þessi póstur verði færður niður í 100 kr. með áður um getnum athugasemdum A. Thorst., og var það samþykkt með 7 gegn 3.

Gjaldaliðurinn VI. var síðan samþykktur í einu hljóði.

Var síðan gengið til atkvæða um upphæð aukaútsvarsins, sem ætti að jafna á, 11961.49 með áorðnum breytingum, og var það samþykkt í einu hljóði.

Var þá borið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar, hvort hún vildi samþykkja áætlunina þannig lagaða, og var hún ~~síðan~~ viðtekin í einu hljóði. -

Allir á fundi.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. Jón Jónsson. Bergur Thorberg. A.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson.

X) Skrifað yfir það í frumriti, sem innan sviga er.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þann 4. nóvember, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrst rætt um:

1. Lagt undir samþykki bæjarstjórnarinnar virðingar til brunabóta á húsi hr. A. L. Knudsen í Tjarnargötu, sem er 12 3/4 ál. langt og 12 1/4 ál. breitt og 5 álnir undir loft, bindingsverk úr plægðum plönkum með járnþaki, virt á 3700 kr. Formaður gat þess, að slökkviliðsstjórinn hefði tilkynnt formanni munnlega, að hann ekkert hefði að athuga við byggingu þessa, hvað snerti ofna og eldstó. - Var virðing þessi samþykkt.

2. Bréf frá lyfsala Krüger, með hverju hann biður um leyfi bæjarstjórnarinnar til að planta trjám í göngunum í kringum Austurvöll fyrir innan grindurnar, á sinn eigin kostnað, nema hvað hann óskaði, að bætt væri í grindurnar um völlinn, einum þræði af járni eður öðru, svo að völlurinn og trén væru vel varin fyrir ágangi skepna. - Var stungið upp á að fresta þessu málefni. Var það fellt. Var svo gengið til atkvæða um beiðni lyfsalans í áminnstu bréfi, og var það samþykkt með þeim ákvörðunum, að þetta á engan hátt skerti réttindi leigjandans að vellinum, að trén yrðu bæjarins eign og bærinn ekki legði ~~minna~~ til þessa fyrirtækis en, að dreginn yrði járnvír langs eftir girðingunni milli slánna, og að endingu, að ekki ~~væri~~ plantað trjám til fyrirstöðu við inngangana á völlinn.

3. ~~Var borið~~ undir samþykki bæjarstjórnarinnar 2 útmælingar í umdæminu fyrir hússtæði:
a. Útmæling til steinhúss í Kaplaskjóli undir hús 18 ál. langt og 10 áln. breitt (Beiðnin var frá Egilsson og Sveini Guðmundssyni á Garðhúsum). Eftir miklar umræður tók Egilsson aftur beiðni sína, en geymdi Sveini Guðmundssyni sinn rétt, og var svo málinu frestað.
b. Útmæling fyrir Árna smið Magnússon á túni ~~Gríms~~ snikkara Jónssonar, 30 áln. frá N. til S. 17 1/2 frá austri til vesturs. Sömuleiðis var Þorsteini Guðmundssyni útmælt 10 álnir suður frá húsgrunni hans og jafnbreitt og grunnur hans var áður. - Samþykkt.

4. Beiðni frá nokkrum mönnum frá Seli, sem biðja um, að bæjarstjórnin láti gera við brunn þeirra. Var samþykkt, að brunnur þessi yrði byggður upp, en að hann svo væri til almennings þarfa, og mætti til þessa brúka allt að 50 krónum.

5. Bréf frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa um, að tillag það, sem var veitt kvennaskólanum á áætluninni þetta næsta ár, verði hækkað upp í 220 krónur. - Stakk E. Þórðarson upp á, að þessu væri frestað til haustsins 1881. Og breytingaruppástunga J. Jónssonar, að málinu ~~væri~~ frestað til 1. fundar í janúar 1881. Var hún felld. Var þá gengið til atkvæða um uppástungu E. Þórðarsonar, og var hún samþykkt. -

6. Bréf frá landshöfðingja til bæjarstjórnarinnar útaf klögun frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa yfir bæjarfógetanum, dags. 26. f.m. Vill landshöfðingi með bréfi þessu skjóta því til bæjarstjórnarinnar, hvort ekki muni ástæða til að taka inn í þingsköp þau, sem getur um í 11. gr. ~~[illegible]~~ tilsk. 20. apríl 1872, nánari reglur um undirskrift gjörðabókarinnar. - Einnig sendir landshöfðingi með þessu bréfi, bréf frá bæjarfulltrúa Jóni Jónssyni til úrlausnar fyrir bæjarstjórnina. Var stungið upp á, að leggja höfuðmálið að aðta. Var það samþykkt í einu hljóði, enn í tilliti til þess, sem landshöfðinginn bendir bæjarstjórninni á, það álítur bæjarstjórnin, að megi bíða. Bæjarfógeti greiddi ekki atkvæði um kæruskjal Jóns Jónssonar.

7. Bréf frá nokkrum búendum í Þingholtum áhrærandi veg úr Ingólfsstræti ofan á Lækjargötu. Var stungið upp á að fá álit veganefndarinnar um þetta efni, og að málinu til þess yrði frestað, og var það samþykkt..



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Þórðarson, Pétur Gíslason og Jón Þórðarson ekki á fundi.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Á.Thorsteinsson.
Bergur Thorberg. Jón Jónsson. Egilsson. Einar Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þann 18. nóv., var haldinn bæjarstjórnarfundur , og var þá tekið fyrir:

1. Lesið upp bréf frá H. Helgasyni, um það beint hafi verið að honum af einum bæjarfulltrúa, að hans byggingar væri dýrari en hann hafi sagt þeim, sem hann hefur byggt fyrir. -(Lagt að ...)

2. Bréf frá E. Þórðarsyni, sem formanni handiðnamannafélagsins, í hverju hann biður um bæjarþingsstofuna á sunnudögum handa handiðnamönnum til þess að lesa þar. - Var þetta veitt vetrarlangt, með því skilyrði, að félagið ábyrgist, ef nokkrar skemmdir yrðu, á hverju sem helzt það kynni að verða, og að handiðnamannafélagið komi sér saman við dyravörð bæjarþinghússins um það, að húsið verði jafnan eins hreint eins og það ber að vera, þrátt fyrir veru handiðnamanna þar.

Bar herra bæjarfulltrúi Á. Thorsteinsson upp þá beiðni, að bæjarstjórnin vildi leyfa Fornleyfafélaginu , einsog í fyrra, að halda nokkra fyrirlestra í þingsalnum, og var það samþykkt. -

3. Bornar upp virðingargjörðir til brunabóta á:

1. Bær, tilheyrandi Benedikt Jónssyni í Skuggahverfi, með steinveggjum, virtur á 300 kr. Samþykkt.
2:) Framlenging á húsi Gísla Tómassonar á Hlíðarhúsastíg, með járnþaki og kjallara, sem virt er á 200 kr. Samþykkt.
3:) Steinhús með timburgöflum með járnþaki á skarsúð, við Skuggahverfisveg, tilheyrandi Bjarna Dagssyni, virt 1200 kr. Samþykkt.
4:) Alþingishúsið við Austurvöll, 43 3/4 ál. langt, 26 ál. breitt, úr ísl. steini, með steinþaki, járnbitar víðast, etc. etc., virt á 55000 krónur. Samþykkt.
5:) Pakkhús úr timbri, með járn og helluþaki, byggt við íveruhús bæjarfógeta E.Th.Jónassens, virt á 1500 kr. Samþykkt.

Allir á fundi nema Jón Jónsson.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. G.Þórðarson. Á.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn 2. desember, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og kom þá til umræðu:

1. Að kjósa í kjörstjórn til bæjarfulltrúa kosningar 1881, og voru þeir kosnir:

Yfirkennari H. Kr. Friðriksson með 6 atkv.
og amtmaður Bergur Thorberg - 4 -

2. Virðing á húsi Brynjólfs ~~Auðs~~sonar í Þingholtsstræti, tvíloftað, búið að efri etagíunni til, með steinþaki, virt á 4000 ~~100/00~~. Var virðing sú samþykkt.

3. Borið undir bæjarstjórnarinnar samþykki útmæling til húsagjörðar utan hinnar gömlu kaupstaðarlínu, þar sem steinhöggvari Schow vill fá dálitla viðbót við Merkisteinsgrunninn að vestanverðu af spildu þeirri, sem liggur að húsi Guðm. Erlindssonar. Var samþykkt, að honum væri þetta veitt.

4. Borið undir samþykki bæjarstjórnarinnar útmæling til ~~húss~~ í Kaplaskjóli að stærð 2 dagsláttur handa Sveini Guðmundssyni. Hafði það verið ákvarðað af veganefndinni, að þessar dagsláttur væru honum þannig afhentar, að hann fengi 60 faðma frá norðri til suðurs, eða frá sjó upp á land, og 30 faðma frá austri til vesturs, eður langs með ströndinni, og þetta væri reiknað frá grunni þeim, sem þar er áður útmældur, og að nóg pláss væri fyrir götu með sjónum. - Var þessi útmæling samþykkt af bæjarstjórninni með þeim skilmálum, að hann gyldi eftir það til bæjarsjóðs 20 áln. árl. eftir meðalverði frá 1. jan. 1881 og að öðru leyti með þeim skilmálum, sem bærinn hefur áður látið af hendi lóðir til túnræktunar til erfðafestu.

5. Borinn undir samþykki bæjarstjórnarinnar reikningur frá Jóni Ólafssyni í Finnbogabæ. Reikningurinn er frá 1876, en hefur nú verið samþykktur af þáverandi vega~~negð~~nefnd, er hann að upphæð kr. 18.88. Var samþykkt, að reikningurinn væri útborgaður.

Jón Jónsson og Pétur Gíslason voru ekki á fundi.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. Bergur Thorberg. A. Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson. G. Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880, fimmtudaginn þann 16. desember, var fundur haldinn í bæjarstjórninni, og var þá rætt um:

1. Bréf frá frú I. Melsted um að fá endurgjald fyrir lóð undir brunn í kálgarðshorni hennar, og biður hún, að það sé sem fyrst virt. Var þá um leið talað um virðingu á lóðarblettum þeim fleirum, sem nokkrir menn í Þingholtunum höfðu látið til af kálgörðum þeirra undir Þingholtsstræti. Var samþykkt, að virðing á lóðarblettum þessum yrði falin virðingarmönnum, sem af réttinum séu útnefndir, ef viðkomendur ekki geti komið sér saman við veganefndina. -

2. Bréf lesið upp frá landshöfðingja, dags. 7. þ.m., með hverju hann lætur bæjarstjórnina vita, að lán það til barnaskólahússbyggingar að upphæð 20-25000 kr. af viðlagasjóði landsins með 6% árlegri afborgun og leigu sé af honum samþykkt og muni að líkindum fást næsta sumar, svo framarlega sem þá verða næg peningaráð fyrir höndum til þess.

3. Annað bréf frá landshöfðingja um 1500 kr. lán, sem bæjarstjórnin hafi tekið úr hafnarsjóðnum 1879 í janúarmánuði.- Biður hann um tillögur bæjarstjórnarinnar um endurborgunarfrest lánsins, og var samþykkt að stinga upp á við landshöfðingja um 10 ára endurborgunarfrest með 4% árlegri leigu.

4. Borin undir samþykki bæjarstjórnarinnar virðingargjörð til brunabóta á veitingahúsi M. Smith í Hafnarstræti, sem nú er að öllu leyti fullgjört, og sem nú er virt á 15000 kr. Var virðingargjörð þessi samþykkt.

5. Borin undir bæjarstjórnina útmælingar undir 2 hús, hvort af annað er utan hinnar gömlu kaupstaðarlínu. Var önnur fyrir járnsmið Kolbein Guðmundsson fyrir norðan Hlíðarhúsastíg fyrir vestan hús Jóns Borgfjörðs, 11 álna langt hús og 10 álna breitt, með litlu kálgarðsplássi. Samþykkt. - Hin önnur útmælingin, sem er í túni Einars snikkara Jónssonar, var fyrir Benedikt adjúnkt Gröndahl. Er það fyrir sunnan útmælinguna til Árna Magnússonar, eður í landsuðurhorni túns Einars snikkara Jónssonar. Húsið á að vera 14 álna langt og 13 álna breitt. Samþykkt.

Ekki á fundi: Á.Thorsteinsson, Jón Jónsson, Jón Þórðarss.

Fundi slitið.

E.Th. Jónassen. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg. Egilsson. Einar Þórðarson. P.O.Gíslason. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Á Æ T L U N

## U M

### tekjur og gjöld Reykjavíkur kaupstaðar árið 1881 -

| Tekjur: | Al: | Kr. au. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|---|
| A. Sérstakar tekjur kaupstaðarins: | | | | |
| 1. Væntanlegar eftirstöðvar um nýjár 1880 | | | 800.oo | |
| 2. Tekjur af eignum kaupstaðarins: | | | | |
| a. ~~Tekjur~~ af túnum og lóðarpörtum eftir samningi, áætluð gjöld eftir verðlagsskrár meðalverði 1324 1/2 al. á 54 aur. | | 715.23 | | |
| í peningum . . . . . . . . . . . . . . . . | | 110.oo | 825.23 | |
| nefnilega: | | | | |
| Skálholtskots- og Stöðlakotstún: | | | | |
| 1. Norðurvöllur . . . . . . . . . | 45 1/2 | | | |
| 2. MiðVöllur og Suðurvöllur . . . | 85 | | | |
| 3. Útnorðurvöllur . . . . . . . . | 74 | | | |
| 4. Útsuðurvöllur . . . . . . . . | 50 | | | |
| Vesturtún bæjarins: | | | | |
| 5. Ullarstofutún . . . . . . . . | 101 | | | |
| 6. Biskupsstofutún . . . . . . . | 71 | | | |
| 7. Melshúsatún . . . . . . . . . | 104 | | | |
| 8. Melkotstún . . . . . . . . . . | 119 | | | |
| Hlíðarhús með Ánanaustum: | | | | |
| 9. Bletturinn nr. 1 . . . . . . | 60 | | | |
| 10. -"- 2 . . . . . . | 108 | | | |
| 11. -"- 3 . . . . . . | 119 | | | |
| 12. -"- 4 . . . . . . | 45 | | | |
| 13. -"- 5 og 6 óleigður | | | | |
| 14. Ánanaust . . . . . . . . . . . | 20 | | | |
| Ýms tún og blettir: | | | | |
| 15. Sefið í Tjarnarenda . . . . . | 25 | | | |
| 16. Móhúsatún . . . . . . . . . . | 54 | | | |
| 17. Viðauki við Móhúsatún . . . . | 30 | | | |
| 18. Thomsenstún . . . . . . . . . | 60 | | | |
| 19. Grænuborgarblettur . . . . . | 10 | | | |
| 20. Viðaukablettur við Brennu . . | 1 | | | |
| 21. - " - - Grund . . | 4 | | | |
| 22. Litlaholtsblettur . . . . . . | 18 | | | |
| 23. Neðraholtsblettur . . . . . . | 29 | | | |
| 24. Viðaukablettur við Sauðagerði | 14 | | | |
| 25. Túnblettur á Mel~~unum~~ . . . . | | 10.oo | | |
| 26. Stekkjarholtstún . . . . . . | | 8.oo | | |
| 27. Gamli kirkjugarðurinn (til fardaga 1883) . . | | 33.oo | | |
| 28. Kálgarður hjá prentsmiðjunni | | 6.oo | | |
| 29. Austurvöllur (4 ára leigumáli frá fard. 1878) . . | | 45 | | |
| 30 Viðaukablettur við Garðana | 10 | | | |
| 31. Viðaukablettur við Nýjabæ | 4 | | | |
| 32. Kálgarður hjá barnaskólanum | | 8.oo | | |
| 33. Móakotsblettur . . . . . . . . | 16 | | | |
| 34. Grímsbæjarblettur . . . . . . | 17 | | | |
| 35. Pálsbæjarblettur . . . . . . . | 12 | | | |
| 36. Garðhúsablettur . . . . . . | 5 | | | |
| 37. Steinstaðablettur . . . . . . | 5 | | | |
| 38. Móablettur (milli Thomsenstúns og Móhúsatúns) . . . . . . | 20 | | | |
| | =1324 1/2 | | | |

Væntanl. meðalv. á alin áætl. 54 aur.

Nr. 28., Kálgarðurinn hjá prentsmiðjunni, var 1880 leigður fyrir 6 kr. og er hér áætlað sama ~~verð~~ leiga.

33-38, Samkvæmt samningi milli bæjarstjórnarinnar og hlutaðeigandi eru þessir blettir látnir af hendi fyrir hið tilgreinda gjald.

Bæjarsjóðurinn á í vændum afgjöld af túnum þeim og lóðarblettum, er nú skal greina:

Kr. 1625.23



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. | |
|---|---|---|---|---|
| Flutt kr. | | 1625.23 | | |
| a. Efraholtsblettur, útmældur 18. febr. 1858. | | | | |
| b. Félagsgarður, eftirgjaldslaus í 80 ár frá 9/6 1848. | | | | |
| b. Tollur af mó eftir samþykkt um afnot jarðarinnar Reykjavíkur, áætlaður | | 200.00 | | |
| c. Kálgarður hjá Litlu-Bergsstöðum | | 8.00 | | |
| d. Leiga eftir hið keypta geymsluhús við barnaskólann, áætlað ....... | | 30.00 | | -ut |
| e. Tekjur af vatnsbólum kaupstaðarins | | 60.00 | | |
| f. Óvissar tekjur .......... | | 50.00 | 1973.23 | |
| **B. Sérstakar tekjur fátækrasjóðsins:** | | | | |
| 1. Vextir af arðberandi skuldabréfum | | 36.00 | | |
| 2. Tíund til fátækra: | | | | |
| a. Fasteignartíund .......... | 40.00 | | | |
| b. Lausafjártíund .......... | 200.00 | 250.00 | | |
| 3. Sektir til fátækra og gjafir ... | | 50.00 | | |
| 4. Hundaskattur ........... | | 40.00 | | |
| 5. Andvirði fyrir seldar reitur sveitarómaga .............. | | 50.00 | | |
| 6. Aðrar óvissar tekjur, þar í lán, sem kunna að endurborgast ...... | | 700.00 | 1126.00 | |
| **C. Sérstakar tekjur barnaskólans:** | | | | |
| 1. Væntanleg leiga af húsum skólans | | 200.00 | | |
| 2. Væntanlegir skólapeningar ..... | | 800.00 | 1000.00 | |
| **D. Niðurjöfnuð gjöld á lögákveðna tekjustofna:** | | | | |
| 1. Lóðargjald samkv. lögum 19/10 '77 og 19/9 '79 í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins: | | | | |
| a. af byggðri lóð .......... | 2433.00 | | | |
| b. af óbyggðri lóð .......... | 912.00 | 3345.00 | | |
| 2. Gjöld eftir efnum og ástandi, er ber að jafna niður með 5-10% meira eftir ~~15.~~ gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 23. sept. 1872, staðfest 9. okt. s.á. af landshöfðingjanum .............. | ~~12033.49~~ | 12033.49 | 15378.49 | 13. |
| Tekjur alls kr. | | | 19477.72 | |

## GJØLD:

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. | |
|---|---|---|---|---|
| **I. Til hins opinbera:** | | | | |
| 1. Tíund til prests af eignum kaupstaðarins | | 2.33 | | |
| 2. Búnaðarskólagjald .......... | | 2.67 | 6.00 x) | |
| **II. Útgjöld í þarfir kaupstaðarins:** | | | | |
| 1. Stjórn kaupstaðarins og umsjón: | | | | |
| a. Laun embættismanna og eftirlaun: | | | | |
| α. laun bæjargjaldkera kr. 200.00 | | | | |
| β. styrkur til Árna Gíslasonar 100.00 | | | | |
| γ. eftirlaun Árna Björnssonar 37.20 | 337.20 | | | |
| b. skrifstofuhald, ritföng hreinsun þinghúss, hiti o. fl. | 125.00 | | | -hald |
| c. til fangavarðar .......... | 88.34 | | | |
| d. umsjón með landeign kaupstaðarins | 150.00 | ~~754.54~~ | 700.54 | |
| 2. Til lögreglu: | | | | 4. |
| a. laun og eftirlaun: | | | | |
| α. laun hins fasta næturvarðar 440.00 | | | | |
| β. til yfirhafnar ...... 20.00 | | | | |
| γ. til aukanæturvörzlu ... 260.00 | | | | |
| δ. laun tveggja lögregluþjóna eldri 540.00 yngri 500.00 1040.00 | 1760.00 | | | |
| b. Önnur útgjöld .......... | 10.00 | 1770.00 | | |



x) Svo í frumriti, þótt [illegible] 5.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | Kr. aur. | Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| 3. ~~Til hreinlætis~~ Til heilbrigðisráðstafana, guðsþjónustu o.fl. | | | |
| a. Styrkur til sjúklinga. . . . . . | 50.00 | | |
| b, Laun yfirsetukvenna . . . . . | 306.66 | | |
| c. Til forsöngvara í dómkirkjunni . | 29.66 | | |
| d. Ønnur útgjöld, þar á meðal gæzla á sigurverki . . | 48.00 | 434.32 | |
| 4. Til vegabóta, aðgjörða á strætum m.m. | | 1200.00 | |
| 5. - þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs og renna . . . . . | | 500.00 | |
| 6. - vatnsbólanna . . . . . . . . . | | 500.00 | |
| 7. Slökkvitól bæjarins og slökkviliðs . | | 200.00 | |
| 8. Til að lýsa götur bæjarins . . . . | | 500.00 | |
| 9. Árgjald af Hlíðarhúsum: | | | |
| a. til prestsins á Helgafelli . . | 170.00 | | |
| b. - ekkjufrú E.Thorsteinsen . . | 130.00 | 300.00 | |
| 10. Vextir og afborganir af lánum: | | | |
| a. lán af Thorkil. sjóði samkv. br. 3/5 '69 og 3/12 '65, eins árs ~~vextir~~ 11/6 1881, 4% af 400 kr. . . . | 16.00 | | |
| b, lán til aðgjörða á barnaskólanum samkv. rhbr. 31/5 '62, upphafl. 3200 kr., er ávaxtast og afborgast með 6% á ári, 19. afborgun . . | 192.00 | | |
| c, lán til Hlíðarhúsavegarins samkv. rhbr. 12.5 '68 að upphæð 800 kr., er afborgast og ávaxtast með 6% frá 1/1 '69, 13. afborgun . . | 48.00 | | |
| d, lán til þjóðvega, er samkv. lhbr. 29/5 '73 afborgast og ávaxtast frá 1/1 '74 með 6%, að upphæð 800 kr., 7. afborgun . . . | 48.00 | | |
| e, lán til þjóðv. samkv. lhbr. 29/5 '73, að upphæð 1600 kr. Af láninu borgast enn aðeins vextir, 4% | 64.00 | | |
| f, lán til þinghúsbyggingar 5000 kr. og hluttekning í kostnaði við fangahús, kr. 3271.10, samt. kr. 8271.10, er samkv. lhbr. 16/5 '73 afborgast á 15 árum samfleytt með 1/15 á ári og ávaxtast með 4%, 8. afborgun. . 551.41 Vextir af kr. 4411.23 176.45 | 727.86 | | |
| g. lán til aðgerðar á Austurvelli og Austurstræti samkv. lhbr. 10/10 '74, að upphæð 10000 kr. Lán þetta ávaxtast og afborgast með 6%, 6.afb. | 600.00 | | |
| h. lán handa skólavörðunni samkv. lhbr. 3/5 1871, að upphæð 400 kr. ~~ser~~ af því ~~ser~~ 4% . . . . . . . . . . . . . | 16.00 | | |
| i, lán, tekið úr hafnarsjóði 29/12 1876 til ljóskera, 2000 kr., rentur af því 4% . . . . . . . . . . | 80.00 | | |
| k, lán, tekið úr hafnarsjóði til lóðarauka og húskaupa handa barnaskólanum, 2000 kr., rentur af því 4% | 80.00 | | |
| l, lán, tekið úr hafnarsjóði 31/1 '79, 1500 kr., rentur 4% . . . . . . . . | 60.00 | | |
| m. lán, tekið úr sama sjóði 21/9 '80, 1000 kr., 4% . . . . . . . . . . . | 40.00 | 1971.86 | |
| 11. Til áhalda, aðgjörðar og útvegunar á þeim . . . . . . . . . . . . . . | | 100.00 | |
| 12. Óvænt og óviss útgjöld . . . . . . . | | 100.00 | |
| 13. Væntanlegar eftirstöðvar við ~~áramót~~ árslok 1881 . . . . . . . | | 800.00 | |

Flyt kr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

G J Ø L D frh.:

| | Kr. aur. | 7 Kr. aur. | Kr. aur. |
|---|---|---|---|
| III. Útgjöld fátækrasjóðsins: Fluttar kr. = | | | 9082.72 |
| 1. Til aðstoðar og framfæris þurfa~~manna~~ mönnum: | | | |
| a. Framfæri sveitarómaga . . . . . . . . | 4800.00 | | |
| b. Til þurfamanna . . . . . . . . . . . | 1000.00 | | |
| c. – vitstola . . . . . . . . . . . . . | 1000.00 | | |
| d. Greftrunarkostnaður sveitarómaga | 150.00 | | |
| e. Lögflutningur sveitarómaga . . . | 50.00 | | |
| ~~f. Óviss útgjöld, þar í lán til annara sveita gegn endurgjaldi~~ | | | |
| f. Önnur útgjöld, þar í fátækralyf . . | 120.00 | 7120.00 | |
| 2. Óviss útgjöld, þar í lán til annara sveita gegn endurgjaldi . . . . . . . . | | 300.00 | 7420.00 |
| IV. Til barnaskólans: | | | |
| 1. Laun: | | | |
| a. Laun hins fasta kennara . . . . . | 1000.00 | | |
| b. Aukaþóknun til sama fyrir 1881 . | 200.00 | | |
| c. Til aukakennslu . . . . . . . . . | 800.00 | 2000.00 | |
| 2. Hús skólans, áhöld, brunabætur o.fl.: | | | |
| a. Viðhald á húsinu . . . . . . . . | 200.00 | | |
| b. Áhöld . . . . . . . . . . . . . . . | 50.00 | | |
| c. Brunabætur og húsaskattur . . . . | 100.00 | | |
| d. Eldiviður og ljós . . . . . . . . | 220.00 | 570.00 | |
| 3. Óviss útgjöld, svo sem til ritfanga, þvotta á skólahúsinu o.fl. . . . . . | | 80.00 | |
| 4. Fyrir uppdrátt og áætlun til nýrrar skólabyggingar . . . . . . . . . . . | | 200.00 | 2850.00 |
| V. Til kvennaskólans í Reykjavík með því skilyrði, að stúlkur úr Reykjavík fái ókeypis kennslu í skólanum | | | 100.00 |
| VI. Til sæluhússins á Kolviðarhóli . . . . | | | 25.00 |
| Gjöld alls kr. = | | | 19477.72 |

ø = alfa. ø = beta. ø = gamma. ø = delta o.s.frv.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, þriðjudaginn hinn 4. dag janúarmánaðar kl. 12 á hádegi, var í þinghúsi Reykjavíkurkaupstaðar af undirskrifaðri kjörstjórn haldinn kjörfundur til þess samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 1 mann í bæjarstjórn Reykjavíkur af hærra gjaldenda flokki í stað landfógeta A. Thorsteinssen. - Kjörfundur þessi hefir verið fyrirfram boðaður með auglýsingum á lögskipaðan hátt og bumbuslætti 1 stundu, áður fundurinn byrjaði. Kjörskráin hefir legið til sýnis um lögskipaðan tíma á bæjarþingstofunni, og hafa engar athugasemdir verið gjörðar, hvað hana snertir.

Kosningin fór þannig fram:

| Nr. | Kjósendur: | Hinn kosni bæjarfulltrúi: |
|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason Skólavörðustíg. | |
| 2. | Árni Thorsteinsson landfógeti. | |
| 3. | Bergur Thorberg amtmaður: | H.E.Helgesen. |
| 4. | Benedikt Ásgrímsson gullsmiður. | |
| 5. | - Gröndal adjúnkt. | |
| 6. | Bernhöft, D. bakari. | |
| 7. | Bjarni Bjarnason Lækjargötu: | J.Steffensen faktor. |
| 8. | - Oddsson Garðhúsum: | Geir Zöega. |
| 9. | Björn Guðmundsson múrari. | |
| 10. | Björn Hjaltested járnsmiður: | Sigurður Sigurðsson adj. |
| 11. | - M. Ólsen adjúnkt. | |
| 12. | Eggert M. Waage bókhaldari. | |
| 13. | Egill Egilsson bæjarfulltrúi: | Jón Steffensen faktor. |
| 14. | Einar Jónsson snikkari. | |
| 15. | - Sigvaldason Háholti. | |
| 16. | - Þórðarson prentari: | Lárus Sveinbjörnsson assessor. |
| 17. | Eiríkur Ásmundsson Grjóta. | |
| 18. | Erlendur Hannesson Mel: | Geir Zöega. |
| 19. | Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður. | |
| 20. | Eyþór Felixson verzlunarmaður: | Jón Steffensen faktor. |
| 21. | Geir Zöega dannebrogsmaður: | Lárus Sveinbjornss. assessor. |
| 22. | Gísli Björnsson Bakka: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 23. | Guðmundur Erlendsson Hlíðarhúsastíg. | |
| 24. | - Þórðarson Hóli. | |
| 25. | Halberg J.G. gestgjafi. | |
| 26. | Halldór Kr. Friðrikss. yfirkenn.: | Geir Zöega. |
| 27. | - Guðmundsson adjúnkt: | Geir Zöega. |
| 28. | - Jónsson Vegamótum: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 29. | Hallgr. Sveinsson prestur. | |
| 30. | Hannes Johnsen kaupmaður. | |
| 31. | Hansen, O. M. hattari. | |
| 32. | Helgi Hálfdánarson docent: | Geir Zöega. |
| 33. | - E. Helgesen skólastjóri: | Geir Zöega. |
| 34. | - Helgason snikkari. | |
| 35. | Hilmar Finsen landshöfðingi. | |
| 36. | Indriði Einarsson revísor: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 37. | Ingimundur Sigurðsson Bakka: | Sig.Sigurðsson kennari. |
| 38. | Jakob Sveinsson snikkari. | |
| 39. | Jensen, E. bakari. | |
| 40. | Jóhann Jónsson snikkari. | |
| 41. | - Olsen Hjallhúsum. | |
| 42. | - Zöega Nýjabæ. | |
| 43. | Johannesen, M. faktor. | |
| 44. | Jón Árnason bókavörður. | |
| 45. | - Björnsson Ánanaustum. | Sig.Sigurðsson kennari. |
| 46. | - Guðmundsson Hlíðarhúsum: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 47. | - Guðmundsson Bakkabæ: | |
| 48. | - Guðnason kaupmaður. | |
| 49. | - Hjaltalín landlæknir. | Geir Zöega. |
| 50. | - Ó.V.Jónsson faktor: | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kosning 1 bæjarfulltrúa framh.:

| Nr. | Kjósendur: | Hinn kosni: |
|---|---|---|
| 51. | Jón Jónsson landritari: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 52. | - Oddsson hafnsögumaður. | |
| 53. | - Ólafsson Hlíðarhúsum: | Jón Steffensen faktor. |
| 54. | - Pálsson faktor. | |
| 55. | - Pétursson yfirdómsforseti: | Sigurður Sigurðss. kennari. |
| 56. | - Steffensen faktor: | Geir Zöega. |
| 57. | - Þórðarson Hákoti. | |
| 58. | - Þórðarson Hlíðarhúsum. | |
| 59. | - Þorkelsson rektor. | |
| 60. | Jónas Helgason organisti. | |
| 61. | - Jónassen læknir: | Geir Zöega. |
| 62. | Krüger, N. S. lyfsali: | Geir Zöega. |
| 63. | Lange faktor. | |
| 64. | Larsen faktor. | |
| 65. | Lárus Sveinbjörnsson assessor. | |
| 66. | Lüders múrmeistari. | |
| 67. | Löve klæðasali. | |
| 68. | Magnús Árnason snikkari: | Geir Zöega. |
| 69. | - Einarsson Melkoti. | |
| 70. | - ~~Magnús~~ Jónsson kaupmaður: | Sigurður Sigurðsson kennari. |
| 71. | - Steffensen assessor: | Geir Zöega. |
| 72. | - Vigfússon Miðseli: | Sigurður Sigurðsson kennari. |
| 73. | Markús Bjarnason skipstjóri. | |
| 74. | Mattías Jochumsson ritstjóri. | |
| 75. | Nikulás Jafetsson gestgjafi. | |
| 76. | Ólafur Ólafsson söðlari: | Geir Zöega. |
| 77. | Óli Finsen póstmeistari: | Geir Zöega. |
| 78. | Páll Melsteð prokurator. | |
| 79. | - Þorkelsson gullsmiður. | |
| 80. | Pétur Gíslason Ánanaustum: | Sig. Sigurðss. kennari. |
| 81. | - Pétursson biskup. | |
| 82. | Sigfús Eymundarson ljósmyndari: | Geir Zöega. |
| 83. | Sigurður Hansson steinhöggvari. | |
| 84. | - Jónsson járnsmiður. | |
| 85. | - Melsted lektor: | Geir Zöega. |
| 86. | - - Sigurðsson adjúnkt: | Geir Zöega. |
| 87. | - Þórðarson Hlíðarhúsum: | H.E. Helgesen. |
| 88. | Símon Johnsen konsull. | |
| 89. | Steffán Jóhannesson Kasthúsum: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 90. | Steingrímur Johnsen ~~consull~~. | |
| 91. | - Thorsteinsson adjúnkt. | |
| 92. | Sveinn Bjarnason Sauðagerði. | |
| 93. | - Ingimundarson Stóraseli: | Sig. Sigurðsson kennari. |
| 94. | Teitur Finnbogason dýralæknir: | Geir Zöega. |
| 95. | Theodór Jónassen bæjarfógeti: | Geir Zöega |
| 96. | Tómas Hallgrímsson læknir. | |
| 97. | Torfi Jónsson Hákonarbæ: | Jón Steffensen faktor |
| 98. | - Þorgrímsson prentari. | |
| 99. | Unbehagen faktor. | |
| 100. | Valgarður Breiðfjörð snikkari. | |
| 101. | Zimsen, N. konsúll: | Geir Zöega. |
| 102. | Þórður Guðmundsson Görðunum. | |
| 103. | - Torfason Vigfúsarkoti. | |
| 104. | Þorfinnur Jónathansson kaupmaður. | |

Allir kjósendur, sem voru á kjörskránni, voru kallaðir fram, og var þareftir beðið hálfa stund, til þess að taka á móti atkvæðum þeim, er síðar kæmu. Voru þarnæst atkvæðin talin saman, og hafði herra dbrm. Geir Zöega fengið flest atkvæði: 20 að tölu. Lýsti þvínæst kjörstjórnin því yfir, að herra dbrm. Geir Zöega væri löglega kosinn bæjarfulltrúi til 1 árs frá 1. janúar 1881.

Kjörfundi slitið kl. 1.15 e.m.

E.Th.Jónassen. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 6. janúar, var bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þá fyrst:

Talað um mörg bæjargjöld, sem burtnemast þurfi, frá 1876 - 77 og '78-'80. Var framlagður listi yfir þetta, og talað um hverja skuld fyrir sig, sem á listanum, stóð, og var samþykkt, að allar þær þar standandi skuldir væri burtnumdar, nema skuld Péturs prentara Ásmundssonar, 5 kr., ~~væri burtnumdar~~ Sýslumanns Kr. Jónssonar, 15 kr., Hannesar Hafliðasonar, 4 kr. Þess utan áleit bæjarstjórnin, að ekki ætti að burtnema lóðargjald það, sem Oddur Oddsson í Landakoti skuldar fyrir 3 ár, og sama sé að segja um lóðargjald Péturs Guðmundssonar í Landakoti.

Skuldir þær, sem þannig eiga að burtnemast, eru að upphæð fyrir árin 1876-1880 = kr. 493.20, og er skuldalistinn lagður við bókina.

2. Var rætt um að fá lán til bráðabirgðar handa bæjarsjóði og tiltekið allt að 1000 kr., og gaf bæjarstjórnin leyfi sitt til þess með því skilyrði, að peningalán þetta væri endurgoldið 1. maí þ.á.

3. Bréf frá Hermanni Guðmundssyni, með hverju hann biður um fría kennslu fyrir stjúpson sinn, Jón Árnason, í barnaskólanum. Var honum veittur hálfur kostnaður við nefnda skólagöngu.

4. Bréf frá Kristinu Grímsdóttur, með hverju hún biður um fría kennslu fyrir son sinn, Árna Eyþórsson, í barnaskólanum. - Var því neitað. -

5. Borin upp virðingargjörð á húsi frú Siversen í Hafnarstræti, virt á 8750 kr. Var virðingin samþykkt.

6. Var því hreyft af Egilsson, að bæjarmenn ekki til þessa hefðu getað kynnt sér hina framlögðu niðurjöfnunarskrá, þar eð oftast hafi verið réttarhöld í salnum, hvar skráin á að liggja, og krafðist Egilsson, að framleggingartími skrárinnar væri lengdur um 14 daga, þannig að salurinn væri opinn frá kl. 12-2, e.m. á þeim dögum, og að á þeim tímum væru engin störf í þingsalnum, sem því væru til tálmunar. Var það samþykkt, og er því lenging þessi til 20. þ.m.

Fundi slitið.

Jón Jónsson var ekki viðstaddur.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. G. Þórðarson. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. Á.Thorsteinsson. H.Kr.Friðriksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann ~~13~~. janúar, var bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þar tekið til umræðu: 18.

1. ~~Var~~ Um gamla kirkjugarðinum, sem Krüger lyfsali hefur afsalað sér. Var uppástunga E. Þórðarsonar, að hann væri boðinn upp til 5 ára leigutíma, og G. Þórðarson, að leigutíminn væri 10 ár. Síðari uppástungan var felld, en 5 ára tíminn var samþykktur. Skal úttekt vera gjörð á plássi ~~þessu~~ þetta með girðingum, áður það verður afhent þeim, sem hæstbjóðandi verður næst.

2. Um Móhúsatúnið með viðaukabletti og sefinu í Tjarnarendanum, sem núverandi eigandi, G. Lambertsen, ekki hefur borgað eftir reglulega, og þar að auki vanrækt í hin síðustu ár, ~~lagði~~ lagði oddviti þá spurningu fyrir bæjarstjórnina, hvað henni sýndist, að gjöra ætti við málefni þetta, því skuldin, sem nú hvílir á eign þessari til bæjarins eru tæpar 200 kr. Eftir nokkrar umræður, var ákveðið af bæjarstjórninni í einu hljóði, að eign þessi, sem hér um ræðir, væri hið fyrsta boðin upp til erfðafestu. -

3. Rætt um álit veganefndarinnar um veg úr Þingholtunum ofan að læknum. - Var álit þetta lagt fram skriflegt, og lesið upp á fundinum, og laut það að því, að vegur þessi yrði of dýr, í samanburði við gagn það, sem sjáanlegt væri af því að ~~byggja~~ leggja hann. - Var nefndarálitið samþykkt í einu hljóði. -
Gjörði Bæjarfulltrúi Jón Jónsson þær uppástungur:
1.) að veganefndin taki sem fyrst stefnuna af nýjum vegi í áframhaldi af Bókhlöðuveginum, og að sá vegur verði strax ákvarðaður. -
2.) að það ~~væri~~ verði falið byggingarnefndinni, að gjöra sem fyrst áætlun um, hvar vegi þyrfti að leggja upp úr bænum og um Þingholtin og aðvara þá menn, sem hefðu fengið útmælingu í túni Einars Jónssonar. Var sú síðari uppástungan borin undir atkvæði, og var hún ~~áður~~ viðtekin ~~fallin~~ í einu hljóði, og verður því að fresta hinni fyrri uppástungu.

4. Bréf frá Birni Guðmundssyni múrara, með hverju hann biður um linun í skólagjaldi frá nýjári fyrir þau 3 börn, sem hann hefur í skólanum, og stakk oddviti upp á, að honum væri gefinn upp þriðjungur gjaldsins, og var það samþykkt.

5. Var gengið til kosningar á 1 manni í hafnarnefndina í stað A. Thorsteinssonar, og hlaut kosningu G.Zöega með 9 atkvæðum. Þá að 1 maður væri kosinn í byggingarnefndina, og var kosinn G. Zöega með 6 atkvæðum. Voru allar þessar kosningar til 1 árs. Þá í eldsvoðanefndina, OG VAR KOSINN[x] G.Zöega með 8 atkvæðum, Þá í skólanefndina, og var kosinn H.Kr.Friðriksson með 3 atkv.

x) ekki uppl.

6. Jón Jónsson bæjarfulltrúi getur þess, að hann ekki hafi komið á fundinn, fyrr en eftir að 2 fyrstu málin voru rædd[x] og gerði þarnæst fyrirspurn þá, hvort nokkur ~~fyrirsa~~ uppdráttur ~~hafi~~ hefði komið fyrir nýár fyrir nýja skólahúsinu, og svaraði bæjarfógetinn því, að uppdráttur hefði komið frá Schou steinhöggvara, en að von væri á uppdrætti og áætlun frá Bald. Jón Jónsson mótmælti þar eftir, að verðlaun ~~væri~~ yrðu veitt fyrir nokkurn uppdrátt, sem kæmi eftir þann tíma, sem bæjarstjórnin hafði auglýst.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg.
Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. H.Kr.Friðriksson. G.Zöega. G. Þórðarson. xx)

~~(Nokkur yfirstrikuð og Jón Jónsson, einnig yfirstrikað)~~

x) og því hefði enga ábyrgð á ályktunum í þessu máli,

xx) Ég get þess, að Halldór hafi komið á eftir mér. Jón Jónsson

Strik er dregið yfir þessa athugasemd ásamt nafni Jóns Jónssonar í frumriti



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1881, 3. febrúar, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar þá fyrst tekið fyrir að ræða um:

1. Barnaskólamálið og framlagðir uppdrættir til slíkrar byggingar, og var þar af einn frá steinhöggvara Skow, en 2 frá byggingameistara Bald. Hinum síðasttöldu 2 uppdráttum fylgir nákvæm lýsing og útreikningar, en hinum fyrsta 2 bréf. - Eftir talsverðar umræður var stungið uppá að setja nefnd í þetta mál, og að í hana væri kosnir 3 menn, var það samþykkt með öllum atkvæðum gegn 1, (Jón Jónsson). Urðu fyrir kosningu:

Yfirkennari H.Kr.Friðriksson með 8 atkv.
Amtmaður B.Thorberg - 6 -
Bæjarfulltrúi Egilsson - 6 -

Eftir áskorun H.Kr.Friðrikssonar var það samþykkt, að íslenzk útlegging væri lögð fram á bæjarþingstofunni almenningi til sýnis af skjölum þeim, sem fylgja uppdráttunum. Bæjarfulltrúi Jón Jónsson stakk upp á því, að nefndinni væri gert að skyldu, þá hún hefði notað uppdrættina, að hún léti festa þá upp á veggi þingstofunnar, eða kalkning af þeim, áður en nefndarálitið væri rætt í bæjarstjórninni. Uppástungan felld með öllum atkvæðum nema eina (Jón Jónsson).

2. Var lesið upp bréf frá landshöfðingja, dags. 29. jan. þ.á., sem er útaf klögun frá Jóni Jónssyni yfir formanni bæjarstjórnarinnar. Var klögun þessi einnig upplesin.

Stakk yfirkennari H.Kr.Friðriksson uppá því, að þessi kæra væri ekki til greina tekin.

Með því fjórir bæjarfulltrúar, B.Thorberg H.Kr.Friðriksson, E.Þórðarson og Egilsson, báðu um, að umræðunni væri hætt, og var það borið undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum gegn 1 (Jón Jónsson), og var þetta gert, meðan Jón var að tala, og áður ~~(Bar amtmaður, bæjarfulltrúi B.Thorberg upp þá uppástungu)~~ en hann var búinn að ljúka máli sínu.

Bar amtmaður, bæjarfulltrúi B.Thorberg upp þá uppástungu, að 3 manna nefnd væri sett til að íhuga þingsköp bæjarstjórnarinnar, vað það fellt með 8 atkv. gegn 2 (J.Jónsson, B.Thorberg).

Uppástunga H.Kr.Friðrikssonar var viðtekin með 8 atkv. Bæjarfógetinn og Jón Jónsson greiddu ekki atkvæði.

3. Bar formaður upp, hvort bæjarstjórninni ekki sýndist, að hún leyfði hr. Lambertsen að halda Móhúsum og Tjarnarendanum, sem á síðasta fundi var ákvarðað að taka af honum, þareð hann ekki hafði borgað fleiri ára eftirgjald, enn þar hann nú hefði alveg borgað það, sem hann þannig skuldaði bænum, lagði hann það til, að Lambertsen væri leyft að halda þessari eign eftirleiðis, með sömu skilmálum sem fyrr. - Var það samþykkt með öllum atkvæðum.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Jón Jónsson. Einar Þórðarson.
P.O.Gíslason. G.Þórðarson. G.Zöega. H.Kr.Friðriksson.
Bergur Thorberg. Jón Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, h. 10. febrúar, átti bæjarstjórnin fund með sér til þess að taka á móti framtali manna til spítalagjalds fyrir árið 1880, og fór það á þessa leið: (sjá skýrslu þá, er leggst við bókina.).

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. P.O.Gíslason. G.Þórðarson. G.Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 17. febrúar, var bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þá tekið fyrir að ræða:

1. Um ýmsar virðingar til brunabóta á húsum, en þareð við allar þessar virðingar vantaði vottorð brunastjórnar ~~þar~~, þareð viðkomendur ekki höfðu getað útvegað ýmislegt, sem útheimtist til að setja byggingarnar í ~~stand~~ það stand, sem brunalögin heimtuðu ~~, vil~~ var skotið á frest að samþykkja virðingar þessar.

3. Rætt um að nema burt nokkrar skuldir úr bæjarreikningnum sem ófáanlegt ~~er~~. Voru þessar skuldir fyrir mótekju og voru samtals 5 kr. 96 aur. samkvæmt skýrslu, sem ~~var~~ lögð við protokolinn, og var það í einu hljóði samþykkt, að þessar skuldir væru strikaðar út.

3. Síðan var gengið til atkvæða um, hvort ekki ætti að burt nema nokkrar sektir til fátækrasjóðs, og var þá fyrst 79 kr. frá 1876, og var það viðtekið. Síðan var gengið til atkvæða um ~~samkynd~~ skuldir frá 1879/80, að upphæð 20 kr., og var það einnig samþykkt. -

Allir á fundi nema E.Þórðarson, Jón Þórðarson, Jón Jónsson og P. Gíslason.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson.
Bergur Thorberg. G.Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 3. marz, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar var tekið til umræðu um:

1. Borið undir úrskurð bæjarstjórnarinnar kvartanir frá nokkrum bæjarbúum yfir skattgjaldi því, sem niðurjöfnunarnefndin hafi jafnað á þá.

a. Kvörtun frá Ámunda Ámundasyni um, að niðurjöfnunarnefndin ekki hafi viljað lækka útsvar það, sem honum var gjört, 18 kr., en eftir framkomnum skýrslum lækkaði bæjarstjórnin það ofaní 15 kr.

b. Kvörtun frá Ólafi Þórðarsyni í Vigfúsarkoti, yfir því, að honum sé gjört 10 kr. útsvar, og segir hann, að eins standi á fyrir sér og í fyrra, að hann sé í þjónustu föður síns, og var sú ástæða tekin gild í fyrra, svo að á hann var þá ekkert lagt, en nú vilji niðurjöfnunarnefndin ekki taka slíkt til greina. - Var stungið uppá að fresta þessu máli, því ýtarlegri upplýsingar vantaði. Var það fellt. Uppástunga frá E.Þórðarsyni, að Ólafur þessi verði laus við allt gjald til Krossmessu næstkomandi. Tók uppástungumaður hana aftur, en aðrir 2 tóku hana upp. Var hún felld. - Bað Jón Jónsson borið undir atkvæði, að byrjað væri á næsta máli á dagskrá, með því hann og fleiri (2) álitu síðasta mál útkljáð. - Fellt. Bar formaður þá upp þá uppástungu, að Ólafur væri alveg frí við gjald það, sem á hann var jafnað í haust, og var hún samþykkt með 7 gegn 3 atkv. H.Kr.Friðriksson, Jón Jónsson og Egilsson mótmæltu þessari hinni síðustu ályktun bæjarstjórnarinnar, sem alveg formlausri og gagnstæðri hinni síðustu ályktun hennar um þetta efni.

2. Birti formaður bæjarstjórnarinnar útskrift af aukaréttarbók bæjarins, áreiðargjörð 17. febrúar '79, viðvíkjandi landamerkjum milli Reykjavíkur og Seltjarnarneshrepps. Gjörði yfirkennari H.Kr.Friðriksson þá uppástungu, að bæjarstjórnin, sem fyrst höfðaði þetta mál, til þess að fá áreiðargjörðina staðfesta með dómi. Var það samþykkt með 9 atkv. gegn 1 (Jón Jónsson).

3. Var borin upp bréfleg ósk snikkara Magnúsar Ólafssonar um að mega fá sand í fjöru kaupstaðarins fyrir framan sjálfan bæinn, til húsbyggingar sinnar. Beiðni þessi var felld með 5 atkv. gegn 5. -

4. Skoraði Jón Jónsson bæjarfulltrúi á formanninn, að hann tafarlaust legði fram skjöl þau, sem fylgt hefðu uppdráttum Sehous og Balds til skólahússbyggingar. Var talsvert rætt um þetta mál, og stakk H.Kr.Friðriksson uppá, að ályktun sú, sem síðast var gjörð um að leggja fram skjöl þau, sem fylgdu ~~uppástungu~~ teikningum hr. Balds, væri tekin aftur á þann hátt, að bæjarstjórnin hefði þolinmæði til næsta fundar að sjá þetta, því þá gæti bæjarstjórnin og hver einn fengið að sjá uppdrættina með, og nefndarálitið þar með fylgjandi. Var það viðtekið með 9 atkv. gegn 1.

Allir á fundi. x) Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson.
P.O.Gíslason. Jón Jónsson. G.Zöega. H.Kr.Friðriksson.
G. Þórðarson.

x) Hafi svo verið, hefur Bergur Thorberg ekki undirritað fundargerðina af e-m ástæðum.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 17.marz, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar þá var fyrir tekið samkv. dagskrá:

1. Lagt fram bréf frá gjaldkera bæjarins, í hverju hann biður um launahækkun. Var málið rætt mikið og lengi, og var svo borið upp, hvort bæjarstjórnin vildi veita þessa launahækkun, og var það fellt með öllum atkvæðum.

2. Bréf frá Jóni Þorkelssyni um eftirgjöf á skólapeningum fyrir tvo syni sína fyrir tímann frá nýári og það, sem eftir er af skólatímanum. Stakk bæjarfulltrúi H.Kr.Friðriksson uppá því, að beiðandanum veittist eftirgjöf frá 1. marz, en að hann borgi fyrir þá 2 mánuði, sem liðnir eru af árinu. Var það samþykkt. Stakk bæjarfulltrúi Jón Jónsson uppá, að beiðandanum þar að auki væri veitt eftirgjöf í skólagjaldinu fyrir janúar og febrúar, og var það fellt. -

3. Lagði formaður fram uppkast til kjörskrár fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, sem gildi frá 1. janúar 1881 til 30. júní 1882, og spurði bæjarstjórnina, hvort hún vildi taka það gilt til framleggingar. - Stakk Jón Jónsson þá uppá, að 2 menn væru kosnir til þess að endurskoða skrá þessa með bæjarfógetanum, og var það samþykkt. Var svo gengið til atkvæða um, hverjir kosnir skyldu til þess, og hlutu þeir atkvæði:

amtmaður B. Thorberg með 5 atkvæðum
Egilsson með 4 atkvæðum.

4. Lagt fram bréf frá bæjarfulltrúa Jóni Jónssyni, hvar með hann biður um, að 7 mál verði lögð fyrir bæjarstjórnina, en þareð engin uppástunga fylgdi með málefnum þessum, var borið undir atkvæði, hvort bréf þetta ætti að taka til greina eður ekki á þessum fundi, en að uppástungumaðurinn kæmi með greinilegar uppástungur í þessum málum síðar, og var það samþykkt að fresta þessum málum, þangað til sérstakar uppástungur kæmu frá hans hendi.

5. Hreyfði bæjarfulltrúi H.Kr.Friðriksson því, hvort ekki væri nauðsynlegt að rannsaka framferði og samband lögregluþjóns Þorsteins Jónssonar við mormóna, þar hann nýlega hefði gjört sig sekan í að ráðast á einn af bæjarbúum, og þar að auki væri hann grunaður um að vera mormónstrúar. Stakk bæjarfulltrúi Jón Jónsson uppá því, að nefnd væri sett í þetta mál, til að íhuga og rannsaka það, áður en meira væri í því gjört, og var sú uppástunga viðtekin með 5 atkv. gegn 3 (amt. Thorberg, H.Kr.Friðriksson og bæjarfógetinn). Egilsson greiddi ekki atkvæði. Bað bæjarfógetinn þá bókað, að með því hann áliti, að þessi ályktun bæjarstjórnarinnar gengi út fyrir vald hennar, þá felldi hann hana að svo stöddu úr gildi, og mundi skjóta málefninu til úrskurðar landshöfðingja eftir 12 gr. í tilskipun 20. apríl 1872.
Stakk Egilsson uppá, að skorað væri á formanninn að afgreiða mál þetta sem fyrst til landshöfðingja, og kalla því saman aukafund til að tilkynna bæjarstjórninni svar hans, og að bæjarstjórnin á þeim fundi gæfist einnig kostur á að ræða mál þetta áfram. Samþykkt með 6 atkvæðum.

Jón Þórðarson var ekki á fundi. Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Jón Jónsson. Egilsson. Einar Þórðarson.
Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson. P.O.Gíslason.
G.Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, þriðjudaginn þann 22. marz, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og hafði fundarboð gengið meðal allra bæjarfulltrúanna í því skyni. -

Var þá lesið upp af formanni bréf frá landshöfðingja, dags. 18. þ.m., sem er svar uppá bréf það, í hverju formaður gerði fyrirspurn hans um, hvort bæjarstjórnin hefði myndugleika til að setja rannsóknarnefnd í nokkru máli. - Var svarið á þá leið frá landshöfðingja, "að hann fái ekki séð neitt því til fyrirstöðu, að bæjarstjórnin setji nefnd með sama valdi sem aðrar bæjarstjórnarnefndir til að íhuga og undirbúa nefnt mál undir ályktun bæjarstjórnarinnar".

Var samkvæmt þessu gengið til kosningar á 3 mönnum í nefnd þá, sem viðtekið var á síðasta fundi, að kosin væri í þessu umrædda efni, og hlutu þeir kosningu:

| | | |
|---|---|---|
| H.Kr.Friðriksson | með | 6 atkv. |
| Jón Jónsson | - | 4 atkv. |
| Egilsson | - | 4 atkv. |

Allir á fundi nema B.Thorberg og Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. H.Kr.Friðriksson.

G.Zöega. G.Þórðarson. Jón Jónsson. P.O.Gíslason.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, laugardaginn 9. dag aprílmánaðar, átti bæjarstjórn Reykjavíkur fund með sér.

1. Var þá tekin til umræðu uppástunga Jóns ritara Jónssonar um lög um húsagjald (19. dag októbermánaðar 1877, og 19. sept. 1879,) og var hún felld með 6 atkv. gegn 1(Jóns Jónssonar).

2. Uppástunga frá Jóni ritara Jónssyni um að skipa nefnd til að íhuga kennslueyri í barnaskólanum, og var sú uppástunga sömuleiðis felld með 6 atkv. gegn 1 (Jóns Jónssonar).

3. Uppástunga frá sama um að skipa nefnd um góða lögreglu hér í bænum og sektir fyrir lögreglubrot, einnig felld með 6 atkv. gegn 1(Jóns Jónssonar).

4. Uppástunga um nefnd til að íhuga reglur þær, sem hingað til hefur verið farið eftir við niðurjöfnun bæjargjalda, og var hún felld með 5 atkv. gegn 1(Jóns Jónssonar). Einar Þórðarson greiddi eigi atkvæði.

5. Uppástunga um að skipa nefnd til að íhuga, hvort ~~hvort~~ nauðsynlegt sé að kaupa ábyrgð hjá útlendu félagi á þeim hluta af andvirði húsa hér í bænum, sem ekki er tryggður af félagi hinna dönsku kaupstaða. Uppástungan var einnig felld með 6 atkv. gegn 1(Jóns Jónssonar). dl

6. ~~Uppástungar~~ um að skipa nefnd til að íhuga þingsköp bæjarins. Uppástunga Var sú uppástunga einnig felld með 5 atkvæðum gegn 1 (Jóns Jónssonar). Amtmaður Thorberg greiddi ekki atkvæði.

Tveimur uppástungum frá Jóni Jónssyni, sem á dagskránni stóðu, var frestað til næsta fundar.

Guðmundur Þórðarson, Pétur Gíslason og Egilsson voru eigi á fundi.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Bergur Thorberg. G.Zöega. Jón Jónsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson.

x) H. Kr. Friðriksson hefur ekki undirritað fundargerðina, en hann virðist hafa verið á fundi og greitt þar atkvæði.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 21. apríl, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá samkvæmt dagskrá fyrst tekið fyrir að ræða:

1. Nefndarálit í barnaskólamálinu. Las formaður það upp í heyranda hljóði, og allir uppdrættir, sem því fylgdu, voru fram lagðir fyrir bæjarstjórnina.

Stakkritari Jón Jónsson bæjarfulltrúi uppá því, að málinu væri frestað til næsta fundar, þannig að ekki væri nú þegar gengið til atkvæða um uppástungur nefndarinnar í nefndarálitinu. - Var fyrst gengið til atkvæða um uppástungu Jóns Jónssonar, og var hún viðtekin með 5 gegn 3, Einar Þórðarson og formaðurinn gáfu ekki atkvæði. - Var svo viðtekið, að teikningarnar væru látnar liggja hér á þingstofunni ásamt öllum þeim skjölum, sem þeim fylgja. -

2. Lesið upp nefndarálit frá nefnd þeirri, sem kosin var til að rannsaka framferði Þorsteins lögregluþjóns Jónssonar, og tillögur þær, sem sú nefnd gefur bæjarstjórninni um það efni. Einnig vóru ýms fylgiskjöl með nefndarálitinu upplesin.

Amtmaður Thorberg bar því næst upp þá uppástungu: "Í trausti, að bæjarfógetinn sjái um, að lögregluþjónn Þorsteinn Jónsson haldi loforð þau, sem hann hefur gefið, viðvíkjandi sambandi sínu við mormóna, og að hann sjái um, að lögregluþjónarnir ekki sýni bæjarbúum neitt ofríki, og að hann, ef útaf er brugðið, tafarlaust vísi hlutaðeigandi lögregluþjóni úr stöðu sinni, lætur bæjarstjórnin mál þetta niður falla". - Uppástungan féll með 5 gegn 5. - Var þá borin upp til atkvæða uppástunga meirihluta nefndarinnar. Var það fellt með 5 á móti 5. Síðan var gengið til atkvæða um niðurlagsatriði hluta nefndarinnar, og var það fellt með 5 gegn 5. -

3. Uppástunga frá Jóni Jónssyni, um, að nefnd verði sett til að íhuga, hvort ekki sé mögulegt að byggja brú fyrir hafskip, við höfnina í Reykjavík. - Kom uppástunga um að fresta málinu til næsta fundar (frá E. Þórðarsyni). Felld. Síðan var borið upp til atkvæða um, hvort nefnd skuli sett í málið. Felld.

4. Uppástunga til bæjarstjórnarályktunar frá sama, um að setja nefnd til að íhuga reglur þær, er hingað til hefur verið farið eftir við veitingu á tómthúsmennsku hér í bænum, og koma fram með tillögur um breytingar þær, er nauðsynlegar þykja o.s.frv. Var svo gengið til atkvæða um, hvort þessu máli ætti að fresta. Fellt. Var þá borið upp til atkvæða, hvort nefnd skyldi sett í málið. Fellt með 7 gegn 3.

Þar eð lengi hafði staðið á framanskrifuðum málum, þá var frestað málum þeim, sem eftir voru á dagskrá í þessu sinni. En aftur á móti var tekið fyrir að ræða um, hvort kaupmanni Vídalín ætti að banna framvegis að aka mold og möl frá grunni sínum ofan í sjó; því honum var bannað það í dag um miðjan dag.

Því var borin upp sú uppástunga formannsins, að bjóða Vídalín og hverjum öðrum bæjarbúa að flytja alla þá mold, sem þeir þurfa að flytja burt af lóð sinni, að flytja hana upp í tjörn á þann stað, sem veganefndin ákveður, og var það samþykkt með öllum atkvæðum nema einu. Því næst var borinn upp sá viðauki, að í þetta skipti skyldi bæjarsjóður kosta þriðjung kostnaðarins við flutninginn (Guðm. Þórðarson), og var felldur. Og því næst var borin upp sú uppástunga, að veita helming kostnaðarins við flutninginn (formaðurinn). Fellt með 8 atkv. gegn 2.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Jónsson. Jón Þórðarson. P.O.Gíslason. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg. G.Zöega. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, þriðjudaginn þann 26. apríl, var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem sérstaklega hafði verið boðaður, og voru helztu orsakir þær til þess, að síðasta fundardag voru nokkur mál órædd, sem á dagskránni stóð þann dag. Var fyrst tekið til umræðu um:

1. Uppástunga frá landritara og bæjarstjóra Jóni Jónssyni um að setja nefnd til að íhuga ýmislegt viðvíkjandi aðstoðarmönnum oddvita bæjarstjórnarinnar. Af því að uppástungumaður ekki var mættur, var frestað að ræða uppástungu þessa.

2. Var lesið upp bréf frá bæjarstjóra Egilsson, um, að áætlun væri gjörð af byggingarnefndinni yfir það, hvernig byggja ætti á Arnarhólslóð, ef hún yrði síðarmeir eign bæjarins, og að frestað væri að samþykkja útmælingu þá á Arnarhólstúninu, sem þegar ~~var~~ gjörð af byggingarnefndinni. - Gjörði hann þá uppástungu, að byggingarnefnd mældi upp Arnarhólstúnið og afsetti götur á korti bæjarins. - Bæjarfulltrúi Jón Jónsson gjörði þá uppástungu: Um leið og bæjarstjórnin lýsir yfir því, að hún voni, að byggingarnefndin, þegar hún mæli út lóðir undir ný hús, taki nauðsynlegt tillit til þeirra nýju stræta, er kynnu að verða lögð, bæði á Arnarhólstúninu og víðar, tekur hún fyrir næsta mál á dagskránni. Var hún samþykkt með 5 gegn 1. -

3. Lagt fram, lesið og rætt bréf frá bæjarfulltrúa Egilsson áhrærandi þeim part af gamla kirkjugarðinum, sem lyfsali Krüger fékk til tráplöntunar, og stingur upp á, að þessi skák sé af honum tekin. - Og af því hann hafi sýnt sig ómaklegan til að fá slík pláts í bænum, þá leggur hann líka til, að af honum sé tekið leyfið að planta trjám á Austurvelli. - Var borið upp, hvort ekki ætti að fresta málinu, svo að Krüger gæti fengið tíma til að gefa yfirlýsingu sína um kærupósta þá, sem bréfið inniheldur. Fellt með 5 atkv. gegn 3. - Þá var gengið til atkvæða um uppástungu bæjarfógetans, hvort bæjarstjórnin ekki vilji setja Krüger þá kosti, að hann skuli halda svæði þessu, ef hann nú ~~um girði svæði þetta~~ innan 14 daga, svo skepnur ekki gangi á því, og haldi áfram að planta trjám með nægileg~~um (fjölda)~~, (en noti það ekki til leiksviðs ~~svíum~~. X) Var það viðtekið með 5 atkv. gegn 3. - Var þá gengið til atkvæða um, hvort ekki ætti að taka leyfið af Krüger að planta trjám á Austurvelli, þangað til hann hefur sýnt á gamla kirkjugarðinum, að hann sé fær að planta trjám, og þau geti vaxið þar. - Var það fellt með 6 gegn 3. -

Var svo tekið til umræðu ~~um~~ það, sem hér er bókað sem 1. mál á dagskránni. Var það mál fellt með 5 atkv. gegn 4 atkv.. -

4. Bréf frá bæjar~~fulltrúa~~ E. Þórðarsyni um kálgarðinn hjá prentsmiðjunni, og óskar hann, að garður þessi verði boðinn upp á ný, ~~þá~~ úthlaupið sé ______ Jóhannes Ohlsens að hafa þann garð. Var það fellt með 9 gegn 1 atkv.

5. Bar formaður upp, hvort bæjarstjórnin ekki vildi samþykkja boð það, sem var gjört í gamla kirkjugarðinn þ.20. þ.m., og varð þá amtsskrifari Páll Jóhannsson hæstbjóðandi með 23 kr. 50 aura. Kom uppástunga um að fresta þessari samþykkt, þangað til að Krüger hefði svarað bæjarstjórninni upp á spursmálið um partinn af kirkjugarðinum, sem hann fékk til trjáræktar, og þangað til að úttekt hefur fram farið á kirkjugarðinum gamla með girðingum. Var fyrri ~~hluti~~ uppástungunnar felldur með 6 gegn 3. En síðan var borinn upp seinni hluti ~~(.....)~~ uppástungunnar, og var það einnig fellt með 6 á móti 3. Síðan var borið upp, hvort samþykkja skyldi hið umrædda boð, til 5 ára leigu, og var það samþykkt með 7 atkvæðum. -

6. Bréf frá Ólafi Guðlögssyni, með hverju hann biður bæjarstjórnina, að sjá um, að honum yrði sem fyrst ávísaðar 69 kr., sem hann eigi enn eftir af launum þeim, sem honum bæri fyrir að

X) þessi síðasta setning innan sviga í frumriti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjá um mótöllum og torfskurð bæjarins fyrir árið 1880. - Gaf formaður bæjarstjórninni greinilega skýrslu um, að hann hefði hjálpað Ólafi með innkröfuna, og gat hann ekki verið sambykkur því, að Ólafi væri borgað þetta, því hann hefði þegar fengið þetta borgað, (þareð þessi upphæð væri óborguð af Ólafi) frá bæjarstjórninni með launum sínum af fyrri árs mótollum, er honum bæri að standa skil á í tæka tíð, en hann ætti aftur á móti hið ókrafða. - Stakk amtmaður Thorberg upp á, að fresta þessu máli, þangað til maður fengi að sjá, hvernig Ólafi gengi að innheimta, og að ekki væri gert út um málið fyrr, en að Ólafur einnig hefði gefið bæjarstjórninni skýlaust vottorð um, að hann vildi framvegis halda þessum starfa, gegn því, að hann bæri fulla ábyrgð á öllu því, sem borga skyldi í mótak eða fyrir torfskurð. Var sambykkt.

7. Las bæjarfógetinn upp bréf frá mörgum bæjarbúum, með hverju þeir skora á bæjarstjórnina, að hún feli bæjarfógetanum að fyrirbjóða Frökkum öll skot á fugla, hverju nafni sem nefnast, í landareign bæjarins; X) frá 1. maí þ.á. til 1. sept. ár hvert, og var það samþykkt með öllum atkvæðum.

8. Þá vóru bornar upp nokkrar útmælingar á túnum bæjarins. Var það fyrst um útmælingu handa hr. Siemsen milli húsanna Jóns Ólafssonar og gullsmiðs Benedikts Oddssonar, og hin er fyrir adjúnkt B. Gröndal, fyrir neðan Þingholtsveginn, fyrir sunnan kálgarð Helga snikkara Helgasonar, á túni Einars Jónssonar, hin fyrri er á túni Jóh. Ohlsens. -

Voru báðar þessar útmælingar samþykktar.

Allir á fundi nema Pétur Gíslason.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. H.Kr.Friðriksson. G. Þórðarson. Jón Jónsson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson. Egilsson. G.Zöega. Jón Þórðarson.

X) En bæjarstjórnin vildi skerpa slíka auglýsingu þannig, að öllum innlendum og útlendum verði bannað að skjóta fugla á landareign bæjarins.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1881, föstudaginn þann 19. maí, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar tekið fyrir:

1. Talað um skólamálið, las formaður upp bréf frá steinhöggvara ~~Bhow~~, hvar ~~hum~~ hann enn á ný býðst að byggja skólahús fyrir 37000 kr. án áhalda, en 41000 ef áhöldin væru með. Síðan lagði formaður fram 2 teikningar yfir skólahús frá snikkara Helga Helgasyni. - Á fundi 21. apríl var viðtekið að fresta að ganga til atkvæða um ~~hum~~ tillögur nefndar þeirrar, sem sett var í skólamálinu, og var því nú gengið til atkvæða um þær. - 1. uppástunga nefndarinnar: Samþykkt í einu hljóði. 2. uppástunga; Samþykkt með 7 atkv. gegn 1. 3. uppástunga: Urðu miklar umræður um það atriði, og meðal annars fórust ritaranum þannig orð um bæjarfulltrúana, að hann kallaði þá aumingja, á þann hátt, að hann sagði þessi orð: "þeir geta þá greitt atkvæði hinir aumingjarnir". - Bar amtmaður Thorberg upp þá uppástungu, að ekki væri þessu sinni gert endilegt út um þessa þriðju uppástungu. Var hún samþykkt með 8 móti 1. - 4. uppástunga nefndarinnar: Jón ritari Jónsson stakk upp á, að þessari uppástungu væri frestað 14 daga, og var hún felld með 7 gegn 1, (G.Zöega gaf ekki atkvæði). Var svo uppástunga nefndarinnar síðan borin upp til atkvæða, og var hún viðtekin með 6 gegn 1. (G.Zöega og G.Þórðarson gáfu ekki atkvæði).

2. Bréf frá Zacharíasi Árnasyni, með hverju hann biður, að lengt sé Ingólfsstræti allt að bæ hans. Stakk formaður upp á, að nefnt stræti yrði lengt nokkra faðma, á leið til Holts, því þar væri alveg ófær kafli, hvar aurinn ~~næði~~ manni í kné, og að þetta væri falið veganefndinni. - Var uppástungan viðtekin. Þá stakk yfirkennari H. Friðriksson upp á því, að lagað væri til vegar, svo að menn kæmust klakklaust frá Holti að Zacharíasarbæ, og var það samþykkt. -

3. Bréf frá Þórði Guðmundssyni, með hverju hann biður bæjarstjórnina leyfa sér að þurrka fisk á blettum þeim, sem eru fyrir neðan Merkistein, eður plássið við sjóinn fyrir nefndri lóð, fyrir lítilfjörlegt gjald. Var samþykkt, að beiðandinn fengi þetta leyfi fyrst um sinn, en hvað snertir þóknun fyrir þetta, þá felur bæjarstjórnin veganefndinni að skoða plássið og meta þá þóknun, og leggja það síðan undir úrskurð bæjarstjórnarinnar.

Pétur Gíslason ~~var~~ ekki á fundi. Ritari Jón fór af fundi, þegar verið var að ræða annað málið.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Bergur Thorberg. Einar Þórðarson.
Jón Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson. G.Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Ár 1881, fimmtudaginn þann 9. júní,** var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar samkvæmt dagskrá tekið að ræða um:

1. Beiðni frá búendum við Vegamótabrú um rennu meðfram veginum. Var stungið uppá, af bæjarfulltrúa H.Kr.Friðrikssyni að fresta málinu til næsta fundar, og var það samþykkt.

2. Bréf, dags. 31. f.m., frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa, um að skakkt sé bókað í gjörðabókina, það er gjörst hafi á síðasta fundi. Var stungið uppá að fresta máli þessu, þangað til fyrsta fundardag í júlímánuði, því bæjarfulltrúi Jón Jónsson ~~hefði~~, í fundarboðinu 8. þ.m. sagzt verða þá á fundi. Aftur á móti gjörði bæjarfulltrúi H.Kr.Friðriksson þá breytingaruppástungu, að málinu væri frestað til næsta reglulegs fundar. Var fyrst gengið til atkvæða um breytingaruppástunguna, og var hún felld, en aðaluppástungan samþykkt. Var svo málinu frestað til fyrsta fundardags í júlí næstkomandi.

3. Bréf frá sama, dags. 23. f.m., um skólamálið með 1 fylgiskjali. Var bréfið upplesið ásamt fylgiskjalinu. Var stungið uppá af bæjarfulltrúa H.Kr.Friðrikssyni, að mál þetta væri lagt á hylluna með þeirri athugasemd, að bæjarstjórninni væri gjört vansæmi með að senda henni slíkt bréf, eftir þeirri ályktun, sem bæjarstjórnin hefði svo nýlega tekið í málinu. - Var það samþykkt í einu hljóði.

4. Bréf frá Bjarna Oddssyni í Garðhúsum, dags. 23. maí, með hverju hann biður um, að hann fái pláts það, sem ~~sem~~ Sveini Guðmundssyni var útmælt við Garðhús, gegn því að gjalda af lóðargjald einsog af óbyggðri lóð. Þess skal getið, að nefndur Sveinn hefur afsalað sér ~~þetta~~ plátsi og fengið annarstaðar útmælt. Var beiðninni neitað, því bæjarstjórnin áleit sjálfsagt að halda þessu plátsi opnu sem byggingarplátsi, þar það liggur svo vel við sjó. -

Amtmaður Thorberg er í embættisferð vestra, og var því ekki til staðar. Jón Jónsson og Pétur Gíslason voru einnig ekki á fundi þessum. -

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. Jón Þórðarson. G.Zöega. H.Kr.Friðriksson. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, h. 23. júní, var framtalsþing sett og haldið á bæjarþingsstofunni af bæjarfógeta E. Th. Jónassen fyrir Reykjavíkurbæ. Þetta þing hefur verið auglýst á vanalegan hátt hér í bænum með uppfestum auglýsingum og bumbuslætti á götum bæjarins 1 klukkustundu fyrir þingið.

X Framtalið fór þannig fram:

Jóhann Zöega ~~eldri telur fram:~~
1 hestur.

Þórður Zoëga:
1 skip (sexmannafar), 1 hestur.

Þórður Torfason í Vigfúsarkoti:
1. skip (sexróið), 2 hestar (yfir tvítugt), 2 do;
1 tryppi veturgamallt.

Þórður Þórðarson í Þingholtum:
1 hestur.

Ólafur Þórðarson í Hlíðarhúsum:
1 hestur og 1 hryssa, 1 tryppi veturgamallt.

bæjarfógeti E. Th. Jónassen:
1 ~~kýr~~, 2 hestar.

Hallgr. Sveinsson dómkirkjuprestur:
1 ~~kýr~~, 2 hestar.

Jónas Jónassen læknir:
2 kýr, 2 hestar.

Þorsteinn Jónsson lögregluþjónn:
1 ~~kýr~~.

Sigurður Jónsson fangavörður:
1 ~~kýr~~, 1 ~~ær~~.

Magnús Jónsson í Bráðræði:
3 kýr, 1 sexmannafar.

Geir Zoëga dbrm.:
1 ~~kýr~~, 12 hestar, 4 hryssur, 1 skip (áttróið), 2 þilskip,
3 tryppi 2 vetur (í búnaðartöflu 2 kýr). -

Með því ekki töldu fleiri fram, var þinginu slitið eftir 1 klukkutíma bið.

E.Th.Jónassen.

X) Jóhannes Zoëga eldri telur fram:
1 kú, 2 hesta, 1 hryssu, 1 tryppi, 3v, og 2 2vetra
og 1 sexmannafar, 4 ær.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 7. júlí, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar fyrst tekið fyrir:

1. Lagt fram bréf frá Guðjohnsen, um að fá leigðan part af kálgarði, sem bærinn á, og sem er áfastur við kálgarð hennar. Garðpláts þetta er 375 ferálnir, og var það viðtekið, að hún fengi til að brúka þetta pláts, móti vanalegu lóðargjaldi, og að hún afstæði það, hvenær sem bærinn þyrfti þess með.

2. Lesið upp bréf, dags. 31. maí þ.á., frá bæjarfulltrúa Jóni Jónssyni, sem inniheldur, að skakkt hafi verið bókað á fundi bæjarstjórnarinnar 19. maí þ.á., o. fl. Var gjörð sú uppástunga af bæjarfulltrúa Egilsson, að máli þessu væri frestað, þangað til bæjarfulltrúi Jón Jónsson mætti sjálfur á bæjarþinginu. Var hún borin undir atkvæði og viðtekin.

3. Lagðar fram athugasemdir við bæjarreikning Reykjavíkur 1879, með tillögum fjárhagsnefndarinnar, samþykktar.

4. Skýrsla lögð fram, yfir hvað brúkað hefir verið fram yfir áætlun á árinu 1880 af fé bæjarins og beiðst samþykkis bæjarstjórnarinnar á því, að þessar útborganir megi standa, svo og skýrt frá, að hverju leyti að tekjurnar hafi verið meiri en áætlað var. Þá stakk bæjarfulltrúi H.Kr.Friðriksson uppá, að frestað væri að gera út um þetta, þangað til búið væri að endurskoða reikninginn, og var það samþykkt.

Ekki voru til staðar: B.Thorberg amtmaður, ritari Jón Jónsson og P. Gíslason.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. G.Zöega.
Jón Þórðarson. G.Þórðarson. H.Kr.Friðriksson.

x) og var það upp lesið og samanborið og tillögur fjárhagsnefndarinnar



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn 1. september, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þá fyrirtekið:

1. Virðingargjörðir til brunabóta:
   a. Á Alþingishúsinu, virðingin framfór 4. júlí og virt á 110000 kr. Var það samþykkt.
   b. Hús B. Gröndals í Þingholtsstræti, var það nú hálfgjört, en með lofti og gólfi virt á 3500 kr. Samþykkt.
   c. Á húsi bókbindara Brynjólfs Oddssonar, eins og það nú er, tvíloftað, og virt á 5500 kr. Var það samþykkt.

2. Bréf frá bæjarfulltrúa Jóni Þórðarsyni, með hverju hann biður bæjarstjórnina um lausn sökum elli og lasleika. Var það samþykkt, að hann fengi lausn við næsta nýár, en fyrr þótti það ekki henta.

3. Var gengið til kosningar á 2 mönnum í kjörstjórn til þess ásamt formanni að undirbúa kosningu á 3 niðurjöfnunarmönnum. Hlutu kosningu:

Bæjarfulltrúi amtmaður Thorberg og
- " - Egilsson.

4. Bréf frá Jóni Oddssyni lóðs, með hverju hann biður bæjarstjórnina að veita sér styrk til að byggja upp steinvegg undir bæ sinn, ~~þennan vegginn~~ sem að götunni snýr, því hann hafi ekki efni á því, en hann hafi fengið áskorun frá byggingarnefndinni, að þessi veggur ekki megi standa lengur, eins og hann er. Eftir framkomnum upplýsingum var samþykkt, að 50 kr. væru útborgaðar Jóni Oddssyni í framanefndu skyni, með því líka, að hann borgunarlaust hefur látið bæinn fá svæði það, sem sparaðist við það, að umtalaður veggur mjókkaði, sem má álíta fullar 30 ferálnir.

5. Borið undir samþykki bæjarstjórnarinnar útmæling á hússtæði við Hlíðarhús fyrir neðan hús Þórðar Zöega handa Jóhannesi Zöega, og er þar til ætlazt, að ný gata byrji, á hverri hús þetta verður hornhús að ofan og vestan. Var það samþykkt.

6. Bréf frá Magnúsi hringjara Guðmundssyni, með hverju hann biður um að fá lengdan tíma þann til 50 ára, sem honum er leigður blettur sá, sem hann nú hefur upp á 25 ár. Var þetta borið undir atkvæði, og var það samþykkt með 4 atkvæðum að fresa því til næsta fundar. (7 voru á fundi).

7. Var rætt um, með hvaða skilmálum kaupmaður Slimon mætti láta kolaskip það, sem hann hefur lagt í höfnina, og sem á að liggja hér framvegis. Ákvað bæjarstjórnin, að hæfilegt væri, að herra Slimom borgaði eftir uppástungu hafnarnefndarinnar, 50 kr. fyrir legu þessa skips á höfninni eitt ár, að reikna frá því það kom hingað, en það var í byrjun ~~Mánuðar~~ mánuðar (6.), en lengur vill bæjarstjórnin ekki leyfa þetta fyrst um sinn.

8. Uppástunga frá formanni bæjarstjórnarinnar, að bæjarstjórnin mæltist til, að herra G.Zöega bæjarfulltrúi vildi taka að sér brunastjóraembættið, að minnsta kosti fyrst um sinn, þareð ~~það~~ embættið er nú laust fyrir fráfall Jóns faktors Pálssonar. Var þetta borið undir herra Zöega, og lét hann tilleiðast, að takast þetta á hendur til næsta fundar, en bæjarfulltrúarnir yrðu að hugsa sig vel um til þess tíma.

9. Bréf frá Selsmönnum, með hverju þeir kvarta um viðgjörð á brunni hjá þeim, sem bæjarstjórnin hefir látið gjöra nú í sumar. Eftir nákvæmar upplýsingar frá kunnugum bæjarfulltrúum þótti óráð að gjöra meir við þenna brunn en þegar er gjört. - Aftur á móti þótti tiltækilegt að skoða lindina við Lýðsbæ, og væri hún góð, leggur bæjarstjórnin það til, að heldur væri gjört við hana.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Bréf frá Jóni Jónssyni bæjarfulltrúa, dags. 31. maí þ.á., Var því frestað til næsta fundar.

Fundi slitið.

Ekki á fundi B. Thorberg, H.Kr.Friðriksson og Jón Þórðarson.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. P.C.Gíslason.
Jón Jónsson. G.Þórðarson. G.Zöega.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, laugardaginn 17. dag septembermánaðar átti bæjarstjórnin aukafund með sér.

1. Lagði formaður fram umkvörtunarbréf Jóns Jónssonar frá 31. maí þ.á., en því máli var enn frestað.

2. Þá var lagt fram bónarbréf um ókeypis kennslu:
a). frá Sighvati Bjarnasyni handa ~~Þorsteini~~ bróður sínum, og var það veitt.
b). frá Páli Magnússyni um ókeypis kennslu í barnaskólanum næsta ár handa syni sínum, Ólafi, og var það veitt.
c). frá Ólafi Þórðarsyni í Litlaselshúsi handa börnum sínum, Rannveigu og Þorvarði. Yngra barnið hafði styrk úr Thorkilliisjóði, og þótti eigi ástæða til að veita hinu barninu þessa ókeypis kennslu sökum ástæðna hans, og var því þessari bæn neitað.

3. Beiðni frá Magnúsi hringjara um lenging á tíma þeim, sem hann hafði fengið lóð þá um, sem hann hafði fengið útmælda (sjá ~~33~~ bls. hér ~~að framan~~). En Bæjarstjórninni þótti eigi vera ástæða til að veita bæn þessa, allra sízt að svo komnu, meðan hann hefði lítið við lóðarspilduna gjört.

4. Þá var ~~tekið~~ upp bónarbréf frá assessor L.Sveinbjörnssen, um að ljósker yrði sett upp í götunni upp að húsi hans. Var málinu frestað til næsta fundar.

5. Þá kom til umræðu beiðni frá ýmsum Skuggahverfingum um viðgjörð á Miðhúsalind. Var veganefndinni falið á hendur að reyna viðgjörð þessa og sömuleiðis að hreinsa Hlíðarhúsabrunninn.

6. Þá bar formaðurinn upp, hvort bæjarstjórnin vildi eigi kaupa verkfæri þau, sem Bald hafði haft til að gjöra hinn svonefnda Þinghúsbrunn, fyrir 100 kr., og var veganefndinni falið að skoða þau og segja sitt álit um það mál á næsta fundi.

7. Þá voru bornar undir bæjarstjórnina þessar virðingargjörðir á húsum til brunabóta:
a) húsi Bjarna Sigurðssonar, sem nú var virt samtals á 2250 kr., og var sú virðing samþykkt.
b) húsi þeirra bræðra Sigurðar og Bjarna Sigurðssona, og var það virt á . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5500 kr., og var sú virðing einnig samþykkt.
c) á húsi Valgarðar Breiðfjörðs, og var það hús virt að samtöldu á . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 8100 kr. Sú virðing var sömuleiðis samþykkt.

8. Þá var lesið upp bréf frá Páli Jóhannessyni um úttekt á grundunum umhverfis gamla kirkjugarðinn. En niðurstaðan varð sú, að vísa Páli á, að halda ~~það~~ beinlínis að úttektargjörðinni, og heimta af lyfsala Krüger hið metna álag.

9. Þá skyldi kjósa slökkviliðsstjóra í stað Jóns heitins Pálssonar, og var til þess kosinn Ólafur Rósinkranz Ólafsson.

Á fundinn komu eigi Egill Egilson, Jón Jónsson og Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg.
G.Zöega. P.O.Gíslason. G.Þórðarson. Einar Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, hinn 28. september kl. 12 á hádegi, var kjörfundur
haldinn á bæjarþingstofunni af undirskrifaðri kjörstjórn, til
þess, samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, að kjósa 3 menn í niður-
jöfnunarnefnd bæjarins í stað Halldórs Guðmundssonar, Páls Jó-
hannessonar og Símonar Johnsen af hærra gjaldenda flokki til 6
ára. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með auglýsingu, dags.
X) þ.m. og bumbuslætti í dag. - Kjörskráin leggst fram, og hef-
ur hún legið til sýnis - eftir auglýsingu - í 14 daga á bæjar-
þingstofunni og engar umkvartanir borizt kjörstjórninni út af
henni. -

Kosningin fór þannig fram:

| Nr. | Kjósendur: | Hinir kosnu: |
|---|---|---|
| 1. | Alexíus Árnason Skólavörðustíg. | |
| 2 | Ámundi Ámundason Hlíðarhúsum. | |
| 3 | Árni Thorsteinsson landfógeti. | |
| 4 | Bergur Thorberg amtmaður: | Halldór Guðmundsson, Símon Johnsen, O. Finsen. |
| 5. | Benedikt ~~Ásgeirsson~~ gullsmiður. (Ásgrímsson) | |
| 6 | Benedikt Gröndal kennari. | |
| 7 | Bernhöft, D. bakari. | |
| 8 | Bjarni Bjarnarson Lækjargötu. | |
| 9 | Bjarni Oddsson Garðhúsum. | |
| 10 | Bjarni Sigurðsson Bræðraborg. | |
| 11 | BJÖRN Guðmundsson múrari. | |
| 12 | Björn Hjaltested smiður. | |
| 13 | Björn M. Olsen kennari. | |
| 14 | Brynjólfur Oddsson bókbindari. | |
| 15 | Eggert M. Waage bókhaldari:# | H.Gudmundsson, S.Johnsen, O. Rósenkranz. |
| 16 | Egill Egilsson alþingismaður: | H.Gudmundss., Alexíus Árnason, Kristinn Ólafsson. |
| 17 | Einar Jónsson snikkari. | |
| 18 | Einar Sigvaldason Háholti. | |
| 19 | Einar Þórðarson prentari. | |
| 20. | Eiríkur Ásmundsson Grjóta. | |
| 21. | Eiríkur Briem docent. | |
| 22. | Erlendur Hannesson Mel. | |
| 23. | Eyjólfur Þorkelsson úrsmiður. | |
| 24. | Eyþór Felixson kaupmaður. | |
| 25. | Geir Zöega kaupmaður:# | H.Gudmundss., O.Finsen. S.Johnsen. |
| 26. | Gísli Björnsson Bakka. | |
| 27. | Gísli Jónsson Nýlendu. | |
| 28. | Gísli Tómásson Hlíðarhúsastíg.# : | O.Finsen, S.Johnsen, H. Gudmundsson. |
| 29. | Guðmundur Erlendsson Hlíðarhús. | |
| 30. | Guðmundur Gíslason Ánanaust. | |
| 31. | Guðmundur Ingimundsson vaktari. | |
| 32. | Guðmundur Lambertsen Agent. | |
| 33. | Guðmundur Sigurðsson Ofanleiti. | |
| 34. | Guðmundur Þórðarson Hól. | |
| 35. | Halberg veitingamaður. | |
| 36. | Halldór Kr.Friðriksson yfirkennari: | S.Johnsen, H.Gudmundsson, O.Finsen. |
| 37. | Halldór Guðmundss. kennari: | S.Johnsen, O.Rósinkranz, Kristinn Ólafsson. |
| 38. | Hallgrímur Sveinsson prestur. | |
| 39. | Hannes Johnsen kaupmaður. | |
| 40. | Hans ~~[illegible]~~ Jónsson Grímsbæ. | |
| 41. | Hansen hattari. | |
| 42. | Helgi Hálfdánarson docent. | |
| 43. | Helgi S. Helgesen ~~snikkari~~ skólastjóri. | |
| 44. | Helgi Helgason snikkari. | |
| 45. | Hermann Einarsson Brekku. | |
| 46. | Hilmar Finsen landshöfðingi. | |

X) Eyða fyrir dagsetningu í frumriti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr. | Kjósendur: | Hinir kosnu) |
|---|---|---|
| 47. | Hinrik Árnason Hinriksbæ. | |
| 48. | Indriði Einarsson ~~rektor~~ | |
| 49. | Ingimundur Sigurðsson Bakka. | H Revisor |
| 50. | Ivar Jónathansson Seli. | |
| 51. | Jens Ólafsson Þingholtum. | |
| 52. | Jensen bakari. | |
| 53. | Jóhannes Jónsson snikkari. | |
| 54. | Jóhannes Ólsen Hjallhúsi: | H.Gudmundsson, S.Johnsen, O.Finsen. |
| 55. | Johannsen kaupmaður. | |
| 56. | Jón Árnason bókavörður. | |
| 57. | Jón Árnason Thorsteinsen Grímsst. | |
| 58. | Jón Björnsson Ánanaustum. | |
| 59. | Jón Guðmundsson Valgerðarhúsi. | |
| 60. | Jón Guðmundsson Bakkabæ. | |
| 61. | Jón Guðnason kaupmaður. | |
| 62. | Jón O.V.Jónsson faktor. | 13 |
| 63. | Jón Hjaltalín etasráð. | 12 12 |
| 64. | Jón Jónsson skipasmiður. | |
| 65. | Jón Jónsson Skipholti. | |
| 66. | Jón Jónsson ritari. | |
| 67. | Jón Oddsson lóðs. | |
| 68. | Jón Ólafsson Hlíðarhúsum. | |
| 69. | Jón Pétursson háyfirdómari. | |
| 70. | Jón Steffensen faktor #: | H.Gudmundss., O.Finsen, Kristinn Ólafsson. |
| 71. | Jón Vídalín kaupmaður. | |
| 72. | Jón Þórðarson Hákoti. | |
| 73. | Jón Þórðarson Hlíðarhúsum. | |
| 74. | Jón Þorkelsson rektor. | |
| 75. | Jón Þórarinsson Sauðagerði. | |
| 76. | Jónas Helgason organisti. | |
| 77. | Jónas Jónassen héraðslæknir. | |
| 78. | Kristinn Ólafsson Steinum. | |
| 79. | Kristján Ó.Þorgrímsson bóksali : | H.Gudmundsson, Ó.Rósenkranz, Kristinn Ólafsson. |
| 80. | Krüger N.L. lyfsali. | 15. |
| 81. | Lange faktor. | |
| 82. | Larsen faktor. | |
| 83. | Lárus E. Sveinbjörnss. yfirdóm.: | H.Gudmundsson, H.Hálfdánarson, Kristinn Ólafsson. |
| 84. | Lúðvig Alexíusson múrari. | |
| 85. | Lúðvig Knudsen bókhaldari. | |
| 86. | Löve kaupmaður. | |
| 87. | Magnús Árnason snikkari. | |
| 88. | Magnús Einarsson Melkoti. | |
| 89. | Magnús Jónsson kaupmaður. | |
| 90. | Magnús Ólafsson snikkari. | |
| 91. | Magnús Stephensen yfirdómari #: | H.Gudmundsson, S.Johnsen, O.Finsen. |
| 92. | Magnús Vigfússon Miðseli. | |
| 93. | Markús Bjarnason skipstjóri. | 15 |
| 94. | Mattías Markússon Holti. | |
| 95. | Níels Eyjólfsson Klöpp. | |
| 96. | Ólafur Guðlaugsson Hlíðarhúsum. | |
| 97. | Ólafur Hjartarson Skálholtskoti. | |
| 98. | Ólafur Ólafsson söðlasmiður. | |
| 99. | Ole Finsen póstmeistari. | |
| 100. | Páll Eggerz kaupmaður. | |
| 101. | Páll Eyjólfsson veitingamaður. | |
| 102. | Páll Melsted prókúrator. | |
| 103. | Páll Þorkelsson gullsmiður. | |
| 104. | Pétur O.Gíslason bæjarfulltrúi. | |
| 105. | Pétur Pétursson biskup. | |
| 106. | Sigfús Eymundsson fotograf. | |
| 107. | Sigurður Hansson Steinhöggvari. | |
| 108. | Sigurður Jónsson járnsmiður. | |
| 109. | Sigurður Melsted lektor. | |
| 110. | Sigurður Sigurðsson Bræðraborg. | |



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Nr: | Kjósendur: | Hinir kosnu: |
|---|---|---|
| 111. | Sigurður Sigurðsson kennari. | |
| 112. | Sigurður Þórðarson Steinhús. | |
| 113. | Símon Johnsen kaupmaður. | |
| 114. | Smith, M. konsúll. | |
| 115. | Stefán Egilsson múrari. | |
| 116. | Stefán Jóhannesson Kasthúsum. | |
| 117. | Steindór Jónsson Grímsstaðakoti. | |
| 118. | Steingrímur Thorsteinsson kennari. | |
| 119. | Sveinn Bjarnason Sauðagerði. | |
| 120. | Sveinn Ingimundarson Stóraseli. | |
| 121. | Theódór Jónassen bæjarfógeti : | H.Gudmundss., S.Johnsen, O.Finsen. |
| 122. | Tómas Hallgrímsson dócent. | |
| 123. | Torfi Jónsson Hákonarbæ. | |
| 124. | Torfi Þorgrímsson prentari. | |
| 125. | Unbehagen faktor. | |
| 126. | Valgarður Breiðfjörð snikkari. | |
| 127. | Zacharías Árnason Bergi. | |
| 128. | Zimsen, N. konsúll. | |
| 129. | Þórður Guðmundsson Görðum. | |
| 130. | Þórður Guðmundsson assistent. | |
| 131. | Þórður Torfason Vigfúsarkoti. | |
| 132. | Þorfinnur Jónathansson kaupmaður. | |
| 133. | Þorsteinn Jónsson kansellíráð. | |

Allir kjósendur, sem voru á kjörskránni, voru kallaðir fram, og var þar eftir beðið hálfa stund til þess að taka á móti atkvæðum þeirra, sem síðar mættu. Voru því næst talin atkvæði þau, sem fallið höfðu, og höfðu þeir hlotið flest atkvæði: adjúnkt H.Gudmundsson 12 atkvæði, konsúll S. Johnsen 9 atkvæði, og póstmeistari O.Finsen 8 atkvæði.

Lýsti kjörstjórnin því næst yfir, að þessir fyrnefndu væru réttkjörnir niðurjöfnunarmenn til 6 ára, frá 1. október þ.árs.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. Bergur Thorberg. Egilsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn 6. októbermánaðar, var bæjarstjórnarfundur haldinn, og var þar fyrirtekið:

1. Barnaskólamálið: Lagði formaður fram teikningu frá H.Helgasyni yfir slíkt hús, tvíloftað með helluþaki, en bindingsverk úr tré, fyllt með múrsteini eða "beton", og fyrir teikningu þessari lýsing greinileg yfir bygginguna. Skyldi þessi bygging kosta 17000 kr., en gamla barnaskólahúsið á einnig að fylgja með í akkorðinu og bakhús þau, sem því fylgja. Var málið rætt ýtarlega ~~rætt~~, og var síðan ~~ákveðið~~ að fresta málinu, en skoða hið gamla skólahús á morgun kl. 2 e.m., og bað formaður bæjarstjórnina að mæta í skólanum á þeim til ~~þetta~~ tíma.

2. Var gengið til kosningar á einum af bæjarstjórunum í skattanefnd kaupstaðarins.
Hlaut G. Þórðarson kosningu.

3. Voru lesin upp nokkur bréf frá ýmsum til bæjarstjórnarinnar, um að fá börn inn í barnaskólann:

a) frá Sveini Guðmundssyni, sem biður um fría kennslu að hálfu fyrir dóttur sína Vilhelminu. Var það veitt.
b) beiðni um ókeypis kennslu að 2/3 pörtum fyrir Finnboga Egilsson, son Egils Guðnasonar. Var það veitt.
c) beiðni frá Elínu Jónsdóttur um ókeypis kennslu fyrir dóttur sína. Eftir atvikum gat bæjarstjórnin að svo komnu ekki veitt þetta.
d) beiðni frá Pétri Gíslasyni um, að borgun í skólanum fyrir 3 börn hans verði færð niður, svo sem frekast mætti, ~~það~~ minnsta kosti 1/2 gjaldið fyrir hvert þeirra, eður rúmar 20 kr. fyrir þau öll. Var það veitt.
e) beiðni frá Jóni Borgfirðingi um ~~litla eftirgjöf~~ svo mikla eftirgjöf á skólapeningum fyrir son hans, Vilhjálm, sem unnt er. Stakk formaður upp á, að eftirgjöfin væri helmingur. Viðtekið.

x)

4. Var lesin upp áætlun um tekjur og útgjöld kaupstaðarins fyrir árið 1882. Var hún síðan rædd og síðan lögð fram, og leyfði formaðurinn að það væri í skrifstofu hans. -

5. Bréf frá slökkviliðsstjóra O. Rósinkranz, með hverju hann kynokar sér við að taka ~~það~~ starfa á hendur, nema hann fái þóknun fyrir það, enn fái hann það ekki, þá biður hann um lausn. - 100 kr. þóknun er í bréfinu tiltekið. - Var samþykkt, að þessi upphæð væri tekin upp á áætlunina, og yrði þá gefið fullnaðaratkvæði um það. -

x) f) Beiðni frá Margréti Pálsdóttur um alveg fría kennslu handa syni hennar, Magnúsi, og var það veitt. -

Allir á fundi nema Jón Jónsson og Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. Egilsson. Einar Þórðarson. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg. G.Þórðarson. P.O.Gíslason. G.Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, föstudaginn 14. dag októbermánaðar, átti bæjarstjórnin með sér aukafund.

1. Var þá fyrst tekið til umræðu barnaskólamálið. Eftir langar umræður um málið var borið undir atkvæði: a) hvort gjöra skyldi húsið úr bindingi eða steini, og var það samþykkt með ~~með~~ 4 atkvæðum gegn 1 að reisa húsið úr bindingi. Tveir fulltrúar, Guðmundur Þórðarson og Geir Zöega, greiddu eigi atkvæði, hvorki með né móti.
b) því næst var borið undir atkvæði, ~~hvað~~ hvort auglýsa skyldi, að þeir, sem vildu taka að sér húsgjörðina, gæfu sig fram, og segðu til, fyrir hvað minnst fé þeir vildu gjöra húsið, og leggja allt efni til, en taka upp í þetta kaup, hið gamla húsið, og án þess að taka hið gamla húsið upp í það, og var það samþykkt með 4 atkvæðum, og skyldu þeir gefa sig fram, sem vildu taka að sér húsgjörðina fyrir ákveðið verð innan 14 daga.

2. Þá kom til umræðu bónarbréf frá Sigurði Þórðarsyni um ókeypis kennslu að hálfu leyti fyrir dóttur hans, Steinunni, og var það samþykkt.

3. Þá var borið fram bónarbréf frá Magnúsi Vigfússyni, um eftirgjöf á hálfum kennslueyri fyrir dóttur hans, Þóru, og var það einnig samþykkt.

4. Þá var borin undir samþykki bæjarstjórnarinnar virðing á bæ Sveins Guðmundssonar við Garðhúsastíg, er virtur var á 350 kr., og var sú virðing samþykkt.

5. Ennfremur var borin upp virðing á geymsluhúsi Einars prentara Þórðarsonar á 750 kr, og var sú virðing einnig samþykkt.

6. Borin upp virðing á pakkhúsi bókavarðar Jóns Árnasonar, 750 kr., einnig samþykkt.

7. Virðing á húsi járnsmiðs Kolbeins Guðmundssonar við Hlíðarhúsastíg, 1300 kr., var einnig samþykkt.

8. Virðing á húsi verzlunarþjóns Hendriks ~~Stein~~ Siemsens við Hlíðarhúsastíg, 1400 kr., var einnig samþykkt.

9. Virðing á húsi þeirra Vídalíns og Eggerz á 6000 kr., einnig samþykkt.

10. Virðing á bæ Þórðar Árnasonar í Hlíðarhúsum, með hjalli, 300 kr., var frestað um sinn vegna ófullkomins frágangs.

11. Virðing á húsi madame Guðrúnar Guðjohnsen við kirkjugarðsstíg, 6300 kr., var einnig frestað.

12. Virðing á húsi Magnúsar Pálssonar ~~á~~ í Seli, 600 kr., samþykkt.

13. Virðing á húsi Guðmundar Gíslasonar á Ánanaustalóð, 1700 kr., var samþykkt.

14. Virðing á húsi Sigurðar Friðrikssonar við Vegamótastíg, 900 kr., samþykkt.

15. Virðing á húsi Jónasar og Magnúsar ~~Guðmunds~~ Guðbrandssona á Brennu, 1100 kr., samþykkt.

16. Virðing á geymsluhúsi Torfa Þorgrímssonar við Skólavörðustíg, 650 kr. Samþykkt.

17. Því næst átti áætlun um tekjur og útgjöld bæjarins næsta ár að takast til umræðu, en sökum þess, að fundurinn var orðinn æði langur, og því þótti ekki nægur tími til að ræða áætlunina, var ákveðið að fresta henni til næsta fundar, 20. þ.m.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

E.Th.Jónasson. H.Kr.Friðriksson. Bergur Thorberg. G.Zöega.
G.Þórðarson. Þ.O.Gíslason. Einar Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, h. 19. október, var á bæjarþingstofunni haldið framtalsþing til tíundar á tíundbæru lausafé í bænum eftir undangenginni auglýsingu, er fest hefir verið upp á vanalegan hátt á nokkrum stöðum í bænum.

Þessir menn töldu fram:

Læknir Tómas Hallgrímsson : 2 hesta.

Bæjarfógeti E. Th. Jónassen: 3 ~~hetar~~ hesta og 1 kú.

Assessor M. Stephensen: 2 do. do.

Fangavörður Sigurður Jónsson: 2 do. 2 kýr.

Erlindur Hannesson á Mel.

Sigurður Þórðarson í Hlíðarhúsum: 1 skip, 1 bátur, 1 hestur.

Pétur Gíslason í Ánanaustum: 1 skip.

Með því fleiri ekki töldu fram, var fundi sagt slitið eftir 1/2 klukkustundar bið.

E.Th.Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 20. október, var bæjarfundur haldinn, og var samkvæmt dagskrá fyrirtekið að ræða um :

1. Áætlun yfir tekjur og gjöld bæjarins fyrir árið 1882.
Tekjur:
A. x með undirliðum, samþykktur.
B. með undirliðum, samþykkt.
C. með undirliðum, samþykkt.
D. með undirliðum, samþykkt.

Gjöld:
I. með undirliðum, samþykkt.
II. með undirliðum, 13 að tölu, samþykkt.
III. með undirliðum, samþykkt.
IV. með undirliðum, samþykkt.
V. einn liður, samþykktur.
Var áætlunin síðan í heild sinni samþykkt í einu hljóði.

2. Bréf lesin upp frá lyfsala Krüger, viðvíkjandi girðingunni á Austurvelli, og var innihaldandi bón í bréf~~inu. Þessu var neitað alveg~~ þessum neitað alveg af bæjarstjórninni.

3. Virðingargjörð til brunabóta á bæ með steinveggjum, tilheyrandi Magnúsi Einarssyni, á Arnarholtslóð; bærinn virtur á 600 kr. Var það samþykkt.

4. Gengið til kosningar á 2 mönnum til að virða byggingar til brunabóta, og hlutu kosningu hinir sömu sem áður voru, nf: Björn Guðmundsson og Helgi Helgason.

Jón Jónsson, Jón Þórðarson og H.Kr.Friðriksson voru ekki á fundi.

Fundi slitið.

E.Th.Jónassen. P.O.Gíslason. Bergur Thorberg. Egilsson.
G.Zöega. G.Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 10. nóv., var aukafundur hald-
inn í bæjarstjórninni, samkvæmt fundarboði, sem sama dag var
útgefið af formanni. Var þar fyrir tekið að ræða barnaskóla-
málið, því fleiri tilboð hafa komið frá smiðum bæjarins, sem
vilja taka að sér bygginguna, og eru 2 þeirra um steinbyggingu.
Var framlagt og upplesið bréf frá 44 bæjarmönnum, sem fara fram
á að biðja bæjarstjórnina að láta ekki byggja skólahús í ár, því
bærinn risi ekki undir því sem stendur, og þar að auki létu þeir
þá meiningu sína í ljósi, að óskandi væri, að ekki væri byggt hús
þetta, fyrr en bærinn væri orðinn fær um að byggja það af steini.
Kom sú uppástunga fram frá bæjarfulltrúa Egilsson, að gengið
væri til atkvæða um, hvort að ekki byggja skyldi að sinni, en
eftir því sem umræðurnar féllu, óskaði hann síðar á fundinum,
að frestað yrði að lesa þetta upp, þangað til að fengnar væru
upplýsingar byggingunni viðkomandi, frá trésmiðum, svo maður
hefði fyrir sér hinar nákvæmustu upplýsingar, hvað hús þetta mundi
kosta að öllu leyti, því á þessum fundi lá ekki fyrir upplýsing-
ar nema um steinverkið á húsinu. Kom fundinum saman um að fresta
þessu máli, en fól formanninum að útvega upplýsingar frá trésmið-
um bæjarins, um, hvað trésmíðið mundi kosta, ef húsið yrði byggt
úr steini, eftir Balds teikningu C, einnig um það, hvort verkið
yrði ódýrara, ef smiðunum væri gefinn lengri tími, en hingað til
er til ætlazt. Var það samþykkt. Þá var borið undir atkvæði,
hvort bæjarstjónin ekki vildi samþykkja, að borgaður væri sá
aukakostnaður við barnaskólann, sem tekið er fram í bréfi frá
skólanefndinni, dags. 8. nóv. þ.á., og var það samþykkt.

2. Var viðtekið að veita Guðna Einarssyni í Miðholti eft-
irgjöf á hálfu kennslukaupi, fyrir son hans, Jón.

3. Borin undir bæjarstjórnina virðing til brunabóta á
húsi Sighvats Bjarnasonar á Hlíðarhúsastíg, 3900 kr. Samþykkt.

4. Borin undir bæjarstjórnina virðing til brunabóta á
pakkhúsi Kr. O. Þorgrímssonar, sem stendur við hús hans við
Kirkjubrú, er það virt á 900 kr. Var það samþykkt.

5. Þá var borin undir bæjarstjórnina virðing á húsi Gísla
Björnssonar á Arnarhólslóð, virt á 1300 kr. Er það nú hálfgjört
með lofti og gólfi. - Var samþykkt.

6. Þann 16. f.m. var frestað að samþykkja virðing á bæ
Þórðar Árnasonar á Hlíðarhúsalóð, sem var 300 kr. Með því nú
lágu engar nægar upplýsingar fyrir um bæ þenna, var virðingin
samþykkt.

Allir á fundi nema Jón Þórðarson og Jón Jónsson.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. P. O. Gísla-
son. Bergur Thorberg. H.Kr.Friðriksson. G. Þórðarson.
G. Zöega.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, h. 17. nóvember, átti að veru reglulegur fundur í bæjarstjórninni, en af því að auk formannsins ~~var~~ aðeins mættur bæjarfulltrúi H. Kr. Friðriksson, amtmaður Thorberg, Pétur Gíslason og Einar Þórðarson, var ekki fundarfært, og því enginn fundur haldinn.

E. Th. Jónassen.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 1. desember, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, og var þar þá fyrst fyrirtekið skólamálið, sem fyrst stóð á dagskrá, þótti ekki hlýða að taka það fyrir strax, þareð svo fáir voru á fundi. Og var svo gengið til næsta máls:

1. Borin undir samþykki bæjarstjórnarinnar útmæling fyrir kaupmennina Vídalín og Eggerz á ströndinni fyrir neðan verzlunarhús Símonar Johnsens í línu með Bryggjuhúsinu, og svo langt því, að nægt pláss væri fyrir vestan það til götu þeirrar, sem fyrirhuguð er frá sjónum beint suður yfir gamla kirkjugarðinn. Var stungið upp á að fresta málinu, en sú uppástunga var felld. - Var þá borið undir atkvæði, hvort útmæling þessa skyldi staðfesta. Var það samþykkt með 4(atkv.).

b. Var borið undir samþykki bæjarstjórnarinnar útmæling undir hús handa fangaverði Sigurði Jónssyni á Bergstaðalóð, og útmæling fyrir Einar Ingimundarson fyrir vestan norðurhúsið á Hlíðarhúsastíg. Var stungið upp á, að frestað væri þessu máli og reynt uppboð á kálgarðinum. Var það fellt. Var þá stungið upp á, að sá, sem beðið hefur um þessa útmælingu, borgi þann blett, sem honum verður útmældur, í réttu hlutfalli við það, sem bærinn hefur borgað fyrir hann. - Var það samþykkt og útmæling Einars Ingimundarsonar einnig.

2. Um uppboð á Austurvelli til leigu í svo og svo mörg ár, og var sú ártala fastsett til 5 ára. -

3. Var þá gengið til kosningar á 2 í kjörstjórn til að undirbúa bæjarstjórnarkosningar á næsta ári, og voru kosnir:
Amtmaður B.Thorberg og
yfirkennari H. Kr. Friðriksson.

4. Var borið undir atkvæði bæjarstjórnarinnar beiðni hr. Símonar Johnsens um styrk handa manni, sem legið hefur á spítalanum í 15 daga, og er sá maður vinnumaður hjá beiðandanum. Var það ekki samþykkt. -

5. ~~Var borin~~ undir samþykki bæjarstjórnarinnar nokkrar virðingar til brunabóta:

a). Bær Magnúsar Einarssonar á Arnarholtslóð. Virtur á 600 kr. Bærinn hefur steinveggi og timburþil. Staðfest.
b). Hús Hendriks Siemsens á Hlíðarhúsastíg, sem nú er að miklu leyti fullgert, með járnþaki. Virt á 2700 kr. Samþykkt.
c). Hús Þorvaldar Klængssonar í Þingholtsstræti, nú algjört. Virt á 2500 kr. Húsið hefur járnþak. Samþykkt.
d). Hús Þorsteins Guðmundssonar í Þingholtsstræti, sem nú hefur verið lengt um 6 ál., sem að sönnu enn ekki innréttaður. Húsið þannig virt á 2600 kr.
e). Skúr eða geymsluhús við húseign Eyþórs Felixsonar og virtur á 200 kr. Samþykkt.
f). Skúr eða geymsluhús, sem er byggður að helmingi af Eyþóri Felixsyni en hinn helmingurinn af póstmeistara O.Finsen. Sá fyrr umgetni partur er virtur á 450 kr., en hinn síðari á 500 kr. Samþykkt.

6. Bréf frá nokkrum bæjarbúum, sem biðja um brú yfir lækinn og veg frá henni upp að Skálholtskotslind. Var málinu frestað, til þess að skoðuð yrði mýrin og fleira.

7. Bréf frá Guðmundi Þorvarðssyni á Brekku, með hverju hann biður um 6 leirpípur af þeim, sem ætlast var til, að brúkaðar væru í Skálholtslind. Í tilefni af þessu bréfi ákvað bæjarstjórnin, að þær hér um töluðu leirpípur mætti selja bæjarbúum með því verði, sem oddviti síðar ákvarðaði, þá hann hefði kynnt sér, hvað þær hefðu kostað, og skyldi gjaldkeri hafa þær til sölu. Skyldi því svara Guðmundi því, að hann gæti haldið sér til gjaldkera í þessu efni. -

8. Bréf frá P. O. Gíslasyni, með hverju hann biður um fría kennslu handa bróðursyni sínum, Ólafi Kristjánssyni, í barnaskólanum fyrir yfirstandandi skólaár, og var það veitt. -



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Allir á fundi nema Pétur Gíslason, Jón Þórðarson og Jón

Het Jónsson, sem ~~var~~ erlendis.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. Egilsson. Einar Þórðarson. G. Þórðarson.

G. Zöega. Bergur Thorberg. H. Kr. Friðriksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, þriðjudaginn þann 6. des., var aukafundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, hvar var framhaldið að ræða Barnaskólamálið. Var það ýtarlega rætt, og varð sú niðurstaða, að bæjarstjórnin skoraði á formanninn, að kalla saman almennan borgarafund, til að heyra meiningu bæjarmanna um skólamálið, og að fundur sá væri haldinn innan loka næsu viku.

Allir á fundi nema H. Friðriksson og Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. G. Zöega. Egilsson. P. O. Gíslason.
G. Þórðarson. Jón Jónsson. Einar Þórðarson. Bergur Thorberg.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1881, fimmtudaginn þann 15. desember, var fundur haldinn í bæjarstjórn Reykjavíkur, samkvæmt dagskrá, sem fyrst var hengd upp í dag kl. 9 1/2 f.m. Var þá tekið fyrir að ræða:

1. Um beiðni nokkurra manna um brú yfir lækinn að Stuðlakotslind. Var lesið upp bréf frá hr. E. Þórðarsyni, sem notar tún það, sem umtalaður vegur á að leggjast yfir, með hverju hann harðlega bannar bæjarstjórninni að fara því fram, sem hér um ræðir. Eftir nokkrar umræður, tók bréfsritarinn aftur kæru sína, með þeim skilmálum, að bæjarstjórnin sæi um, að hann fengi hæfilegt endurgjald fyrir jarðnámið, eftir óvilhallra manna mati, og forsvaranlegar grindur væru settar beggja ~~megin~~ við veginn, sem varna átroðningi.

Þá var gengið til atkvæða um, hvort byggja skyldi brúna og leggja veginn, og var það samþykkt með 8 atkvæðum (G. Þórðarson greiddi eigi atkv.).

2. Bréf frá Agli Gunnlaugssyni í Arabæ, með hverju hann biður um eftirgjöf á hálfri meðgjöf með dætrum hans 2 í barnaskólanum í vetur. Var það samþykkt.

3. Skólamálið. Las formaður upp bréf frá 3 læknum bæjarins, um óheilnæmi barnaskólans. Eftir það bar Egilsson upp það, að mál þetta gengi útaf dagskrá í dag, þar dagskráin ekki hefði verið hengd upp með löglegum fyrirvara. Var gengið til atkvæða um það, og var það fellt með 5 móti 2, en 2 greiddu ekki atkvæði. Þá var málið rætt ýtarlega, og síðan var gengið til atkvæða um uppástungu, sem framlögð var skriflega frá Jóni Jónssyni, og var hún merkt nr. 21 og lögð við bókina, og var svohljóðandi: "Bæjarstjórnin lýsir því yfir, að hún geti ekki ~~skilið~~ ályktun bæjarstjórnarinnar í málinu á síðasta fundi, um almennan ~~bæjar~~fund í skólamálinu, fullnægt með fundi þeim, er oddviti hélt í gær, og bæjarstjórnin ekki getur látið sér líka, hvernig oddviti stjórnaði fundi þessum, sérstaklega þar sem hann, þrátt fyrir áskoranir margra fundarmanna, neitaði að bera tillögur þeirra til fundarályktana upp til atkvæða, og sleit fundinum í miðju kafi". Atkvæðagreiðslan fór þannig, að 3 (Guðm. Þórðarson, Jón Jónsson og Egilsson) gáfu atkvæði með uppást., en 4 (amtm. Thorberg, Pétur Gíslason, H. Kr. Friðriksson og E. Þórðarson) gáfu atkvæði móti henni. - G. Zöega og formaðurinn gáfu ekki atkvæði. -

Var þá borin upp önnur uppástunga frá sama bæjarstjóra svohljóðandi: "Bæjarstjórnin ályktar, útaf vottorði læknanna um barnaskólann, að kjósa 3 manna nefnd úr sínum flokki, sem með aðstoð byggingarfróðra manna, sem hún sjálf kýs sér til aðstoðar, sjái um, að ráðin verði bót á vandkvæðum þeim, sem nefnt læknavottorð um getur, og sem ennfremur segi álit sitt um, hvort hið þannig endurbætta skólahús ekki muni geta nægt þörfum bæjarins fyrst um sinn". Var uppástungunni skipt í tvennt, og var fyrri hlutinn til orðanna "vottorð um getur" - en þá gjörði bæjarfulltrúi H. Kr. Friðriksson það breytingaratkvæði: "að bæjarstjórnin skori á hina núverandi skólanefnd, að gera þær ráðstafanir, sem auðið væri til að endurbæta andrúmsloftið í barnaskólanum í vetur", og var breytingaratkvæði þetta borið fyrst upp gegn mótmælum nokkra fulltrúanna, og var það síðan samþykkt, og með því fyrri hluti hinnar upprunalegu uppástungu fallinn. - Síðan var borin upp síðari hluti uppástungunnar, og var hún felld með 5 atkv. gegn 4. -

Þegar hér var komið, lýstu þeir Jón Jónsson og Egilsson því yfir, að þeir gengju af fundi, og vildu eigi gefa atkvæði um málið, og gengu síðan burtu.

Því næst lét forseti ganga til atkvæða um, hvort húsið skyldi reisa úr steini eftir því fyrirkomulagi, sem áætlað hefur verið, þannig að kostnaðurinn gengi ~~ekki~~ fram yfir 25000 kr., og var samþykkt með 5 atkv. (formaðurinn, amtm. Thorberg, H. Kr. Friðriksson, Pétur Gíslason, Einar Þórðarson) gegn einu (Guðm. Þórðarson), Geir Zöega greiddi eigi atkvæði. Guðmundur Þórðar-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

son bað bókað, að hann greiddi atkvæði á móti af þeim ástæðum, að hann væri ósamþykkur húsgjörðinni að svo komnu.

Þá bar forseti það undir atkvæði, eftir uppástungu H. Kr. Friðrikssonar, að fela fjárhagsnefndinni að gjöra samninga um hússmíðina við hlutaðeigendur, og síðan að hafa eftirlit með húsgjörðinni. Var það samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Þá kom til umræðu beiðni Sigurðar Jónssonar, um að fá byggingarstæði á lóð Litlu-Bergstaða (sbr. fund 1. d. des), og var það samþykkt, að hann fengi lóðina fyrir 16 kr. í eitt skipti fyrir öll, og að sjálfsögðu greiddi hið lögboðna lóðargjald árlega.

5. Þá var borin undir bæjarstjórnina virðing til brunabóta á húsi verzlunarmanns H. Siemsens, sem var 4500 kr., og var hún samþykkt.

Allir á fundi nema Jón Þórðarson.

Fundi slitið.

E. Th. Jónassen. H. Kr. Friðriksson. G. Zöega. G. Þórðarson. Bergur Thorberg. P. O. Gíslason. x)

x) Einar Þórðarson hefur ekki undirritað fundargjörðina.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur